














# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
**20. október 2012**
247. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Varð að skrifa þessa bók

*J.K. Rowling ræðir nýju bókina sína, sambönd fjölskyldna og Harry Potter.*

**bækur** 42

## Hátt upp í himininn

*Met Felix Baumgartner og hinar ýmsu fjarlægðir frá yfirborði jarðar.*

**vísindi** 32



## Betri en Undraland

*Valdimar Guðmundsson og Ásgeir Aðalsteinsson ræða um nýja plötu Valdimars.*

**tónlist** 34

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Úlpur & yfirhafnir | Fólk | Atvinna






**BREYTTUR GRANDAGARÐUR** Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður flutti verslun sína og vinnustofu í gömlu verbúðirnar við Grandagarð fyrir tæpu ári. „Hér er gott að vera enda rýmið dásamlegt fyrir starfsemina. Það eru ekki jafn margir kúnnar sem rekast inn af götunni og í Bankastrætinu þar sem ég var áður en fólk kemur til að versla," segir Steinunn. Starfsemi á Grandanum hefur tekið breytingum á undanförnum árum. **Sjá síðu 22** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# OR mun tapa á Gagnaveitu

**Sala á tæpum helmingshlut í Gagnaveitunni mun ekki skila fjárfestingu Orkuveitunnar til baka. Búið að setja tólf milljarða í Gagnaveituna um síðustu áramót. Hún hefur tapað 3,2 milljörðum króna frá stofnun.**

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur (OR) fjárfesti fyrir 11,8 milljarða króna í Gagnaveitu Reykjavíkur fram til ársloka 2011. Þá hafði heildartap fyrirtækisins numið 3,2 milljörðum króna. Þetta kemur fram í nýbirtri úttektarskýrslu um OR og ársreikningum fyrirtækjanna.

Stjórn OR samþykkti í gær að selja minnihluta, 49 prósent, í Gagnaveitunni. Bjarni Bjarnason, forstjóri OR og stjórnarmaður í Gagnaveitunni, vill ekki gefa upp hvaða hugmyndir stjórnin hefur um virði hlutarins.

„Það á eftir að skoða fyrirtækið, gera einhvers konar sölulýsingu og verðmeta það," segir Bjarni. Dagur B. Eggertsson, formaður eigendanefndar OR, telur langtímafjárfesta á borð við lífeyrissjóði vafalítið munu hafa áhuga á fyrirtækinu.

Gagnaveitan tapaði 380 milljónum króna á síðasta ári, aðallega vegna gengismunar, enda eru tæpir sjö milljarðar króna af skuldum hennar í erlendri mynt. Tekjurnar eru hins vegar í íslenskum krónum.

> **7** milljarðar af skuldum Gagnaveitunnar eru í erlendri mynt.

Glitnir mat Gagnaveituna á sjö milljarða króna árið 2007. Séu sömu reiknireglur og Glitnir beitti þá notaðar nú er virði hennar í dag fimm milljarðar króna. Þá er virði tæps helmingshlutar um 2,4 milljarðar króna. Virði Gagnaveitunnar var hins vegar bókfært á 4,7 milljarða í hálfsársuppgjöri OR.

Í „Planinu", aðgerðaráætlun OR, er áætlað að eignasala skili 5,1 milljarði króna á árinu 2013, þar á meðal hluturinn í Gagnaveitunni. Sú sala á þó einungis að skila hluta heildarupphæðarinnar.

- þsj / Sjá síðu 4










## SPURNING DAGSINS



*María, skilja Danir ekki baun?*

„Jú, þeir skilja baun en eru bara aðeins að misskilja íslenska stúdentsprófið."

María Ósk Bender er flutt til Danmerkur en fær ekki að hefja meistaranám vegna þess að hún lauk ekki átján einingum í dönsku í framhaldsskóla hér heima. Menntamálaráðuneytið hér heima kannar nú hvort Danir eru að mismuna Maríu.

Forstjóri Útlendingastofnunar segir dæmi um að fólk sæki um hæli hér til þess eins að fá atvinnuleyfi:

# Segir ábyrgðarlaust að gefa út atvinnuleyfi

**SAMFÉLAGSMÁL** Til eru dæmi um að fólk sæki um hæli hér á landi til þess að vinna, en snúi til síns heima ef það fær ekki undanþágu á dvalar- og atvinnuleyfi. Þetta fólk ætlar að misnota kerfið, segir forstjóri Útlendingastofnunar.

Ákveðið hefur verið að hætta að veita undanþágur á bráðabirgðaatvinnu- og dvalarleyfum til þeirra hælisleitenda sem þegar hafa sótt um hæli í öðrum ríkjum sem eiga aðild að Dyflinnarsamkomulaginu. Hælisleitendur sem eru í efnismeðferð hjá stofnuninni fá hins vegar þetta dvalar- og atvinnuleyfi.

Hópur hælisleitenda mótmælti þessum breytingum við innanríkisráðuneytið á fimmtudag.

„Við erum að snúa aftur til þess að fara eftir lögunum," segir Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar.

Kristín segir lögin heimila Útlendingastofnun að gefa út bráðabirgðaleyfi til hælisleitenda „að því gefnu að ekki liggi fyrir ástæður sem geta leitt til brottvísunar, ekki leiki vafi á hver umsækjandi er, tekin hafi verið



KRISTÍN VÖLUNDARDÓTTIR

hælisskýrsla og viðkomandi sé ekki í þessum Dyflinnarfasa," segir Kristín.

Árið 2008 hafi hins vegar verið tekin ákvörðun um að ýta þessum skilyrðum til hliðar vegna fjölgunar hælisleitenda, fjárskorts og skorts á vinnuafli. Nú hefur verið ákveðið að snúa til baka.

Kristín segir að mál hælisleitenda sem falla undir Dyflinnarsamkomulagið hafi verið sett í forgang hjá stofnuninni og nú sé svo komið að afgreiðslutími sé tveir til þrír mánuðir.

Umræddur hópur komi því líklega ekki til með að vera hér á landi í langan tíma og engar forsendur séu fyrir því að veita leyfi.

Þá sé það ábyrgðarlaust af hálfu Útlendingastofnunar að gefa út atvinnuleyfi á einstaklinga sem ekki sé vitað hverjir séu. **- þeb**



**NORÐURÁ** Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, veiddi fyrsta laxinn í Norðurá síðastliðið sumar. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Norðurá líklega boðin út:

## Ósk SVFR um lækkun hafnað

**VEIÐI** Veiðifélag Norðurár hefur hafnað ósk Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) um lækkun á leiguverði.

SVFR hefur verið með ána á leigu í 66 ár. Síðastliðið vor var tveggja ára samningur undirritaður en samkvæmt honum átti leigan að hækka um 20 prósent um áramótin.

Eftir aflabrest í sumar vildi SVFR semja upp á nýtt en samningar tókust ekki. Ákveðið var að stytta nýgerðan samning um ár og rennur hann því út eftir eitt ár. Ekki er ólíklegt að áin verði þá boðin út og fari svo segir Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, öruggt að félagið muni skila inn tilboði. **- th**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ránstilraun um miðjan dag

Lögregla handtók um miðjan dag í gær mann í miðborginni sem sakaður var um að hafa reynt að ræna vegfaranda í Hafnarstræti. Hann fór síðan inn í ólæstan bíl og gramsaði í tösku. Maðurinn, sem mun hafa verið mjög ölvaður, var færður í fangageymslu.

### Handtekinn hjá Eimskip

Hælisleitandi var handtekinn snemma í gærmorgun á svæði Eimskips í Sundahöfn. Talið er að maðurinn hafi ætlað að reyna að komast um borð í flutningaskip sem fór til Bandaríkjanna í gær.

# Grafa goshús upp og byggja hvolfþak yfir

**Gerður G. Sigurðardóttir varð öskuill þegar eldgos gleypti nýja húsið hennar í Vestmannaeyjum fyrir 39 árum. Nú er verið að grafa húsið upp. Það verður miðpunktur gosminjasafns. Forréttindi að sjá jörðina opnast, segir Gerður.**

**MENNINGARMÁL** „Þetta hvílir á mér," segir Gerður G. Sigurðardóttir úr Vestmannaeyjum. Verið er að grafa upp íbúðarhús Gerðar sem hvarf undir fimmtán metra lag af vikri í Vestmannaeyjagosinu aðfaranótt 23. janúar 1973.

Byggja á skála yfir hús Gerðar sem vera á miðpunktur í gosminjasafninu Eldheimum. Allt á að vera tilbúið fyrir fjörutíu ára goslokahátíð á næsta ári.

Gerður segir eiginmann sinn, Guðna Ólafsson heitinn, hafa lagt mikla áherslu á að hús þeirra á Gerðisbraut 10 yrði vel byggt og ekkert til þess sparað. Um einu og hálfu ári fyrir gos hafi húsið verið komið í toppstand. Örlaganóttina miklu voru synir þeirra, sjö og fimm ára og sá þriðji í vöggu, sofnaðir þegar hún sá mikla birtu í austurglugga.

„Þegar ég dró frá var komin þessi feikna eldsúla. Ég kallaði í manninn minn og það voru forréttindi hjá okkur að fá að sjá jörðina opnast eins og rennilás aðeins fjögur hundruð metra frá okkur og steina og torf flygsast og þjóta upp í loftið," lýsir Gerður því sem blasti við þeim hjónum.

„Vá, er komið aftur gamlárskvöld," lagði fimm ára sonur þeirra til málanna þegar flótti var undirbúinn í skyndingu. „Við vorum bara búin að búa í húsinu tipp-topp í eitt ár og hálft ár. Þó ég hafi verið ofsalega hrædd þá hafði reiðin vinninginn," segir Gerður um það tilfinningaflóð sem fór um hana er fjölskyldan neyddist til að flýja heimilið.

„Þegar ég opnaði útidyrnar og sá eldinn og súlurnar upp í loftið þá hugsaði ég með mér; „Nú hljótum við að deyja þarna á tröppunum." Það er kraftaverk að enginn skyldi farast," segir Gerður.

Uppgröfturinn hefur nú staðið með hléum í nokkur ár. Sumarið 2010 stakk Gerður sér inn um þvottahúsgluggann á húsinu með einum sona sinna og dóttur. „Manni varð um að sjá heimili sitt yfirgefið eftir allan þennan tíma. Ég saknaði þess að hafa ekki manninn með. Það vantaði hann," segir hún en kveðst sátt við að hafa leyft uppgröftinn. „Nú er ég mjög ánægð vegna þess að ég hafði rétt fyrir mér; húsið mitt stendur."

**gar@frettabladid.is**

### Uppgröftur í Vestmannaeyjum



MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON





**Gerðisbraut 10**

Kraftur er nú í uppgreftri húss Gerðar G. Sigurðardóttur og Guðna Ólafssonar heitins. Til þess er tekið hversu heilleg málningin er á húsinu.



**METÁR HJÁ FERJUNNI** Forsvarsmenn Herjólfs telja líklegt að farþegafjöldi muni ná 300 þúsund í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Alls 267.476 farþegar siglt:

## Nýtt fjöldamet hjá Herjólfi

**SAMGÖNGUR** Farþegafjöldi Herjólfs hefur aldrei verið meiri. Á þriðjudag var met síðasta árs slegið, en þá höfðu alls 267.476 farþegar farið með Vestmannaeyjaferjunni það sem af er ári, en allt árið í fyrra voru farþegar 267.448 talsins.

Í tilkynningu frá Herjólfi segir að heildarfjöldi farþega muni líklega nálgast 300 þúsund í ár, ef fram fer sem horfir.

Tvennt kemur helst til sem skýrir fjölgun farþega; annars vegar góð siglingaskilyrði í Landeyjahöfn og hins vegar hrein fjölgun fólks sem ferðast til og frá Eyjum. **- sv**

## FRAMKVÆMDIR

### Afhending að ári

Búseti hefur samið við verktakafyrirtækið GG-Verk um byggingu 18 íbúða í Austurkór í Kópavogi. Íbúðirnar verða í þremur litlum fjölbýlishúsum. Í gær var skrifað var undir samning og fyrsta skóflustungan tekin að húsunum, en stefnt er að afhendingu fyrstu íbúðanna næsta haust.

## STJÓRNMÁL

### Ráðin kosningastjóri

Andrea Ólafsdóttir, sem í ár bauð sig fram til embættis forseta Íslands, hefur verið ráðin kosningastjóri Dögunar. Þá kemur fram í tilkynningu frá framboðinu að Friðrik Þór Guðmundsson blaðamaður hafi verið ráðinn ritstjóri hjá Dögun.


AÐEINS Í DAG!



SPARAÐU 57%

LIVING COLORS LAMPI

VERÐ ÁÐUR 22.900,- NÚ 9.900,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF


Læknar segja að Malala Yousufzai sé á hægum batavegi eftir skotárásina:

# Heilastarfsemin virðist eðlileg

**BRETLAND, AP** Pakistanska stúlkan Malala Yousufzai er á hægum batavegi á sjúkrahúsi í Bretlandi, en þangað var hún flutt eftir að hún varð fyrir skotárás í heimabæ sínum í Pakistan.

„Hún virðist skilja hluti, hún hefur stjórn á hreyfingum sínum, hún getur skrifað," segir Dave Rosser, yfirlæknir á sjúkrahúsinu í Birmingham. „Allt bendir til þess að hún átti sig á því af hverju hún er hér."

Yousufzai er fimmtán ára gömul. Hún hefur árum saman barist fyrir skólagöngu stúlkna og opinberlega gagnrýnt talibana sem um skeið fóru með völdin í Swat-dalnum í Pakistan þar sem hún býr.

Almenningur jafnt sem stjórnvöld í Pakistan hefur harðlega fordæmt skotárásina á hana. Hún fékk skot í höfuðið og læknar segja enn mikla óvissu ríkja um það hvort hún kemst til fullrar heilsu á ný.

Að baki árásinni stóðu pakistönsk samtök sem kenna sig við talibana og hafa starfað bæði með afgönsku talibanahreyfingunni og samtökunum Al Kaída.

Útilokað þykir að þessi samtök hafi notið stuðnings eða velvilja leyniþjónustu eða hers Pakistans, þar sem þau líta á stjórnvöld og her Pakistans sem sinn erkióvin. **- gb**



**MALALA YOUSUFZAI** Læknar í Bretlandi segja enn mikla óvissu um það hvort hún kemst til fullrar heilsu á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan 25
Fimmtudag til mánudags
Kringlukast
Opið 10–18
Nýtt kortatímabil
Nýjar vörur
20–50% afsláttur
facebook.com/kringlan.is
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

**GENGIÐ 19.10.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,71 | 124,31 |
| Sterlingspund | 198,72 | 199,68 |
| Evra | 161,40 | 162,30 |
| Dönsk króna | 21,635 | 21,761 |
| Norsk króna | 21,913 | 22,043 |
| Sænsk króna | 18,867 | 18,977 |
| Japanskt jen | 1,5606 | 1,5698 |
| SDR | 190,79 | 191,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,8171

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leiðtogar Evrópusambandsins stefna að því að smíða reglur um sameiginlegt bankaeftirlit fyrir árslok:

# Ágreiningur áfram um útfærsluna

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins náðu ekki samkomulagi um að bankabandalag með sameiginlegu bankaeftirliti evruríkjanna verði að veruleika fyrir áramótin, eins og Francois Hollande Frakklandsforseti hafði vonast til.

Hins vegar ákváðu þeir að fyrir áramótin yrðu þeir búnir að semja um regluverk nýja bankabandalagsins, sem taki síðan til starfa einhvern tímann á næsta ári.

Með bankabandalaginu fylgir sá möguleiki að stöðugleikasjóður ESB komi bönkum aðildarríkjanna til hjálpar, en Spánverjar og fleiri evruríki bíða spennt eftir þeirri lausn á sínum fjárhagsvanda.

„Markmiðið er mjög einfalt: Við viljum rjúfa tengslin milli stjórnar – og stundum óstjórnar – bankanna og afleiðinga hennar fyrir fjárlög ríkjanna,“ sagði Elio di Rupo, forsætisráðherra Hollands.

Enn eru afar skiptar skoðanir um útfærsluna, en leiðtogarnir búa sig nú undir langa og stranga helgi seint í nóvember þegar næsti leiðtogafundur verður haldinn.

Antonis Samaras, forsætisráðherra Grikklands, sagðist hins vegar ánægður með að andrúmsloftið hefði breyst. Nú hefðu Grikkir fengið fullvissu fyrir því að þurfa ekki að yfirgefa evrusvæðið.

Grikkir hafa þó ekki enn tryggt sér það viðbótarframlag frá ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem þeir þurfa að fá fyrir 16. nóvember. Þann dag tæmist ríkissjóður Grikklands, fáist ekki frekari aðstoð. - gb



**AÐ FUNDARHÖLDUM LOKNUM** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, að loknum blaðamannafundi í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP

Úttekt á Ríkisendurskoðun:

## Rannsókn á stofnun hraðað

**STJÓRNSÝSLA Úttekt sem hollenska, sænska og norska ríkisendurskoðunin eru að vinna á Ríkisendurskoðun verður hraðað og skilað til Ríkisendurskoðunar og Alþingis sem allra fyrst. Þetta er samkomulag Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, og Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda.**

**Í tilkynningu frá Alþingi segir að þetta sé gert til að tryggja að trúnaðartraust ríki á milli þingmanna og Ríkisendurskoðunar. Meðal annars verður farið yfir mál tengd skýrslu um innleiðingu nýs tölvukerfis ríkisins, en dráttur á henni hefur verið mikið í umræðunni undanfarið.** - kóp

Helgi Hjörvar um lánadóm:

## Endurútreikningar byrji strax

**FJÁRMÁL** Bönkunum er ekkert að vanbúnaði að hefja sem fyrst endurútreikning gengislána í samræmi við dóm Hæstaréttar í vikunni. Þetta sagði Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.



HELGI HJÖRVAR

Í tilkynningum frá Arion banka og Landsbanka sem bárust í gær segir að enn séu nokkur álitaefni sem þurfi að útkljá áður en endurútreikningur geti hafist.

Arion sagði þó að dómurinn breyti engu um lánasafn bankans, enda hafi þegar verið tekið tillit til dóms frá í febrúar með 13,8 milljarða króna niðurfærslu lánasafnsins. - þj

# Lítil arðsemi af fjárfestingu

**Orkuveitan hefur sett um tólf milljarða í Gagnaveituna. Rekstur hennar skilar litlum arði. Allar skuldir eru í erlendri mynt en tekjur í krónum. Söluverð á helmingshlut í Gagnaveitunni verður ekki í samræmi við fjárfestingu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvers virði er Gagnaveitan?




Orkuveita Reykjavíkur fjárfesti fyrir 11,8 milljarða króna í dótturfélagi sínu, Gagnaveitunni, fram til ársloka 2011. Gagnaveitan skuldar OR 6,6 milljarða króna í erlendri mynt og hefur tapað 3,2 milljörðum króna frá árinu 2003. Þetta má lesa úr úttektarskýrslu um starfsemi OR og ársreikningum OR og Gagnaveitunnar.

Stjórn OR samþykkti að selja 49 prósenta hlut í fyrirtækinu í gær. Alls óljóst er þó hversu miklu það mun skila OR í kassann.

### Lægsta arðsemi allra

Gagnaveitan var stofnuð í byrjun árs 2007 þó að uppbygging og rekstur hennar hafi hafist mörgum árum áður undir nafninu Lína.Net. Fyrirtækið býður heimilum og fyrirtækjum upp á aðgang að ljósleiðarakerfi sem það hefur lagt með ærnum tilkostnaði.

Meðalarðsemi OR í heild hefur verið 3% en arðsemi Gagnaveitunnar 0,5%, sem er sú lægsta í einstökum rekstrareiningum OR. Glitnir mat Gagnaveituna á sjö milljarða króna síðast þegar til stóð að selja fyrirtækið árið 2007. Landsbankinn taldi hins vegar að virði fyrirtækisins yrði 28 milljarðar króna árið 2011.

Í úttektarskýrslunni er haft eftir Hauki Leóssyni, sem var stjórnarformaður OR á þessum tíma, að þá hafi „öll þessi vitleysa [verið] í gangi hjá bönkunum. Það kostaði stórfé að fara með þetta í mat. Ekki milljónir, heldur tugi milljóna. […] Þær voru alveg út úr kortinu, þessar áætlanir.“

Nú síðast var virði Gagnaveitunnar bókfært á 4,7 milljarða króna í hálfsársuppgjöri OR. Samkvæmt því er virði þess hlutar sem á að selja rúmlega 2,3 milljarðar króna.

Í „Planinu“, aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda OR, er áætlað að eignasala skili 5,1 milljarði króna á árinu 2013. Þar á meðal er hluturinn í Gagnaveitunni. Sú sala á þó einungis að skila hluta þessarar upphæðar og því ljóst að stjórnendur OR meta eignarhlutinn á minna en 5,1 milljarð króna.

### Skuldir í erlendri mynt

Rekstur Gagnaveitunnar var í plús árin 2003 til 2010, sem nam 378 milljónum, ef ekki er horft til vaxtakostnaðar af lánum. Hann nam hins vegar 3,8 milljörðum á tímabilinu, aðallega vegna stöðu krónunnar. Til viðbótar nam tap af rekstrinum 380 milljónum í fyrra, og því um 3,2 milljörðum í heild frá 2003.

Skuldir fyrirtækisins voru 8,3 milljarðar króna, þar af 6,6 milljarðar króna við OR og 1,5 milljarðar við viðskiptabanka. Þessar skuldir, samtals upp á 8,1 milljarð króna, voru á gjalddaga í maí síðastliðnum. Gjalddagi þeirra var hins vegar framlengdur.

Skuldin við OR er í erlendri mynt og sveiflast því með genginu. Viðskiptavinir Gagnaveitunnar eru hins vegar íslensk heimili og fyrirtæki sem greiða fyrir veitta þjónustu í krónum. Því eru tekjur í krónum en fyrirtækið skuldar í erlendri mynt.

thordur@frettabladid.is

### Vill ekki gefa upp verðmat

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, segir að unnið hafi verið með tiltekið verðmat á Gagnaveitunni meðfram „Planinu“ svokallaða. Hann vill hins vegar ekki gefa upp hvert það var. „Við erum ekki búnir að stíga nein skref í formlegu söluferli. Það á eftir að skoða fyrirtækið, gera einhvers konar sölulýsingu og verðmeta það. Í þessari heimild sem við fáum til að selja eru væntanlega einhverjar skorður. Verðmat hlýtur að taka mið af þeim forsendum sem fylgja.“ Bjarni segir slíkar skorður til dæmis vera að seldur verði 49 prósenta hlutur, eða minnihluti í Gagnaveitunni.

Dagur B. Eggertsson, formaður eigendanefndar OR, treystir sér ekki til að segja hvenær salan geti farið fram, þó ætti það að liggja fyrir öðru hvorum megin við áramót. „Ég hugsa að allir langtímafjárfestar á borð við lífeyrissjóði og aðra sem hafa áhuga á traustu innviðafyrirtæki og öruggum tekjum muni hafa áhuga,“ segir Dagur.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÓLRÍKT EN KALT**
Tilvalið veður til útivistar um allt land alla helgina en það verður yfirleitt stillt og bjart en áfram nokkuð svalt í veðri. Víðast hvar næturfrost einkum inn til landsins.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 15° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 19° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 7° |
| París | 16° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# RAFTÆKJADAGUR

## Húsasmiðjunnar í Skútuvogi

### Smakkaðu

nýbakaða vöfflu úr vinsæla vöfflujárninu frá Aviken
kl. 13-16

### Wassermaxx

Sódavatnstækið sem hefur slegið í gegn!
Komdu og smakkaðu!
20% afsláttur á hvítu Wassermaxx tæki og bragðefnum!
kl. 13-16

20% AFSLÁTTUR UM HELGINA 1841201 HVÍTT



### Jólaland Blómavals

opnar í Skútuvogi í dag.
Allir krakkar fá ókeypis barnaís í dag kl. 12-16.

### Happdrætti

Taktu þátt.
Drögum í raftækja-happdrætti kl. 16:00.
Glæsilegir vinningar!

### Hársnyrtivörur

Kynning á Remington hársnyrtivörum
kl. 13-16

REMINGTON 20% AFSLÁTTUR UM HELGINA

### Nýtt Heilsugrill

FRÁ GEORGE FOREMANN.
Kennsla og við gefum smakk!
kl. 13-16

20% AFSLÁTTUR UM HELGINA

Electrolux Frábært verð og nýjungar

Nýtt, blásturs- og gufuofn!
74 ltr.

VERÐ FRÁ 54.900 kr
Frábært verð á þvottavélum

MUNDU EFTIR ÁVÍSUNINNI UM HELGINA

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI LOKAR KL. 18:00 Á LAUGARDAG VEGNA ÁRSHÁTÍÐAR STARFSFÓLKS

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu mörg hús og jarðir á þjóðkirkjan?*
2. *Hvað heitir nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar?*
3. *Með hvaða knattspyrnuliði ætlar landsliðsmarkmaðurinn Gunnleifur Gunnleifsson að spila á næsta ári?*

**SVÖR:**

**1.** 92 **2.** Reykjavíkurnætur **3.** Breiðabliki

Lögmaður segir lífeyrissjóði óskylt að greiða málskostnað stjórnarmanna sem sýknaðir voru í dómsmáli:

# Bæjarráð gefur grænt ljós á málskostnað

**DÓMSMÁL** Bæjarráð Kópavogs gerir ekki athugasemdir við að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK) greiði málskostnað fyrrum stjórnarmanna í sjóðnum vegna dómsmáls.

Lögmaður LSK hafði áður sagt að tveir bæjarstarfsmenn í Kópavogi, sem áður sátu í stjórn lífeyrissjóðsins, ættu sjálfir að greiða 1.187 þúsunda króna reikning frá sameiginlegum lögmanni sínum. Var það vegna dómsmáls sem ríkið efndi til og þar sem fólkið var sýknað. Upphæðin er mismunur á þeim málskostnaði sem ríkið var dæmt til að greiða fólkinu og útgefnum 2,9 milljóna króna reikningi lögmanns þeirra.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 8. október var gefin út ákæra á hendur fimm stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra LSK vegna 330 milljóna króna lánveitingar sjóðsins til Kópavogsbæjar í janúar 2009. Stjórnarformaðurinn og framkvæmdastjórinn voru sakfelldir fyrir að hafa gefið Fjármálaeftirlitinu rangar upplýsingar og dæmdir til að greiða 150 þúsund króna sekt. Hinir fjórir stjórnarmennirnir voru sýknaðir, þar með taldir bæjarstarfsmennirnir tveir.

Lögmaður sem lífeyrissjóðurinn fékk til að skoða málið sagði að af lögum og samþykktum yrði ekki annað ráðið „en að stjórnarmenn beri sjálfir ábyrgð á störfum og starfrækslu sinni í þágu og á vegum lífeyrissjóðsins“ og að hvorki lög né samþykktir geymdu „fyrirmæli eða vísbendingar um ábyrgð lífeyrissjóða sem slíkra á störfum stjórnarmanna“.

Leitað var álits bæjarráðs í málinu þar sem Kópavogsbær greiðir rekstrarkostnað sjóðsins. **- gar**




**FRÉTTABLAÐIÐ 8. OKTÓBER** Tveir starfsmenn Kópavogs eru ósáttir við að þurfa að borga lögmanni tæpar 1.200 þúsund krónur þrátt fyrir að hafa verið sýknaðir í dómsmáli vegna starfa fyrir lífeyrissjóð bæjarstarfsmanna.









# Renna blint í sjóinn varðandi talninguna

**Þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að stjórnarskrá fer fram í dag. Formenn yfirkjörstjórna segjast renna blint í sjóinn varðandi umfang talningar. Atkvæði verða slegin inn í tölvu í einu kjördæmi. Talningu lýkur varla fyrr en á morgun.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvenær verða úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar ljós?

Þriðja þjóðaratkvæðagreiðslan á lýðveldistímanum fer fram í dag. Alls hafa Íslendingar átta sinnum gengið að kjörborðinu í þjóðaratkvæðagreiðslu, fyrst árið 1908 um áfengisbann.

Fyrirkomulag kosninga og talning atkvæða er á hendi yfirkjörstjórna í hverju kjördæmi fyrir sig. Talningin er óvenju flókin að þessu sinni þar sem hver atkvæðaseðill er í raun sexgildur. Hvern seðil þarf því að telja sex sinnum.

Í Norðausturkjördæmi verður sá háttur hafður á að atkvæðin á hverjum seðli verða slegin inn í tölvu. Búnt með 200 seðlum verða slegin inn og samtala þeirra skráð. Þannig vonast Páll Hlöðversson, formaður yfirkjörstjórnar, til að spara tíma.

„Við teljum að þetta spari vinnu en vitum ekki enn hvort við höfum rétt fyrir okkur, það er ekki komin reynsla á þetta. Það hafa verið gerðar prufur og ég held að við munum einnig gera stikkprufur á hinn veginn og athuga hversu rétt þetta er.“

Með þessu fást fyrstu tölur úr öllum spurningum samtímis. Talningin öll gæti hins vegar staðið fram á sunnudag.

Katrín Theodórsdóttir, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi norður, segir hins vegar að fallið hafi verið frá þessari aðferð, að slá atkvæðin inn í tölvur. Þess í stað verði hver seðill talinn sex sinnum. Hún segir tölvuinnslátt hafa verið reyndan en það hafi ekki gefið góða raun.

„Þetta gaf ekki nógu áreiðanlega útkomu og það kom svolítið af villum. Mitt mat var að sú leið væri ekki fær nema með tvítalningu og þá er ávinningurinn af tölvuleiðinni horfinn.“

Katrín á von á að búið verði að telja 75-80% svara við fyrstu spurningunni um ellefu í kvöld.

Hið sama á við um Reykjavíkurkjördæmi suður að sögn Sveins Sveinssonar, formanns yfirkjörstjórnar. Allir seðlar verði taldir sex sinnum, byrjað verði á fyrstu spurningu og svo fari hver seðill aftur í flokkun og talningu.

Ríkarður Másson, formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, segir ekki um annað að ræða en að telja hvern seðil sex sinnum. Hann á von á fyrstu tölum upp úr miðnætti.

„Við rennum þó blint í sjóinn með það,“ segir Ríkarður. Nákvæmlega sama orðalag notuðu þeir Sveinn og Páll.

Formennirnir eru sammála um að standi talningin langt fram á morgun verði talningafólkið sent heim til að hvílast og talning hefjist aftur að nýju á morgun. Því getur orðið nokkur bið á að niðurstöður liggi fyrir að fullu.

Ríkisútvarpið verður með aukafréttatíma í sjónvarpi í kvöld vegna kosninganna og hægt er að fylgjast með fyrstu tölum á Vísi.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**Á KJÖRSTAÐ** Endanleg úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar liggja ekki fyrir fyrr en á morgun. Utankjörfundaratkvæði eru talin síðast. Frá utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Spurningarnar á kjörseðlinum**

1. Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?
2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?
3. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?
4. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?
5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?
6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?

**Fyrri þjóðaratkvæðagreiðslur**

| Ár | Álitaefni | Þátttaka | Samþykk | Andvíg |
|---|---|---|---|---|
| 1908 | Áfengisbann | 73,0% | 60,1% | 39,9% |
| 1916 | Þegnskylduvinna | 53,0% | 8,2% | 91,8% |
| 1918 | Setning sambandslaganna | 43,8% | 92,6% | 7,4% |
| 1933 | Afnám áfengisbanns | 45,0% | 57,7% | 42,3% |
| 1944 | Afnám sambandslaganna | 98,6% | 99,5% | 0,5% |
| 1944 | Setning nýrrar stjórnarskrár | 98,6% | 98,5% | 1,5% |
| 2010 | Ríkisábyrgð vegna Icesave | 62,5% | 1,8% | 98,2% |
| 2011 | Ríkisábyrgð vegna Icesave | 75,0% | 40,2% | 59,8% |

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**
18.-22. OKTÓBER.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 22. október.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Afsagnir hjá Evrópusambandinu vegna hneykslis:

# Vildi 60 milljónir evra í tóbaksmútur

**SVÍÞJÓÐ** Sænska munntóbaksframleiðandanum Swedish Match bauðst í fyrra að greiða 60 milljónir evra til að geta haft áhrif á væntanlega löggjöf ESB um tóbak. Greiða átti peningana í tveimur áföngum, 10 milljónir evra beint á borðið og 50 milljónir evra eftir lagabreytingu. Þetta upplýsir upplýsingastjóri Swedish Match, í viðtali við sænska blaðið Aftonbladet.

Silvio Zammit, varaborgarstjóri Sliema á Möltu, gerði Swedish Match tilboð um að hitta John Dalli, framkvæmdastjóra heilbrigðis- og samkeppnismála hjá ESB, sem er líka frá Möltu, en þeir Zammit eru nátengdir.

Dalli sagði af sér í vikunni vegna tengslanna. Innri rannsóknarstofnun ESB (OLAF) varpaði ljósi á tengslin eftir ábendingu frá tóbaksframleiðandanum. Í niðurstöðum úttektarinnar kemur fram að þó að ekki sé hægt að sanna beina aðkomu Dalli að málinu séu miklar líkur á að honum hafi verið kunnugt um tilboðið.

Fram kemur á fréttavefnum Malta Today að Zammit hafi sagt af sér sama dag og Dalli, sem kveðst saklaus. Sólarhring eftir að Dalli og Zammit sögðu af sér var brotist inn hjá þremur samtökum í Brussel sem berjast gegn neyslu tóbaks.

Reglur ESB banna framleiðslu munntóbaks, en Svíar fengu undanþágu við inngöngu í sambandið á sínum tíma.

Endurskoðun laganna stendur nú fyrir dyrum og er stefnt að því að þau taki gildi árið 2014. Þar er lagt til að reyklaust tóbak verði bannað nema þar sem hefð er fyrir sölu þess, en Svíar vilja flytja út munntóbak til annarra ESB-landa, meðal annars á þeim forsendum að það sé hættuminna en sígarettur. **- ibs**



**MUNNTÓBAK** Mútuhneyksli tengt sænsku munntóbaki hefur leitt til afsagnar framkvæmdastjóra hjá ESB.






**Í KOLSVÖRTUM MEKKI** Ekki er nema um eitt og hálft ár síðan ástandið var svona í Öræfum vegna eldgoss í Grímsvötnum. Sjá má björgunarsveit sem aðstoðaði fólk á Islandia Hótel Núpum. Myndin er tekin á hádegi í kolniðamyrkri vegna öskufalls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslendingar óviðbúnir óvæntum hamförum

**Ísland er ekki nægilega undirbúið fyrir vá sem hér gæti hugsanlega riðið yfir. Landið er þó vel í stakk búið til að takast á við þekktar hamfarir. Efla þarf samstarf vísindamanna og almannavarna og gæta að mönnun á sviði björgunar.**

**ALMANNAVARNIR** Íslendingar eru vel í stakk búnir til að takast á við vá sem við þegar þekkjum til, en ekki óvænta stórfellda vá. Þetta kom fram í opnunarerindi sem Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, hélt á alþjóðlegri ráðstefnu Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Grand hótel Reykjavík á föstudag.



**VÍÐIR REYNISSON**

„Við erum búin undir það sem við þekkjum. Stóra spurningin er hins vegar hvort ekki gæti eitthvað gerst sem við þekkjum ekki,“ segir Víðir og kveður svarið vera að svo gæti vel farið. „Og við erum ekki búin undir það sem við þekkjum ekki.“

Víðir segir um leið ýmislegt hægt að gera til að gera þjóðina betur í stakk búna til að takast á við vá af áður óþekktri stærðargráðu. „Hægt er að efla samstarf vísindamanna og almannavarna. Það er hægt að efla samstarf viðbragðsaðila og reyna að forðast að sama fólkið sé með mörg hlutverk í skipulaginu.“

Sem dæmi segir Víðir að á landsbyggðinni sé algengt að björgunarsveitamenn séu líka í slökkviliði byggðarlagsins, eða sjái um sjúkraflutninga, eða séu starfsmenn heilbrigðisgeirans og jafnvel lögreglumenn líka. Þannig kunni að vera ofmetinn sá mannafli sem menn hafi til reiðu til að takast á við stórfelld áföll af áður óþekktri stærð. „Það eru áhættuþættir í skipulaginu sem verður að taka tillit til þegar menn eru að horfa á atburði sem kalla má óhugsanlega stóra.“

Ráðstefnan, sem haldin er undir yfirskriftinni „Björgun“, er með stærstu ráðstefnum heims í björgunargeira. Um 600 manns sækja ráðstefnuna sem lýkur á morgun. Þar á meðal er fjöldi erlendra gesta og fyrirlesara.

Í samantekt erindis Páls Einarssonar, prófessors í jarðeðlisfræði, um jarðskjálfta- og eldfjallavá í nágrenni Reykjavíkur kemur fram að á flekaskilasvæðinu sem liggur eftir Reykjanesskaga endilöngum megi búast við fáeinum skjálftum á stærðarbilinu 6,0 til 6,5 á hverri öld.

„Eldgos á flekaskilunum eru yfirleitt hraungos nema þar sem vatn kemst að gosrásinni og veldur sprengigosum. Aðstæður til slíks eru þekktar á Krýsuvíkursvæðinu og undan ströndinni við Reykjanestá,“ segir í samantektinni.

„Vá tengd eldgosum á Reykjanesskaga er helst tengd hraunrennsli, sprunguhreyfingum, áhrifum öskufalls á samgöngur og hugsanlega mengun grunnvatns.“

**olikr@frettabladid.is**






**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Þrjár stöður af fimm eru tímabundnar til hálfs eða eins árs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fimm stöður lausar:

# Auglýst eftir héraðsdómurum

**DÓMSMÁL** Innanríkisráðuneytið hefur auglýst stöður fimm héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Tveir dómarar með fast sæti við Héraðsdóm Reykjavíkur verða skipaðir í embætti frá og með fyrsta janúar 2013, eða eins fljótt og nefnd um hæfni dómara lýkur störfum.

Þá verða þrír settir dómarar frá sama tíma.

Tvær stöður eru til hálfs árs en ein til heils árs. Umsóknarfrestur um allar stöðurnar er til sjöunda nóvember. **- þeb**


Dýradagar í Garðheimum
Tegundakynning á vegum KYNJAKATTA frá kl. 12 til 17 laugardag og sunnudag
KOMIÐ Í GARÐHEIMA OG HITTIÐ NÝJASTA FRÆNDFÓLKIÐ MITT!
20% af öllu dýrafóðri
Lukkupottur með veglegum vinningum
Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
Dýravörukynningar og tilboð
Kynningar frá
ROYAL CANIN
Purina PRO PLAN
Brit PREMIUM
Hill's
Eukanuba
PET HEAD
20% af öllum seríum
Samtengjanlegu LED útiseríurnar eru komnar!
Kósí inniseríur
30% til 50% afsláttur
Haustlaukaútsala
Ís
100kr
Plöntuker frá 1720kr
fyrir leiði í anddyrið
Götumarkaður
Nú einnig jólavörur á „brandara“ verði
GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 20 ÁR

**FRÉTTASKÝRING:** Innri markaður Evrópusambandsins 20 ára

# Tvítugsafmæli á óvissutímum í Evrópu

**Evrópusambandið fagnaði því í þessari viku að 20 ár væru liðin frá því að innri markaði ESB var hleypt af stokkunum. Með því voru felldir niður múrar milli ríkjanna og ESB í raun skilgreint sem eitt markaðssvæði. Ísland hefur verið þátttakandi í markaðnum frá árinu 1994 þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi.**

Nokkur kaldhæðni er í því að tuttugu ára hátíðarhöldin fara fram í skugga alvarlegustu efnahagslægðar í sögu sambandsins. Þrátt fyrir allt sem á hefur gengið síðustu ár er því ekki að neita að mikið hefur breyst á tuttugu árum.

Árið 1986 náðu ríki Evrópubandalagsins, sem þá hét, saman um Einingarlögin svokölluðu sem ruddu brautina. Það var svo hinn 1. janúar 1993 sem landamæraeftirliti milli hinna tólf ríkja ESB var hætt og innri markaðurinn var formlega orðin staðreynd.

Þrátt fyrir að standa utan ESB nýtur Ísland að mörgu leyti góðs af þátttöku á innri markaðnum í gegnum aðild sína að Evrópska efnahagssvæðinu.

Á þeim tíma hafa viðskipti Íslands við innri markaðinn aukist verulega og í fyrra nam útflutningur til Evrópu 83% af heildarútflutningi Íslands.

Tækifæri Íslands á innri markaðinum liggja þó ekki eingöngu í viðskiptum heldur í samvinnu á mennta- og rannsóknasviðinu.

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun innri markaðarins. Fyrr í mánuðinum setti Framkvæmdastjórn ESB fram aðgerðaáætlun í tólf punktum til að efla vöxt, þar á meðal með bættum samgöngum og auknum tækifærum borgara til að leita tækifæra í öðrum ríkjum.

Þær aðgerðir eiga að koma til framkvæmda í ár og á því næsta.



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

## Sífellt meiri umsvif




## Evrópa alltaf fyrsta skrefið í útrás

Aðspurð um gildi innri markaðar Evrópu fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki segir Kristín Halldórsdóttir, forstöðumaður Evrópumiðstöðvar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, að Evrópa sé alltaf fyrsta skrefið fyrir Íslendinga til að koma sér á framfæri erlendis.



KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR

„Margir Íslendingar vilja sækja inn á Bandaríkjamarkað sem er afar stór, en það er mjög erfitt og dýrt að komast þar inn. Leiðin til Evrópu er hins vegar bein og án hindrana og markaðurinn öflugur þar sem eru 500 milljón neytendur og mörg tækifæri.“

En eru íslensk nýsköpunarfyrirtæki dugleg við að nýta sér þau tækifæri? „Já, við byrjum jafnan á Evrópu, sérstaklega Norðurlöndunum, þegar haldið er út fyrir landsteinana. Kína og Bandaríkin eru erfiðari markaðir og fyrirtæki þurfa meiri hjálp en það er stuðningskerfi til þess hjá Enterprise Europe-verkefninu. Í því felst að tengja fyrirtæki við markaði í Kína og Bandaríkjunum, ekki bara vegna vöruútflutnings heldur líka til að flytja út þekkingu og tækni.“

## 15.000 styrktir til náms og fræðslu erlendis

Ásgeir H. Ingþórsson er forstöðumaður Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB hjá Háskóla Íslands. Hann segir að með aðgangi að innri markaði ESB hafi Íslendingar verið um flest fullgildir þátttakendur í innri menntamarkaði og ekki síður í rannsóknum.



ÁSGEIR H. INGÞÓRSSON

„Þetta sést best á þeim fjölda einstaklinga sem hafa fengið stuðning í gegnum menntaáætlunina til að sækja sér einhvers konar menntun, þjálfun eða nýja sýn,“ segir Ásgeir. Frá árinu 1995 hafa um fimmtán þúsund manns fengið styrk til að sækja menntun og fræðslu til Evrópu í gegnum menntaáætlunina, og þá eru ekki taldir með þeir sem hafi notið góðs af verkefnum óbeint og heldur ekki þeir fjölmörgu erlendu nemendur sem hafa komið hingað til lands í gegnum verkefni eins og Erasmus.

„Menntaáætlunin hefur opnað dyrnar að sameiginlegum innri menntamarkaði í Evrópu. Hún hefur víkkað sýn einstaklinga og haft áhrif á þróun í einhverjum geirum og stofnunum og hefur að einhverju leyti haft áhrif á íslenska stefnumótun.“

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo - fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins 5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:
2.350.000 kr.
Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP Á FRÁBÆRUM TILBOÐUM!



3611008

45% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 89.950

49.950

**HOUSTON TUNGUSÓFI**
Stílhreinn og flottur tungusófi með PU áklæði. Sessur úr góðum kaldsvampi sem eykur þægindi. Hægt að fá með tungu hægra eða vinstra megin. Stærð: B242 x H76 x D80/161 sm. Fáanlegur í svörtum og brúnum lit.



30% AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:

899

501-11-1035

**FATAEFNI**
Mikið úrval af fataefnum á frábæru verði! Komdu og gerðu góð kaup!



50% AFSLÁTTUR

4107200

SÆNG + KODDI

**MOUNT OLYMPUS SÆNG OG KODDI**
Sæng og koddi fyllt með holtrefjum. Áklæði úr 100% polyestermíkrófíber. Þyngd á sæng: 1000 gr. Má þvo við 60°C. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.

FULLT VERÐ: 5.995

2.995



20% AFSLÁTTUR

35 LÍTRA

FULLT VERÐ: 2.495

1.995

301-11-1009

VERÐ FRÁ:

745



25% AFSLÁTTUR

**CAPRI HANDKLÆÐI**
Glæsileg handklæði í fallegum litum. Efni: 100% bómull. Stærðir:
50 x 100 sm. **995** nú 745
70 x 140 sm. **1.995** nú 1.495
100 x 150 sm. **2.995** nú 2.245

2331300



ALLAR GÓLFMOTTUR 30% AFSLÁTTUR



**MARK SKRIFBORÐSSTÓLL**
Hægt að rugga. Litur: Svartur.

3620019

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 24.950

14.950

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 20.10 - 21.10**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Málefni geðsjúkra vilja víða verða út undan:

## Falinn hópur

Geðsjúkdómar eru yfirleitt miklu meira feimnismál en aðrir sjúkdómar þótt vissulega hafi undanfarin ár dregið úr þeirri leynd og skömm sem loðað hafa við geðsjúkdóma. Talsverður hluti fólks leitar sér þó aðstoðar fagfólks vegna geðrænna kvilla einhvern tíma á lífsleiðinni og enn fleiri myndu áreiðanlega gera það ef sjúkdómurinn væri ekki það feimnismál sem hann er. Talið er að um 23% verði geðsjúkir einhvern tíma á lífsleiðinni en um 2% verða öryrkjar af völdum geðsjúkdóma.

Enn eru geðfatlaðir þó tiltölulega lítt sýnilegur og þögull hópur í samfélaginu. Sem betur fer eru þó sífellt fleiri sem glíma við, eða hafa glímt við, geðsjúkdóma sem stíga fram og tjá sig um sjúkdóm sinn og aðstæður í því skyni að stuðla að umbótum í málaflokknum.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Í þessari viku og þeirri síðustu birtist í Fréttablaðinu röð fréttaskýringa eftir Sunnu Valgerðardóttur blaðamann þar sem fjallað var um stöðu geðfatlaðra á Íslandi.

Meðal þess sem fram kom í fréttaskýringunum var að allt að 20 sjúklingar væru nú fastir á Kleppi að lokinni endurhæfingu þar vegna þess að þeir hefðu í engin hús að venda heima í sínu sveitarfélagi. Ástandið varðandi búsetuúrræði er vitanlega misslæmt eftir sveitarfélögum en ljóst er að til eru sveitarfélög þar sem vart er hægt að hýsa geðfatlað fólk sem þarfnast stuðnings. Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir á Kleppi, gagnrýnir framgöngu sveitarfélaganna í málefnum geðfatlaðra harðlega. Hann telur félagsleg úrræði skorta mjög og segir að hægt hafi á ferlinu eftir að málaflokkurinn fluttist frá ríkinu til sveitarfélaga fyrir tveimur árum.

Magnús Haraldsson geðlæknir bendir á að samvinna innan kerfisins hafi verið veikur hlekkur í þjónustu við geðfatlaða. Hann bendir einnig á að úrbóta sé þörf á geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslustöðva sem sé skammt á veg komin.

Magnús tekur ekki fyrir að fordómar geti átt þátt í því að málaflokkurinn hafi orðið út undan víða og bendir á að fordómar gagnvart geðsjúkdómum fyrirfinnist bæði innan og utan heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Skortur á samhæfingu og mögulegir fordómar kunna ekki góðri lukku að stýra þegar styðja á við afar viðkvæman hóp fólks. Fordómar eru afleiðing vanþekkingar. Á þetta bendir Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, en hún stýrir samfélagsteymi á vegum geðsviðs Landspítalans. Hún ítrekar nauðsyn þess að efnt verði til frekara samstarfs milli heilbrigðiskerfisins og félagslegu kerfanna í sveitarfélögunum. Þekking á geðsjúkdómum sé til staðar innan heilbrigðiskerfisins sem hægt væri að miðla til félagslega kerfisins.

Í einhverjum tilvikum gerir fjárskortur að verkum að erfitt getur reynst að bæta þjónustu. Hitt er jafnvíst að með markvissari vinnu og opnara hugarfari er hægt að bæta þjónustu við geðsjúka í bata svo um munar án þess að það þurfi að fela í sér meiri kostnað þegar upp er staðið.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Fimm mínútna umhugsun = já



ÞORSTEINN PÁLSSON

Félagsskapur heitir Stjórnarskrárfélagið. Það tók að sér sókn og vörn í stjórnarskrármálinu. Á vegum þess hafa birst athyglisverðar auglýsingar sem varpa skýru ljósi á hugsunina að baki því verklagi sem ríkisstjórnin kaus í þessu stóra máli sem kjósendur eiga að lýsa áliti sínu á í dag. Í þeim er staðhæft að ekki taki lengri tíma en fimm mínútur að kynna sér málið. Jafnvel ekki meira en þrjár mínútur.

Ríkisstjórnarflokkarnir fólu sérstakri sérfræðinganefnd að yfirfara hugmyndir stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Þeir tóku hins vegar ákvörðun um að kalla fólkið í landinu til kjörfundar áður en sérfræðinganefndin birtir álit sitt. Fólkinu er ætlað að taka ákvörðun án þess að fá þær niðurstöður.

Þetta er endurtekning á því þegar forsætisráðherra krafðist þess af alþingismönnum fyrir rúmu ári að þeir samþykktu nýja fiskveiðilöggjöf áður en hagfræðinganefnd ríkisstjórnarinnar sjálfrar birti athugun sína á efnahagslegum áhrifum hennar. Þegar þau áform voru stöðvuð jafnaði utanríkisráðherra því við að komið hefði verið í veg fyrir alvarlegt umferðarslys. Það stöðumat ráðherrans er jafn gilt í dag.

Athyglisvert er að forystumenn ríkisstjórnarflokkanna telja rétt að taka ákvarðanir um þessi tvö stærstu mál sín áður en þær upplýsingar liggja fyrir sem þeir sjálfir hafa kallað eftir. Það er hins vegar rétt hjá Stjórnarskrárfélaginu að það tekur í mesta lagi þrjár til fimm mínútur að lesa þau einföldu slagorð sem auglýsingar þess og málflutningur stjórnarþingmanna byggist á.

Í slagorðunum er öllu fögru lofað. Ef einungis er ætlast til að menn taki afstöðu á þeim grundvelli er auðvelt að segja: Já.

## Meiri umhugsun = nei

Ekki er ástæða til að efast um að ríkisstjórnin vilji í raun efla lýðræðið. Verkurinn er hins vegar sá að hún treystir ekki almenningi til að taka upplýsta ákvörðun á grundvelli greininga, athugana og efnislegra umræðna. Hún telur að almenningur geti aðeins skilið fimm mínútna slagorðaskilaboð.

Lítið er hægt að segja við því þegar forystumenn ríkisstjórnarflokkanna telja rétt að umgangast þingmenn eigin flokka með þessum hætti. En þegar slík framkoma snýr að fólkinu í landinu er það móðgun og ögrun við heilbrigða skynsemi.

Auðlindaákvæðið er gott dæmi. Allir flokkar á Alþingi eru fylgjandi þeirri hugsun að auðlindirnar séu sameign þjóðarinnar. Ágreiningurinn snýst um hitt, hvort innan þeirra marka eigi að láta félagsleg sjónarmið eða kröfur um þjóðhagslega arðsemi ráða með hvaða hætti veiðunum er stýrt.

Leggja má skatt á útgerðina út frá réttlætissjónarmiðum og deila þeim peningum svo aftur til hennar og þeirra byggða sem í hlut eiga út frá öðrum réttlætissjónarmiðum. Almenningur nýtur einskis af því. Talsmaður Samfylkingarinnar í eldhúsdagsumræðunum síðastliðið vor fullyrti að nýja stjórnarskrárákvæðið tryggði þess konar stjórnun og útilokaði þjóðhagslega hagkvæmni. Ef það er rétt vaknar spurningin hvort skynsamlegt er að útiloka arðbæran sjávarútveg í stjórnarskrá.

Af þessu má ráða að einungis þetta eina ákvæði kallar á meir en fimm mínútna umhugsun. En þannig þarf að brjóta allar greinar stjórnarskrárhugmyndanna til mergjar. Slík umhugsun eykur hins vegar líkurnar á að svarið verði: Nei.

## Já = hærri skattar

Mikið hefur verið látið af því að nýju stjórnarskrárhugmyndirnar tryggi mönnum réttindi af ýmsu tagi umfram það sem þekkst hefur. Þar er ekki um að ræða hefðbundnar takmarkanir á möguleikum stjórnvalda til að skerða frelsi borgaranna. Nýmælin felast í réttindum sem kalla á stórlega aukin útgjöld úr ríkissjóði.

Enginn getur sagt til um hversu mikla útgjaldaaukningu nýju ákvæðin hafa í för með sér. Þegar ótakmörkuð réttindi til greiðslna úr ríkissjóði hafa verið fest í stjórnarskrá fá dómstólar endanlegt úrskurðarvald um það hvort almenn lög á því sviði fullnægi þeim og hversu mikið ríkisútgjöldin aukast. Hitt er víst eins og nótt fylgir degi að stórhækkun skatta er óhjákvæmileg afleiðing þessara góðu nýmæla.

Á öllum tímum er það höfuðdeiluefni stjórnmálanna hversu hratt á að auka ríkisútgjöld. En hvort heldur menn kjósa varkárni eða róttækni á því sviði er varasamt að ætla dómstólum endanlegt úrskurðarvald um útgjöldin en lýðræðislega kjörnum fulltrúum það hlutverk eitt að afla tekna á móti. Heppilegri stjórnskipan er að ábyrgð á útgjöldum og öflun tekna sé á sömu hendi.

Áformin lýsa snotru hjartalagi en draga aftur á móti úr pólitískri ábyrgð og veikja lýðræðið. Er ekki ástæða til að gefa slíkri breytingu meir en fimm mínútna íhugun?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is og Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is DÆGURMÁL: Kjartan Guðmundsson kjartan@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ: Elín Albertsdóttir elin@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

# Krakkafjör
**Þrautaleikur Latabæjar**
**Dregið 22. okt.**

Fullt af flottum vinningum



Taktu þátt

# Krakka dagar

## 18.–21. okt.



Smáralind iðar af lífi á Krakkadögum. Skemmtileg dagskrá fyrir börnin, spennandi þrautaleikur og fjölmörg tækifæri til að gera góð kaup á barnavörum.

**Hittumst kát á Krakkadögum.**



**Kynntu þér krakkadaga-tilboðin á smaralind.is**



## DAGSKRÁ UM HELGINA

### Laugardagur 20. október

| | |
|---|---|
| 13.00 | Töframaðurinn Jón Víðis |
| 14.00 og 15.30 | Latabæjarskemmtun með Íþróttaálfinum og Sollu |
| 14.00 – 16.00 | Blöðrulistamenn leika listir sínar |

### Sunnudagur 21. október

| | |
|---|---|
| 14.00 og 15.30 | Latabæjarskemmtun með Íþróttaálfinum og Sollu |
| 14.00 – 16.00 | Blöðrulistamenn leika listir sínar |
| 16.00 | Töframaðurinn Jón Víðis |

*Leikarar samþykktir af Latabæ*



**Fullt hús af skemmtun**

**Líf og fjör í göngu-götunni, Smárabíói og Skemmtigarðinum**

LATI BÆR

Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

ENNEMM / SIA / NM54791

TM & © 2012 LazyTown Entertainment. A Time Warner company. All rights reserved.

# ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ
## að gera reyfarakaup Á KRINGLUKASTI

**25%**
AEG RYKSUGA
1400/2200W
Verð áður ........ 19.999
Tilboðsverð ........ 14.999
Þú sparar ........ 5.000

**Thermos**
LÍNAN
**20%**

**Frábært verð**
**45%**
HDMI KAPALL
Verð áður ........ 2.749
Tilboðsverð ........ 1.499
Þú sparar ........ 1.250

**25%**
MJÓLKURFERNUHALDARI
Verð áður ........ 999
Tilboðsverð ........ 749

**30%**
TRISTAR BLANDARI
500W - GLERKANNA
Verð áður ........ 9.990
Tilboðsverð ........ 6.990
Þú sparar ........ 3.000

**Líka fyrir spanhellur**
**40%**
PÖNNUKÖKUPANNA
Verð áður ........ 3.999
Tilboðsverð ........ 2.399
Þú sparar ........ 1.600

**50%**
SILIKON "GOGGUR"
Verð áður ........ 999
Tilboðsverð ........ 499

GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
**Loksins komin aftur**
REMOVES UP TO 42% OF FAT

**30%**
HEILSUGRILL
VERÐ ÁÐUR ... 16.999
TILBOÐSVERÐ .... 11.899
ÞÚ SPARAR .... 5.100

**20%**
HEILSUGRILL
FJÖLSKYLDUSTÆRÐ
VERÐ ÁÐUR ... 22.999
TILBOÐSVERÐ .... 18.399
ÞÚ SPARAR .... 4.600

**iRobot**
RYKSUGU- OG SKÚRINGAR-VÉLMENNI

**Þú sparar 15.000**
ROOMBA 555
Verð áður ........ 84.900
Tilboðsverð ........ 69.900
Þú sparar ........ 15.000

**Þú sparar 20.000**
ROOMBA 780
Verð áður ........ 119.900
Tilboðsverð ........ 99.900
Þú sparar ........ 20.000

**Þú sparar 10.000**
SCOOBA 390
Verð áður ........ 89.900
Tilboðsverð ........ 79.900
Þú sparar ........ 10.000

**35%**
VALDAR
BÖKUNARVÖRUR

JAMIE OLIVER
TEFAL LÍNURNAR
**20%**

**33%**
NAFNAKÖNNUR
Verð áður ........ 1.499
Tilboðsverð ........ 999

**29%**
CUISINART BRAUÐRIST
2JA HÓLFA / BURSTAÐ STÁL
Verð áður ........ 13.999
Tilboðsverð ........ 9.999
Þú sparar ........ 4.000

**22%**
CUISINART KAFFIVÉL
BURSTAÐ STÁL
Verð áður ........ 22.999
Tilboðsverð ........ 17.999
Þú sparar ........ 5.000

**33%**
**2 í pakka**
SALT&PIPARKVÖRN
Verð áður ........ 5.990
Tilboðsverð ........ 3.990
Þú sparar ........ 2.000

## SHIATSU NUDD & RAKATÆKI

**30%**
RAKATÆKI
Verð áður ........ 24.999
Tilboðsverð ........ 17.499
Þú sparar ........ 7.500

**25%**
SHIATSU
NUDDSÆTI OG ÞRÝSTINGSNUDD
Verð áður ........ 52.790
Tilboðsverð ........ 39.790
Þú sparar ........ 13.000

**30%**
NUDDSÆTI SHIATSU
Verð áður ........ 22.980
Tilboðsverð ........ 15.999
Þú sparar ........ 6.981

**Exquisit**

**Þú sparar 10.000**
UPPÞVOTTAVÉL 12M AAA
Verð áður ........ 79.900
Tilboðsverð ........ 69.900
Þú sparar ........ 10.000

**Þú sparar 5.000**
ÞURRKARI 6KG 1000SN
Verð áður ........ 64.900
Tilboðsverð ........ 59.900
Þú sparar ........ 5.000

**Þú sparar 5.000**
ÞVOTTAVÉL 1000SN A+
Verð áður ........ 64.900
Tilboðsverð ........ 59.900
Þú sparar ........ 5.000

**Þú sparar 10.400**
KÆLISKÁPUR
Verð áður ........ 34.900
Tilboðsverð ........ 24.500
Þú sparar ........ 10.400

**40%**
TRISTAR VÖFFLUJÁRN
BELGÍSKT
Verð áður ........ 9.999
Tilboðsverð ........ 5.999
Þú sparar ........ 4.000

**25%**
TRISTAR GASBRENNARI
"CREME BRULEE" • 4 SKÁLAR
Verð áður ........ 5.990
Tilboðsverð ........ 4.490
Þú sparar ........ 1.500


50%
HJÓLALJÓS
Verð áður 1.649
Tilboðsverð 825
22%
TRISTAR MÍNÚTUGRILL
Verð áður 8.990
Tilboðsverð 6.990
Þú sparar 2.000
20%
TRISTAR SAFAPRESSA
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 2.000
Seríubúðin þín
50%
KAUPTU 2 OG FÁÐU ÓDÝRARI Á
WASSERMAXX SÓDAVATNSTÆKI
20%
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
STÁL
Verð áður 21.999
Tilboðsverð 17.499
Þú sparar 4.500
13%
LITIR
Verð áður 14.999
Tilboðsverð 12.999
Þú sparar 2.000
50%
PIZZUHNÍFUR
Verð áður 799
Tilboðsverð 399
ÓDÝRI HEIMILIS-TÆKJA MARKAÐURINN
ALLT Á 2.990
25%
25%
40%
40%
40%
50%
36%
HITABRÚSI
0.5 L STÁL
Verð áður 2.749
Tilboðsverð 1.749
KITCHENAID TILBOÐ
Hrærivél + áhaldasett
Á meðan birgðir endast
23%
KITCHENAID hvít
Verð áður 102.870
Tilboðsverð 78.840
Þú sparar 24.030
KITCHENAID lituð
Verð áður 105.870
Tilboðsverð 81.690
Þú sparar 24.180
Gufusléttir
20%
NÝR OG - ÖFLUGUR
Verð áður 9.990
Tilboðsverð 7.990
Þú sparar 2.000
KAI
20%
Pure Komachi 2 hnífalínan eru hágæða hnífar frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnífarnir eru með litaðri "non-stick" húð, þannig að allt hráefni sem verið er að vinna festist síður við blaðið og mjög auðvelt er að þrífa þá.
Grænmetishnífur
Kjöthnífur
Brauðhnífur
Kokkahnífur
Alhliða hnífur
Grænmetishnífur
Santoku hnífur
GARMIN
20%
FORERUNNER 210
HLAUPAÚR
VERÐ ÁÐUR ... 46.900
TILBOÐSVERÐ .... 37.520
ÞÚ SPARAR ... 9.380
DAKOTA 10
ÚTIVISTARTÆKI
VERÐ ÁÐUR ... 29.900
TILBOÐSVERÐ .... 23.900
ÞÚ SPARAR ... 6.000
KAI Wasabi
SUSHIHNÍFUR
20%
Verð áður 12.499
Tilboðsverð 9.999
Þú sparar 2.500
NUVI 2545LM
LEIÐSÖGUTÆKI Í BÍLINN
VERÐ ÁÐUR ... 42.900
TILBOÐSVERÐ .... 34.320
ÞÚ SPARAR ... 8.580
Sniðugt fyrir bílinn
25%
FESTING FYRIR SÍMA
Verð áður 2.999
Tilboðsverð 2.249
50%
HLEÐSLUTÆKI FYRIR SNJALLSÍMA
Verð áður 2.999
Tilboðsverð 1.499
Þú sparar 1.500
20%
ROASTER POTTUR
Verð áður 5.499
Tilboðsverð 4.399
Þú sparar 1.100
25%
GUFUSUÐUGRIND
Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.499
17%
TRISTAR TÖFRASPROTI
600W MEÐ HAKKARA OG PÍSK
Verð áður 8.999
Tilboðsverð 7.499
Þú sparar 1.500
20%
TELEFUNKEN
7" MYNDARAMMI
Verð áður 13.999
Tilboðsverð 11.199
Þú sparar 2.800
20%
SALTKRISTALLAMPI
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.999
Þú sparar 1.000

# Náttúra í nýrri stjórnarskrá

Ný stjórnarskrá

**Ólafur Páll Jónsson**
heimspekingur og stjórnarmaður í Náttúruverndarsamtökum Íslands



Í tillögum að nýrri stjórnarskrá eru fimm greinar um náttúru, umhverfi og dýravernd. Þær eru meðal helstu nýjunga í drögunum og þær greinar sem hvað mest hafa verið gagnrýndar. Málefnalegasta gagnrýnin hefur komið frá Láru Magnúsardóttur sagnfræðingi en í grein í Fréttablaðinu („Mannréttindi og mannamál" 4. október) og lengri grein á heimasíðu Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra setur hún m.a. fram og rökstyður áhugaverða gagnrýni á þessar hugmyndir. Ég er sammála Láru um að náttúrunni verði ekki eignuð mannréttindi, en ég er ósammála því að réttindahugtakið geti ekki náð yfir náttúru og að orðalagið „Öllum ber að virða [náttúruna] og vernda" í 33. gr. sé hæpið.

**Náttúra, réttur og skyldur**

Hvað eru réttindi? Hugtakið um réttindi vísar ævinlega til þriggja þátta: (a) handhafa, þ.e. þess sem hefur réttinn, (b) inntaks, þ.e. þess sem rétturinn nær yfir, og (c) þess sem rétturinn beinist að. Ef við tökum tjáningarfrelsi á Íslandi sem dæmi, þá eru handhafar þess allir íslenskir borgarar, inntakið er möguleikinn á að tjá sig og rétturinn beinist einkum gegn ríkisvaldinu. Þetta þýðir að ríkisvaldinu ber skylda til að hindra ekki borgarana í að tjá sig. Einnig má spyrja hvernig rétturinn sé til kominn, þ.e. hver sé grundvöllur réttarins. Grundvöllur réttar getur t.d. verið samningur, loforð eða siðferðilegar skuldbindingar.

Sé mannréttindahugtakið skilið pólitískum skilningi þá er grundvöllurinn samningur borgaranna sín á milli. Þar sem náttúran getur ekki verið aðili að slíkum samningi getur hún ekki verið handhafi mannréttinda. Af þessu leiðir þó ekki að mannréttindi séu náttúrunni óviðkomandi því inntak mannréttinda getur hæglega varðað náttúruna, eins og virðist vera hugsunin í 33. gr. tillagna stjórnlagaráðs.

Í öðru lagi getur handhafi réttinda útvíkkað það svið sem réttindin ná til. Gera má greinarmun á því að hafa skyldu við eitthvað og að hafa skyldu gagnvart einhverju. Ef ég lofa að passa hund nágranna míns, þá tek ég á mig margvíslegar skyldur gagnvart hundinum, jafnvel þótt grundvöllur þeirra skyldna sé loforð sem ég geri við nágranna minn en ekki hundinn. Á hundurinn rétt á því að fá að éta? Ég held að hann eigi það, og sem meira er, hann á rétt á því að ég gefi honum að éta. Það er ekkert dularfullt við slíkan rétt dýrs. Það er hins vegar ekki víst að slíkan rétt megi víkka út til jurta, vistkerfa eða dauðra hluta. Hvar mörkin liggja veit ég ekki, en mér virðist að hundur geti haft slíkan rétt.

Það dregur varla nokkur í efa að „náttúra Íslands [sé] undirstaða lífs í landinu" (33. gr.). Því er ekki óeðlilegt að í stjórnskipunarlögum lofum við hvert öðru að „virða [náttúruna] og vernda" eins og segir í næstu setningu. Ef við gerum þetta, þá höfum við skyldur gagnvart náttúrunni og þar með höfum við veitt náttúrunni rétt. Rétturinn er að vísu afleiddur réttur, þ.e. réttur sem fólk hefur veitt náttúrunni með skynsamlegu loforði um að hlúa að þessari forsendu mannlegs lífs.

**Göfgi**

Lára gerir athyglisverðan samanburð á íslenskum útgáfum Mannréttindayfirlýsingarinnar og enskri, franskri og danskri. Í ljós kemur að í íslensku útgáfunum er verulegur losarabragur á orðalagi. Lára skoðar sérstaklega það sem á ensku er kallað „dignity" en er ýmist þýtt sem „virðing", „göfgi" eða „mannsæmandi". Þennan losarabrag rekur hún, réttilega að mínu viti, til skorts á íslenskri heimspekilegri hefð. Þetta er bagalegt þar sem „dignity" er grundvallarhugtak í allri umfjöllun um mannréttindi.

Meðal heimspekinga eru að minnsta kosti tvær ólíkar hefðir sem leggja ólíkan skilningi í hugtakið „dignity". Annars vegar er hefð sem rekja má til þýska heimspekingsins Immanuels Kant, en samkvæmt honum er „dignity" – sem hann kallar „Würde" – bundið skynsemisverum eins og mönnum. Hins vegar er aristótelísk hefð en samkvæmt henni er litið svo á að heimurinn geymi margs konar „animal dignity" – margs konar dýrslega göfgi – sem verðskuldi virðingu (e. respect). Sú sérstaka göfgi sem einkennir menn er tengd mannlegri skynsemi í aristótelísku hefðinni, en innan þeirrar hefðar er ekki litið á dýrsöðið sem andstætt skynseminni heldur sem einn þátt hennar. Ef göfgi getur verið uppspretta réttar, þá leyfir hin aristótelíska hefð að dýr hafi sjálfstæðan rétt þótt sá réttur geti ekki verið mannréttindi.

**Frelsi og mörk**

Mannréttindakaflinn hefst á greinum um frelsi borgaranna. Það er eðlilegt því um leið og borgararnir afsala sér réttindum til ríkisvalds, þá er mikilvægt að afmarka valdsvið ríkisvaldsins og ákvarða frelsi hvers einstaklings. En mannlegt líf er náttúrulegt líf og líf í náttúru þótt sjálf hugmyndin um náttúru vilji týnast í heimi sem er undirlagður af menningu og tæknilegu skipulagi. Ég hef orðað það svo að við séum stundum slegin náttúrublindu (Náttúra, vald og verðmæti, kafli 2). Þess vegna er einnig mikilvægt að við sem þjóð – bæði borgarar hins íslenska ríkis og ríkisvaldið sjálft – setjum okkur mörk sem virða náttúrulegar kringumstæður mannsins á jörðinni.

# Nýju fötin keisarans

Gjaldmiðlar

**Heiðar Már Guðjónsson**
hagfræðingur



Þrír hagfræðingar Seðlabanka Íslands rituðu svargrein á laugardag, 9. október, við grein okkar Manuel Hinds um staðreyndavillur í skýrslu Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál. Það er ágætt að þeir skuli bregðast við gagnrýni, en lakara að svörin eru útúrsnúningar.

Hagfræðingarnir svara til dæmis ásökunum um staðreyndavillur í tilvitnunum í fræðigreinar, þar sem rangt var farið með niðurstöður, með því að tína til aðrar greinar sem ekki var vísað í umfjölluninni um þessi tilteknu atriði. Eins segja þeir að fullyrðingar í skýrslunni beri ekki skilja í samræmi við íslenska málvenju, s.s. í sambandi við ástand mála í El Salvador, heldur með einhverjum allt öðrum hætti sem öllu venjulegu fólki er ómögulegt að skilja. Seðlabankinn heldur einnig fast við þá kenningu sína, sem er einstök, að kostnaður við einhliða upptöku annars gjaldmiðils sé allt grunnfé kerfisins, frekar en seðlar og mynt í umferð.

**Vald Seðlabankans**

Seðlabanki Íslands hefur aldrei verið valdameiri í sögu Íslands. Skýrt er kveðið á um sjálfstæði bankans í lögum frá 2001, og í skjóli þess neitar bankinn t.d. að upplýsa viðskipta- og efnahagsnefnd Alþingis, sem þó á að veita bankanum aðhald, um flestar upplýsingar. Seðlabankanum var síðan fengið æðsta vald um allar gjaldeyrishreyfingar landsins árið 2009 og þar með er bankinn orðinn valdamesta stofnun landsins gagnvart viðskiptalífinu og öllum almenningi.

Seðlabanki Íslands, sem stýrt er af sömu aðilum og keyrðu tvær peningastefnur í þrot, vill nú fá aukin völd og reyna í þriðja sinn, með aðstoð hafta. Allt er þetta stutt miklum skýrslum sem margir trúa í blindni. Allt er þetta ótrúverðugt. Hvað þætti fólki um ef bankastjórar föllnu bankanna myndu skrifa skýrslu um endurreisn nýs fjármálakerfis og færu fram á ótakmörkuð völd til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd?

**Ábyrgð Seðlabankans**

Valdi fylgir ábyrgð. Seðlabankinn getur ekki byggt ákvarðanir sínar á tilfinningum eða rangfærslum. Því miður er það svo að bankinn veit ekki einu sinni hver skuldastaða þjóðarinnar er í raun og veru, og ef hann veit það hefur hann ekki fengið sig til að viðurkenna það. Í riti sínu „Hvað skuldar þjóðin", sem kom út í febrúar 2011, hélt bankinn því ranglega fram, vikum fyrir kosningar um Icesave, að staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum væri betri en hún í raun og veru var. Seðlabankinn sagði að skuldastaðan gagnvart útlöndum væri um 23% af landsframleiðslu á meðan raunin var fjórum sinnum verri. Á grundvelli þessa mats hafa rangar, og afdrifaríkar, ákvarðanir verið teknar og nægir þar að nefna útgreiðslur úr þrotabúum föllnu bankanna.

> Seðlabanki Íslands reynir að breiða yfir villur sínar með útúrsnúningum. Það samræmist engan veginn ábyrgð hans.

**Efnislítil klæði**

Seðlabanki Íslands reynir að breiða yfir villur sínar með útúrsnúningum. Það samræmist engan veginn ábyrgð hans. Hvað varðar fullyrðingar bankans og skýrslur eru þær jafn efnislitlar og klæði keisarans í ævintýri H.C. Andersen.

# Já – Þjóðkirkja

Ný stjórnarskrá

**Óskar Guðmundsson**
rithöfundur



Margir kunningjar mínir hafa spurt mig hvernig ég hyggist svara spurningu nr. 3 um þjóðkirkjuna í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október. Þegar ég segist ætla að svara spurningunni jákvætt heimta þeir rökstuðning – hvernig það geti samræmst lífsviðhorfum frjálslyndis og umburðarlyndis? Og nú langar mig til að deila svarinu með lesendum Fréttablaðsins.

Segja má að kirkjan hafi átt samleið með þjóðinni í meira en þúsund ár. Oft hefur kirkjan átt bágt á þessu tímabili og oft hefur hún fjarlægst þjóð sína. En um síðir hefur hún ævinlega nálgast þjóðina á ný – fylgt henni. Kirkjan hefur tekið margvíslegum breytingum, en í megindráttum hefur hún samt fylgt þjóðinni. Æðstu embættismenn kirkjunnar – voru um aldir samþykktir af Alþingi – og voru í reynd þjóðarleiðtogar.

Þegar samfélagið ákvað að gerast lögformlega kristið árið 999 eða þar um bil, þá byggði sú ákvörðun þegar á hefðum um trúfrelsi og umburðarlyndi. Hér höfðu heiðnir norrænir höfðingjar stjórnað landnámi og samfélagsgerð með kristnum mæðrum – og verkafólki. Til að halda frið hefur fólki af ólíkum uppruna og trúarlegum bakgrunni lærst að lifa saman. Þegar svo þjóðin varð lögformlega kristin þá bundu menn meira að segja umburðarlyndi gagnvart heiðnum trúarbrögðum í lög.

Kirkjan og talsmenn hennar hafa ævinlega lagt áherslu á að þjóna þjóðinni allri – það felst líka í hugtakinu þjóðkirkja. Þjóðkirkjan sinnir líka margvíslegu samfélagslegu hlutverki gagnvart börnum, gömlu fólki og sjúklingum. Þegar áföll ríða yfir eða þörf knýr á samúð og samstöðu.

Þjóðkirkjan spyr ekki um afstöðu einstaklinga þegar hún þjónar sjúkum eða gömlum eða öðrum sem þurfa á henni að halda. Kirkjurnar eru samkomustaðir allrar þjóðarinnar, helgistaðir og tónleikahallir sem standa opnar öllum almenningi hvar sem hann kann að standa í trúarefnum.

Það er af þessum ástæðum sem maður getur verið vafagemsi í trúmálum en jafnframt vinur þjóðkirkjunnar. Vegna þess að menningarlegar ástæður hníga til þess. Það er ekki svo margt sem er sameinandi fyrir okkur sem þjóð, en þjóðkirkjan með mikinn meirihluta þjóðar innanstokks er þó meðal þess. Enda þjónar hún öllum þjóðfélagsþegnum sem þurfa og vilja.

Ég játa að svar mitt einkennist af ákveðinni íhaldssemi gagnvart gildum – gildisíhaldssemi. Engu að síður er auðvelt að rökstyðja að ákvæði um þjóðkirkju eigi heima í stjórnarskrá. Tökum öll þátt í kosningunum á laugardaginn.







**Askja notaðir bílar á nýjum stað, Klettháls 2**

**Nýr vefur: notadir.is**

## Kia cee'd LX 1,6
Árg. 2011, ekinn 36 þús. km,
**dísil**, beinsk., 6 gírar.
▸ **Verð 2.590.000 kr.**
Aðeins **32.374 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

* M.v. 647.500 kr. útborgun og óverðtryggðan grænan bílasamning Ergo. Vextir 9,7%. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,44%.




**Kia cee'd EX 1,6**
Árg. 2008, ekinn 113 þús. km,
bensín, sjálfsk.
▸ **Verð 2.090.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,4**
Árg. 2011, ekinn 44 þús. km,
bensín, beinsk., 5 gírar.
▸ **Verð 2.490.000 kr.**




**Kia cee'd EX 1,6**
Árg. 2011, ekinn 36 þús. km,
**dísil**, sjálfsk.
▸ **Verð 2.800.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,4**
Árg. 2010, ekinn 48 þús. km,
bensín, beinsk., 5 gírar.
▸ **Verð 2.190.000 kr.**




**Kia cee'd EX Sport 1,6**
Árg. 2012, ekinn 0 km,
**dísil**, sjálfsk.
▸ **Verð 3.790.000 kr.**




**Kia cee'd EcoDynamics**
Árg. 2011, ekinn 32 þús. km,
bensín, beinsk., 5 gírar.
▸ **Verð 2.800.000 kr.**




**Kia Sportage EX 4wd**
Árg. 2012, ekinn 36 þús km,
**dísil**, sjálfsk.
▸ **Verð 5.490.000 kr.**




**Kia Sorento EX Classic**
Árg. 2012, ekinn 3 þús. km,
dísil, sjálfsk.
▸ **Verð 7.190.000 kr.**




**Kia Sorento EX Classic**
Árg. 2011, ekinn 35 þús. km,
**dísil**, sjálfsk.
▸ **Verð 6.290.000 kr.**




**Kia Sorento EX Lux**
Árg. 2010, ekinn 39 þús. km,
**dísil**, beinsk., 5 gírar.
▸ **Verð 4.990.000 kr.**




**Kia Sorento LX**
Árg. 2010, ekinn 49 þús. km,
**dísil**, beinsk., 5 gírar.
▸ **Verð 4.590.000 kr.**




**Kia Sportage CRDi**
Árg. 2005, ekinn 152 þús. km
**dísil**, sjálfsk.
▸ **Verð 1.590.000 kr.**

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

# Flökkusagan endurtekin

Trúmál



Valgarður Guðjónsson
hugbúnaðarsérfræðingur

Sigurður Pálsson skrifar grein í Fréttablaðið 18. október þar sem hann sakar mig um rangfærslur, áróðursfrasa og að vaða reyk í Silfri Egils síðastliðinn sunnudag. Stór orð, en engin rök.

Það er rétt hjá Sigurði að það hefur komið fram að það fyrirkomulag að ein kirkjudeild njóti stuðnings ríkisins umfram aðrar er tæknilega ekki talið brot gegn Mannréttindasáttmála Evrópu í sjálfu sér. Það á sér reyndar sögulegar skýringar sem rekja má til þess þegar sáttmálinn var gerður, þá var beitt hálfgerðu „neitunarvaldi“ gegn þessu sjálfsagða ákvæði. Það eru hins vegar gerðar mjög strangar kröfur um fyrirkomulagið og allar líkur eru á að íslenska ríkiskirkjan sé brot á Mannréttindasáttmála Evrópu. Vonandi verður fyrsta skrefið stigið til að afnema þetta óláns fyrirkomulag í þjóðaratkvæðagreiðslunni um tillögur stjórnlagaráðs. Ef ekki, þá er sjálfgefið að senda þetta til Evrópu til umfjöllunar.

Oftast er reyndar vísað til úrskurðar Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Darby gegn sænska ríkinu (nr. 11581/85). Þar er sænska ríkið sýknað á þeim forsendum að borgarar þar geti lækkað skatta sína með því að segja sig úr trúfélögum. Þetta er ekki þannig hér á landi, ég borga nákvæmlega sömu skatta, hvort sem ég er í þjóðkirkjunni eða utan trúfélaga. Þannig staðfestir þessi úrskurður Mannréttindadómstólsins í raun að fyrirkomulagið hér á Íslandi brjóti gegn Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hæstiréttur Íslands komst svo að þeirri niðurstöðu 2007 að það bryti ekki í bága við mannréttindi Ásatrúarfélaga að fá lægri greiðslur en þjóðkirkjan. Undarleg niðurstaða, en snýst aðeins um greiðslur og tekur ekki á misrétti gagnvart þeim sem standa utan trúfélaga.

Dómurinn sem Sigurður vísar til (Kokkinakis gegn grískum stjórnvöldum) er svo hreint afbragð. Þetta er mál Grikkja sem var ítrekað dæmdur í fangelsi og til hárra sekta á fyrri hluta síðustu aldar fyrir að skipta um trú! Það eru umburðarlyndir „ferðafélagar“ sem kirkjan velur sér.

Enn betra, niðurstaða réttarins í máli Kokkinakis – fyrir utan skaðabætur sem gríska ríkið þurfti að greiða honum:

1. Holds by six votes to three that there has been a breach of Article 9 (art. 9);

Þá heldur Sigurður því fram að þjóðkirkjan sé ekki ríkisrekin en færir ekki önnur rök fyrir því en að það sé skilningur ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Engar upplýsingar færir Sigurður fram um hvað hann hafi fyrir sér í því að þetta sé skilningur ríkisvaldsins. Og þó svo væri, þá kemst hann ekki fram hjá því að rekstur kirkjunnar er greiddur úr sameiginlegum sjóðum.

Þá kemur þessi bábilja um að sóknargjöldin séu félagsgjöld. Enn færir Sigurður engin rök fyrir sinni fullyrðingu, hann bara fullyrðir.

Skoðum aðeins rökin sem ég hef fyrir minni skoðun, ég færi nefnilega rök fyrir mínum skoðunum. Þetta eru ekki félagsgjöld vegna þess að (a) kirkjan ákveður gjöldin ekki og engin félög sem rekin eru af félagsgjöldum, (b) kirkjan innheimtir gjöldin ekki og (c) við greiðum öll jafnmikið til kirkjunnar, hvort sem við erum innan eða utan trúfélaga. Vill ríkiskirkjan standa við stóru orðin um að þetta séu félagsgjöld? Gjörið svo vel. Innheimtið þetta sjálf, eins og önnur félög. Látið verkin tala ef þið meinið eitthvað með þessu tali.

Þar fyrir utan má nefna (d) að prestar staðfesta meira að segja þennan skilning minn þegar þeir kvarta undan því að greiðslur til kirkjunnar lækki þegar meðlimum hennar fækkar. Það breytir engu um þetta að kirkjunnar séu reknar fyrir þennan almenna skatt eða að söfnuðir þeirra beri ábyrgð á fjárhagnum. Þetta er skattur á alla, ég get ekki losnað við að greiða hann.

Hitt er svo þetta tal um jarðir kirkjunnar. Ríkið yfirtók þessar jarðir 1907 og níutíu árum seinna var gert undarlegt samkomulag. Þessu var stillt upp þannig að ríkið væri að greiða kirkjunni arð fyrir jarðirnar. Þetta stenst heldur ekki skoðun. Engin tilraun var gerð til að meta verðmæti jarðanna, ekkert samhengi er því milli greiðslna og hugsanlegra verðmæta. Ekki var skoðað hvernig kirkjan eignaðist viðkomandi jarðir. Enda virðast ekki liggja neinar upplýsingar fyrir um hvaða jarðir þetta voru. Og til að kóróna vitleysuna þá halda prestar áfram að hirða hlunnindi af jörðunum. En þetta er jú aftur greitt úr, nema hvað, ríkissjóði.

Sigurður færir reyndar engin rök fyrir því að þetta sé ekki ríkisrekstur. Enda vandséð hvaðan þau rök ættu að koma.

Niðurlag greinar Sigurðar er að biðja um röklega umræðu. Já, endilega Sigurður, komdu með rök en ekki upphrópanir og stimpla.

SELTJARNARNESBÆR
Menningarnefnd

**Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2013**

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir hér með eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina Bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2013.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur. Væntanlegir umsækjendur eru beðnir að haga umsóknum í samræmi við reglur um bæjarlistamann sem liggja frammi á bæjarskrifstofum Seltjarnarness að Austurströnd 2, en þær er einnig að finna á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is

Umsóknum og/eða ábendingum skal skila á bæjarskrifstofur Seltjarnarness merktum: **„Bæjarlistamaður 2013“** fyrir 25. nóvember nk.

**Menningarnefnd Seltjarnarness**

# Geðfatlaðir í Reykjavík þróa þjónustu borgarinnar

Heilbrigðismál



Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs

Fréttablaðið á hrós skilið fyrir viðamikla umfjöllun um málefni geðsjúkra undanfarna viku. Umfjöllunin hefur tekið til þess sem vel er gert innan heilbrigðiskerfisins og ekki síður þess sem þarf að bæta. Og það er heilmargt. Í síðustu tveimur fréttaskýringum hefur umfjöllunin snúist um gagnrýni á þjónustu sveitarfélaga og á sú gagnrýni að einhverju leyti rétt á sér. En Reykjavíkurborg er velferðarborg og mig langar að koma á framfæri nokkrum jákvæðum fréttum af þróun velferðarþjónustu í Reykjavík. Þjónustan hefur tekið stakkaskiptum síðastliðin ár og mest hefur hún breyst þar sem sjónarmið notenda hafa ráðið mestu um þróunina.

**32 íbúðir verða að 64 plássum**

Á árunum 2008 til 2010 opnaði velferðarsvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við velferðarráðuneytið átta búsetukjarna í borginni. Í maí 2010 færðist ábyrgð á þjónustu við geðfatlaða til borgarinnar og tók þá velferðarsvið við fimm búsetukjörnum og einu sambýli sem ríkið bar áður ábyrgð á. Frá þeim tíma hefur velferðarsvið byggt upp og þróað starfsemina með valdeflingu og virka þátttöku að leiðarljósi. Þjónustuúrræðum ríkisins var breytt m.a. í markviss endurhæfingarheimili, við höfum opnað tvo nýja búsetukjarna og annar þeirra er fyrir íbúa með geðfötlun og vímuefnavanda. Í dag er ánægjulegt að margir íbúanna í þessum búsetukjörnum hafi náð svo góðu valdi á lífi sínu að þeir bíða eftir að hefja búsetu í leiguíbúðum úti í samfélaginu, með stuðningi. Með því eiga fleiri þess kost að nýta búsetukjarnana, fólkið sem Fréttablaðið gagnrýndi að hefði beðið allt of lengi á legudeildum geðdeildanna. Þróunin er því öll til bóta. Síðastliðið vor samþykktu velferðarráð og borgarráð kaup á 32 einstaklingsíbúðum í mismunandi hverfum borgarinnar. Þessi áætlun er í framkvæmd og verður unnið að henni næstu tvö ár. Með þessum 32 íbúðakaupum skapast jafnmörg rými í búsetukjörnum og því samtals ný úrræði fyrir allt að 64 Reykvíkinga.

**Í leit að eigin farsæld**

Reykjavíkurborg hefur sannarlega verið í fararbroddi með að þróa mismunandi húsnæðis- og búsetuform þar sem þjónustuþörf íbúanna er betur mætt. Það er mikilvægt svo unnt sé að styðja þá til virkrar þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum. Uppbyggingin hefur ekki bara verið í steinsteypu, heldur þarf þjónusta við íbúa að vera þannig að hún skili raunverulegum árangri. Þjónusta sem byggir á valdeflingu, notendasamráði og hjálp til sjálfshjálpar. Allt er lagt í sölurnar til að styðja viðkomandi á hans forsendum, í hans aðstæðum. Áhersla er lögð á margvíslega þátttöku í samfélaginu og fjölbreytt verkefni. Við viljum styðja íbúa í leit að eigin farsæld. Velferðarsvið hefur gert þjónustusamninga við félaga- og hagsmunasamtök á borð við Geðhjálp, Hugarafl, Hlutverkasetur, Geysi og Rauða Kross Íslands til þess að tryggja fjölbreytni í þjónustu við geðfatlaða.

Heildarsýn á athafnir daglegs lífs er höfð að leiðarljósi um leið og skilvirkni þjónustu er tryggð. Fjölbreytt fræðsla hefur verið í boði fyrir íbúa og starfsfólk, geðfatlaðir fræða starfsfólk og starfsfólk fræðir geðfatlaða. Við einfaldlega leitum að og nýtum styrkleika allra með lausnamiðaðri nálgun. Hjá Reykjavíkurborg viljum við einfaldlega veita fjölbreytta og metnaðarfulla þjónustu.

**Samfélagsleg þátttaka hefur tvöfaldast**

Sá metnaður sem Velferðarsvið leggur í þróun þjónustu við geðfatlaða birtist m.a. í úttektum og könnunum. Þar hefur komið fram að þjónusta við geðfatlaða hefur náð markmiðum sínum er varðar notendasamráð og valdeflingu, íbúar fá góðan stuðning og hvatningu til samfélagslegrar þátttöku og eins má nefna að með breyttri þjónustustefnu velferðarsviðs frá árinu 2008 hefur samfélagsþátttaka íbúa tvöfaldast.

Svokölluð vettvangsgeðteymi og samfélagsgeðteymi, sem Fréttablaðið fjallaði um, eru samstarfsverkefni borgarinnar og Landspítala. Reykjavíkurborg er alltaf reiðubúin í þróun þjónustu við íbúa, sé það markmið skýrt að það auki lífsgæði fólks. Á tímum aðhalds og ábyrgrar fjármálastjórnar er ekki síður mikilvægt að vita að fækkun innlagna og legudaga sem rekja má til nýrrar nálgunar með því að styðja við fólk heima hjá sér, sparar verulega fjármuni.

**Sveitarfélög bera öll félagslega ábyrgð**

Að lokum. Útgjöld til velferðarmála eru a.m.k. tvöfalt hærri hjá Reykjavíkurborg en öðrum sveitarfélögum. Við erum samt ekki að ofþjónusta íbúa, langt í frá, og mörgum verkefnum þurfum við að sinna betur. Nefni ég þar sérstaklega þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar. En markviss þróun þjónustunnar m.a. við geðfatlaða, gerir að verkum að íbúar nágrannasveitarfélaga hafa í auknum mæli sóst eftir búsetu í borginni. Þessa þróun þarf að viðurkenna. Það er nauðsynlegt að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga viðurkenni að félagsleg ábyrgð sumra sveitarfélaga er ríkari en annarra og færi fjármagn milli sveitarfélaga eftir félagslegri ábyrgð þeirra. Ef fjármagninu er stýrt á þann veg verður það vonandi til þess að önnur sveitarfélög axli betur sína félagslegu ábyrgð. Auðvitað eigum við að tryggja félagslega fjölbreytni alls staðar. Gleymum því ekki að geðsjúkdómar spyrja hvorki um stétt né stöðu, hvað þá póstnúmer.

> Það er nauðsynlegt að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga viðurkenni að félagsleg ábyrgð sumra sveitarfélaga er ríkari en annarra…

# Um Gagnaveitu Reykjavíkur

Fjarskipti



Ingólfur Bruun
hugmyndasmiður Fjarskiptafélags Öræfinga

Þann 23. ágúst sl. var lögð fram ný eigendastefna á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Í lið 3.4 er fjallað um kjarnastarfsemi OR en hún felst í „rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni“. Einnig er tiltekið að OR geti „nýtt þekkingu þess í öðrum veiturekstri, s.s. rekstri gagnaveitu, enda þjóni hann markmiðum eigenda og þátttakan hljóti samþykki þeirra“.

Það voru mistök að skilgreina ekki rekstur gagnaveitu sem hluta af kjarnastarfsemi OR. Mikilvægustu búsetuskilyrði nútímans eru aðgangur að heitu og köldu vatni, rafmagni, fráveitu og síðast en ekki síst aðgangur að ljósleiðarakerfi fyrir m.a. internetsamband, sjónvarpsútsendingar og talsíma.

Sýnt hefur verið með rannsóknum að aðgangur að öflugum gagnaflutningum í gegnum ljósleiðara eykur hagsæld á viðkomandi svæði. Þessu til stuðnings má benda á rit sem FTTH Council í Bandaríkjunum gefur út varðandi kosti þess að leggja ljósleiðara og þá sérstaklega kaflann „FTTH and Economic Development“. Hægt er að nálgast ritið á slóðinni www.05.is/ljos_gogn/ftthprimer2011.pdf og á heimasíðu FTTH Council.

Styr hefur staðið um Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) allt frá stofnun hennar. Lagt hefur verið til á ýmsum tímum að GR yrði seld. Þetta væri misráðið og hefur undirritaður áður gagnrýnt hugmyndir um sölu GR (sjá www.05.is/netmal/gagnaveitar.htm).

Rekstur OR hefur verið þungur eftir hrun og eignir verið seldar til að grynnka á skuldum. Aldrei hefur þó komið til umræðu að selja vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu eða rafveitu. Að sama skapi væri fráleitt að selja GR vegna skammtímaerfiðleika í rekstri OR.

Ég vil hvetja til þess að kjarnastarfsemi OR verði skilgreind upp á nýtt og rekstri gagnaveitu verði bætt við kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Það er mikilvægt að GR verði að fullu í eigu OR og þar með í eigu þeirra sveitarfélaga sem standa að OR, íbúum og fyrirtækjum til hagsældar.

# Leiðrétting

Ný stjórnarskrá



Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur

Eftir andmæli stjórnlagaráðsfulltrúa gegn fullyrðingum mínum, m.a. í Kastljósi um áhrif tillagna stjórnlagaráðs á stöðu íbúa utan höfuðborgarsvæðisins við ákvarðanatöku á vegum ríkisins, hef ég yfirfarið útreikninga mína.

Í ljós kemur að ég hef ofreiknað mögulegan fjölda kjördæmakjörinna fulltrúa landsbyggðarinnar á Alþingi. Ég hef sagt að þeir gætu orðið allt að 14-15. Réttara er að segja að fulltrúar frá núverandi kjördæmum, NV, NA og SU, munu ekki geta orðið fleiri en 10 miðað við kjörskrá frá 2009. Þeir eru núna 29.

Fjölda þeirra þarf að reikna út fyrir hverjar kosningar þegar kjörskrá liggur fyrir – og hann fer m.a. eftir því hvað kjördæmamörk landsbyggðarkjördæma teygja sig nálægt höfuðborgarsvæðinu.

Þetta leiðréttist hér með.

# SKUGGAHEIMAR FJÁRMAGNSINS

## SKÁLDSAGA EFTIR EVU JOLY

Hágæða spennusaga skrifuð af mannlegu innsæi og yfirgripsmikilli þekkingu tveggja kvenna sem hafa kynnst skuggahliðum alþjóðlega fjármálaheimsins betur en flestir aðrir.

„Augu Líru er miklu meira en góð afþreying. Bókin er líka áleitið umhugsunarefni fyrir þá sem héldu að fjármálakreppan hefði bara verið lítið hliðarspor í sögu heimskapítalismans.

Christope Alix, Libération




Kynningarverð
kr. 4.499
Verð: 5.699



## EVA JOLY ÁRITAR Í AUSTURSTRÆTI Í DAG KLUKKAN 14.00

**Höfundur bókarinnar heimsækir Eymundsson í Austurstræti og áritar bækur fyrir viðskiptavini í dag, laugardaginn 20. október klukkan 14.00.**

**Verið hjartanlega velkomin!**

Tilboð gildir til og með 24.10.12

Vildarklúbbur
5%
aukaafsláttur

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# Reykjavík, höfuðborg allra landsmanna?

**Samgöngur**

Útlit er fyrir að flugferðum innanlands fækki um allt að 40% ef gildandi deiliskipulag fyrir Vatnsmýrina verður að veruleika. Þar er gert ráð fyrir að umsvif á Reykjavíkurflugvelli dragist verulega saman frá og með árinu 2016, en flugvöllurinn verði á brott árið 2024. Þetta eru slæm tíðindi, enda munu þessar breytingar í raun gera landsbyggðina afskekktari en ella og koma til með að bitna mjög bæði á atvinnu- og menningarlífi víða um land, að ógleymdu aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Í nýrri og ýtarlegri skýrslu, sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu KPMG, eru rakin áhrif þess að flytja miðstöð innanlandsflugs til Keflavíkur. Þar er á það bent að ferð flugleiðina til Reykjavíkur muni að jafnaði lengjast um helming, en í sumum tilfellum allt að því 70%, með tilheyrandi viðbótarkostnaði fyrir farþega. Þetta hefur í för með sér að færri sjá sér hag í að fara flugleiðina til höfuðborgarinnar. Fram kemur að 85% aðspurðra telja að þeir myndu sjaldnar gera sér ferð til Reykjavíkur ef flogið væri til Keflavíkur.

> Ef Reykjavík á að standa undir nafni sem höfuðborg allra landsmanna er óverjandi að hún fjarlægist landsbyggðina

Þessar niðurstöður eru mikið áhyggjuefni. Minni eftirspurn hefur óhjákvæmilega í för með sér minna framboð af flugferðum. Þannig benda útreikningar KPMG til þess að flugleiðinnar til Ísafjarðar, Hornafjarðar og Vestmannaeyja muni ekki bera nema eitt flug daglega miðað við áætlaða fækkun farþega. Þar með er verulega þrengt að ferðamöguleikum fólks og dagsferðir t.d. útilokaðar. Í raun getur flugleið ekki staðið undir sér í rekstrarlegu tilliti á þessum forsendum og því stöndum við frammi fyrir því að forsendur fyrir innanlandsflugi í núverandi mynd bresti.

Það liggur í augum uppi að þessi öfugþróun muni hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og byggðarlaga á landsbyggðinni. Fjöldi fyrirtækja treystir mjög á greiðar flugsamgöngur til Reykjavíkur, enda hefur margvísleg sérhæfð þjónusta byggst upp í höfuðstaðnum. Ef miðstöð innanlandsflugs flyst til Keflavíkur eykst rekstrarkostnaður þessara fyrirtækja, bæði vegna beins ferðakostnaðar og tapaðra vinnustunda, enda má gera ráð fyrir að starfsmenn, sem eiga erindi til Reykjavíkur, þurfi að dvelja þar lengur, jafnvel yfir nótt, með tilheyrandi kostnaði. Verri samkeppnisstaða getur leitt til þess að fyrirtæki flytji starfsemi sína. Við það færast störf, ekki síst hátekjustörf, frá landsbyggðinni og atvinnulíf verður einhæfara.

Greiðar flugsamgöngur eru líka forsenda fyrir öflugu mennta- og menningarstarfi. Skólastofnanir njóta þess að geta reglulega og með tiltölulega litlum tilkostnaði nýtt starfskrafta fagfólks sem jafnan starfar á höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi geta fræðimenn af landsbyggðinni tekið virkari þátt í vísindasamfélaginu. Þá má ekki gleyma því að „menningarferðir" innanlands hafa notið vinsælda undanfarin ár. Þær hafa t.d. verið lyftistöng fyrir leikhússtarf á landsbyggðinni en jafnframt sönnun á metnaði og gæðum starfseminnar.

Öflugt atvinnulíf og greiður aðgangur að þjónustu á borð við heilsugæslu, menntun og menningu eru grunnþættir sem hafa úrslitaáhrif á búsetuval fólks. Stefna í samgöngumálum hlýtur að miða að því að efla þessa þætti í byggðum landsins og auðvelda jafnframt aðgengi landsmanna að þjónustu sem sækja þarf til höfuðborgarinnar. Í Reykjavík er miðja stjórnsýslunnar, þar er Landspítalinn, Þjóðleikhúsið, Íslenska óperan o.s.frv. Ef Reykjavík á að standa undir nafni sem höfuðborg allra landsmanna er óverjandi að hún fjarlægist landsbyggðina, líkt og raunin yrði ef áform um flutning flugvallarins úr Vatnsmýri verða að veruleika. Það væri öfugmæli og öfugþróun.

*Elliði Vignisson,*
*bæjarstjóri í Vestmannaeyjum*
*Daníel Jakobsson,*
*bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ*
*Ásthildur Sturludóttur,*
*bæjarstjóri í Vesturbyggð*
*Hjalti Þór Vignisson,*
*bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði*
*Páll B. Guðmundsson,*
*bæjarstjóri í Fjarðabyggð*
*Björn Ingimarsson,*
*bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs*
*Eiríkur B. Björgvinsson,*
*bæjarstjóri á Akureyri*

# Við eigum líka rétt á réttum upplýsingum

**Erfðabreytt framleiðsla**



**Jón Hallsteinn Hallsson**
erfðafræðingur
við Auðlindadeild
Landbúnaðarháskóla
Íslands

Sandra Best birti nýverið grein í Fréttablaðinu sem bar heitið „Við eigum rétt á að vita hvers við neytum". Þetta er rétt hjá Söndru og um það verður varla deilt, en hvað með réttar upplýsingar? Eigum við ekki rétt á þeim? Sandra, sem lengi hefur haft áhuga á erfðabreyttum lífverum, spyr í þessari grein sinni hvort við þurfum að hafa áhyggjur af erfðabreyttum afurðum í matvælum? Spurningunni svarar hún játandi og rökstyður með vísan í vísindarannsóknir. Í lok greinarinnar segir Sandra svo: „Það er kominn tími til að stjórnvöld geri stöðvun útiræktunar á erfðabreyttum plöntum að forgangsmáli".

Það er mikilvægt að fram fari umræða um erfðabreyttar lífverur og þá hvort og hvernig við viljum nýta þessa tækni. Gallinn er sá að Sandra fer ekki alltaf rétt með staðreyndir, hún misskilur sumt og svo endurtekur hún jafnvel sömu rangfærslurnar. Þannig dregur Sandra upp einhliða og villandi mynd af flóknu efni. Málflutningur af því tagi sem Sandra býður upp á boðar ekki gott, sérstaklega ekki þegar fólk tjáir sig opinberlega og fer fram á að stjórnvöld grípi til aðgerða í kjölfarið. Þegar svo er komið hljótum við að krefjast þess að rétt sé farið með. Ég tek hér tvö dæmi úr grein Söndru um það hvernig hún ber á borð niðurstöður sem henni má vera fullljóst að segja í besta falli aðeins hálfa sögu.

Sandra vísar í rannsókn Aris og Leblanc sem töldu sig mæla Cry1Ab próteinið í blóði (1) en um er að ræða skordýraeitur sem finnst m.a. í erfðabreyttum plöntum. Sandra hefur fjallað endurtekið um þessa rannsókn en virðist jafnan gleyma veigamiklu atriði sem þó er mikilvægt að halda til haga. Aris og Leblanc notuðu nefnilega mæliaðferð sem gerir

> Almenningur og ráðamenn eiga rétt á vandaðri umræðu byggða á bestu mögulegri þekkingu í stað hræðsluáróðurs…

það að verkum að full ástæða er til þess að taka niðurstöðunum með fyrirvara. Aðferðin var þróuð til að mæla próteinið í plöntum en ekki í blóði og næmnin er mjög langt frá þeim gildum sem „mælast" í blóði. Þetta er líkt og að mæla spretthlaup með dagatali (kannski ekki alveg en eitthvað í þá áttina) og það sjá allir að slíkt gengur ekki. Ef sannleiksást réði ferð tæki Sandra þetta fram í umfjöllun sinni.

Næst nefnir Sandra nýja rannsókn Gilles-Eric Séralini og félaga sem mikið hefur verið í fjölmiðlum undanfarið (2). Um rannsóknina segir Sandra: „Mikilvægi þessarar nýju rannsóknar er ótvírætt". Það er reyndar ekki rétt og hafa fjölmargir vísindamenn víða um heim orðið til þess að gagnrýna framkvæmd rannsóknarinnar, tölfræðigreiningu og túlkun niðurstaðna. Meðal gagnrýni sem fram hefur komið er að notaðar voru Sprague-Dawley rottur en fyrri rannsóknir hafa sýnt að hátt í 90% rotta af þessum stofni fá æxli eftir tvö ár án sérstakrar meðferðar (3, 4). Fjöldi tilraunadýra var fyrir neðan viðmiðunarmörk í rannsókn sem þessari, sérstaklega í ljósi þess langa tíma sem rottunum var ætlað að lifa. Ráðleggingar OECD eru að í langtímarannsóknum og rannsóknum á æxlismyndun séu ekki notaðar færri en 50 rottur af hvoru kyni fyrir hverja meðferð. Séralini o.fl. notuðu aðeins 10 rottur af hvoru kyni, þ.e. fimmtung af þeim rottum sem eðlilegt hefði verið að nota. Fleira má tína til en alvarlegast er að höfundar framkvæma ekki tölfræðigreiningar á dauða og fjölda æxla, og því er ógerlegt að vita hvort sá munur sem sýndur er sé tölfræðilega marktækur eða tilviljun ein.

Þegar við þetta bætist að aðalhöfundurinn er þekktur andstæðingur erfðabreyttra matvæla og hefur auk þess verið gagnrýndur fyrir tölfræðilega úrvinnslu (5) hefði Sandra mátt setja fyrirvara við oftúlkun á niðurstöðunum. En Sandra gerir ekkert slíkt. Ef niðurstöðurnar styðja málstaðinn þá er þeim haldið á lofti gagnrýnilaust og þeim niðurstöðum sem vitna gegn málstaðnum haldið utan við umræðuna. Endurtekinn hræðsluáróður af þessu tagi hlýtur að vekja upp spurningar um hvað Söndru gangi til því ljóst er að hér virðist tilgangurinn helga meðalið óháð fyrirliggjandi upplýsingum. Almenningur og ráðamenn eiga rétt á vandaðri umræðu byggða á bestu mögulegri þekkingu í stað hræðsluáróðurs sem byggður er á endurteknum rangtúlkunum.

**Heimildir:** (1) Aris og Leblanc, Reprod. Toxicol. 31, 528–533 (2011). (2) Séralini o.fl., Food and Chemical Toxicology, doi:10.1016/j.fct.2012.08.005. (3) Davis o.fl., Cancer Res 16, 194–197 (1956). (4) Nakazawa o.fl., Exp. Anim. 50, 99–103 (2001). (5) www.efsa.europa.eu/en/press/news/gmo070628.htm

**Rafrænt flokksval í Reykjavík**

**Vegna vals á framboðslista til alþingiskosninga 2013**

Flokksvalið fer fram dagana 16. og 17. nóvember 2012.

Kjörgengir eru þeir félagar í Samfylkingunni sem eru kjörgengir til Alþingis og fengið hafa meðmæli 30 flokksfélaga með lögheimili í Reykjavík.

**Framboðsfrestur rennur út klukkan 19.00 laugardaginn 27. október 2012.**

Frambjóðendur geta skilað framboði sínu til formanns kjörstjórnar með tölvupósti á steben@internet.is.

Kosningarétt hafa þeir sem eru skráðir félagar í Samfylkingarfélögunum í Reykjavík þann 9. nóvember 2012.

Nánari upplýsingar í síma 4142200 milli 11 og 12 daglega og á samfylking.is eða í síma 863 6436.

*Kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík*

Samfylkingin

# Árinni kennir illur ræðari

**Skipulagsmál**



**Kristinn Guðmundsson**
sjávarlíffræðingur

Slegið er á kunnuglega strengi í grein Sveins Inga Lýðssonar í Fréttablaðinu 18. október (bls. 24) og hann er ekki að vanda meðulin til að réttlæta og dásama fyrirhugaðan nýjan Álftanesveg. Það er alltaf hvimleitt þegar greinaskrifendur rökstyðja viðhorf sín með fullyrðingum sem eru úr lausu lofti gripnar.

Það er að vísu rétt hjá Sveini að bæta má öryggi Álftanesvegar og óhöpp eru tíð á ákveðnum stöðum á núverandi vegi. Upplýsingar um óhöpp sem þarna hafa átt sér stað má fá hjá Vegagerð ríkisins og þá er rétt að skoða óhöpp sem tengjast þeim kafla Álftanesvegar sem ætlunin er að flytja til norðurs. Mörg þeirra má rekja til þeirrar kunnu staðreyndar að veghallinn er sums staðar ekki réttur. Ástæður þess að veghallinn er ekki eins og hann ætti að vera má rekja til þess að upphaflega var þarna malarvegur og yfir hann var á sínum tíma lögð olíumöl og seinna malbik án þess að gerðar væru nauðsynlegar endurbætur á veginum.

En auðvitað hefur þetta ekkert með vegarstæðið að gera. Óskynsamlegur akstur veldur líka óhöppum og slysum, þarna sem annars staðar, og allt of oft er ekið greitt á milli byggða á þessum „lélega" vegi í þeirri ungæðislegu fullvissu að ekkert hendi viðkomandi. Það er fásinna að halda því fram að nýtt vegarstæði, eitt og sér, breyti framangreindu. Það má jafnvel búast við að vegarbætur freisti til hraðari aksturs og því miður verða afleiðingar óhappa því ljótari sem hraðinn er meiri.

> Manni verður ósjálfrátt hugsað til þess að í framtíðinni geti sömu aðilar keyrt, með hliðarúðuna niðurdregna og spýtt í átt að t.d. eftirlætis klettamyndum meistara Kjarvals og síðan spýtt í frá öllu saman.

Það er nöturleg staðreynd að hvatinn að tilfærslu Álftanesvegar út í hraunbreiðuna er nýleg ákvörðun skipulagsyfirvalda í Garðabæ. Gefið var leyfi fyrir framkvæmdum og byggingu á fáeinum íbúðarhúsum norðan við núverandi vegarstæði. Ég vil halda því fram að þessi ákvörðun hafi í besta falli verið mistök og kann því illa þegar gömul úrelt sjónarmið sem rötuðu í aðalskipulag fyrir áratugum síðan um að nýta hraunið undir íbúðabyggð og nýleg ákvörðun um að framfylgja því sjónarmiði eru notuð sem rök til að réttlæta það nú að leggja stóran hluta hraunsins, sem fólk kallar í daglegu tali Gálgahraun norðan Álftanesvegar, undir hús og vegi og kalla það „Hraunprýði".

Það er líka grátbroslegt að verða vitni að því þegar fólk heldur því blákalt fram að við val á nýju vegarstæði hafi verið sneytt hjá einstaka blettum sem sýnt hefur verið fram á að hafa sérstakt verndunargildi. Manni verður ósjálfrátt hugsað til þess að í framtíðinni geti sömu aðilar keyrt, með hliðarúðuna niðurdregna og spýtt í átt að t.d. eftirlætis klettamyndum meistara Kjarvals og síðan spýtt í frá öllu saman. Við sem viljum njóta náttúru og fegurðar án ramma mannvirkja sjáum okkar hagsmuni fyrir borð borna og þykir miður að okkar sjónarmið eru ekki metin af sanngirni.



# Viltu þjóna flugi með okkur?

*Isavia óskar eftir að stækka hóp sinna frábæru starfsmanna. Okkar vantar lögfræðing, verk- eða tæknifræðing, hugbúnaðarsérfræðing og verkefnastjóra.*

## Lögfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar í Reykjavík

*Helstu verkefni:*

- Yfirlestur og ráðgjöf vegna samninga og útboðsgagna
- Yfirferð lagafrumvarpa og reglugerða sem berast félaginu til umsagnar
- Margvísleg önnur lögfræðileg verkefni

*Hæfniskröfur:*

- Embættispróf eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking og reynsla í útboðsrétti, samningarétti, Evrópurétti eða flugrétti er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Ingunn Ólafsdóttir
**ingunn.olafsdottir@isavia.is**

## Verk- eða tæknifræðingur á flugvalla- og mannvirkjasvið í Reykjavík og Keflavík

*Helstu verkefni:*

- Ráðgjöf og umsjón með yfirborðum flugvallasvæða
- Gerð kostnaðaráætlana og eftirfylgni
- Skipulag flugvalla, hönnun og hönnunarstjórn
- Samskipti við skipulags- og byggingaryfirvöld
- Verkefnastjórnun

*Hæfniskröfur:*

- Reynsla af hönnun/verklegum framkvæmdum við flugvalla- og vegagerð
- Þekking og reynsla af malbikun og skyldum verkefnum
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Mjög gott vald á helstu Microsoft Office tölvuforritum og AutoCAD
- Góð tök á íslensku, ensku og einu skandinavísku tungumáli bæði í töluðu og rituðu máli.

Upplýsingar um starfið veitir Haukur Hauksson
**haukur.hauksson@isavia.is**

## Hugbúnaðarsérfræðingur í fjarskiptastöðinni Gufunesi

*Helstu verkefni:*

- Uppsetning, eftirlit og viðhald kerfa
- Fyrirbyggjandi viðhald, bilanagreining og ákvörðun viðbragða við þeim
- Þarfagreining vegna nýrra verkefna og mat á umfangi þeirra
- Gerð kerfislýsinga vegna áætlanagerðar
- Uppsetning og prófanir á hugbúnaði

*Hæfniskröfur:*

- Háskólapróf í verkfræði/tölvunarfræði/ tæknifræði eða sérþekkingu á fluggögnum og vinnslu þeirra
- Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg

Upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Hauksson
**asgeir.hauksson@isavia.is**

## Verkefnastjóri á fjármálasvið í Reykjavík

*Helstu verkefni:*

- Fjárhagslegt utanumhald fjárfestinga, bæði eigin fjárfestinga fyrirtækisins og einnig fjárfestinga ríkisins sem fyrirtækið sér um
- Stuðningur við önnur svið í áætlanagerð vegna framkvæmda og fjárfestinga
- Þátttaka í verkefnastjórnun stærri fjárfestingarverkefna
- Aðkoma að útboðsmálum og samræmingu hjá fyrirtækinu í heild

*Hæfniskröfur:*

- Viðskiptafræðipróf með reikningshald eða fjármál sem sérsvið eða sambærilegt.
- Þekking og reynsla á IFRS reikningshaldi nauðsynleg
- Þekking á uppgjörum fjárfestinga er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Guðný Unnur Jökulsdóttir
**gudny.jokulsdottir@isavia.is**

**Umsóknum skal skila á rafrænu formi á www.isavia.is/atvinna þar sem einnig eru frekari upplýsingar um störfin. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember n.k.**

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia starfa um 630 manns. Auk þess starfa hjá dótturfélögum um 130 manns hjá Fríhöfninni og um 30 hjá Tern. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands- jafnt sem millilandaflug auk yfirlugþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ISAVIA



**VIL EKKI VERA ANNARS STAÐAR** „Ég þekki Grandann vel og vil hvergi annars staðar vera," segir Bergþóra Guðnadóttir hönnuður og eigandi Farmers Market. „Ég og maðurinn minn [Jóel Pálsson] festum kaup á húsnæði fyrir verslun og vinnustofu fyrir nokkrum árum. Við fluttum okkur svo nýverið um set í stærra húsnæði og fáum mikla traffík hingað. Það hékk fólk á hurðarhúninum í morgun," segir Bergþóra en ný Farmers Market verslun er við Hólmaslóð 2. „Núna höfum við líka pláss fyrir vörur annarra og svo rekum við lítið gallerí á einum veggnum," segir Bergþóra sem sést hér á vinnustofu sinni.

# Grandinn breytir um svip

Brekkubær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Dísarás
Elliðavað
Eyktarás

**2. kjördeild**
Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-13

**3. kjördeild**
Hraunbær 14-110

**4. kjördeild**
Hraunbær 111-198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lindarvað
Lyngháls
Lækjarás

**5. kjördeild**
Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað
Reyðarkvísl
Reykás 1-25

**6. kjördeild**
Reykás 26-49
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlbr. Árbæjarsafn
Suðurlbr. Bakkakot
Suðurlbr. Elliðavatn
Suðurlbr. Hella
Suðurlbr. Hólmur
Suðurlbr. Litlaland
Suðurlbr. Reykhólar
Suðurlbr. Sólnes
Suðurlbr. Tungufell
Suðurlv. Sólbrekka
Urriðakvísl

**7. kjördeild**
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

# Athugaðu þetta:

- **Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 20. október kl. 9.00 og honum lýkur kl. 22.00
- Kjörskrá er aðgengileg á vefnum www.kosning.is
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi norður veittar í síma 411-4915 og í Reykjavíkurkjördæmi suður í síma 411-4925
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur, en yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í Hagaskóla
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum

Skrifstofa borgarstjórnar







# Súpur í uppáhaldi

Rófur eru ódýrt og gott hráefni sem meðal annars má nota í súpur með góðum árangri segir **Sigurveig Káradóttir** sem eldaði dýrindis rófusúpu með beikoni fyrir lesendur Fréttablaðsins. Hún benti ***Sigríði Björgu Tómasdóttur*** á fleiri leiðir til að nýta hráefnið sem er ódýrt og bráðhollt. Sigurveig, sem nýverið gaf út bókina Súpur allt árið, gefur hér líka uppskrift að salthnetusúpu.

Súpur eru í uppáhaldi hjá mér og eins og nafn bókarinnar minnar gefur til kynna þá elda ég þær allt árið um kring og raunar oft í miklu magni, það hentar vel að frysta súpur og eiga þegar lítill tími er til eldamennsku,“ segir Sigurveig Káradóttir matgæðingur, kokkur, bloggari og höfundur. Bókin hennar, Súpur allt árið, kom út í síðustu viku og segir Sigurveig viðtökurnar mjög ánægjulegar. „Ég hef fengið mikil viðbrögð, lesendur hafa hringt í mig og þakkað mér fyrir bókina.“ Sigurveig tekur gjarnan mið af hráefnum árstíðarinnar þegar hún eldar og féllst fúslega á að deila uppskrift að rófusúpu enda rófur ódýrt og holt hráefni. „Ég elda oft úr rófum, nota þær bæði sem meðlæti og uppistöðu í rétti eins og í rófusúpunni.“ Sigurveig bjó líka til rófufranskar en þær ber hún ýmist fram sem meðlæti eða smárétt með avókadómauki.



**ELDHÚSIÐ Í UPPÁHALDI** Sigurveig Káradóttir er mikið í eldhúsinu að fást við mat. Hún heldur úti matarblogginu sigurveigkaradottir.wordpress.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## 1. Rófusúpa með beikoni

Þessi súpa er góð bæði heit og köld. Ef beikoninu er sleppt er gott að bæta við aðeins meira kryddi.

900 g rófur – um 3 stk. meðalstórar rófur
100 g pancetta/beikon
4–5 msk. ólífuolía
150 g laukur
1 l kjúklingasoð/grænmetissoð
1 tsk. kúmínfræ
40–50 ml hvítvín
½ tsk. túrmerik
¼ tsk. cayenne-pipar
½ tsk. hvítur malaður pipar
1–2 tsk. sjávarsalt
½ tsk. svartur pipar
120 ml rjómi
stökkt beikon ef vill
1 lárviðarlauf

*Skerið rófurnar í bita, veltið upp úr ólífuolíu og stráið yfir þær örlitlu sjávarsalti. Bakið í ofni við 180–190 gráður í 45–60 mínútur, eða þar til þær eru farnar að taka lit og orðnar vel mjúkar. Pancettan/beikonið er skorið í litla bita og steikt í potti þar til það er orðið stökkt.*

*Takið það úr pottinum og setjið smátt saxaðan laukinn í pottinn. Leyfið honum að malla á lágum hita í beikonfitunni í 6–7 mínútur, þar til hann er orðinn glær. Bætið hvítvíninu í og leyfið að gufa aðeins upp áður en soðið fer út í. Setjið loks rófurnar út í ásamt lárviðarlaufi og svörtum pipar. Látið malla í um 10 mínútur og maukið síðan súpuna.*

*Kúmínfræin eru ristuð vel á þurri pönnu en gætið þess að þau brenni ekki. Þau má síðan mala í mortéli eða hafa heil í súpunni. Hellið súpunni aftur í pottinn, kryddið með túrmerik, cayenne-pipar og kúmínfræjunum. Saltið og piprið ef þurfa þykir. Bætið rjómanum saman við og látið súpuna hitna að suðu. Berið fram með stökku beikoninu og nokkrum kúmínfræjum ofan á.*

## 2. Rófufranskar

Rófurnar skornar niður, velt upp úr ólífuolíu og saltaðar. Bakaðar í ofni við 180 gráður og hrært í reglulega.

## Salthnetusúpa með norðurafrísku ívafi

**Fyrir 3-4**
2–3 msk. ólífuolía
200 g laukur
2 hvítlauksrif
fersk engiferrót – þumlungsstór biti
½–1 rauður chilipipar
300 g sætar kartöflur
500–600 ml kalkúnasoð/kjúklingasoð
400 g/1 dós tómatar
300 g hnetusmjör – gróft eða fínt
½–1 tsk. cayenne-pipar
1 tsk. kóríander
hvítur pipar
sjávarsalt
200–300 g eldaður kalkúnn/kjúklingur

*Skerið laukinn í þunnar sneiðar og setjið í pott ásamt ólífuolíunni. Látið malla í 4–5 mínútur áður en hvítlauk, engiferrót og chilipipar er bætt saman við, allt skal þetta vera saxað smátt. Látið malla í 2–3 mínútur, áður en krafturinn er settur út í ásamt tómötum, hnetusmjöri og cayenne-pipar.*



*Brytjið sætu kartöflurnar fremur smátt og bætið þeim út í ásamt möluðum kóríander. Saltið og piprið. Þegar sætu kartöflurnar eru fullsoðnar er kjötið skorið í bita og sett saman við, súpan smökkuð til og krydduð meira ef vill.*

### SÍTRÓNUR NORÐURLANDA ÁLITNAR SKEPNUFÓÐUR VÍÐA

- Ræktun á rófum hófst á meginlandi Evrópu á 17. öld og barst fljótlega til Norðurlanda þaðan. Rófur eru harðgerar og náðu því fljótlega útbreiðslu og vinsældum á norðurhjara veraldar en þær eru víða álitnar skepnufóður annars staðar.
- Rófur eru yfirleitt soðnar hér á landi og borðaðar með til dæmis saltkjöti eða soðnu lambakjöti. Þær fara vel í kjötsúpu og þá er rófustappa vel þekkt meðlæti með sviðum svo dæmi sé tekið.
- Rófur eru C-vítamínríkar og ríkar að steinefnum. Þær hafa verið kallaðar sítrónur Norðurlanda.
- Kílóverð af rófum var 280-285 krónur við athugun í gær.



*Heimild: Nanna Rögnvaldardóttir: Matarást*



# ÚLPUR & YFIRHAFNIR

**Kynningarblað** Kápuúlpur, dúnúlpur, loðkragar og jakkar Angelu Merkel.




## Hágæða dúnúlpur frá Canada Goose

**Sportís er ein stærsta sportvöruheildsala landsins og fer með umboð nokkurra af bestu vörumerkjum heims. Meðal annars Canada Goose.**

Við höfum haft umboð fyrir Canada Goose-dúnúlpurnar síðustu tólf ár og þær hafa reynst frábærlega vel,“ segir Kristinn Kristjánsson, sölustjóri hjá Sportís.

„Canada Goose leggur mikla áherslu á að tryggja gæði vörunnar og fyrirtækið hefur haldið framleiðslunni í Kanada alla tíð en úlpurnar hafa verið framleiddar frá árinu 1957. Þær eru framleiddar úr bestu fáanlegu efnum, þaulsterkar og afar slitþolnar. Úlpurnar voru upphaflega hannaðar fyrir erfiðustu aðstæður á köldustu stöðum heims og hafa verið notaðar í leiðangra til dæmis á pólana tvo. Þær henta því íslenskum aðstæðum mjög vel.“

Kristinn segir Canada Goose-dúnúlpurnar einn vinsælasta útivistarfatnað í heimi og starfsstéttir sem þurfi að standa úti við vinnu sína tímunum saman noti Canada Goose. „Úlpurnar hafa til dæmis verið mjög vinsælar meðal kvikmyndagerðarfólks.“




Jóhann Konráð Birgisson, verslunarstjóri í Sportís, Mörkinni 6. MYND/ANTON



Sportís keppist við að halda úrvalinu sem mestu í verslunum. MYND/ANTON

Vinsældir Canada Goose hafa líka orðið til þess að eftirlíkingar eru framleiddar í stórum stíl og segir Kristinn ástæðu til að vara fólk við vefverslunum sem selji svikna vöru. „Ég fæ mörg dæmi þess inn á borð til mín að fólk hefur pantað sér Canada Goose-úlpu í góðri trú gegnum vefverslanir en fengið eftirlíkingu í hendurnar eða jafnvel alls ekki neitt, þrátt fyrir að hafa greitt fyrir vöruna. Slíkum síðum er lokað á hverjum degi og full ástæða til að hafa varann á. Ég hvet fólk frekar til að líta við í verslun okkar í Mörkinni 6.“

Endursöluaðilar Canada Goose eru Sportís Mörkinni 6, Cintamani Bankastræti 7, Everest Skeifunni og Sportver Akureyri.

Nánari upplýsingar um vöruna er að finna á www.sportis.is og á www.canada-goose.com.

KOMDU OG SKOÐAÐU
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF

CANADA GOOSE®

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | TEL:520-1000 | SPORTIS.IS

# Margir litir af jökkum en eitt útlit

Klæðnaður einnar valdamestu konu heims, Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, hefur verið umtalaður á síðum margra þekktra dagblaða. Tekið hefur verið eftir að Merkel er alltaf í beinsniðnum jakka með þremur tölum að framan og hún á þá í mörgum litum.

Dagblöð um alla Evrópu hafa birt myndir af Merkel í „sama“ jakkanum í flestum mögulegum litum. Þá hefur hún verið tekin fyrir á vefsíðum undir orðinu: HÖRMUNG. Blöðin tengja litaval hennar á jökkum við erindi hennar víðs vegar um heiminn. Þannig segir The Guardian að það hafi ekki verið tilviljun að Angela Merkel hafi klæðst róandi grænum lit þegar hún hitti valdamestu menn í Grikklandi.

„Hún er föst í ákveðnu formi frá þýska hönnuðinum Bettina Schoenbach en Merkel hefur leitað til hennar frá árinu 2005,“ segir The Guardian.

The Wall Street Journal sá ástæðu til að taka viðtal við Bettinu Schoenbach og kallar hana ráðgjafann á bak við jakka Angelu Merkel. Schoenbach þykir hafa hlutlausan stíl en hún segist skilja vel þarfir viðskiptavina sinna. „Sumum konum líður vel í kynþokkafullum fatnaði í vinnunni en aðrar velja sér þægilegan og lítt áberandi fatnað. Það veltur á persónuleika þeirra,“ segir hún. „Að finna rétta stílinn er ekki alltaf auðvelt en ég er afar stolt af því að hafa hjálpað Merkel. Þar sem hún er mjög valdamikil kona vekur klæðnaður hennar að vonum athygli.“

Schoenbach nýtir sér ánægju Merkel með jakkana en notar ný efni og liti til að auka safn hennar, segir blaðið. Merkel, 58 ára, klæðist svörtum jakka í þýska þinginu, fjólubláum á fundi með forseta Frakklands og brúnum á leiðtogafundi ESB í Brussel. „Fötin eru notuð í ákveðnum tilgangi og þau eiga að undirstrika að þarna fer valdamikil kona. Þegar kona kemur inn á fund og eftir henni er tekið nær hún frekar markmiðum sínum,“ segir Schoenbach.

Þegar hinn frægi þýski hönnuður, Karl Lagerfeld, var spurður um klæðnað Merkel, svaraði hann: „OK.“ Og bætti síðan við: „Hún ætti þó frekar að vera í opnum jakka yfir fallega skyrtu og sniðið á buxunum mætti vera betra. Þýska sjónvarpið tekur oft fram hvernig Angela Merkel er klædd við hinar ýmsu opinberu athafnir. Þetta hefur verið gagnrýnt harkalega og áhorfendur fullyrða að klæðnaðurinn væri ekki til umræðu væri hún karlmaður.

Daily Mail segir að Angela Merkel sé kona með mikið sjálfstraust en með afar sérstakan fatastíl. Hún kemur fram um allan heim, frá Berlín og Brussel til Japans, Sydney og Washington klædd þessum jökkum sem hún virðist svo mjög hrifin af, sama snið í öllum mögulegu litum. Það er ljóst að Merkel á mikið safn af jökkum en enn hefur engum tekist að fá uppgefið hversu margir eru í fataskápnum.

elin@365.is


Blár jakki í Berlín í júní. Valdakona í bláu með Jens Stoltenberg og David Cameron.


Rauður jakki í Berlín í júní. Merkel tók þar á móti Vladimír Pútín, forseta Rússlands.


Ljósgrænn jakki í Aþenu þar sem Merkel átti fund með forsætisráðherranum, Antonis Samaras, 9. október sl.


Ljós jakki í Berlín nú í október þegar Merkel tók á móti Abrabuh Mansur Hadi, forseta Jemens.


Bleikur jakki í Berlín í júlí. Þarna tók Merkel á móti Yingluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands.

## ENDURSKINSMERKI Á HÖNDUM OG FÓTUM

**Ökumaður á** bíl sér dökklædda manneskju sem gengur um í myrkri án endurskinsmerkja í 26 metra fjarlægð. Manneskja í ljósum fötum sést í 38 metra fjarlægð. Manneskja með endurskinsmerki sést hins vegar í 136 metra fjarlægð. Að ofansögðu er ljóst að endurskinsmerktur fatnaður er gríðarlega mikilvægt öryggistæki í umferðinni.



Þó algengt sé að yfirhafnir séu með endurskinsmerkjum þá er það því miður ekki algilt. Því er þó hægt að bæta úr sjálfur og fást ýmiss konar endurskinsmerki í flestum apótekum, stórmörkuðum og bensínstöðvum. Þá er hægt að kaupa látlausa endurskinsborða sem hægt er að líma á fatnað í föndur- og vefnaðarvöruverslunum. Best er að hafa endurskinsmerki fremst á ermum eða neðarlega á buxnaskálmum. Hreyfing handa og fóta gerir það að verkum að þannig virka þau eins og blikkljós þegar ljós fellur á þau. *Heimild: www.umferdarstofa.is*

## HLÝTT FYRIR VOFFANA



**Hundar eru** ekki undanskildir tískunni. Stór iðnaður er í kringum hundafatnað og fylgihluti fyrir þá.

Sum fötin eru sérstaklega hlý og veita gott skjól fyrir kulvísa hunda, en smáhundum verður fljótt kalt ef þeir eru úti í köldu veðri. Silky terrier og chihuahua eru dæmi um hunda sem ágætt er að klæða í einhvern hlífðarfatnað áður en farið er með þá út í mikinn kulda. Ef fólk ætlar að kaupa föt á hund er best að taka hann með í búðina og máta fötin til að vera viss um að þau passi og að hundurinn sé sáttur við að klæðast þeim.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.






„Ellingsen er mjög samkeppnishæft í bæði verði og gæðum en það fer nefnilega ekki alltaf saman," segir Bjarni Guðjónsson, verslunarstjóri hjá Ellingsen. MYND/STEFÁN

# Gaman að heimsækja Ellingsen

Úlpur fyrir fjölskylduna fást í Ellingsen í öllum verðflokkum. Verslunin hefur lagt áherslu á sanngjarna verðlagningu og góða þjónustu. Verslunin við Fiskislóð er sérstaklega björt og skemmtileg heim að sækja. Ellingsen er einnig með verslun við Tryggvabraut 1-3 á Akureyri.

Ellingsen býður upp á mikið úrval af úlpum í öllum verð- og gæðaflokkum fyrir börn og fullorðna. Ellingsen þjónaði í marga áratugi útgerðum landsins en frá árinu 2006 hefur vægi útivistarvara aukist mikið hjá versluninni. Þeirra á meðal eru hlýjar og vandaðar úlpur og hefur úrvalið af þeim aldrei verið meira en í vetur. Bjarni Guðjónsson, verslunarstjóri Ellingsen við Fiskislóð, segir verslunina bjóða upp á heildstætt úrval úlpna fyrir alla aldurhópa. „Ellingsen er mjög samkeppnishæft í bæði verði og gæðum en það fer nefnilega ekki alltaf saman. Við bjóðum upp á margar tegundir af úlpum fyrir börn og fullorðna, allt frá leikskólabörnum yfir í þá sem stunda „alvöru" útivist."



Sýnishorn af glæsilegu úrvali Ellingsen: frá vinstri, Didriksons-kvenmannsúlpa, Skogstad-barnaúlpa og Mountain Hardwear-úlpa fyrir karlmann.

## Barnaúlpur á góðu verði

Fyrir yngstu börnin selur verslunin mest úlpur frá Didriksons sem er sænskt gæðamerki sem hefur notið mikilla vinsælda hérlendis undanfarin ár. „Úlpurnar frá Didriksons eru frábær kostur fyrir börnin, bæði til að nota í leikskólanum og heima fyrir. Það sem skiptir mestu máli þegar úlpa er valin á börn er að hún sé bæði hlý og vatnsheld og þá eiginleika hafa úlpurnar frá Didriksons. Þær eru einnig á mjög góðu verði og það skiptir miklu máli í dag enda er verðvitund neytenda orðin mikil.

Í haust höfum við einnig sölu á úlpum frá Skogstad, en þar er um að ræða norska gæðavöru á flottu verði. Fyrst og fremst höfum við haft þá stefnu undanfarin ár að bjóða upp á gott úrval í mismunandi verðflokkum sem henta hverjum og einum."

## Fjölbreytt úrval fyrir fullorðna

Fullorðna fólkið hefur líka úr nógu að velja í Ellingsen. Bjarni segir úlpur fyrir karlmenn og konur eðlilega vera notaðar í fjölbreyttari tilgangi en hjá yngstu kynslóðinni og því sé úrvalið töluvert meira og verðflokkarnir fleiri. Þar eru viðskiptavinir yfirleitt að leita að hlýjum og vatnsheldum flíkum og aftur skiptir verðið máli. „Foreldrar hafa í mörg ár keypt Didriksons-úlpur á börnin sín og tekið eftir því hvað þær endast vel. Nú sjáum við sama fólk kaupa í meiri mæli úlpur frá Didriksons á sjálft sig enda mikið úrval til á bæði kynin." Veruleg aukning hefur verið í sölu á Nike og Columbia sem eru aðeins dýrari en um leið mikil gæðavara. „Toppurinn í úlpuflóru Ellingsen eru síðan úlpur frá Bergans og Mountain Hardware. Þær eru fyrir þá allra hörðustu í útivistinni og þá sem eru í björgunarsveitum. Þetta eru virkilega góð merki og gæðin eru framúrskarandi. Þær eru dýrari en hin vörumerkin enda um toppvöru að ræða þar sem mikið er lagt upp úr vatns- og vindheldni."

## Rúmgóð verslun

Auk úrvals af góðum og ódýrum úlpum felst sérstaða Ellingsen ekki síður í bjartri og rúmgóðri verslun sem gaman er að heimsækja. „Viðskiptavinum okkar finnst gaman að koma hingað og fjölskyldur mæta hingað yfirleitt saman. Hér er líka mikið úrval af alls kyns öðrum útivistarvörum fyrir börn, unglinga og fullorðna og auðvelt að gleyma sér í versluninni. Við höfum líka á að skipa úrvals starfsfólki sem býr yfir mikilli þekkingu og er sérfræðingar á sínu sviði. Úlpusérfræðingarnir okkar aðstoða til dæmis viðskiptavini við að velja úlpur við hæfi, allt frá leikskólaúlpu til úlpu fyrir fjallgönguna og allt þar á milli." Allar nánari upplýsingar má finna á glæsilegri heimasíðu Ellingsen, www.ellingsen.is.



Hlýjar yfirhafnir þurfa ekki að vera púkó eins og sjá má.

Á Íslandi er nauðsynlegt að eiga að minnsta kosti eina þykka úlpu með hettu.

# Val á yfirhöfn er vandaverk

**Jakki, úlpa, frakki, kápa, dúnn eða ull? Slíkum spurningum getur verið erfitt að svara, þegar veður skipast fljótt í lofti og forðast á kuldann en samt á að vera töff í tauinu.**

Við val á yfirhöfn fyrir veturinn er margt sem ber að hafa í huga. Til að byrja með er gott að taka ákvörðun um hvaða notagildi flíkin á að hafa. Er þetta hversdagsflík eða spari? Á að nota hana í skíðabrekkunni, við útivist, vinnu eða bara til að labba á milli húsa í miðbænum?



Þunnar úlpur og jakkar eru góðir hversdags og til að skjótast á milli húsa.

### Jakki, úlpa, frakki eða kápa?

Til eru margar tegundir yfirhafna, bæði úr bómull, ull og ýmsum gerviefnum. Ullarjakkar og frakkar eru afar hentugir, hlýir og snyrtilegir fyrir skrifstofuna, pöbbaröltið eða veisluna en þykk dúnúlpa með hettu, fóðri og öllu tilheyrandi er ef til vill betri ef ætlunin er að moka snjó og fyrir lengri dvöl utandyra í kulda. Þynnri úlpur og jakkar eru millivegurinn og hafa hversdagslegra notagildi en þykk dúnúlpa eða ullarflík. Sportlegur þunnur jakki eða úlpa í hermannastíl eru hentugar flíkur til að nota hversdagslega.

### Stærð skiptir máli

Ef stærðin á yfirhöfn er þannig að hægt er að fara í peysu inn undir, eykst notagildi flíkurinnar þar sem hægt er að klæða sig í hlýrri föt undir sé kalt í veðri. Þó má yfirhöfnin ekki vera þannig að hún poki og vindurinn næði upp um mittið og ofan í hálsmálið og inn á bolsvæðið.



### Tískubóla eða klassík?

Gott er að hafa í huga tískustrauma sem geta verið breytilegir og að yfirhöfn sem keypt er gæti vel verið dottin úr tísku næsta vetur. Þó eru mörg snið og týpur af yfirhöfnum sem eru klassísk og notið hafa vinsælda um áraraðir. Með það í huga er hægt að gera góð kaup á yfirhöfn sem dugar um árabil, bæði hvað snertir tísku, endingu og notagildi.

Ef flíkin á að endast er gott að velta því fyrir sér hvort um tískubólu sé að ræða eða ekki.

# Lífsnauðsynleg vörn

**Skjólgóð föt inúíta úr skinni og feldum eru forsenda þess að lifa af kuldann á norðlægum slóðum. Hreindýraskinn eru notuð auk sels- og ísbjarnarskinna.**

Inúítar búa á nyrstu svæðum Grænlands, Kanada og Bandaríkjanna. Flestir hafa séð myndir af inúítum vel dúðuðum í föt úr skinni enda góð skjólföt forsenda þess að lifa af kuldann á þessum slóðum þegar hafst er við úti í einhvern tíma, til dæmis á veiðum.

Skinnið sem inúítar nota helst er hreindýraskinn því það er bæði hlýtt og létt. Ef ekki er hægt að fá hreindýraskinn eru skinn af selum, ísbjörnum og jafnvel refum notuð. Áður fyrr voru skinnin saumuð saman með nálum úr beinum og þráðum úr sinum.

Hönnun klæðanna er misjöfn eftir svæðum en samsetning flíkanna er sú sama alls staðar; úlpa með hettu, buxur, sokkar, stígvél og vettlingar. Fötin eru hlý og vatnsheld.

Á veturna klæðist fólk tveimur lögum af fötum. Á innra laginu snýr feldurinn næst húðinni en á ytra laginu snýr skinnið út. Loft sem leikur á milli laganna heldur líkamshitanum uppi og hleypir svita út. Eitt lag dugar á sumrin.

Flest fötin eru enn í dag heimagerð úr skinnum og feldum dýra sem veidd hafa verið til matar. Útlitið hefur þó breyst eitthvað í gegnum tíðina.

Úlpan, amauti, er þröng með það stórri hettu að konur geta borið börn sín á bakinu undir henni og varið þau gegn veðri og vindum. Á brún hettunnar er yfirleitt loðinn kantur sem gerður er úr feldi refa eða úlfa. Glansandi hár feldsins gera það að verkum að auðvelt er að hrista snjó af hettunni. Lag og lengd hettunnar er misjöfn eftir svæðum.

Stígvél, mukluk eða kamiks, sem fólk klæðist á vetrum eru einnig úr hreindýraskinni. Þau eru líka gerð úr tveimur og jafnvel þremur lögum líkt og yfirhafnirnar. Fyrsta laginu má líkja við legghlífar og á þeim snýr feldurinn að húðinni, undir buxunum. Á ytra laginu snýr feldurinn út og nær alveg upp á hné. Þessi hluti stígvélsins var úr skinninu sem var á fótum hreindýrsins en nú er fótstykkið yfirleitt gert úr kindaskinni. Ullin snýr inn á við en sólinn er gerður úr skinni sem veitir einangrun og gott grip. Stundum er þriðja lagið notað sem er þá vatnshelt og gert úr selskinni og notað þegar veitt er snemma vetrar á brún íssins.

Þegar skinnflíkurnar eru ekki í notkun eru þær geymdar í köldum skála við hlið húsanna. Ef þær eru geymdar inni þar sem hlýtt er og lágt rakastig eyðileggjast þær fljótlega.



Bæði konur og menn á norðlægum slóðum klæðast fötum úr skinni og feldum dýra. NORDIC PHOTO/GETTY

# Úlpur í miklu úrvali

**Útilíf býður mikið úrval af úlpum í mörgum merkjum fyrir bæði kyn og alla aldurshópa. Síðar kápuúlpur eru helst í tísku fyrir dömurnar og mikið um græna og dökka liti.**

Í Útilífi má finna mikið úrval af úlpum og ætti allir að geta fundið sér úlpu við sitt hæfi. „Við erum með breiðar línur í flestum merkjunum,“ segir Elín Ragna Valbjörnsdóttir, verslunarstjóri Útilífs í Kringlunni. „Við erum með vandaðar úlpur frá North-Face sem henta fyrir alls kyns veðurfar og eru bæði hlýjar og léttar, ásamt því að vera með stóru og miklu heimskautaúlpurnar frá North Face sem allir þekkja.“

„Við erum með mikið úrval af úlpum frá Zo-On, Didriksons og Helly Hansen. Úlpurnar eru bæði fyrir börn og fullorðna og fáanlegar í mörgum sniðum og litum.“

Einnig má fá brettaúlpur fyrir dömur, herra og krakka frá Roxy og Quiksilver. „Þetta er mjög vandaður brettafatnaður sem við erum með og fötin eru bæði litrík og skemmtileg,“ segir Elín. Flestar úlpurnar sem eru í boði hjá Útilíf eru vindheldar, með öndun og mismikla vatnsvörn.

Elín segir kápuúlpur vera mikið í tísku núna. „Þessar úlpur eru síðar og dömulegar. Einnig eru svokallaðar parka-úlpur vinsælar. Það eru þessar hefðbundnu úlpur sem hafa verið í tísku undanfarin ár, þær eru með loðkraga og ná niður á mið læri. Mikið er um hermannagræna liti og dökka liti, út í grátt. Einnig rauða og rauðbleika tóna.“

„Þegar úlpa er valin þarf fyrst og fremst að athuga í hvaða aðstæðum á að nota úlpuna. Á hún að vera götuúlpa eða á að fara í henni upp í fjall? Það þarf að passa að velja rétta stærð af úlpu, hún má ekki vera of stór, en gott er að geta klætt sig í peysu innan undir ef þess er þörf. Hún má heldur ekki vera of víð þannig að það blási inn undir hana. Hér í Útilífi erum við með úlpur sem henta í öllum aðstæðum og eru fyrir alla,“ segir Elín.

Kringlukast verður í gangi alla helgina og stendur fram á mánudag. Þá verða valdar úlpur á tuttugu prósenta tilboðsverði ásamt öllum Roxy- og Quiksilver-úlpunum í Útilífi.



Elín, verslunarstjóri í Útilífi í Kringlunni, segir úrvalið af úlpum vera mikið í Útilífi, þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. MYND/ANTON



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**BÖRNIN OG SINFÓ**
**Maxímús Músíkús er sérstakur gestur ásamt trúðnum Barböru á Barnastund Sinfóníuhljómsveitar Íslands kl. 11.30 í dag í Hörpu. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sniðin fyrir unga áhorfendur. Barnastundin með Sinfóníunni er börnum í fylgd forráðamanna sinna að kostnaðarlausu.**


Enn er tími til að laga stöðuna ef þú átt erfitt með að fylgjast með í skólanum. Við bjóðum þér

NÁMSAÐSTOÐ

til að ná tökum á námsefninu.

Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Fallegt skart og fylgihlutir á góðu verði

OPIÐ HÚS í dag frá kl 10 - 18

Í verslunarhúsnæði að Álfheimum 2-4



Skoðaðu úrvalið á www.leacollection.is

RÍTA 30 ára 1982-2012 RÍTA 30 ára 1982-2012

Afmælisveislan heldur áfram

25% afsláttur í báðum búðum

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 S. 554 7030 Opið 10-16

Eddufelli 2 S. 557 1730 Opið 10-14

www.rita.is

Tvö Líf á Akureyri í dag á Kea Hóteli opið frá 11-19

Einnig opið í verslun okkar Holtasmára 1 frá 12-17



Buxur 8.990 kr.
Toppur 2.990kr.

tvö líf

www.tvolif.is Holtasmári 1 · © 517 8500




# GEIM Í BÚÐARDAL

**ÞRÍTUGUR** *Í kvöld stígur þingheimur hringdans með Ásmundi Einari Daðasyni alþingismanni sem býður til balls og sláturs í þrítugsafmæli sínu.*

Það stefnir í allsherjar partí í Dalabúð í kvöld," segir Ásmundur hinn kátasti í afmælisskapi. „Tvítugsafmæli mitt frestaðist á sínum tíma en í staðinn lofaði ég að þrítugur skyldi ég blása til stórveislu og bjóða öllum sem ég væri málkunnugur. Því var ekki annað að gera nú en að láta vaða svo ég sé nú maður orða minna."

Ásmundur verður þrítugur 29. október en tekur forskot á sæluna með veisluhöldunum í kvöld þar sem sjálfur Guðni Ágústsson verður veislustjóri og Árni Johnsen stjórnar fjöldasöng.

**ÞJÓÐLEGUR KOSTUR**

„Gestum mínum býð ég þjóðlegan kost; hákarl frá Hildibrandi í Bjarnarhöfn, krækling sem dreginn var úr Hvammsfirði í morgun, hangikjöt, sviðasultu og slátur. Með þessu drekkum við í ómældu magni sérbruggaðan afmælismjöð sem skólabróðir minn frá Hvanneyri og yfirbruggari í brugghúsi í Skagafirði sérmerkti mér undir nafninu „Lambi, jarmandi góður"," segir Ásmundur.

Hann er spurður hvort ekki vanti lambatittlinga á veisluborðið, nýjustu afurð sauðfjárbænda.

„Fara þeir ekki allir í súpugerð til Kína? Ég hef reyndar ekki smakkað þá en skoða það fyrir fertugsafmælið, þegar reynsla verður komin á eldamennskuna hér heima," segir hann sposkur.

Að loknu glensi og gríni verða gestir lokkaðir á dansgólfið með harmóníkusveitinni Nikkólínu úr Dölum og síðan tekur við ekta sveitaball með æskuvinum Ásmundar í sveitaballabandinu Ábrestum.

**LOPAPEYSA OG GÚMMÍSKÓR**

„Æskilegur klæðnaður veislugesta er lopapeysa og gúmmískór og ekki ólíklegt að ballið endi í gömlum Botnleðjuslögurum um þrjúleytið," segir Ásmundur spenntur fyrir afmælinu sínu.

Honum telst til að boðsgestir séu 500 til þúsund manns. Þar með talinn allur þingheimur sem að stórum hluta gleðst með yngsta þingmanni lýðveldisins í Búðardal í kvöld.

„Ég veit að gestir koma allt frá Egilsstöðum og Höfn og hlakka mikið til að eiga kvöldstund með öllum mínum góðu vinum og fólki sem er mér kært. Svo er bara að krossa fingur og óska sér að ég fái færri viskíflöskur en koníaksflöskur," segir Ásmundur í gríni og skellir upp úr.

Ásmundur er búfræðingur að mennt og var sauðfjárbóndi í félagi við föður sinn á bænum Lambeyrum í Dölum þar til þingstörf kölluðu árið 2009.

„Ég bjó fyrstu fimm ár ævinnar á Lamb-

**SVEITAPILTSINS DRAUMUR**
Afmælisveisla Ásmundar Einars verður með sveitalegum brag og æskilegur klæðnaður er lopapeysa og gúmmískór.
MYND/STEFÁN

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2




Rýmum fyrir nýjum vörum

25-50% afsláttur af völdum vörum

Lokadagur opið 11-16

Ekkert sendingargjald úr vefverslun

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is

BÓKHALD, ÁRSREIKNINGAGERÐ, SKATTARÁÐGJÖF.

APOLLON
BÓKHALDS & REKSTRARÞJÓNUSTA
Sími 571 9555
www.apl.is
Borgartúni 28
105 Reykjavík

Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!!

Eitt verð - niðurkomið kr. 5.790 m²




*Verðdæmi:*
70 fermetra stigahús með 8 íbúðum
Heildarverð 405.300 kr
Vsk af vinnu 39.825 kr
pr. íbúð aðeins 45.684 kr

Komum á staðinn með prufur og mælum, ykkur að kostnaðarlausu

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755




Póst dreifing

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. ***Örugglega til þín.***

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

# SKÓR ÚR LAXAROÐI

**HANDSAUMAÐIR HERRASKÓR** *Tískufyrirtækið RE 101 framleiðir íslenska herraskólínu úr laxaroði. Skórnir eru unnir úr roði sem annars yrði hent.*

Þau Snorri Jónsson og Judith Orlishausen hafa hannað nýja íslenska herraskólínu úr laxaroði undir vörumerkinu RE 101. Fyrirtækið hefur selt skólínu sína á Ítalíu um nokkurt skeið með góðum árangri. „Skórnir eru gerðir algjörlega úr roði. Það er tilvalið að nota roðið með öðru en erfiðara að gera heila skó úr því. Það fer mikið roð í þá og það er mikil vinna fyrir skósmiðinn að púsla bútunum saman. Það var því svolítið erfitt að fá framleiðendur til að gera þá,“ segir Snorri, hönnuður og meðeigandi RE 101.

Skórnir eru úr laxaroði frá Sjávarleðri á Sauðárkróki og eru handsaumaðir samkvæmt gamalli hefð í litlu upplagi af fjölskyldufyrirtækjum á Ítalíu og Portúgal, en RE 101 hefur valið þessa aðila af kostgæfni. „Það er stefna fyrirtækisins að skila framúrskarandi hönnun og gæðum, en bera samt fulla virðingu fyrir fólki og umhverfi. Þess vegna voru evrópsk fjölskyldufyrirtæki valin fram yfir verksmiðjur í Asíu og þetta sérstaka íslenska hráefni, laxaleður. Þessi áhersla á sjálfbærni í iðnaði er að aukast og fólk er farið að hugsa meira um umhverfið, menn, dýr og jarðveg. Því finnst gaman að vita að varan sé unnin úr aukaafurð úr matvælaframleiðslu sem annars yrði hent en í staðinn verður úr henni lúxusvara.“

Snorri segir gæðin í íslenska roðinu vera mjög mikil og ekki sambærileg annars staðar. „Ég hef sjálfur gengið í svona skóm og er með eitt tveggja ára par sem hefur verið notað við íslenskar aðstæður sem ég sýni kaupendum. Þeir líta mjög vel út og liturinn og áferðin situr mjög föst í roðinu.“

Nýja vetrarlínan fyrir veturinn 2013-2014 var að koma í hús hjá RE 101 nú á



dögunum. „Við erum tímanlega í þessu af því að skórnir taka tíma í framleiðslu. Sú lína er áætluð í sölu næsta haust en línan sem er í verslununum núna er mjög klassísk og við munum ekki skipta út heilum línum á hverju ári. Þessir skór verða því áfram í sölu.“

Nýju íslensku herraskórnir verða fyrst um sinn eingöngu fáanlegir á tveimur stöðum á landinu, í Kraum og í Duty free fashion á Keflavíkurflugvelli.

Skóframleiðsla er ekki það eina sem þau Snorri og Judith eru að dunda sér við því þau reka einnig fyrirtækið Reykjavík Distillery sem framleiðir nokkrar tegundir af víni. Flöskur fyrirtækisins hlutu á dögunum alþjóðleg hönnunarverðlaun og verða samstarfsfélagarnir, Snorri og Judith, í Berlín nú um helgina en þar fer fram opnunarhátíð sýningar á þeim vörum sem fengu verðlaun. „Verðlaunin eru mikil alþjóðleg viðurkenning á okkar hönnun sem við erum mjög stolt af.“ ■ **lilja.bjork@365.is**



**RE 101**
Hönnunarteymið Snorri og Judith ásamt Höllu Bogadóttur í Kraum sem er þeirra hægri hönd í skósölunni.
MYND/ANTON

---

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

eyrum eða þar til foreldrar mínir skildu. Eftir það bjó ég með mömmu hér og þar en fór vestur til pabba í öllum fríum. Þegar grunnskólagangan var hálfnuð flutti ég svo alfarinn í sveitina og kláraði skólaskylduna þar,“ útskýrir Ásmundur sem enn býr í Dölunum en leigir kjallaraíbúð í Vesturbænum þar sem hann dvelur í miðri viku.

„Þingmannsstörfin eru svipuð því og að vera úti á sjó. Kona mín og dætur prófuðu að búa hjá mér í höfuðstaðnum í fyrravetur en líkaði ekki veran fyrir sunnan. Við ákváðum því að skólaganga eldri stelpunnar hæfist í sveitinni,“ segir Ásmundur sem oftast fer heim á Lambeyrar um helgar.

**SVEITIN TOGAR**

„Sveitin togar alltaf enda hvergi betra að vera. Í sveitinni ríkir kyrrð og nálægð við náttúruna. Þar er allt hreinna og heilbrigðara. Þar gefst líka meiri tími til að vera saman og samfélag við fólk verður þéttara og nánara.“

Ásmundur segir vinnuvikurnar á þinginu of þéttbókaðar til að tími gefist fyrir heimþrá. „Ég sakna auðvitað fjölskyldunnar og missi af daglegri tilveru dætra minna. Því bera helgarfríin dálítinn keim af pabbahelgum en það er hluti af því að búa í sveit en vinna í borg,“ segir Ásmundur. Í helgarfríum gefst honum einnig tími til að næra bóndann í sjálfum sér. „Þá fer ég í fjárhúsgallann og gúmmískó, fæ skít undir neglurnar og sigg í lófa. Það er mér jafn mikil nauðsyn og að fara í smalamennsku til fjalla.“

**UPPRUNINN MIKILVÆGUR**

Ásmundur segir ekki hafa verið á stefnuskránni að verða



stjórnmálamaður. „Ég hef alltaf haft áhuga á nærsamfélaginu og á mér brenna málefni sem snúa að landsbyggðinni. Því leiddi eitt af öðru og ég endaði á þingi. Þar hef ég þó ekki hugsað mér að vera til eilífðarnóns, eða til þess eins að geta titlað mig alþingismann, en mig klæjar í fingurna að láta gott af mér leiða.“

Ásmundur lifir stoltur eftir þeirri kenningu að minnast uppruna síns, sögu og menningu. „Slíkur hugsunarháttur skiptir Íslendinga miklu um leið og þeir þurfa að vera opnir fyrir nýjungum og framtíðinni. Uppruninn er það sem gerir okkur að Íslendingum og að vera meðvituð um það gerir okkur sterkari og öflugri sem þjóð. Mér finnst örstutt síðan ég var barn og tíminn líður svo sannarlega hratt. Þegar maður er barn langar mann að verða stór en þegar maður er orðinn fullorðinn áttar maður sig á hversu frábært og áhyggjulaust líf það er að vera barn. Við megum því aldrei taka okkur svo hátíðlega að gleyma barninu innra með okkur. Ég lifi eftir því mottói.“ ■ **thordis@365.is**

**LÍFSGLEÐI**
„Þegar maður er barn langar mann að verða stór, en þegar maður er orðinn fullorðinn áttar maður sig á hversu frábært og áhyggjulaust líf það er að vera barn.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# HÓTEL HVOLSVÖLLUR

*Fallega suðrið*



## *Villibráðahlaðborð*

*10. Nóv* – Villibráðahlaðborð

*17. Nóv* – Villibráðahlaðborð

VERÐ FYRIR VILLIBRÁÐAHLAÐBORÐ OG GISTINGU
16.500 kr.- á mann. (9500 kr.- hlaðborð)

*Lifandi dinner tónlist og ball á eftir*



*Úlfar verður gestakokkur á Hótel Hvolsvelli 10. nóvember*

## *Jólahlaðborð með villtu ívafi*

*24. Nóv* - Jólahlaðborð

*1. Des* – Jólahlaðborð

*8. Des* – Jólahlaðborð

VERÐ FYRIR JÓLAHLAÐBORÐ OG GISTINGU
13.900 kr.- á mann. (6900 kr.- hlaðborð)

*Lifandi dinner tónlist og ball á eftir*



Hlíðarvegur 7 / 860 Hvolsvöllur / Tel: +354 487 8050 / fax: +354 487 8058
info@hotelhvolsvollur.is / www.hotelhvolsvollur.is

# Hestavað 1 og 3
110 Reykjavík

## LAUS STRAX!

**Stærð: 118-204 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-5**
**Byggingarár: 2007**
**Fasteignamat: 0**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



Opið Hús








**Sunnudaginn 21.oktober. 16:00-17:00.**

**Verð: 27.900.000**

## Möguleiki á 90% fjármögnun!

Lausar til afhendingar. Sérinngangur af svölum.

3ja herbergja íbúð á 1. hæð 118 fm, verð 27,9.
4ra herbergja íbúð á 2. hæð 124,6 fm., verð 29.9.
4ra herbergja íbúð á 1. hæð 124,1 fm., verð 29,9.
4ra herbergja íbúð á 2. hæð 133,5 fm., verð 33,9.
Penthouse 5 herbergja 202 fm verð 44,9.

Stæði í bílageymslu. Stórar geymslur.
Á gólfum er eikar parket og flísar. Eikar innréttingar í eldhúsi. Flísalögð baðherbergi. Flísalögð þvottahús innan íbúðar.

Möguleiki á 90% fjármögnun. 80% frá lánastofnun og auka 10% frá eiganda til 10 ára á 4,5 % vöxtum.



Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Njálsgata 112
105 Reykjavík
Flott íbúð í hjarta miðborgarinnar

**Stærð: 74,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1944**
**Fasteignamat: 17.200.000**

RE/MAX Senter



Opið Hús






Hrafnhildur Baldursdóttir
Sölufulltrúi
**862 1110**
hrafnhildur@remax.is

**Mánudaginn 22. okt. frá 18:00-18:30**

**Verð: 22.900.000**

Afar rúmgóð og nýlega endurnýjuð 2ja herbergja íbúð með sérinngangi í hjarta miðborgarinnar. Íbúðin er öll hin smekklegasta með eikarinnréttingum, mjög vel um gengin auk þess að vera ákaflega björt. Úr svefnherberginu er gengið út á rúmgóðar og skjólsælar suð-vestursvalir. Stutt göngufæri í verslun og þjónustu miðbæjarins og mjög góðar almenningssamgöngur eru á svæðinu.
Er þetta íbúðin sem þig hefur dreymt um? Hafðu þá samband og kíktu í opið hús á mánudag.



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Bakkastaðir 165
112 Reykjavík
Stutt í golf-stórkostlegt útsýni

**Stærð: 151,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1999**
**Fasteignamat: 28.550.000**

RE/MAX Senter



Opið Hús






Hrafnhildur Baldursdóttir
Sölufulltrúi
**862 1110**
hrafnhildur@remax.is

**Sunnudaginn 21. okt. frá 15:00-15:30**

**Verð: 37.500.000**

Hlýleg 4ra herbergja íbúð með sérinngangi og bílskúr á rólegum og góðum stað í Grafarvogi. Þrjú góð svefnherbergi (gengið út á suðursvalir úr hjónaherbergi), afar rúmgott eldhús með fínni vinnuaðstöðu ásamt góðum borðkrók auk þess sem útgengt er á góðar svalir fyrir grillarann. Þvottahús innan íbúðar. Dásamlegt útsýni til norðurs og vesturs yfir Esjuna og Snæfellsjökul. Rólegt og barnvænt hverfi, stutt í leik- og grunnskóla, golf og fallegar gönguleiðir. Kíktu í opið hús á sunnudag!



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**






**Verð: 49.900.000**

- 243,5 fm
- Gott verð á þessari eign, rétt um 200.000 á fm.

## Laxatunga
*270 Mosfellsbær*

RE/MAX Lind

**RE/MAX LIND kynnir:** Stórglæsilegt og vandað raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ. Um er að ræða glænýtt hús!

**Lýsing:** Neðri hæð: Forstofa, eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni og bílskúr. Efti hæð: 3 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, baðherbergi og þvottahús. Parket á öllu að undanskyldum baðherbergjum og þvottahúsi sem eru flísalögð. Granít á eldhúsinnréttingu og öllum sólbekkjum. Tvennar svalir, útgengi af jarðhæð beggja meginn.



**Guðmundur Kristjánsson**
Sölufulltrúi
8523332
gudmundur@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Lögg. fast. hdl.
5107 00
thorarinn@remax.is

# Vesturberg 4 (íb 302)
109 Reykjavík
Laus við kaupsamning

**Stærð: 100 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár:**
**Fasteignamat:**

RE/MAX Lind






Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

**Sunn… kl 17.00-17:30**

**Verð: 23.500.000**

Remax Li… kasölu stórglæsilega 4ra - 5 herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli í Vesturbergi þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Íbúðin er öll nýstandsett; gólfefni, innréttingar, hurðar og tæki - laus við kaupsamning. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, Hvítar háglans innréttingingar, upphengt salerni og þvottahús innaf baðherbergi. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300 eða thorey@remax.is.



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

RE/MAX®

Vönduð og fagleg þjónusta

**Framúrskarandi árangur**

heilsa –hafðu það gott

Heilsa er fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á heilsuvörum, s.s. vítamínum og bætiefnum, lífrænum matvörum, jurtum, fæðubótarefnum, vistvænum snyrtivörum og hreingerningarvörum. Fyrirtækið leggur mikið upp úr gæðum og góðri þjónustu. Vörurnar frá Heilsu fást í flestum heilsubúðum, apótekum og matvöruverslunum á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í tæp 40 ár.

# Framkvæmdastjóri

Heilsa ehf. óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra. Æskilegt er að viðkomandi hafi haldbæra reynslu af rekstri og stjórnun og hæfileika til að greina framtíðarmöguleika og viðskiptatækifæri.

**Helstu verkefni:**
- Dagleg stjórnun og yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins
- Framkvæmd og eftirfylgni við stefnu fyrirtækisins í rekstri og markaðsmálum
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Önnur verkefni í samstarfi við móðurfélag og stjórnarformann/stjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af skipulagðri og árangursríkri markaðssetningu er mikill kostur
- Þekking og reynsla af innflutningi og samskiptum við erlenda birgja er kostur
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir kostir
- Áhugi og þekking á heildverslun og heilsuvörum, lífrænum matvælum og öðrum vörum fyrirtækisins er mikill kostur

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is ásamt fylgigögnum.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

# Sérfræðingar

*Ráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, friðlýsingar, veiðistjórn, mengunarvarnir eiturefna-eftirlit, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðslu, skipulagsmál og fræðslu á sviði umhverfismála.*

*Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru 34 og skiptist starfsemi þess í fimm skrifstofur: skrifstofu yfirstjórnar, skrifstofu landgæða, skrifstofu hafs, vatns og loftslags, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar.*

*Nánari upplýsingar um ráðuneytið má finna á heimasíðu þess* ***www.umhverfisraduneyti.is***

## Á nýrri skrifstofu hafs, vatns og loftslags hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru lausar stöður tveggja sérfræðinga

### Á sviði málefna ferskvatns

**Helstu verkefni**
- Framkvæmd löggjafar um stjórn vatnamála, málefni ferskvatns og fráveitna
- Umsjón með framkvæmd EES-samningsins varðandi ferskvatn
- Málefni sem tengjast lífríki í ferskvatni og starfsemi Veiðimálastofnunar
- Önnur verkefni á skrifstofu hafs, vatns og loftslags

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði náttúrufræði, lögfræði eða stjórnsýslu
- Sérþekking og/eða starfsreynsla á sviði málefna ferskvatns og/eða umhverfismála almennt

### Á sviði málefna loftslagsmála

**Helstu verkefni**
- Framkvæmd regluverks um loftslagsmál á Íslandi
- Umsjón með innleiðingu og framkvæmd ákvæða EES-samningsins um loftslagsmál
- Upplýsingagjöf um loftslagsmál til alþjóðasamninga
- Önnur verkefni á skrifstofu hafs, vatns og loftslags, m.a. í tengslum við innleiðingu EES-samningsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Lögfræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sérþekking og/eða starfsreynsla á sviði loftslagsmála og/eða EES-samningsins

**Fyrir báðar stöður gilda eftirfarandi kröfur**
- Skilningur á flóknum stjórnsýslulegum viðfangsefnum
- Færni í mótun stefnu, lausna og hugmynda
- Færni í verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna undir álagi
- Góð tjáning og boðskipti, á íslensku og ensku
- Reynsla og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Reynsla af alþjóðlegum samskiptum

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**Helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir




*Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem gegnir forystuhlutverki á sínu sviði, samhæfir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi og er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Hagstofan sinnir rannsóknum og safnar, vinnur og miðlar áreiðanlegum hagtölum sem lýsa samfélaginu. Stofnunin stuðlar að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum með því að tryggja öllum sama aðgang að upplýsingum.*

## Sérfræðingur við rannsóknir og gagnasöfnun

**Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í Rannsóknir og gagnasöfnun. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofu Íslands.**

**Starfssvið**

- ✓ Að undirbúa, forprófa og skipuleggja rannsóknir.
- ✓ Að vinna við framkvæmd rannsókna.
- ✓ Að forvinna gögn úr rannsóknum og gera þau aðgengileg til úrvinnslu.
- ✓ Að vera ráðgefandi við undirbúning gagnasöfnunar.
- ✓ Þátttaka í teymi sem vinnur að mótun og þróun aðferða við gagnasöfnun.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- ✓ Góð aðferðafræði- og tölfræðikunnátta er nauðsynleg.
- ✓ Þekking á tölfræðihugbúnaði (svo sem R, SPSS).
- ✓ Reynsla af gagnasöfnun er kostur.
- ✓ Góð samstarfs- og samskiptahæfni.
- ✓ Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

Hagstofa Íslands

Umsóknarfrestur er til og með **5. nóvember 2012**. Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að sá sem ráðinn verður geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

*Póstáritun* Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík
*Netfang* starfsumsokn@hagstofa.is
*Upplýsingar* Ólafur Arnar Þórðarson *[olafur.thordarson@hagstofa.is]*

apmedia
www.apmedia.is

## BÓKARI

Tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækið AP Media leitar að reyndum bókara í 50% starf, fyrir eða eftir hádegi. Möguleiki er á fullu starfi í framtíðinni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldi skilyrði.
- Reynsla af DK er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð.

Áhugasamir sendi inn umsókn með ferilskrá ásamt meðmælum á *umsokn@apmedia.is* eða berist á skrifstofu AP Media, Skúlatúni 2,105 Reykjavík, merkt AP Media/bt. sölustjóra.

*Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember.*

# Ert þú framúrskarandi?

## Rue de Net leitar að metnaðarfullum forritara



**Við leitum að aðila sem hefur reynslu af:**

· Microsoft Dynamics NAV forritun
· Forritun viðskipta- og verslunarkerfa
· Almennri forritun í bókhaldi

**Einnig er kostur ef viðkomandi þekkir:**

· Microsoft SQL og vinnslu gagnagrunna
· Forritun í Microsoft .NET umhverfinu (Visual Studio og C#)
· Almennri vefforritun og vefþjónustum Microsoft (ASP.NET og WCF)

Við leitum að aðila sem hefur brennandi áhuga á forritun og ef eitthvað vantar uppá reynsluna er gott umhverfi til að læra hjá okkur. Við leggjum áherslu á fjölskylduvænt vinnuumhverfi og gerum vel við fólkið okkar.

Ekki hika við að hafa samband en allar nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk. Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, talent.is

REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF

Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavík - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is

rue de net
www.ruedenet.is

# Innréttingasmiðir

**Sérverk** óskar eftir vönum innréttingasmiðum á verkstæði. Umsóknir sendist á serverk@serverk.is

**Vísir hf óskar eftir Vélaverði á Sighvat GK 57**

Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél. Vinsamlegast sækið um á **www.visirhf.is**

VÍSIR

COMFORT SNYRTISTOFA

**Laus aðstaða fyrir nuddara og naglafræðing**

Áhugasamir hafi samband á berglind@comfortsnyrtistofa.is
Álfheimar 6, 104 Rvk. www.comfortsnyrtistofa.is

# Spennandi tækifæri

Gólflagna fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vill ráða metnaðarfullan mann til framtíðarstarfa. Þarf að vera í líkamlega góðu ástandi. Æskilegur aldur 20 til 25 ára. Þarf að hafa hreint sakavottorð,ökuréttindi og aðstæður til að geta ferðast innanlands.
Góð laun og starfsumhverfi fyrir duglegan einstakling.

Vinsamlegast sendið tölvupóst með upplýsingum á golfefni@gmail.com




DISCOVERY CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

vistor
Bakhjarl fyrir betri líðan

*Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum á Íslandi. Við erum samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja.*
*Vistor er fyrirmyndarfyrirtæki VR 2012.*






# Flott starf hjá fyrirmyndarfyrirtæki

## Vistor óskar eftir að ráða drífandi og áhugasaman starfsmann í krefjandi starf sölufulltrúa fyrir Sanofi á Íslandi

**Helstu verkefni:**

- Sala og markaðssetning lyfja, kynningar og fræðslufundir fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðra hagsmunaaðila í samræmi við markmið og áætlanir birgja og deildarinnar
- Þátttaka í þjálfun og ráðstefnum erlendis

**Hæfni og eiginleikar:**

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og ánægja af samstarfi við fólk
- Háskólamenntun af heilbrigðissviði
- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða lýðheilsufræða æskileg
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Góðir greiningar- og skipulagshæfileikar
- Mjög góð kunnátta í ensku og kunnátta í Norðurlandamáli æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skilja, styðja og hegða sér í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins

*Nánari upplýsingar um starfið veita Haraldur S. Þorsteinsson markaðsstjóri Sanofi s. 824 7106 og Vilborg Gunnarsdóttir starfsmannastjóri s. 824 7136. Umsóknarfrestur er til og með 29. október 2012. Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Vistor www.vistor.is og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrár fylgja með. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.*

SANOFI

**Gildi Vistor eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2012

Capacent Ráðningar

# FORSTÖÐUMAÐUR VERÐBRÉFAMARKAÐSEFTIRLITS

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða lögfræði- eða viðskiptamenntaðan einstakling með reynslu af fjármálamarkaði til að veita verðbréfamarkaðseftirliti forstöðu. Leitað er að öflugum leiðtoga til að taka þátt í uppbyggingu verðbréfamarkaðseftirlits og móta áherslur í starfi einingarinnar í samvinnu við framkvæmdastjóra. Um nýja stöðu er að ræða og heyrir staðan undir framkvæmdastjóra vettvangsathugana.**

**Starfssvið:**

- Stjórnun starfseiningar sem fer með eftirlit á verðbréfamarkaði
- Mótun og eftirfylgni áætlana í einingunni
- Verkefnastýring og aðkoma að starfsmannamálum
- Sáttagerð og undirbúningur stjórnvaldsviðurlaga
- Þátttaka í innra starfi FME
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættispróf í lögfræði og / eða prófgráða t.d. á sviði viðskipta, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármálamarkaði æskileg
- Starfsreynsla úr stjórnsýslunni kostur
- Próf í verðbréfaviðskiptum kostur
- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum æskileg
- Góð samskiptahæfni, faglegur metnaður, sjálfstæði og frumkvæði nauðsynleg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphöll o.fl . Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent




ELKO AUGLÝSIR LAUST STARF TIL UMSÓKNAR

# DEILDARSTJÓRI ÞJÓNUSTUDEILDAR

**Hæfniskröfur:**

- Umsækjandi sé 25 ára eða eldri
- Hafi reynslu og þekkingu af þjónustustörfum
- Sé kraftmikill einstaklingur sem getur unnið sjálfstætt og geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir
- Vera gríðarlega skipulagður
- Hafi dugnað og þor til að takast á við krefjandi verkefni
- Búi yfir miklum samskiptahæfileikum
- Geti leyst vandamál og tekið rétta ákvörðun undir álagi
- Hafi góð meðmæli og góða ferilskrá
- Hafi hreint sakavottorð

**Starfslýsing:**

Deildarstjóri þjónustudeildar heldur utan um eftirkaupaþjónustu og afgreiðslukassa ELKO í Lindum.

Deildarstjóri vinnur náið með þjónustustjóra, verkstæðisfulltrúa, svæðisstjórum, lagerstarfsmönnum og verslunarstjóra.

Deildarstjóri hefur í samvinnu við verslunarstjóra mannaforráð í þjónustudeild.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur eftir álagstímum en er almennt 11 - 19 virka daga og svo annan hvern laugardag frá 11 - 18.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til verslunarstjóra ELKO Skógarlind á netfangið sofus@elko.is fyrir 31.10.2012
Öllum umsóknum verður svarað.

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ




TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# Vegna aukinna umsvifa

## óskum við eftir að ráða öfluga bifvélavirkja

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

### Bifvélavirkjar - Almennar viðgerðir

**Starfssvið:**

- Almennar bílaviðgerðir
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvæðni og vinnugleði

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 27. október á netfangið atvinna@toyota.is, merkt starfi sem sótt er um.**

Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is

Bifreiðaverkstæði Toyota Kauptúni er eitt hið glæsilegasta á landinu. Þar eru 47 stæði, 15 olíubarir og allur aðbúnaður bifvélavirkja eins og best verður á kosið.

Toyota Kauptúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabil verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Þar starfar metnaðarfullur hópur starfsmanna eftir gildum Toyota „The Toyota Way“ sem eru lykillinn að velgengni fyrirtækisins.

Framtíðarsýn okkar er:
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi“

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

BAADER
BAADER ÍSLAND ehf

**Vantar fólk í eftirfarandi stöður:**

**Rennismiði**
**Vélvirkja**
**Rafvirkja**
**Vana Baader viðgerðamenn**

**Tökum einnig að okkur nema**

Nánari upplýsingar sendið póst á jonvalur@baader.is

# Starf í Fatasöfnun Rauða krossins

Rauði krossinn óskar eftir að ráða starfsmann í Fatasöfnun Rauða krossins Skútuvogi 1, Reykjavík. Um er að ræða heilsdags starf þar sem unnið er að flokkun fatnaðar í samvinnu við sjálfboðaliða og starfsfólk.

**Starfssvið:**

- Umsjón með flokkun á notuðum fatnaði fyrir Rauðakrossbúðirnar
- Fræðsla og leiðbeiningar fyrir sjálfboðaliða
- Taka við og ganga frá pöntunum frá Rauðakrossbúðunum
- Önnur tilfallandi störf í flokkunarstöð Fatasöfnunar

**Hæfniskröfur:**

- Þekking og áhugi á fatnaði og tísku, hönnun og helstu vörumerkjum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Örn Ragnarsson verkefnisstjóri Fatasöfnunar í síma 894-1953, netfang fataflokkun@redcross.is .

**Umsóknarfrestur er til 31. október.** Umsóknir sendist á netfangið fataflokkun@redcross.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað.

Rauði krossinn



*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

**Launafl óskar eftir að ráða:**

# Reynda rafvirkja

**með full réttindi til starfa nú þegar**

**Nánari upplýsingar veitir**
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

# LJÓSGJAFINN
rafverktakar Akureyri

**Leitar eftir vönum rafvirkja til starfa.**
Um framtíðarstarf er ræða.

Nánari upplýsingar veittar og tekið á móti umsóknum í netfanginu:
*gummi@ljosgjafinn.is*

Umsóknarfrestur til 26.október

**LJÓSGJAFINN**

---

HELSE PERSONAL AS

## Nurse Jobs in Norway

Helse Personal Ltd seeking dedicated and highly skilled nurses to various assignments in Bergen and Western Norway to work within nursing homes and home care.

We offer good salaries and excellent customer support.

You must master the Norwegian, Danish or Swedish language well, both written and oral.

**We are in Reykjavik City Hall, Rådhuset, Tjarnagata 11, 26.10.12 and 27.10.12**
**Reykjavik City Hall will be open from 16:00-19:00 on Friday the 26th and from 12:00-17:00 on Saturday the 27th**

Please contact us anytime for a personal meeting on Friday and Saturday.

**Contact:** Trude Vereide, +47 908 30 003
and Kathrin Omland + 47 918 49 142
email: post@helsepersonal.no, www.helsepersonal.no

---

starf@tollur.is

# SPENNANDI VETTVANGUR SEM VERT ER AÐ SKOÐA!

***Tollstjóri leitar að háskólamenntuðu fólki til að verða sérfræðingar í tollamálum. Verkefni Tollstjóra taka mið af bestu framkvæmd og alþjóðlegum stöðlum og fela meðal annars í sér alþjóðleg samskipti, verkefnastjórnun, ferlaþróun, samskipti við atvinnulíf, ráðuneyti og aðrar stofnanir. Í boði eru mikil tækifæri og starfsnám fyrir rétta aðila, áhugaverð og krefjandi störf sem henta jafnt konum sem körlum.***

### Í verkefnum sérfræðings getur m.a. falist:

» Endurhönnun verkferla.
» Samskipti við atvinnulíf, ráðuneyti og aðrar stofnanir og samstarfsaðila.
» Alþjóðleg samskipti.
» Skýrslugerð.
» Tölfræði.
» Rannsóknarvinna.
» Rafræn tollafgreiðsla.
» Verkefnastjórnun.

### Hæfniskröfur:

» Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Til dæmis kennaramenntun, stjórnmálafræði, félagsfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða hagfræði.
» Góðir greiningarhæfileikar, talnalæsi, samskiptafærni, yfirsýn, frumkvæði, skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð, tölvufærni og góð enskukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir í síma 560-0379. Umsókn merkt **„sérfræðingur í tollamálum“** skal skila rafrænt á netfangið starf@tollur.is fyrir 3. nóvember nk.

*Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu munu taka mið af þessum gildum.*
*Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðeigandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.*
*Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.*

*Við verndum samfélagið og tryggjum ríkinu tekjur*
*Traust - Samvinna - Framsækni*

TOLLSTJÓRI

---



Veðurstofa Íslands

# Kerfisstjóri

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða kerfisstjóra til að sinna rekstri og viðhaldi vefkerfa Veðurstofunnar. Kerfisstjórinn mun starfa í upplýsingatæknihóp Veðurstofunnar sem er hluti af *Fjármála- og rekstrarsviði.*

**Hlutverk**
Kerfisstjóri vefkerfa Veðurstofunnar hefur umsjón með, setur upp, prófar og rekur marga ytri og innri vefi, vefþjónustur og aðra bakenda. Kerfisstjórinn sér um innleiðingaferli (deployment) og tekur þátt í viðmótsprófunum vefja. Hann sér um samskipti við aðra þjónustuaðila vefkerfa og kemur að kerfishönnun. Einnig er möguleiki á að hann taki að sér minni vefþróunarverkefni.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Menntun eða reynsla á sviði kerfisfræða, s.s. tölvunar- eða kerfisfræði
- Reynsla af umsjón og rekstri tölvukerfa og þá sérstaklega vefkerfa
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Reynsla af innleiðingu vefkerfa
- Góð þekking á Linux stýrikerfum og skeljaskriftum
- Þekking á vefkerfum, s.s. Apache HTTP Server og Tomcat
- Þekking á notkun gagnagrunna s.s. MySQL, DB2 eða SQLserver, er kostur
- Kunnátta í forritunarmálum, s.s. Python, Java, JavaScript er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

# Sérfræðingur í upplýsingatækni

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í upplýsingatækni. Sérfræðingurinn mun starfa í upplýsingatæknihóp Veðurstofunnar sem er hluti af *Fjármála- og rekstrarsviði.*

**Hlutverk**
Hlutverk sérfræðingsins er tvíþætt. Annars vegar að sjá um uppsetningu og rekstur á kerfum frá Microsoft og sérhæfðum kerfum Veðurstofunnar, og hins vegar að taka þátt í þróun. Sérhæfðu kerfin keyra flest í Microsoft umhverfi og eru upplýsingakerfi tengd vatnafræði, jarðvísindum og landfræði.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Menntun eða reynsla á sviði kerfisfræða, s.s. tölvunar- eða kerfisfræði
- Reynsla af umsjón og rekstri tölvukerfa.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Góð þekking á Microsoft hugbúnaði, s.s. Windows Server, IIS og SQL Server
- Æskileg er þekking á Landfræðilegum upplýsingakerfum, s.s. ArcGIS, landfræðilegum grunnum
- Þekking á vefþjónustum (SOA) s.s. SOAP eða REST, er kostur
- Þekking og reynsla í forritun, s.s. .NET, ASP.NET, Visual Studio, Java, JavaScript
- Gott vald á íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar um starfið veita **Vigfús Gíslason** hópstjóri UT (**gislason@vedur.is** , 5226000) og **Borgar Ævar Axelsson** mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**, 5226000).*

*Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.*

*Umsóknarfrestur til og með*
***5. nóvember 2012***

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni.** Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000

# VAKTSTJÓRI ÓSKAST!

**KREFJANDI STARF!**

**English Pub** Austurstræti óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á líflegum og skemmtilegum stað. Umsækjendur verða hafa **reynslu af því að starfa á bar**, **metnað í starfi** og verða að vera **eldri en 20 ára**. Nánari upplýsingar fást í síma 697 9003.

Umsækjendur sendi **umsókn ásamt ferilskrá og mynd** á tölvupóstfangið **ingvar@enskibarinn.is**

THE ENGLISH PUB

**Save Water, Drink Beer**

---

Mekka Wines&Spirits

## Lagerstarfsmaður óskast

Mekka Wines & Spirits leitar að jákvæðum og glöggum samstarfsfélaga með reynslu af lagerstörfum og/eða útkeyrslu. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Starfið:**

- Móttaka vara og tiltekt pantana
- Útkeyrsla
- Önnur lagerstörf

**Hæfniskröfur:**

- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af lagerstörfum eða útkeyrslu vara
- Meirapróf er kostur

Þeir sem hafa áhuga skili inn umsókn á netfangið umsokn@mekka.is með upplýsingum um menntun og starfsreynslu (ásamt mynd). **Umsóknarfrestur er til 25. október 2012.**

---




Við leitum að öflugum sölumanni í **Ellingsen Reykjavík** með brennandi áhuga á stangveiði og skotveiði ásamt almennri útivist.

Starfið felur m.a. í sér sölu á stang- og skotveiðivörum. Ellingsen selur m.a. veiðistangir og hjól frá Loop, Hardy og Greys ásamt rifflum og haglabyssum frá Remington, Browning, Baikal og Winchester.

Umsækjendur þurfa að hafa ríka þjónustulund auk þess að hafa áhuga á og stunda útivist.

Vinnutími er virka daga kl. 9–18 og annan hvern laugardag kl. 10–16.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Guðjónsson verslunarstjóri, bjarnig@ellingsen.is. Umsóknir þurfa að berast í tölvupósti til starfsmannastjóra, **rbg@ellingsen.is, fyrir 26. október.**

### HELSTU VERKEFNI

- Sala á stangveiðibúnaði
- Sala á útivistarvörum
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Umhirða sölusvæðis

### HÆFNISKRÖFUR

- Áhugi á stang- og skotveiði
- Áhugi á útivist
- Áhugi á sölumennsku

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122899

---

## Okkur vantar fleiri STARFSMENN

**Vegna aukinna umsvifa vantar okkur sölumann með góða þekkingu á faginu**




**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**
**Upplýsingar gefur Páll í síma 860-4460 eða palli@vatnsvirkinn.is**

VATNSVIRKINN
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

---

## SOLUND VERFT AS




### Solund Verft are seeking for

**Mechanic, machinist/ Electro mechanic/ Surface handler, Industrial painter**

**Ship Yard activity:** Reparation, maintenance and construction of ships and ship equipment.
The Yard also has ongoing contracts for three new buildings.

All vacancies demand a minimum of good English knowledge.
The company has a good pension plan.

Company helpful finding housing and work for possible living partner.
Contact Mr.Eide post@solundverft.no or 0047 91651051

For more information also www.eures.is and www.solund.kommune.no

---




GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í **DINERS, DRIVE-INS & DIVES** Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

## Hjúkrunarfræðingar / Læknar
Skurð- og Svæfingahjúkrunarfræðingar

**Við hjá Xtra Personell Care vinnumiðlun verðum í Ráðhúsi Reykjavíkur á Euros starfakynningunni föstudaginn 26. október frá kl. 16-19 og laugardaginn 27. október frá kl. 12-17.**

**Endilega kíkið á okkur og fáið upplýsingar um störf heilbrigðisstarfsfólks í Noregi.**

**Hlökkum til að sjá ykkur.**

**Eyrún - Liv og May Britt**


INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Tvö embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur laus til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laus til umsóknar, embætti tveggja dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. ákvæði laga um dómstóla nr. 15/1998. Miðað er við að skipað verði í embættin frá og með 1. janúar 2013, eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu í samræmi við 4. gr. a, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 7. nóvember nk.

*Innanríkisráðuneytinu,*

*17. október, 2012.*

# VILT ÞÚ STARFA Í BANKA ATVINNULÍFSINS?

## Innri endurskoðun

Stjórn MP banka óskar eftir að ráða innri endurskoðanda bankans. Innri endurskoðun starfar óháð öðrum deildum í skipulagi bankans, er þáttur í eftirlitskerfi hans, heyrir undir stjórn og ber ábyrgð gagnvart henni og endurskoðunarnefnd, sem er þriggja manna undirnefnd stjórnar. Nefndin gerir tillögu til stjórnar um val á innri endurskoðanda.

**Starfssvið og ábyrgð**
- Leiðir, skipuleggur og stjórnar starfsemi innri endurskoðunar
- Metur hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé í fullnægjandi horfi
- Vinnur með stjórnendum til að tryggja að til staðar sé skilvirkt eftirlitsumhverfi
- Hefur yfirsýn yfir eftirlitsþætti s.s. áhættustjórnun, öryggi, fylgni við lög og reglur
- Samhæfir störf innri endurskoðunar við aðrar eftirlitseiningar innan bankans
- Umsjón með úttektum og skýrslugjöf til endurskoðunarnefndar og stjórnar

**Hæfni og þekking**
- Meistarapróf í reikningshaldi og endurskoðun eða sambærilegt
- Þekking og reynsla af endurskoðun eða störfum á fjármálamarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Skipulögð, hlutlæg og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt

## Regluvörður og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti

MP banki óskar eftir að ráða regluvörð og ábyrgðarmann samkvæmt lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti o.fl. til starfa.

Um hlutverk regluvarðar í starfsemi bankans fer samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja, erindisbréfi regluvarðar og innri reglum bankans. Hlutverk ábyrgðarmanns vegna aðgerða bankans gegn peningaþvætti, er að bera ábyrgð á að ákvæðum laga gegn peningaþvætti o.fl. nr. 64/2006 auk reglugerða, reglna, leiðbeinandi tilmæla og innri reglna bankans sé framfylgt.

**Starfssvið og ábyrgð**
- Eftirlit, áætlanagerð og skýrsluskil
- Umsjón og þátttaka í reglulegri endurskoðun innri reglna
- Fræðsla og ráðgjöf til starfsmanna
- Samskipti við eftirlitsaðila
- Náið samstarf við lögfræðisvið

**Hæfni og þekking**
- Skipulögð, öguð og vönduð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af bankastarfsemi eða önnur sambærileg reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á lögum og bestu framkvæmd við regluvörslu og aðgerðir gegn peningaþvætti
- Próf í lögfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Nathalía Druzin Halldórsdóttir nathalia@radum.is og Hildur Erla Björgvinsdóttir hildur@radum.is hjá Ráðum atvinnustofu í síma 5196770. Umsóknarfrestur er til og með 31. október n.k.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf. Farið er með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

## Um MP banka

MP banki er ört vaxandi íslenskur viðskiptabanki með um 120 starfsmenn. Hann er leiðandi í fjárfestingarbankastarfsemi, þekktur fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum, og er auk þess eini íslenski bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila.

Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

mpbanki
banki atvinnulífsins


# Vantar þig starfsmann?
**- við leysum málið.**

**Nánari upplýsingar hjá Vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144



# SÖLURÁÐGJAFI

Valfoss óskar eftir öflugum og hugmyndaríkum söluráðgjafa til starfa til að þróa hugmyndaríkar markaðs- og auglýsingavörur fyrir mörg stærstu fyrirtæki landsins. Valfoss sérhæfir sig einnig í sölu á gjafavörum til fyrirtækja og framundan er skemmtilegur tími í jólasölu.





Gjafafélagið Valfoss sérhæfir sig í vönduðum og frumlegum markaðslausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir ásamt innflutningi á hágæða gjafavöru fyrir endursöluaðila og fyrirtæki.

## Starfsvið

- Umsjón lykilviðskiptavina félagsins
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Þáttaka í mótun markaðsstefnu
- Samskipti við erlenda birgja

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskipta eða markaðsfræðum æskileg
- Reynsla úr markaðsmálum eða sambærilegu starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta

## Umsóknarfrestur er til 4. nóvember 2012

Nánari upplýsingar veitir Eva Rós Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Valfoss á netfangið eva@valfoss.is

Vinsamlegast sendið starfsumsókn á netfangið valfoss@valfoss.is. Fullum trúnaði heitið.

GJAFAFÉLAGIÐ
VALFOSS
Skemmuvegur 6
200 Kópavogur
Sími 552 8400
www.valfoss.is



# SÖLUFULLTRÚI HJÁ SLÁTURFÉLAGI SUÐURLANDS.

**Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða sölufulltrúa sem fyrst, um er að ræða 100% starf.**

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Reynsla úr sambærilegu starfi kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reglusemi og stundvísi

**STARFSLÝSING:**

- Söluheimsóknir til viðskiptavina
- Áfyllingar í verslunum
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda

**UMSÓKNIR ÁSAMT FERILSKRÁ MERKT SÖLUFULLTRÚI SENDIST FYRIR FÖSTUDAGINN 26. OKT. Á THORHILDUR@SS.IS**

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 300 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.

**WWW.SS.IS**

SS fremstir fyrir bragðið

Rafmiðlun

## Rafvirkjar og rafvirkjanemar

Rafmiðlun hf óskar eftir rafvirkjum og rafvirkjanemum. Um er að ræða verkefni á vegum fyrirtækisins hérlendis sem og erlendis. Viðkomandi verða að geta hafið störf fljótlega. Hægt er að fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar: www.rafmidlun.is -
Nánari upplýsingar í síma 843 3524

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti þriggja héraðsdómara laus til setningar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laus til umsóknar embætti þriggja héraðsdómara til setningar, meðan á leyfi skipaðra dómara stendur en ráðherra setur í embættin að fenginni ábendingu dómstólaráðs, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Um er að ræða þrjár setningar í embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur. Annars vegar tvær setningar í hálft ár, eða frá og með 1. janúar 2013 til og með 30. júní 2013 og hins vegar eina setningu í ár, eða frá og með 1. janúar 2013 og til og með 31. desember 2013.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi yfirmenn/samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Í umsókn skal tekið fram með skýrum hætti, hvort sótt sé um öll embættin. Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 7. nóvember nk.

*Innanríkisráðuneytinu,*

*17. október, 2012.*

# BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun.

Hæfniskröfur:

- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:

- Ekki faglærður bifvélavirki
- Fúll á móti
- Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 2. nóvember 2012

**TÉKKLAND**
Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Sími 414 9900 / www.tekkland.is




# Vegna aukinna umsvifa

## óskum við eftir að ráða öfluga bifreiðasmiði

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

### Bifreiðasmiður

**Starfssvið:**
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifreiðasmíði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 27. október á netfangið atvinna@toyota.is, merkt starfi sem sótt er um.**

Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is

Málningar- og réttingaverkstæði Toyota Kauptúni er eitt hið glæsilegasta á landinu. Þar er unnið eftir hringflæði sem þýðir að bíllinn fer í rökréttu flæði úr réttingu í undirbúning, þaðan í málun og svo í eftirvinnslu og gæðaskoðun. Á verkstæðinu eru 6 undirbúningsstæði og tveir vatnskynntir máningarklefar, 32 stæði alls á 1800 fm. gólffleti.

Toyota Kauptúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabil verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Þar starfar metnaðarfullur hópur starfsmanna eftir gildum Toyota „The Toyota Way" sem eru lykillinn að velgengni fyrirtækisins.

Framtíðarsýn okkar er:
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi"

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

# Atvinnutækifæri í Evrópu

## Vinnumálastofnun og EURES standa fyrir starfakynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 26. og 27. október.

**Föstudagur 26. október kl. 16:00 - 19:00.**
**Laugardagur 27. október kl. 12:00 - 17:00.**

Á kynningunni verða kynnt laus störf og veittar upplýsingar um starfs- og búsetuskilyrði víða í Evrópu. Einnig gefst fólki færi á að ræða beint við atvinnurekendur. Sjá má hluta þeirra starfa sem í boði eru á síðunni *www.eures.is* með því að smella á „Laus störf".

**Einkum er eftirspurn eftir fólki úr eftirtöldum starfsstéttum:**
Mikil eftirspurn er eftir flestum starfsstéttum í byggingariðnaði svo sem arkitektum, húsasmiðum, rafvirkjum, málurum, járnamönnum, pípulagningarmönnum ofl. Einnig eru í boði störf fyrir bílstjóra, kranamenn, bifvélavirkja, vélvirkja, í iðnaði og vörustjórnun.
Áfram er eftirspurn eftir verkfræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og fólki með menntun í hugbúnaðargeiranum.

**Eftirtalin fyrirtæki kynna laus störf og taka á móti umsóknum:**
Frá Noregi koma fulltrúar Dips ASA, Stongfjord Vekst AS, Network Scenario Automation AS, Helse Personal AS, Solund Verft AS, Rett Bemanning AS og CBA Fagformidling.

**EURES ráðgjafar frá Noregi, Svíþjóð, Hollandi og Litháen kynna atvinnutækifæri í sínum löndum.**

VINNUMÁLA STOFNUN

EURES
European Employment Services
www.eures.is

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS HÁSKÓLABÓKASAFN

# Fagstjóri Íslandssafns

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf fagstjóra Íslandssafns.**
Landsbókasafn varðveitir eintak af öllu prentuðu efni útgefnu á Íslandi frá upphafi prentlistar. Íslandssafn annast þjónustu á þessum ritakosti á lestrarsal á 1. hæð. Fagstjóri ber ábyrgð á umbúnaði og varðveislu ritakosts Íslandssafns og notendaþjónustu við gesti safnsins. Fagstjóri heyrir undir sviðsstjóra varðveislu og stafrænnar endurgerðar.

## Starfssvið
- Umsjón og ábyrgð á daglegu starfi Íslandssafns, þ.m.t. vaktaskipulag og þjónustustjórn
- Notenda– og upplýsingaþjónusta
- Umsjón með ritakosti Íslandssafns, geymslum og lestrarsal
- Eftirlit með varaeintakasafni í Reykholti

## Menntunar– og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- A.m.k. 5 ára hagnýt starfsreynsla
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góð tungumálakunnátta: íslenska, enska og Norðurlandamál
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Skipulagshæfileikar og mikil samskiptafærni
- Áhugi á íslenskri menningu, bókaútgáfu og bóksögu

**Starfið er laust frá 1. janúar 2013. Um er að ræða 100% starf.**

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Örn Hrafnkelsson sviðsstjóri varðveislu og stafrænnar endurgerðar, s. 525-5631, orn@landsbokasafn.is
Vigdís Edda Jónsdóttir starfsmannastjóri, s. 525-5701, vigdise@landsbokasafn.is
Umsóknarfrestur er til og með **4. nóvember 2012**.
Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

---

Vegna aukinna umsvifa óskar Land og Saga eftir að ráða starfsmann í sölu auglýsinga. Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur, árangursdrifinn, jákvæður og tilbúinn til þess að leggja hart að sér.

Hæfniskröfur:
Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
Góð tölvukunnátta
Reynsla af sölustörfum er kostur

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á erna@icelandictimes.com
Land og Saga gefur út ritin hugvit & hönnun, og Icelandic Times á ensku, frönsku og þýsku.

---

HEYRNARHJÁLP

## Heyrnarhjálp óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið.

**Starfslýsing:**
Framkvæmdastjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri félagsins, fjárreiðum, mannahaldi, útgáfustarfsemi og þjónustu við félagsmenn. Framkvæmdastjóri tekur virkan þátt í norrænu samstarfi systursamtaka og við aðra þá sem eflt geta og stutt félagið. Framkvæmdastjóri mótar markmið og stefnu félagsins í samvinnu við stjórn.

**Hæfniskröfur:**
Framkvæmdastjóri þarf helst hafa þekkingu á heyrnarskerðingu, afleiðingum hennar og úrræðum.
Hann þarf að vera vel ritfær á íslensku, geta tekið að sér ritstjórn og skrif og metið fagleg gæði upplýsinga.
Góð samskipta-og rithæfni í norðurlandamáli og ensku.

Áhugasamir senda upplýsingar til formanns félagsins á netfangið daniel@dgb.is **fyrir 15. Nóvember 2012.**
Öllum umsóknum verður svarað.

---

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

## Gjaldeyriseftirlit - lögfræðingar

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðinga til starfa í gjaldeyriseftirliti bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Helstu verkefni lögfræðinga í gjaldeyriseftirliti eru að framfylgja lögum um gjaldeyrismál. Í því felst meðal annars að afgreiða beiðnir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál, svara fyrirspurnum er lúta að túlkun laga um gjaldeyrismál, annast eftirlit með framkvæmd laga um gjaldeyrismál auk rannsókna á meintum brotum á lögunum og reglum settum á grundvelli þerra. Starfi þeirra fylgir einnig samskipti við innlenda og erlenda aðila og stofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði frá háskóla sem viðurkenndur er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006
- Þekking og reynsla af stjórnsýslumeðferð mála og af fjármálamarkaði er kostur
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Æskilegt er að umsækjendur getið hafið störf hið fyrsta.

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Jón Karlsson, forstöðumaður, í síma 569-9600.**

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi 4. nóvember næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Vaktstjóri

Innflutnings- og dreifingarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða reyklausan einstakling í starf vaktstjóra.
Unnið er á vöktum sem eru frá kl. 08:00 til kl. 16:30 og frá kl. 12:30 til kl. 21:00.

» **Starfssvið**
- Eftirlit með viðveru starfsfólks
- Ber ábyrgð á sinni vakt í fjarveru lagerstjóra
- Skipulagning tínslu og ábyrgð á tiltekt og frágangi
- Almenn lagerstörf

» **Hæfniskröfur**
- Reynsla af mannaforráðum kostur
- Skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta

# Aðstoðarmaður gæðastjóra

Einnig er leitað að reyklausum einstaklingi í starf aðstoðarmanns gæðastjóra hjá sama fyrirtæki.
Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 16.30 alla virka daga.

» **Starfssvið**
- Aðstoða gæðastjóra við gæðaeftirlit
- Eftirlit með umgengni og þrif á lager
- Gámalosun og móttaka flugsendinga
- Önnur tilfallandi störf

» **Hæfniskröfur**
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og reglusemi

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

# ERT ÞÚ Á SKRÁ

**Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!**

vinna.is
sími: 511 1144

# Vélahönnuður

Okkur vantar vélahönnuð í kjötiðnaðarsetur (Industry Center Meat) í hönnun vélbúnaðar fyrir söluverkefni. Marel hefur í mörg ár unnið náið með nokkrum af framsæknustu fyrirtækjum heims í kjötvinnslu og byggt upp mikla sérfræðiþekkingu. Við hönnum lausnir á öll stigum framleiðslu frá slátrun til pökkunar, hvort sem um er að ræða stöðluð tæki eða heildarlausnir og framleiðslulínur.

**Starfssvið:**

- Hönnun á vinnslubúnaði, færiböndum og tækjum til kjötvinnslu
- Viðhald og endurhönnun núverandi tækja og lausna
- Samskipti við verkefnastjóra og framleiðslu

**Hæfniskröfur:**

- Tæknimenntun á vélasviði, s.s í véliðnfræði, véltæknifræði, vélaverkfræði eða sambærileg menntun.
- Þekking á teikniforritum eins og 3D Solid Works er mikill kostur
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 29. október 2012.
Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Björgvin Benediktsson**, **bjorgvin.benediktsson@marel.com** í síma **563 8000**.

12-2242 – HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 460 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

# Við erum í stöðugri sókn!




## Nú leitum við að öflugum einstaklingum í eftirfarandi störf:

## Forritun

InfoMentor er smíðað í ASP.NET MVC C# ofan á Microsoft SQL Server.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af ASP.NET MVC og C#

## Kerfisrekstur

Í starfinu felst meðal annars rekstur allra kerfa InfoMentor sem og tilfallandi þjónusta við þau stoðkerfi sem eru notuð. Einnig viðhald á innraneti og samskiptum milli kerfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur, Microsoft gráður eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af rekstri Windows stýrikerfa ásamt IIS

## Kerfisgreining

Í starfinu felst greining á lausnum innan InfoMentor.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla af kerfisgreiningu á flóknum kerfum og gerð verklýsinga

## Viðmótshönnun

Í starfinu felst hönnun á nýju viðmóti lausna innan InfoMentor.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Þekking og reynsla af viðmótshönnun fyrir vefkerfi og snjallsíma sem og Responsive Web Design
- Þekking á möguleikum og takmörkunum á veftækni eins og HTML, JavaScript, CSS og því að vinna innan þessara takmarkana
- Þekking og reynsla af Adobe Photoshop og Illustrator eða sambærilegum forritum
- Þekking á aðgengisstöðlum
- Skapandi og hugmyndaríkur einstaklingur með auga fyrir smáatriðum

***Ef þú hefur gott vald á ensku, býrð yfir góðum samskiptahæfileikum, hefur mikinn metnað og getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum hvetjum við þig til að senda okkur umsókn.***

Frekari upplýsingar gefur Auðunn Ragnarsson í síma: 895 0057
Umsóknir sendist til: starf@mentor.is
Tekið er við umsóknum til og með **28. október 2012**

Læra | Áætla | Kenna | Meta | Miðla | Greina

info mentor
**Allir nemendur nái sínum markmiðum!**

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Dómarar | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201210/057 |
| Héraðsdómarar | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201210/056 |
| Sérfræðingur | Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | Reykjavík | 201210/055 |
| Sérfræðingur | Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | Reykjavík | 201210/054 |
| Spænskukennari | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201210/053 |
| Lektor í ólífrænni efnafr. eða efnagr. | Háskóli Íslands, raunvísindadeild | Reykjavík | 201210/052 |
| Sérfræðingur í jarðeðlisfræði | Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201210/051 |
| Verkefnisstjóri við Menntamiðju | Háskóli Íslands, menntavísindasvið | Reykjavík | 201210/050 |
| Fagstjóri Íslandssafns | Landsb.safn Ísl. - Háskólab.safn | Reykjavík | 201210/049 |
| Sérfræðingur | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201210/048 |
| Skrifstofumaður | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201210/047 |
| Lögfræðingar í gjaldeyriseftirliti | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201210/046 |
| Sérfræðingar | Tollstjóri | Reykjavík | 201210/045 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, móttökugeðdeild 32A | Reykjavík | 201210/044 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201210/043 |
| Starfsmaður í eldhús, afleysing | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201210/042 |
| Sérfræðingur við fuglarannsóknir | Náttúrufræðistofnun Íslands | Garðabær | 201210/041 |
| Forstöðum. verðbr.markaðseftirlits | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201210/040 |
| Lögfræðingur | Héraðsdómur Reykjaness | Hafnarfjörður | 201210/039 |
| Íslenskukennari | Framhaldsskólinn á Húsavík | Húsavík | 201210/038 |
| Sérfræðingur í verkefnastjórnun | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201210/037 |
| Sérfræðingur | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun. | Reykjavík | 201210/036 |
| Sérfræðingur | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun. | Reykjavík | 201210/035 |

# VIÐ VILJUM BÆTA VIÐ FLOTANN

Við leitum að einstaklingum sem hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri. Viðkomandi einstaklingar þurfa að búa yfir hæfileikum til að geta starfað í hópi, en einnig að geta sýnt frumkvæði í starfi.



**HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR** - Starfið felst í forritun á skeytamiðlurum og vefkerfum Trackwell

- Menntun á sviði tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af forritun á móti vefþjónustum eða sambærilegu
- Kostur að viðkomandi þekki til Java Spring

**GAGNAGRUNNSSÉRFRÆÐINGUR** - Starfið felst í þróun og rekstri á gagnagrunnskerfum Trackwell

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og forritun fyrir Oracle
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af kerfisstjórn

**VIÐSKIPTASTJÓRI / VERKEFNASTJÓRNUN** - Starfið felst í samskiptum og þjónustu við viðskiptavini á sviði fiskveiðieftirlits- og aflaskráningarkerfa. Þátttaka í vöruþróun, tilboðsgerð og innleiðingu kerfa er stór hluti af starfinu.

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku og ensku kunnátta
- Jákvæðni og góð þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum

Trackwell hf. hefur frá stofnun árið 1996 sérhæft sig í hugbúnaðargerð með sérstakri áherslu á lausnir tengdar fjarskiptum og staðsetningartækni. Yfir 400 fyrirtæki og stofnanir nýta sér Trackwell Forðastýringu og ná þannig utan um skráningu og stýringu á starfsmönnum og tækjakosti. Skrifstofa Trackwell er í Reykjavík en síðan er dótturfyrirtæki staðsett í Houston, Texas.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **job@trackwell.com**

Nánari upplýsingar gefur
Lára Janusdóttir í síma 5100600

Umsóknarfrestur er til og með 29. október nk.

TrackWell

www.trackwell.com

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Sérfræðingur í land-upplýsingakerfum og kortlagningu vistgerða

Náttúrufræðistofnun Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í landupplýsingakerfi til starfa við stofnunina í Garðabæ vegna kortlagningar vistgerða á Íslandi. Sérfræðingurinn verður ráðinn til þriggja ára með möguleika á framlengingu starfs.

**Starfið felur í sér:**
- Kortagerð
- Frágang landfræðilegra gagna og vistun þeirra í gagnagrunnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í landfræði, líffræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af landupplýsingakerfum, greiningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna og framsetningu landupplýsinga
- Reynsla af uppbyggingu og varðveislu landfræðilegra gagnagrunna er nauðsynleg
- Kunnátta í notkun ArcGis hugbúnaðar og þekking á Erdas Imagine eða sambærilegum hugbúnaði
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku er nauðsynleg
- Sérfræðingurinn mun starfa í alþjóðlegu umhverfi

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Borgþór Magnússon, forstöðumaður vistfræðideildar (borgthor@ni.is) og Sigmar Metúsalemsson, sérfræðingur (sigmar@ni.is).

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og óskast send til Náttúrufræðistofnunar Íslands á netfangið mariafb@ni.is eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær.

**Umsóknarfrestur er til 21. október 2012.**

HREINSIBÍLAR

Hreinsibílar ehf er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hreinsun, myndun og fóðrun frárennslislagna

## Vegna aukinna verkefna leita Hreinsibílar ehf. að starfsmönnum

Við leitum að starfsmönnum til starfa við lagnahreinsun, lagnafóðranir og lagnamyndun.
- Meirapróf er mikill kostur
- Þekking á sviði lagna er æskileg
- Vinnugleði og jákvæðni er nauðsyn

Umsækjendur þurfa að vera stundvísir og áreiðanlegir, og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið bjarni@hreinsibilar.is
Nánari upplýsingar veitir Bjarni Svanur í síma 551 5151
Umsóknum skal skila **fyrir kl 17:00, mánudaginn 22. október.**

**Nánari upplýsingar má finna á www.hreinsibilar.is**

## Verslunarstjóri

Við hjá Lín Design leitum að öflugum verslunarstjóra í 100% starf. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá ört vaxandi fyrirtæki sem leitar að þjónustuliprum, jákvæðum og skapandi einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og er góður í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í almennri verslunarstjórn en menntun mætti gjarnan tengjast listasviði, s.s. hönnunar- útstillinga- og markaðsmálum.

Umsóknir berist ásamt ferilskrá á netfangið bragi@lindesign.is fyrir föstudaginn 26. október

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

## Launafl óskar eftir að ráða:

# Reynda rafvirkja

### með full réttindi til starfa nú þegar

**Nánari upplýsingar veitir**
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á
adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

# Verkefnisstjóri

**Háskólafélag Suðurlands auglýsir starf sérfræðings til gerðar fræðslu- og kynningarefnis fyrir Kötlu Jarðvang.**
Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu með IPA styrk og á að fara í styrkingu innviða í jarðvanginum sem nær yfir sveitarfélögin þrjú; Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp og Rangárþing eystra.

Verkefnið felur m.a. í sér gerð hvers konar kynningarefnis og fræðsluefnis til notkunar í jarðvanginum, m.a. fyrir skólahópa, erlenda og innlenda, en einnig texta og myndefni fyrir ferðamenn á skilgreindum áfangastöðum (geosites) í jarðvanginum.

Við leitum að öflugum einstaklingi með háskólapróf í jarðfræði eða skyldum greinum. Kennslureynsla og/eða reynsla af gerð fræðslu- eða kynningarefnis er æskileg. Þekking á jarðfræði svæðisins er æskileg og starfsstöð verkefnisstjórans verður í jarðvanginum. Um fullt starf er að ræða.

Umsóknir, m.a. með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, berist Háskólafélagi Suðurlands **eigi síðar en 5. nóvember.** Nánari upplýsingar veita Sigurður Sigursveinsson (sigurdur@hfsu.is, s. 897-2814) og Steingerður Hreinsdóttir (steingerdur@sudur.is, s. 848-6385) en auk þess er bent á vefsíðurnar www.jardvangur.is og www.katlageopark.is.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og **eigi síðar en 1. desember 2012** en það er þó samningsatriði. Um er að ræða tímabundna ráðningu til 30. júní 2014, með möguleika á framlengingu.

Háskólafélag Suðurlands ehf er í eigu sveitarfélaganna á Suðurlandi og var stofnað 19. desember 2007. Félagið myndar þekkingarnet á Suðurlandi og er tilgangur þess að auka menntunarstig og búsetugæði á svæðinu, með uppbyggingu þekkingarsamfélags, betra aðgengi að háskólanámi, auknum rannsóknum og fjölbreyttari atvinnutækifærum.

Katla Jarðvangur (Katla Geopark) er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 19. nóvember 2010. Stofnaðilar eru sveitarfélögin Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur og Rangárþing eystra, Kirkjubæjarstofa, Kötlusetur, Skógasafn, Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands og Háskólafélag Suðurlands. Jarðvangurinn vinnur að því að vernda og nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingu byggðarinnar með jarðfræðitengdri ferðamennsku (geotourism) sem byggi á fræðslu um jarðminjar, samspil manns og náttúru, og útivist.

alta

Alta er framsækið fyrirtæki sem grípur óhikað tækifæri sem gefast í breytilegum heimi.

Við störfum við margskonar viðfangsefni m.a. á sviði stefnumótunar, skipulags, byggðaþróunar og umhverfismála.
Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg, krefjandi og skemmtileg.

Frjótt andrúmsloft, samhent starfsfólk og gott vinnuumhverfi gerir Alta að eftirsóttum vinnustað.

Sjá nánar um okkur á **www.alta.is**

## Ráðgjafarfyrirtækið Alta leitar að góðu fólki til liðs við sig

### - Tveimur starfsmönnum í Reykjavík og einum í Grundarfirði

Við leitum að fólki sem hefur víða sýn, opinn hug og metnað til að ná árangri við fjölbreytt verkefni með sérþekkingu á sviði skipulagsmála, umhverfismála, byggðaþróunar, ferðamála, landfræði, landslagshönnunar, stefnumótunar eða verkefnisstjórnunar.

**Hæfniskröfur**
- Forvitni, áhugi og frumkvæði
- Opinn hugur og virðing fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum
- Tilhneiging til að setja hlutina í margvíslegt samhengi
- Að leysa verk vel af hendi í samstarfi við aðra
- Háskólamenntun með framhaldsgráðu á ofangreindum sérsviðum
- Starfsreynsla æskileg
- Að geta orðað hugsun sína skipulega á íslensku, ensku og helst einu Norðurlandamáli

### Ráðgjafi í umhverfismálum með starfsstöð í Reykjavík

**Æskileg sérþekking á sem flestum eftirtalinna sviða**
- Umhverfisstjórnun og/eða innleiðing á kröfum umhverfismerkja
- Gæðastjórnun
- Stefnumótun
- Vistvæn innkaup
- Samfélagsábyrgð fyrirtækja
- Miðlun og fræðsla

### Ráðgjafi í skipulagsmálum með starfsstöð í Reykjavík eða Grundarfirði

**Æskileg sérþekking á sem flestum eftirtalinna sviða**
- Vinnsla svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags
- Byggðaþróun
- Umhverfismat áætlana
- Landslags- og sérstöðugreining svæða
- Hönnun almenningsrýma og útivistarsvæða
- Landfræðileg upplýsingakerfi og kortagerð
- Miðlun og fræðsla

### Ráðgjafi með starfsstöð í Grundarfirði

**Æskileg sérþekking á einhverjum eftirtalinna sviða**
- Almenn verkefnisstjórnun
- Stefnumótun og breytingastjórnun
- "Regional eða place branding"
- Umhverfis- og gæðamál
- Skipulagsmál
- Miðlun og fræðsla

**Nánari upplýsingar veita Halldóra Hreggviðsdóttir halldora@alta.is og Björg Ágústsdóttir bjorg@alta.is**

**Ef þú hefur menntun og reynslu á þessum sviðum og áhuga á að takast á við þessi verkefni með Alta, sendu okkur umsókn á netfangið alta@alta.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember.**

Alta ehf
Ármúla 32 108 Reykjavík
Sími 582 5000
www.alta.is



# UPPLÝSINGA- OG TÆKNISVIÐ
# ARION BANKA
## Við leitum að öflugum SAP aðila

Á upplýsinga- og tæknisviði Arion banka starfar öflugt teymi sem vinnur eftir viðurkenndri aðferðafræði og ferlum á borð við Agile, Scrum og ITIL. Þau verkefni sem unnið er að eru flókin, stór á landsvísu og gríðarlega spennandi. Miklar kröfur eru því gerðar um metnað í starfi og fagleg vinnubrögð til að ná fram góðum árangri.

### Helstu verkefni

- Þróun á hugbúnaði í SAP viðskiptaumhverfi
  - SAP/FI
  - SAP/HR
  - SAP/Banking

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Lágmark þriggja ára starfsreynsla af þróun og/eða prófun hugbúnaðar æskileg
- Mjög góð þekking á SAP ABAP forritun
- Þekking á vefþjónustum er kostur
- Þekking á Agile og Scrum aðferðafræði er æskileg
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu

**Nánari upplýsingar** veitir **Alda Karen Svavarsdóttir**, forstöðumaður baklínukerfa, sími 444 6485, netfang alda.svavarsdottir@arionbanki.is og **Monika Skarphéðinsdóttir** starfsmannaþjónustu, sími 444 6363, netfang monika.skarphedinsdottir@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2012.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur sæki um starfið á vef bankans, www.arionbanki.is/starf

Arion banki

---

velmerkt

## Vilt þú föndra í fullri stærð?

Ört vaxandi fyrirtæki í skiltagerð og risaprentun, óskar eftir kvikum og klárum starfsmanni í fullt starf.

Við leitum einhvers yfir tvítugt sem getur hlaupið í ýmis verkefni, t.d. upplímingar, bílamerkingar, gluggamerkingar og allrahanda reddingar.

Stundvísi, vandvirkni og reynsla af léttum iðnaðarstörfum æskileg.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á axel@velmerkt.is **fyrir 25. október 2012.**

---

apmedia
www.apmedia.is

## BÓKARI

Tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækið AP Media leitar að reyndum bókara í 50% starf, fyrir eða eftir hádegi. Möguleiki er á fullu starfi í framtíðinni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldi skilyrði.
- Reynsla af DK er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð.

Áhugasamir sendi inn umsókn með ferilskrá ásamt meðmælum á umsokn@apmedia.is eða berist á skrifstofu AP Media, Skúlatúni 2,105 Reykjavík, merkt AP Media/bt. sölustjóra.

*Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember.*

---

HELSE PERSONAL AS

## Nurse Jobs in Norway

Helse Personal Ltd seeking dedicated and highly skilled nurses to various assignments in Bergen and Western Norway to work within nursing homes and home care.

We offer good salaries and excellent customer support.

You must master the Norwegian, Danish or Swedish language well, both written and oral.

**We are in Reykjavik City Hall, Rådhuset, Tjarnagata 11, 26.10.12 and 27.10.12**
**Reykjavik City Hall will be open from 16:00-19:00 on Friday the 26th and from 12:00-17:00 on Saturday the 27th**

Please contact us anytime for a personal meeting on Friday and Saturday.

**Contact:** Trude Vereide, +47 908 30 003 and Kathrin Omland + 47 918 49 142
email: post@helsepersonal.no, www.helsepersonal.no

Reykjavíkurborg
Ráðhús Reykjavíkur

# Veitingarekstur í Ráðhúsi Reykjavíkur

**Reykjavíkurborg óskar eftir áhugasömum rekstraraðilum til að taka að sér veitingarekstur í Ráðhúsi Reykjavíkur.**

Markmiðið er að Ráðhús Reykjavíkurborgar verði lifandi hluti af daglegu lífi borgarbúa og eftirsóknarverður staður til að heimsækja allt árið um kring, frá morgni til kvölds. Jafnhliða þessu þarf að tryggja að vinnuaðstæður starfsmanna hússins séu hafðar í fyrirrúmi.

Óskað er eftir tillögum að útfærslu á rekstrarfyrirkomulagi veitingasölu fyrir almenna gesti og jafnvel starfsmenn Ráðhússins ásamt hugmyndum um hugsanlega útvíkkun á starfseminni í átt að veislum og viðburðum. Um er að ræða leigurými og aðstöðu til rekstrar á fyrstu hæð Ráðhúss

Áhugasamir geta sótt gögn í Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.

Þann 29. október n.k. kl. 15:00 gefst þátttakendum kostur á að kynna sér aðstæður og afla frekari upplýsinga.

**Yfirlit yfir verkefnið:**
- Frestur til að skila inn tilboðum: 19. nóvember 2012
- Tengiliður verkefnis Ingi Thor Jónsson viðburðastjóri Reykjavíkurborgar.
- Sími 411 1111, netfang: ingi.thor.jonsson@reykjavik.is

## Auglýsing frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, og velferðarráðuneyti

### Umsóknir um styrki á safnliðum ráðuneyta samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2013

### Umsóknarfrestur er til miðnættis 20. nóvember 2012

Á fjárlögum ársins 2012 var fyrirkomulagi við úthlutun styrkja til félaga, samtaka og einstaklinga breytt hvað varðar aðkomu fjárlaganefndar Alþingis. Ákvörðun um framlag til einstakra málaflokka fer þó eftir samþykki Alþingis í fjárlögum 2013.

Ráðuneytin munu einungis úthluta styrkjum til verkefna sem falla undir málefnasvið þeirra að svo miklu leyti sem þau falla ekki undir lögbundna sjóði eða samninga, svo sem menningarsamninga eða vaxtarsamninga. Því er mikilvægt að umsækjendur kynni sér vel hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á þeim málaflokki sem verkefni umsækjanda um styrk fellur undir. Verkefni eru einungis styrkhæf í einu ráðuneyti og áskilja ráðuneyti sér rétt til að færa umsóknir á milli ráðuneyta, falli verkefni betur að málaflokki í öðru ráðuneyti.

***Mat á umsóknum.***
Starfshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir verkefnasvið ráðuneytis almennt. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

a) gildi og mikilvægi verkefnis fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks,
b) gildi og mikilvægi fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks,
c) að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að,
d) starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda,
e) fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn komi til greina eða eins og kveðið er á um í samkomulagi vegna fyrri styrkveitinga.

Við mat á umsóknum er starfshópnum heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir eigi síðar en 31. janúar 2013.

**Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins (http://minarsidur.stjr.is). Nánari upplýsingar má finna á vef viðkomandi ráðuneytis.**

**Verkefni eftir ráðuneytum:**

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**
Stuðningur við áhugahópa og faglegt starf
Veittir eru styrkir til að styðja við aðila utan ríkisstofnana sem starfa á verkefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og njóta ekki framlaga á fjárlögum.

**Velferðarráðuneyti**

***Styrkir til félagasamtaka***
Veittir eru styrkir til félagasamtaka sem starfa á verkefnasviði ráðuneytisins. Styrkirnir eru fyrst og fremst ætlaðir til að styðja við ráðgjöf og stuðning félagasamtakanna við umbjóðendur sína.

***Verkefnastyrkir á sviði velferðarmála***
Veittir eru styrkir til félagasamtaka vegna verkefna og aðgerða sem falla að verkefnasviði ráðuneytisins.

**Umhverfis- og auðlindaráðuneyti**

***Verkefnastyrkir á sviði umhverfis- og auðlindamála***
Veittir eru styrkir til að styðja við verkefni á vegum aðila utan ríkisstofnana sem starfa á verkefnasviði umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

***Rekstrarstyrkir til frjálsra félagasamtaka***
Veittir eru rekstrarstyrkir til frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og auðlindamála til að stuðla að opnum og frjálsum skoðanaskiptum um umhverfis- og auðlindamál og til að efla almenna vitund um gildi umhverfis- og náttúruverndar.

**Mennta- og menningarmálaráðuneyti**

***Styrkir á sviði lista og menningar***
Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa á sviði lista og menningar og hafa ekki aðgang að menningarsamningum eða sjóðum.

***Styrkir á sviði menningararfs***
Veitt eru framlög til félagasamtaka og annarra aðila sem starfa að varðveislu menningarminja og hafa ekki aðgang að menningarsamningum eða sjóðum.

***Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða***
Veitt eru framlög til að styðja við uppbyggingu á landsmótssvæðum í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila.

*Reykjavík 18. október 2012*

## Síðumúli 35 – skrifstofuhúsnæði.

**Til leigu**



Til leigu falleg 190 fm skrifstofuhæð (2.hæð) á góðum stað við Síðumúlan. Vel innréttuð hæð og skiptist í móttöku, 6 rúmgóðar skrifstofur, stórt fundarherbergi, eldhús, snyrtingu og eldtrausta geymslu. Gegnheilt parket, ný sólskrín fyrir gluggum. Góð bílastæði hringin í kringum húsið. Klassískur eftirsóttur staður. Til afhendingar strax. Leigufjárhæð 228.000.- pr.mán. VSK laust húsnæði.

**Upplýsingar og sýningu annast Ingólfur 896-5222 eða Bárður 896-5221**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Smáratún 19, Selfossi



Gott einbýlishús sem er 128,3 fm hæð og ris, ásamt 35,1 fm bílskúr auk nýstandsettrar 75,6 fm íbúðar í kjallara með 23,9 fm bílskúr. Húsið er steinsteypt, byggt árið 1957 en bílskúrinn er hlaðinn og byggður árið 1960. Á hæðinni er forstofa, hol, stofa, eldhús, baðherbergi og herbergi. Stigi liggur úr holinu upp í risið. Í risinu eru tvö herbergi og tvær geymslur undir súð. Í kjallaraíbúðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi og forstofa. Nýjar innréttingar eru í eldhúsunum en einnig er búið að setja allt nýtt inná bað í kjallara og gólfefni eru einnig ný í húsinu. Búið er að skipta um neysluvatns og hitalagnir. **Verð 33,5 millj.kr**

**Allar nánari upplýsingar veitir**
Steindór Guðmundsson
Löggiltur fasteigna- fyrirtækja- og skipasali
Lögmenn Suðurlandi s: 480-2900
Steindor@log.is – www.log.is

LÖGMENN SUÐURLANDI FASTEIGNASALA

## Til leigu á Laugavegi



Gott 163m² fullinnréttað skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í lyftuhúsi í hjarta Reykjavíkur. Húsnæðið skiptist í opið vinnurými, fundarherbergi, 3 lokaðar skrifstofur, eldhúsaðstöðu, sér snyrtingar og geymslu. Dúkur á gólfum. Stækkunarmöguleiki. Húsnæðið er laust til afhendingar skv. nánara samkomulagi.

**Teikningar á skrifstofu.**
**Áhugasamir hafið samband við sölumenn okkar.**
**Sími 511 2900**

LEIGULISTINN LEIGUMIÐLUN



ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Cessna 185F SkyWagon, TF-VHH. Nýleg skrúfa. Árg 1973. Verð. US$ 120.000.- Uppl. Walter Ehrat. S. 840-2170




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




**Hrekkjavakan nálgast ertu klár?**
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.



**Lagersala Kjólar, töskur, leggings, skart ofl.**
500 - 1000 - 1500 - 2000 - 3000
Aðeins þessa tvo daga: Laugardaginn 20. frá 12-20 Sunnudaginn 21. frá 13-18 20% afsláttur af nýjum vörum Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000




Landins mesta úrval af viftum og blásurum. Tilboðsverð. Íshúsið ehf, www.ishusid.is S:566 6000

Til sölu Zeppelin allas 10 á vinyl eins og nýjar. Uppl. í síma: 897 4814.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

**Pool borð og fótboltas**
2 Peninga pool borð til sölu, einnig peninga fótboltspil. S. 615 0009

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Vil kaupa sambyggða trésmíðavél. Upplýsingar í síma: 5520748 eða 8650416

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



Plötuvals til sölu. Verð 200þús Sími 770 5144



Til sölu Deutz 1 cyl 14hp í góðu standi Verð 100þús. S:7705144



Til sölu'Fúavarnatankur í góðu standi, Get skaffað allt timbur tilbúið í tankinn, svo sem Pallaefni ofl, Verð tilboð. 770-5144

# HEILSA

## Heilsuvörur




**Lífrænu húð- og snyrtivörurnar frá Green People**
Húð- og snyrtivörurnar frá Green People eru lífrænt vottaðar og eru því án allra aukaefna. Vörurnar hafa jafnframt unnið til fjölda verðlauna. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407


**Mótorhjóla fólk**
Shinko umboðið er í fjórhjólalagernum. Erum að ganga frá pöntunum á dekkjum fyrir Racera, Bobbera, Enduro, Vespur, Supermoto, Motocross og Hippa.
Vinsamlegast staðfestið pantanir í tíma.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355



Nýtt á Íslandi!
Þín eigin mynd, lógó, teikning, eða mynstur á Iphone hulstur.
Þú sendir okkur mynd eða texta og við prentum beint á hvítt Iphone 4 hulstur. Frí heimsending.
XPRENT
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

MIRANDA'S SNYRTIVÖRUR
Miranda's hefur nú aukið þjónustu sína við viðskiptavini og hafið sölu vörunnar á netinu á heimasíðu okkar
www.skincare.is
Einnig er við opið að Lækjargötu 34a í Hafnarfirði frá kl. 14:00 - 18:00 þriðjudaga og fimmtudaga.

SANDTAK
RAUÐHELLA 3 • SÍMI 565 5636



SANDBLÁSTUR • GLERBLÁSTUR
EPOXYHÚÐUN • IÐNAÐARMÁLUN
POLY-URETHAN LÖKKUN
ZINK- OG ÁLHÚÐUN • VÖRUBÍLAR
VINNUVÉLAR • BODDYHLUTIR
FELGUR O.M.FL.

LOK Á HEITA POTTA



• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

SKARTGRIPANÁMSKEIÐ



MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

SJÁLFSÞJÓNUSTA • BÍLAÞJÓNUSTAN BILAÐI BÍLLINN
Smiðjuvegur 4a • Græn gata (sama hús og N1) S. 445 5542 & 615 2562
Tökum að okkur að gera:
BREMSUVIÐGERÐIR - SPINDILKÚLUR - STÝRISENDA - RAFGEYMA - ALLAR PERUR - SMURÞJÓNUSTA - LÁSAVIÐGERÐIR -PÚSTVIÐGERÐIR OG LÉTTA JÁRNSMÍÐI
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ MÁN - LAUGARD. FRÁ KL. 10 - 22 • Lokað á sunnudögum
BÍLAÞVOTTUR OG BÓN Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir og aðstöðu fyrir þig til að gera sjálfur.

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
SKÓGARHLÍÐ 10 • 105 RVK • S. 445 5562 • GSM 615 2562
Tökum að okkur:
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar mössun • Spindilkúlur • kúplingaskipti • Stýrisenda Rafgeyma • allar perur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 8-18 • LOKAÐ UM HELGAR

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist



www.gottbon.is



GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka


# Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is


ÚTILÍF
KALT ER ÚTI
LÁTTU ÚLPUNA KLÆÐA
AF ÞÉR KÓLNANDI VEÐUR
ÚRVAL AF ÚLPUM FRÁ
THE NORTH FACE, ZO-ON, HELLY HANSEN,
DIDRIKSONS, QUIKSILVER OG ROXY.
THE NORTH FACE
ZO•ON ICELAND
HH HELLY HANSEN
DIDRIKSONS1913
QUIKSILVER
ROXY
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Intersport með útivist á hreinu

**Intersport** er alþjóðlegt fyrirtæki og rekur fjórar verslanir á Íslandi. „Við erum með hágæða vetrarfatnað á hagstæðu verði á alla fjölskylduna. Hér fæst allt sem þarf til að halda sér heitum og þurrum í hvaða veðri sem er,“ segir Elín Fanney Guðmundsdóttir, deildarstjóri hjá Intersport.

Intersport er leiðandi sportvöruverslanakeðja og rekur yfir 4700 verslanir í 25 löndum víðs vegar um heim. „Fyrsta verslun Intersport á Íslandi var opnuð 18. apríl 1998 að Bíldshöfða 20. Sú verslun var þá jafnframt sú fimmta stærsta á Norðurlöndunum. Tíu árum síðar opnaði önnur verslun í Lindum í Kópavogi. Tvær verslanir opnuðu svo á landsbyggðinni á næstu tveimur árum, 2009 á Selfossi og 2010 á Akureyri,“ segir Elín Fanney Guðmundsdóttir deildarstjóri hjá Intersport.

## Eitthvað fyrir alla

„Við erum með ótrúlega breitt vöruúrval og marga verðflokka. Hér er að finna yfirhafnir fyrir alla fjölskylduna, svo ekki þarf að fara á marga staði til að versla nauðsynlegan vetrarfatnað. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi; léttar úlpur, dúnúlpur, regnfatnað, skíða- og brettafatnað, útivistarskeljar og margt fleira.“

## Hvað skiptir máli?

„Ég myndi segja að útlit og snið skipti höfuðmáli og að flíkin veiti skjól fyrir það tilefni sem hún skal notuð í. Það getur eyðilagt annars skemmtilega upplifun að klæða sig vitlaust eða illa. Því þarf fólk að spyrja sig að því áður en það kaupir flík, í hvaða tilgangi og aðstæðum hún skuli notuð. Þannig er hægt að komast að því hvort það þurfi vatns- og vindhelda flík eða mjög hitaeinangrandi og svo framvegis. Fatnaðurinn verður að skýla okkur fyrir veðri og vindum og halda okkur þurrum, en geta jafnframt andað þegar við svitnum. Rennilás undir höndum á úlpum og jökkum er til dæmis góður eiginleiki hvað slíka öndun snertir og mörgum finnst mikill kostur að geta tekið hettuna af.“

## Reynslumikið starfsfólk

„Hjá okkur starfar reynslumikið sölufólk með mikla þekkingu á vörunum. Vegna mikillar breiddar í vöruúrvali í okkar verslunum skiptir gríðarlega miklu máli að umfangsmikil vöruþekking sé til staðar til að geta veitt góða og faglega þjónustu.“

## Mikið úrval vörumerkja

„**Etirel** er eitt af okkar ódýrari merkjum, við bjóðum upp á gott úrval af úlpum frá þeim sem eru bæði hlýjar og vatnsfráhrindandi. Herra- og dömuúlpurnar frá Etirel kosta frá 17.990.

**Firefly** er einnig ódýrt merki sem við bjóðum upp á; þykkar og hlýjar úlpur á börn ásamt snjófatnaði. Við eigum flottar parka úlpur á krakka í þremur litum sem eru á tilboði núna á 12.990.

**Didrikson** er eitt vinsælasta merkið okkar með kuldagalla, úlpur og flísfatnað í stærðum frá 80-130. Úlpur og pollagalla í stærð 90-120. Didrikson úlpur og snjóbuxur eru líka til fyrir skólakrakka, upp í stærð 170. Þá erum við með eina gerð af herraúlpu og tvær gerðir af dömuúlpum sem eru vindheldar með öndunarfilmu.

**McKinley** er merki sem margir þekkja. Virkilega flottar dúnúlpur, skíðafatnaður, útivistarfatnaður og skór. Við erum með frábærar vatns- og vindheldar hlífðarbuxur á dömu og herra á 7.490 og flíspeysur á herra og dömur á 4.990 svo dæmi séu tekin.

**Altitude 8848** er gæðamerki í skíðafatnaði. Vatns- og vindheldar parka úlpur í herrastærðum, Techno Stretch peysur á dömur og herra. Vatnsheldni í Altitude 8848 vörunum er yfirleitt 10.000 millimetra.

**Haglöfs** er eitt af okkar bestu útivistarvörumerkjum. Léttir dúnjakkar, gönguskór, bakpokar, hágæða göngubuxur og tveggja laga skeljar með allt að 30.000 millimetra vatnsheldni.“

## Fylgihlutir

„Frá öllum þessum merkjum bjóðum við upp á fylgihluti eins og húfur, hanska, vettlinga, hringtrefla, ullarsokka, þunnar lambhúshettur og polyester- og ullarnærfatnað.“

## Opnunartími og aðgengi

„Mjög gott aðgengi er í verslunum Intersports, sérstaklega í Lindum þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja. Fólk í hjólastólum og foreldrar með barnavagna geta því hæglega athafnað sig hjá okkur án nokkurra vandkvæða. Næg bílastæði er að finna við allar okkar verslanir.“

Í Intersport að Bíldshöfða er opið alla virka daga frá 10-19. Á laugardögum frá 10-18 og sunnudögum frá 12-18. Í Lindum er opið alla virka daga frá 11-19. Á laugardögum er opið frá 11-18 og 12-18 á sunnudögum. Á Akureyri og Selfossi er opið virka daga frá 10-18 og frá 10-16 á laugardögum.

## Heimasíða og vefverslun

Á heimasíðunni **www.intersport.is** eru góðar upplýsingar um allt sem tengist íþrótta- og útivistarvörum. Þar er líka að finna öfluga vefverslun með miklu úrvali sem sendir hvert á land sem er.



Hjá Intersport starfar reynslumikið sölufólk með mikla þekkingu á vörunum. Elín Fanney er þar á meðal. MYNDIR/VILHELM

**ETIREL ALBANY PARKA** Létt vattstungin úlpa með polyester fyllingu og hettu sem taka má af. Hægt að draga saman í mittið. Til í svörtu og rauðu í stærð 38-44.



**ETIREL ANTHONY PARKA** Vattfóðruð létt herraúlpa með loðfóðraðri hettu, fæst í stærð XS-L.



**DIDIRIKSON LINDSEY PARKA** Létt úlpa með þunnu loðfóðri í hettu og baki. Hægt að draga saman í bakið. Vindheld og vatnsfráhrindandi að 2.000 millimetrum.



**MCKINLEY DENVER PARKA** Dúnúlpa með 70/30 dún og 5.000 millimetra vatnsheldni. Fæst einnig mosagræn. Stærðir S-XL.





Meira á www.intersport.is
HAUST
FULL BÚÐ AF HLÝJUM VETRARVÖRUM
KÓLNANDI VEÐUR
MCKINLEY LIMON
Dömu dúnúlpa með 5000 mm vatnsheldni.
Litir: Svört / grá.
Stærðir: 38 -44 .
34.990
fullt verð 19.990
17.990
ETIREL BOULDER PARKA
Þykk herra vetrarúlpa.
Litir: Blá og svört.
Stærðir: XS-L .
fullt verð 15.990
13.990
MCKINLEY SORRENTO
Góðir gönguskór með Aquamax vatnsvörn.
Litur: dökkgráir. Stærðir: 38-45.
12.990
fullt verð 14.990
34.990
FIREFLY WINNER PARKA
Úlpa með þykku og hlýju fóðri, hetta með loðkraga sem má taka af. Litir: Mosagræn, rauð og svört. Stærðir: 130 - 170 .
6.990
MCKINLEY DENVER PARKA
Herra dúnúlpa með 5000 mm vatnsheldni.
Litir: Svört og mosagræn. Stærðir: S-XL .
CONWAY KULDASKÓR
Hlýjir og góðir kuldaskór með Contex filmu.
Litir: Rauðir og svartir. Stærðir: 25-39.
NÁÐU ÁRANGRI MEÐ
INTERSPORT
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
GLÆSILEGT ÚRVAL AF ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARVÖRUM
36.990
1.690
MCKINLEY ALAMOSA
Dömu dúnúlpa
Litur: Mosagræn.
Stærðir: 36-42 .
FIREFLY RORY SR BEANIE
Tvöföld prjónahúfa 100%polyster.
3 litir. Stærðir: EIN STÆRÐ.
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 20. OKT. – 22. OKT.
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA




Sylvia segir von á kögurjökkum og ullarjökkum með leðurermum innan skamms.

MYND/VILHELM



Úlpurnar ná niður á hné. Þær eru teknar saman í mittið og afar klæðilegar.

Hægt er að velja um dúnúlpu og úlpur með ekta skinni sem og úlpur með hvítri gæru.

Hermannajakkar hafa verið afar vinsælir og verða það áfram.

# Hlýtt og klæðilegt

Vetraryfirhafnirnar í **Gallerí Sautján** eru hlýjar en samt sem áður afar klæðilegar. Úlpurnar eru síðari en oft áður en jakkarnir verða margir með kögri og leðurermum. Hermannatískan heldur velli.

Vetrarúlpurnar eru komnar í Gallerí Sautján og eru þær síðari en undanfarin ár að sögn verslunar- og rekstrarstjórans Sylvíu Clothier Rúdolfsdóttur. Þær ná margar hverjar niður á mið læri og eru afar klæðilegar. Þær eru teknar saman í mittið og er hægt að nota sem kápu við gallabuxur og hæla. Þær eru samt sem áður mjög hlýjar og fínar í snjókast og alls kyns útiveru. Notagildið er því mikið.

„Við erum bæði með dúnúlpur og úlpur með ekta skinni. Þá erum við með aðra týpu klædda hvítri gæru sem er meira hversdags og flott við til dæmis buxur og New Balance- eða Dr. Martins-skó. Litirnir sem ráða ríkjum eru svartur, grár, vínrauður og dökkblár," segir Sylvía en vínrauða litinn segir hún afar vinsælan þessa dagana hvort sem er í yfirhöfnum eða öðrum fatnaði. Af öðrum yfirhöfnum nefnir Sylvía að sportlegar vatteraðar úlpur í sömu litum séu væntanlegar. „Þá eigum við von á geðveikum kögurjökkum, bæði stuttum og síðum, með kögri á ermum, öxlum og baki." Hermannajakkar hafa notið gríðarlegra vinsælda að undanförnu en Sautján framleiðir eigin hermannajakka sem teknir eru saman í mittið með teygju. Þá hafa hermannajakkar með leðurermum rokið út og eru þeir uppseldir. Sylvía segir hins vegar von á ullarjökkum með leðurermum von bráðar svo það er um að gera að fylgjast með.



Verslunarstjórarnir Aron Helgason og Ólafur Þór Kristinsson segja úrvalið af yfirhöfnum sjaldan hafa verið meira.

MYND/VILHELM



Það er mikið úrval af jökkum í Smash. Þessi týpa heitir Hooded Sail Jacket.

Bering Parka heitir þessi stórfína vetrarflík frá Carhartt.

Vestin koma sterk inn í vetur. Þessi týpa heitir Broom Vest.

Anchorage Parka frá Carhartt er vinsælasta úlpan í Smash. Hún er bæði til í kven- og karlkynsútgáfu. Fjólublái liturinn er vinsæll í ár en hún fæst í mörgum öðrum litum.

Mountain Coat-úlpan er flott og klæðileg.

Raleigh Jacket-dúnúlpan frá Carhartt heldur svo sannarlega á eigandanum hita.

# Sjaldan meira úrval

Yfirhafnaúrvalið hefur sjaldan verið meira í **Smash**. Carhartt-úlpan vinsæla fæst í nýjum litum og vestin koma sterk inn í vetur.

Það ætti að vera auðvelt að finna yfirhöfn við hæfi í Smash en þar hefur úrvalið af úlpum, jökkum og vestum sjaldan verið meira. „Við erum alltaf með þessa klassísku Carhartt-úlpu með hettu og loðkraga. Hún er vinsælasta úlpan okkar og selst mjög vel enda bæði hlý og flott," segir verslunarstjórinn Ólafur Kristinsson. Þessar úlpur fást bæði fyrir stráka og stelpur en strákaúlpurnar koma í svörtu, gráu, kóngabláu og ljósbrúnu en stelpuúlpurnar eru svartar, rauðar og vínrauðar. Í versluninni er líka að finna nýja Carhartt-dúnúlpu sem hefur fengið góðar viðtökur. Hún fæst bæði í svörtu og hermannagrænu. „Þá erum við með margar týpur af jökkum og meðal annars einn flísfóðraðan sem ætti að vera góður í vetur. Sömuleiðis ýmsar tegundir anorakka sem er hægt að fara í þykka peysu undir." Ólafur segir vestin koma sterk inn í herralínuna í vetur og fást bæði þykkar og þunnar útgáfur. Þau eru flott yfir skyrtur, peysur og hettupeysur," segir Ólafur. Hann segir viðskiptavini verslunarinnar vera frá tólf ára og upp úr. „Eflaust er fólk í grunn- og framhaldsskóla í meirihluta en hingað kemur líka mikið af háskólafólki og allt upp í rígfullorðið fólk enda er úrvalið breitt og höfðar til flestra."


AÐEINS ÓDÝRARI
GILDIR TIL 21.10.2012
FULLT VERÐ: 9.995
7.995
MEÐ GÓÐU ENDURSKINI
20% AFSLÁTTUR
NÝTT
LOTTA & LASSI KULDAGALLAR
Gæða kuldagallar með góðu endurskini. Fást í fjólubláu og svörtu. Stærðir: 80 - 134. Höfuðklútur 499
THERMO LEGGINGS
FRÁBÆRT VERÐ!
BARNASTÆRÐ
995
THERMO LEGGINGS
Hlýjar og góðar, svartar leggings. Barnastærðir: 3-14 ára 995 Fullorðinsstærðir: S-XL 1.295
2 STK. SPARIÐ 995
2 STK.
1 STK. 2.995 NÚ 2 STK.
4.995
RIVALDI OG SHERMANN SKYRTUR
Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.
SHERMANN flannelskyrtur. Stærðir M-XXXL.
RIVALDI stutt- og síðermaskyrtur. Stærðir: M-XXL.
BEEBE FLÍSGALLAR
Mjúkir og góðir flísgallar á yngstu börnin. Fást í tveim litum. Stærðir: 56 - 92.
FLÍSGALLI
2.995
NÝTT
VERÐ FRÁ:
179
ALLIR HANSKAR OG VETTLINGAR 25% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
LOÐFÓÐRUÐ
FULLT VERÐ: 4.995
3.995
FRIO KULDASTÍGVÉL
Loðfóðruð, ítölsk gæða kuldastígvél á börnin. Svört stærðir: 21-39. Bleik stærðir: 21-35.
8 PÖR AÐEINS:
1.495
8 PÖR
BARNASOKKAR
Góðir barnasokkar. 8 pör saman í pakka á frábæru verði!
MANNBRODDAR
VERÐ FRÁ:
895
MANNBRODDAR
Stærðir: 38 - 48. Tvær gerðir.
2 PAKKAR 23% AFSLÁTTUR
8 PÖR
1 PAKKI 1.295 NÚ 2 PAKKAR
1.995
ÍÞRÓTTASOKKAR
Góðir íþróttasokkar á dömur og herra á frábæru verði! 8 pör í pakka.
2 PAKKAR SPARIÐ 495
1 PAKKI 1.495 NÚ 2 PAKKAR
8 PÖR
2.495
DÖMU- OG HERRASOKKAR
Litur: Svartur. Stærðir: 36-46. 8 pör í pakka.
2 PÖR
25% AFSLÁTTUR
SOKKABUXUR 2 PÖR NÚ:
745
SOKKABUXUR / SKRIÐSOKKABUXUR
1 munstruð og 1 einlit saman í pakka 995 nú 745
2 stk. skriðsokkabuxur 995 nú 745
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
25% AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ NÚ:
4.495
CANADA ÚLPA MEÐ LOÐKRAGA OG SNJÓBUXUR
Úlpa barnastærð: 140 - 170 sm. 8.995 nú 6.745
Úlpa fullorðinsstærð: S-XXL 9.995 nú 7.495
Snjóbuxur barnastærð: 120-170 sm.v 5.995 nú 4.495
Snjóbuxur fullorðinsstærð: 6.995 nú 5.245

# Ég þurfti að skrifa þessa bók

**J.K. Rowling** lýsir sinni nýjustu bók, Casual Vacancy, sem gamanharmleik í samtali við *James Runcie,* rithöfund og kvikmyndagerðarmann.



**J.K.ROWLING** Nýjasta bók hennar, The Casual Vacancy, kemur út á íslensku í nóvember.

*The Casual Vacancy er gjörólík Harry Potter. Hvers vegna vildirðu skrifa þessa bók?*

„Ég fékk hugmyndina um borð í flugvél í þetta sinn, ekki lest, og varð strax spennt fyrir henni. Eins og Harry Potter er þetta saga um siðferði og dauðleika nema hún gerist í samtímanum. Sögusviðið er lítið samfélag og krafðist þess að ég skrifaði um persónur á fullorðinsaldri, allt upp í sjötugsaldur. Ég er yfir mig hrifin af nítjándu aldar skáldsögum sem gerast í litlum bæjum eða þorpum. Þetta er mín tilraun til að gera samtímaútgáfu af slíkri sögu.

*Hvers vegna heitir hún „Casual Vacancy“ (Laust sæti)? Komu aðrir titlar til greina?*

Vinnuheitið var „Responsible“ (Ábyrgð), því grunnstefið er hversu mikla ábyrgð hvert og eitt okkar ber á því hvar við erum stödd í lífinu – hamingju okkar, heilsu og auðlegð – og einnig ábyrgðina sem við berum gagnvart öðru fólki – mökum okkar, börnum og ytra samfélagi. Þegar ég rakst hins vegar á orðalagið „Casual Vacancy“, sem er rétt orðalag fyrir það þegar sóknarsæti losnar vegna skyndilegs fráfalls, vissi ég um leið að þarna væri titillinn kominn. Þetta er margræður titill fyrir mitt leyti. Í fyrsta lagi virtist mér sem stærsta „lausa sætið“ væri dauðinn sjálfur, sem gerir oft ekki boð á undan sér og skilur eftir sig tómarúm sem ekki verður fyllt. Ég var líka meðvituð um að allar persónurnar í bókinni búa yfir annmarka eða skortir eitthvað í lífi sínu sem þær reyna að fylla á einn eða annan hátt: með mat, drykk, eiturlyfjum, dagdraumum eða uppreisnargjarnri hegðun. Þetta mætti líka kalla „laus sæti“: litlu gloppurnar í lífi okkar, sem við erum ekki endilega meðvituð um, en finnum engu að síður fyrir þörf til að laga.

**Fæst við algild efni**

*Bókinni hefur verið lýst sem kolsvartri kómedíu. Geturðu sagt okkur aðeins frá því?*

„Húmorinn er býsna dimmur, en sjálf myndi ég ekki lýsa bókinni sem svartri kómedíu. Kannski gamanharmleik!

*Finnst þér þetta vera sérlega bresk skáldsaga? Að hve miklu leyti er hún um Bretland í dag og að hve miklu leyti um algild efni?*

„Þótt sögusviðið og persónurnar séu breskar er ég að fást við algilt efni. Félagslegu þættirnir eiga við alls staðar: hjónaband og hjúskaparvandamál, togstreita milli foreldra og barna, hugmyndafræðilegur ágreiningur um áhersluna á annars vegar sjálfsbjargarviðleitni og hins vegar stuðning frá hinu opinbera.

*Þetta er bók um samfélag aðskilnaðar – meðal annars milli fullorðinna og barna. Hvers vegna?*

„Fjölskyldur í þróuðum, vestrænum samfélögum upplifa sífellt meiri tímaskort. Börn og unglingar nú til dags fá því annars konar uppeldi en við sem ólumst upp á sjötta og sjöunda áratugnum. Það er líka geypilegt bil milli kynslóðanna í samskiptatækni. Facebook, Twitter og SMS-skilaboð eru yfirráðasvæði hinna ungu og ég held að eitt af verkefnum foreldra nú til dags, enn frekar en fyrri kynslóða, sé að skilja fyllilega ýmis mál og viðfangsefni tengd samfélagsmiðlum, sem koma fullorðnum oft framandi fyrir sjónir.

*Hvers vegna viltu skrifa um unglinga?*

„Ég hugsa að það sé vegna þess að unglingar eru svo brothættir, þrátt fyrir þá neikvæðu mynd sem er stundum dregin upp af unglingum sem hættulegum skemmdarvörgum. Þetta er mjög viðkvæmt aldursskeið. Þegar maður slítur barnskónum rennur upp fyrir manni að það þarf að lifa þessu lífi, með öllu því sem það felur í sér. Maður verður meðvitaður um lífið og tímann sem líður, sem barnið gerir sér ekki skýra grein fyrir á sama hátt.

Unglingar búa oftar en ekki hjá miðaldra foreldrum. Það er því óstöðugt jafnvægi á heimilinu milli unglingsins, sem áttar sig skyndilega á að hann þarf að taka ákvarðanir í lífinu og ábyrgð á því hvernig það mótast, og foreldranna sem á sama tíma upplifa jafnvel eftirsjá eftir eigin ákvörðunum, hvaða stefnu líf þeirra hefur tekið og verða sífellt meðvitaðri um eigin dauðleika. Þessi blanda getur reynst algjör púðurtunna og er það sannarlega í þessari bók.

**Viðsnúningur á kjörunum**

*Þú tekst á við alvarleg málefni í bókinni, þar á meðal sjálfsskaðandi hegðun, kynferðislega tilraunastarfsemi, vímuefnamisnotkun og nauðgun. Hvernig rannsakaðir þú þetta?*

„Ég lagðist ekki í ýtarlegar grunnrannsóknir um þessi málefni. Þótt þetta sé skáldsaga (engin persóna á sér raunverulega fyrirmynd) hef ég á minni dálítið óvenjulegu ævi kynnst fólki sem er eins og þessar persónur. Einu sinni var ég mjög fátæk. Augljóslega hefur orðið fullkominn viðsnúningur á kjörum mínum, og fyrir það er ég mjög þakklát, en ég hef þekkt fólk eins og allar persónurnar í bókinni.

*Hversu mikið byggir þú á þinni fyrri reynslu sem kennari?*

„Sú reynsla kom sér mjög vel. Ég kenndi í almenningsskólum þar sem var ekkert inntökuferli og í hverjum bekk voru nemendur af mjög fjölbreyttum toga. Það hjálpaði mér sannarlega við lýsingar á unglingum en ég byggði meira á minni eigin reynslu á því að hafa verið unglingur í slíkum skóla og á eigin minningum um unglingsárin.

*Hversu vel nýtist reynsla þín sem móðir þér við skriftir?*

„Það eru margar ólíkar mæður í þessari bók. Þrjár persónur hafa orðið barnshafandi fyrir slysni og í ljósi grunnstefsins um ábyrgð veitti það mér tækifæri til að kanna að hversu miklu leyti líffærafræði kvenna hefur áhrif á líf þeirra, jafnvel nú á dögum getnaðarvarna. Það eru foreldrar sem vilja vel í bókinni, en á heildina litið myndi ég segja að unglingarnir fimm sem koma við sögu hafi allir liðið fyrir mistök sem gerð voru í uppeldi þeirra. Á einu heimilinu eru til dæmis báðir foreldrarnir læknar. Þörfin til að skara fram úr hefur borist niður með kynslóðunum og fyrir vikið þurfa börnin að skara fram úr. Algeng pressa innan millistéttarinnar! Á hinum enda félagslega litrófsins er unglingur sem býr við mjög bág kjör og þarf í raun að vera í hlutverki foreldris gagnvart móður sinni. En foreldrahlutverkið er það erfiðasta í heimi og ég held að það gerði okkur öllum gott að viðurkenna það.

*Er þetta grunntogstreitan í bókinni?*

„Þetta veldur mikilli togstreitu en það eru fleiri núningsfletir líka, til dæmis vinna á kostnað fjölskyldulífs. Helsta orsök togstreitu í bókinni er hins vegar langvarandi árekstrar milli grunngilda í bænum Pagford; fallegu sveitaþorpi sem þarf að halda við dýrri fasteign meðan atvinnuleysi og vímuefnavandamál eru útbreidd.

**Gott að vera laus við skilafresti**

*Hvað hefurðu við þá að segja við þá sem vonuðust eftir einhverju í líkingu við Harry Potter?*

„Rithöfundur þarf að skrifa það sem hann vill skrifa. Eða öllu heldur það sem hann þarf að skrifa. Ég þurfti að skrifa þessa bók. Ég vona að einhverjir eigi eftir að kunna að meta hana. Það truflar mig ekki þótt sumir geri það ekki og kemst alls ekki í uppnám þótt margir vilji lesa meira um Harry Potter, þvert á móti lít ég á það sem hrós! Ég á án nokkurs vafa eftir að skrifa fyrir börn aftur, því ég ann því mjög og efast um að ég láti nokkurn tímann af því.“

*Hvað tekur nú við?*

„Ég vil ekki vera tekin á orðinu (því mér finnst ágætt að vera laus undan skilafresti) en ég hugsa að næsta bók verði fyrir börn. Ég er með verk í fartölvunni sem er nálægt því að verða lokið. Ég áskil mér hins vegar fullan rétt til að skipta um skoðun!

*Þýðing: Bergsteinn Sigurðsson.*

## JK ROWLING OG HARRY POTTER

**1965**

Rowling fæðist í bænum Yate í Gloucesterskíri á Englandi. Ung að árum byrjaði hún að skrifa fantasíur sem hún las upp fyrir systur sína. Rowling lærði ensku og frönsku í Exeter-háskóla og vann hjá Amnesty International að loknu prófi þaðan.

**1990**



Fær hugmyndina að Harry Potter þegar hún er á lestarferðalagi frá Manchester til London. Síðar sama ár, þegar hún er byrjuð að skrifa um Harry Potter, deyr móðir hennar og það hefur mikil áhrif á skriftirnar.

**1992**

Giftist portúgölskum blaðamanni og þau eignast dótturina Jessicu. Skömmu síðar hætta þau saman og skilja svo árið 1994. Rowling stríðir við þunglyndi í kjölfar skilnaðarins og hún sagði síðar að áhrif sjúkdómsins hefðu gefið henni hugmyndina að vitsugunum í Potter-bókunum.

**1995**



Lýkur við fyrstu Harry Potter-bókina eftir að hafa mestmegnis skrifað hana á kaffihúsum í Edinborg með dóttur sína með í för.

**1997**

Harry Potter og viskusteinninn kemur út í eitt þúsund eintökum hjá Bloomsbury. Árið eftir vinnur Rowling virt barnabókaverðlaun í Bretlandi og boltinn byrjar að rúlla. Kvikmyndaréttur á bókunum er keyptur ári síðar og komu myndirnar í kvikmyndahús á árunum 2001 til 2011.

**2007**



Sjöunda og síðasta bókin um galdradrenginn kemur út, Harry Potter og dauðadjásnin. Hún selst í ellefu milljónum eintaka á fyrsta degi í Bretlandi og Bandaríkjunum og verður þar með sú bók sem hefur selst hraðast í sögunni.

**2012**

The Casual Vacancy, fyrsta bók Rowling eftir bókaröðina um Harry Potter, kemur út. Bókarinnar er beðið með eftirvæntingu og seljast 2,6 milljónir eintaka í forsölu. Bókin segir frá óvæntu dauðsfalli sóknarnefndarmanns í bænum Pagford og átökum sem blossa upp í kjölfar þess.


PROMETHEUS
ER LENT Í HAGKAUP!
PROMETHEUS
DVD
KR. 2.699
PROMETHEUS
Blu-Ray
KR. 2.999
PROMETHEUS
4 DISC COLLECTOR'S EDITION
Blu-Ray 3D
KR. 4.499
Einnig fáanlegar
DVD
KR. 2.699
Skoppa og Skrítla
DVD
KR. 2.699
MIB 3
MEN IN BLACK 3
DVD
KR. 2.699
MIB 3
MEN IN BLACK 3
Blu-Ray
KR. 2.999
MIB 3
MEN IN BLACK 3
Blu-Ray 3D
KR. 4.499
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Hrappur heldur til í Hjarðarholti

**Laxdæla** er saga mikilla höfðingja þannig að kot eru ekki meðal þeirra staða sem koma þar mest við sögu. En hvað segja ábúendur nú um þetta sögufræga fólk sem bjó á bæ þeirra fyrr á öldum og setti svip á þá Íslendingasögu sem sker sig nokkuð úr vegna drama og riddaraskapar. *Jón Sigurður Eyjólfsson* tók hús á nokkrum ábúendum og heyrði til dæmis af Hrappi sem er enn á ferli.



**HJÓNIN Í HJARÐARHOLTI Á FJÓRHJÓLA HARRA** Hér eru þau Ágúst Pétursson og Björk Baldursdóttir á Harra á leið um Laxárdal.



**GAMLA LAUGIN Í SÆLINGSDAL** Hér var best að sýna sitt líkamlega atgervi og skoða föngulega kroppa þúsund árum fyrir daga World Class.



**MINNISVARÐI UM SNORRA STURLUSON** Skáldið hefur stolið senunni í Hvammi enda Unnur flutt á næsta bæ.



**HJÖRTUR HINRIKSSON Á HELGAFELLI** Hann heldur sögunni um Guðrúnu vel til haga þó Eyrbyggja sé hans saga.






**LEIÐI GUÐRÚNAR Á HELGAFELLI** Á Helgafelli hvílir sú sem reyndist þeim verst sem hún unni mest.



**HARALD MEÐ SPJÓTSODDINN** Hvaða kappi skyldi hafa verið búinn þessu vopni sem Harald fann svo öldum síðar?

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Það eru mörg stórbýli sem varða leiðina á Laxdæluslóðum. Á mörgum þeirra hafa ábúendur yfir fleiri fornmönnum að státa en þeim sem koma við Laxdælasögu. Menn eins og Snorri Sturluson og Þórólfur Mostrarskegg blanda sér því í söguna sem annars er tileinkuð Guðrúnu Ósvífursdóttur og fóstbræðrunum Kjartani Ólafssyni og Bolla Þorleikssyni en einvígi þeirra um hjarta Guðrúnar leiddi til dramatísks dauða Kjartans.

### Sælingsdalur

Þúsund árum fyrir daga World Class hafa Laugar í Sælingsdal verið einn heppilegasti staðurinn til að hnykla vöðva og auglýsa sitt líkamlega atgervi um leið og litið var á föngulega kroppa. Útrásavíkingarnir, stjörnulögfræðingarnir og föngulegir fjölmiðlamenn væru þar í lauginni í Sælingsdal ef málefnum heilsu og hégóma hefði verið eins háttað og á tímum Laxdælasögu og nú.

Ekki skemmdi fyrir að bóndadóttirin á bænum var hin föngulegasta og kvenskörungur mikill. Hún væri örugglega bæði í kvennalandsliðinu í knattspyrnu, með vinsælan dægurmálaþátt á Stöð 2 og virk í stjórnmálum landsins ef hennar nyti við í dag. Þetta er hún Guðrún Ósvífursdóttir, dóttir Ósvífurs Helgasonar, Óttarssonar, Bjarnasonar hins austræna, Ketilssonar flatnefs en flatnefur sá er sá fyrsti sem nefndur er í Laxdælu.

Blaðamaður brá tánum í gömlu sundlaugina í Sælingsdal, en hún var mannlaus, á meðan ungir sem aldnir fjölmenntu í nýju sundlaugina í Laugarskóla. Laugin er í hlíðinni svo gott er að virða fyrir sér Hvammsfjörðinn úr henni. Ekki sést þó til Hjarðarholts þar sem þeir Kjartan og Bolli slitu barnsskónum.

### Í Hvammi

Það er enginn skortur á kvenskörungum í Laxdælu. Unnur djúpúðga, sjálf ættmóðir Laxdæla, nam land í Hvammsfirði. Hún lét reisa sér ból í Hvammi svo blaðamaður ákveður að taka tær úr laug, hnýta skóþveng sinn og halda til Hjartar Sveins Sveinssonar, ábúanda í Hvammi.

Þegar Unnur djúpúðga var búin að koma Ólafi feilan, sonarsyni sínum, í hnapphelduna og halda honum brullaup mikið fór hún til rekkju sinnar og sofnaði sínum hinsta svefni. Brullaup stóðu lengi í árdaga en herlegheitunum var þó lokið þegar blaðamann bar að garði í Hvammi og Hjörtur tekur á móti honum á hlaðinu. „Karl faðir minn kunni skil á þessu öllu saman," segir hann þegar staðið er fyrir neðan bæinn og horft upp í Krossgil.

En þegar talið berst að bóli Unnar verður hann var um sig í því. „Það mun hafa verið þarna niður við ána," segir Hjörtur og bendir niður í fjöru. Þar eru tóftir nokkrar sem taldar eru vera af landnámsbænum. „Þetta tilheyrir reyndar ekki lengur landi Hvamms heldur Skerðingsstaða," segir Hjörtur svo ekki var hægt að biðja hann um að leiða sig í Unnarból. En Hjörtur hefur yfir nægum fornmönnum að státa, þótt Unnur sé flutt í Skerðingsstaði, því í Hvammi bjó Sturla, Hvamm-Sturla sjálfur, og þar fæddist því Snorri enda hefur honum verið reist fagurt minnismerki í Hvammi. Ábúendur á Skerðingsstöðum voru hins vegar ekki heima þegar blaðamaður ætlaði að biðja þá um að leiða sig til landnámsbæjar Unnar. Ekki var því annað að gera en halda í Hjarðarholt þar sem Ólafur pá reisti sér bæ. Þar ólst Kjartan sonur hans upp eins og Bolli Þorleiksson, frændi hans og fóstbróðir, sem síðar átti eftir að vinna dramatískasta verknað Íslendingasagna með bölvuðum Fótbít sínum.

### Í Hjarðarholti

Þau Ágúst Pétursson og Björk Baldursdóttir voru óvopnuð þegar blaðamann bar að garði. Honum er boðið kaffi inni í eldhúsi að íslenskum sið og þar berst talið að óþokkanum Víga-Hrappi. Hann var ódæll mjög, jafnt lífs sem liðinn því hann gekk aftur og gerði Ólafi pá upphafsárin í Hjarðarholti örðug með draugagangi sínum. Varð Ólafur reyndar að láta grafa Víga-Hrapp upp og brenna til að binda enda á reimleikana. Blaðamanni lék forvitni á að vita hvort það hefði dugað og spurði hvort Hrappur væri enn á ferð. „Já, já, hann var hérna síðast í dag, við buðum honum í kaffi," segir Björk og andlitið dettur af blaðamanni. „Já, þetta er hinn mesti öðlingur," bætir Ágúst við. „Nú, svo við erum ekki að tala um Víga-Hrapp?" spyr blaðamaður. „Nei, þetta er hann Gilbert vinur okkar Elísson," segir Björk. „En hann tók sér nafnið Hrappur við fermingu og skeytti því inn í sitt fulla nafn svo þú sérð að við erum ekki alveg búin að gleyma Laxdælu hér í Dalasýslu."

„Mér finnst þó að þeir mættu láta meira með hana," segir Ágúst, sem er frá Flateyri og fékk heldur betur að kynnast stolti Dýrfirðinga yfir Gísla sögu Súrssonar þegar hann var við nám í gamla Héraðsskólanum á Núpi.

### Farið um Laxárdal

Eftir að hafa sötrað kaffi stingur Björk upp á því að blaðamaður sé tekinn með í Laxárdalsferð. Hann hnýtir því aftur skóþveng sinn en úti á hlaði bíður svartur og mikill jeppi sem er líklega nútímaútgáfa af uxanum Harra sem Ólafur pá hafði í Hjarðarholti. „Sjáðu, þarna er Harraból, þar átti uxinn sitt ból, hann hefur bitið þetta vel því sprettan er alltaf góð á þessum reit," segir Ágúst og bendir á reit neðan við bæinn.

Þegar komið er upp á Hjarðarholtshálsinn benda þau hjón á skáldaleyfi höfundar Laxdælu. Sagt er að þeir fóstbræður, Kjartan og Bolli, hafi horft agndofa frá Hjarðarholti á Guðrúnu í lauginni sinni á Laugum. Hins vegar sést engan veginn frá Hjarðarholti að Laugum, hvernig sem menn bera sig að, en höfundi er þetta fúslega fyrirgefið.

Ekið er á fjórhjóla Harra inn Laxárdalinn en þegar Goddastaðir koma í ljós segir Björk: „Þetta voru engir hálfdrættingar hér í Hjarðarholti því þegar Ólafur pá lét allan búpening sinn í eina röð náði sú röð óslitið frá Goddastöðum til Hjarðarholts." Svo snýr hún sér að bónda sínum og mælir: „Hvað heldur þú að kindurnar okkar næðu langt, Ágúst, ef við settum þær í eina röð?" Ágústi líst ekkert á þennan samanburð, en þó eiga þau 670 ær.

> **„**
>
> Þetta voru engir hálfdrættingar hér á Hjarðarholti því þegar Ólafur pá lét allan búpening sinn í eina röð náði sú röð óslitið frá Goddastöðum til Hjarðarholt.
>
> **Björk Baldursdóttir, Hjarðarholti**

En fyrsti ábúandinn á Goddastöðum er ekki langt undan því skammt frá bakka Laxár er laut allmikil. „Einhvers staðar í þessari laut er steinn sem á stendur Goddi, og ártalið 930," segir Björk. Það er nokkuð farið að rökkva og ekki hlaupið að því að finna þennan stein svo haldið er fram hjá lautinni.

Harri hinn fjórhjóla fer létt með að koma okkur yfir ána en þá mætum við liði miklu sem kemur ríðandi út dalinn. Ekki er tilefni til að grípa til vopna því þarna er Harald Ó. Haraldsson frá Svarfhóli á ferð með börnum sínum í útreiðartúr. Harald hefur þó ekki alltaf farið óvopnaður um Laxárdal því fyrir nokkrum árum fann hann 30 sentímetra langan spjótsodd frá miðöldum skammt frá Svarfhóli. Nú má líta þá gersemi á Þjóðminjasafninu.

Þegar við ökum meðfram ánni segir Björk: „Þú hefðir þurft að hitta á hann pabba," en Baldur heitinn Þórðarson faðir hennar þekkti Laxdælu eins og lófann á sér og kunni nánast sögu hvers hóls í Laxárdalnum og víðar þar sem sagan teygir anga sína. En eftir því sem á leið rifjaðist meira og meira upp í hugum þeirra hjóna. Má þar nefna lækinn þar sem Höskuldur kom að Melkorku á tali við Ólaf son þeirra. Þótti þetta undrun sæta þar sem Melkorka átti að vera mállaus en reyndist svo málfær mjög og konungsdóttir í þokkabót.

### Í Svínadal

Þau Hvammshjón höfðu í hyggju að halda vestur á firði nokkrum dögum síðar, á heimaslóðir Ágústs. Þar með þurftu þau að aka um Svínadal og eflaust sáu þau þá fyrir sér hvar Kjartan ríður inn dalinn og Ósvífurssynir sitja fyrir honum í Hafragili ásamt Bolla fóstbróður hans. Þau sjá eflaust líka fyrir sér hvar Kjartan mælir til Bolla, eftir að hafa varist vel og vegið marga í liði þeirra Laugdæla, að nú skuli hann láta til sín taka með Fótbít sinn og berjast annaðhvort með sér eða á móti. Þeim sem lifa sig inn í söguna vöknar eflaust um augun þar sem þeir sjá Kjartan fyrir sér falla dauðan í fang fóstbróður síns eftir banasárið frá Fótbít.

### Á Helgafelli

Á heimleið af Laxdælusóðum átti blaðamaður erindi í Stykkishólm. Á leiðinni þangað er komið að afleggjara að Helgafelli. Ekki var annað hægt en gera sér leið þangað og banka upp á hjá Hirti Hinrikssyni og spyrja um hana Guðrúnu Ósvífursdóttur sem hvílir þar í túninu hjá honum. Ein fleygustu orð Íslendingasagna voru mælt á Helgafelli þegar Bolli sonur Guðrúnar tók hús á henni og vildi gera upp ástaferil hennar og komast að því hverjum hún unni mest og hún svaraði: „Þeim var ég verst er ég unni mest."

Synir Hjartar, þeir Óskar og Hinrik, voru að vinna að endurbótum á kirkjunni á Helgafelli þegar blaðamann bar að garði enda undir mikilli pressu að kristnihaldið sé með besta móti þar sem bein hinnar rammkaþólsku Guðrúnar hvíla. Auk Guðrúnar hvílir Ósvífur faðir hennar á Helgafelli sem og Gestur Oddleifsson spaki frá Haga á Barðaströnd en hann réð draum Guðrúnar í lauginni forðum en sú draumráðning fer eins og undiralda í sögunni allri. En það er einnig fjölmennt meðal framliðinna á Helgafelli því gestkvæmt er hjá Hirti af Guðrúnar sökum.

„Ætli það komi ekki um nokkur hundruð manns á dag að skoða leiðið hennar," segir Hjörtur. „En við fáum enga peninga til þess að gera henni hátt undir höfði, það þyrfti að gera hér göngustíga og frekari merkingar en það fæst ekkert til þess."

Hjörtur er vissulega stoltur af sinni fornkonu og voru þeir Óskar og Hinrik ekki háir í loftinu þegar þeir voru leiddir í allan sannleika um Guðrúnu og afdrif hennar. En þó er honum önnur saga hjartfólgnari. „Annars er nú Eyrbyggja okkar saga," segir hann. Í henni segir að Þórólfur Mostrarskegg hafi lagt átrúnað á Helgafellið sjálft, sem er norðan við bæinn, og mátti enginn óþveginn horfa á það enda trúði hann því að þangað myndi hann hverfa er jarðlífi lyki. „Það er sagt að gangi menn upp á fellið án þess að mæla orð frá munni eða líta aftur geti þeir farið inn í grjótbyrgið sem er þar uppi og fengið þrjár óskir uppfylltar." Hjörtur hvetur menn þó til að hugsa sig vel um áður en þeir ganga þegjandi á Helgafell. Það er um að gera að vanda sig við óskirnar því þær er aðeins hægt að fá uppfylltar í eitt einasta sinn. Ef lesandi hefur haft gaman af þessari grein má fullyrða að þetta virkar ágætlega.



BT
LAGERSALA
- aðeins í nokkra daga - takmarkað magn !!
Samsung 11.6" NP305U1A
AMD E450 - 4GB - 500GB
ÁÐUR 99.900
79.900
Samsung 15.6" RV515-S04
AMD E450 - 4GB - 640GB
ÁÐUR 109.900
94.900
Samsung 15.6" NP300E5A
Intel i5 - 6GB - 1TB
ÁÐUR 159.900
134.900
TÓNLIST
20%
afsláttur
GILDIR AÐEINS UM HELGINA
ROSALEG LEIKJAVÉL
...til í slaginn !
Samsung GAMER 700G7A
17.3" - Intel i7 - 16GB - 1.5TB
ÁÐUR 379.900
339.900
FARTÖLVUR
-aðeins brot af úrvalinu
-síðustu eintök
-sjón er sögu ríkari
TÖLVULEIKIR - HLÆGILEG HRUN-VERÐ - TAKMARKAÐ MAGN
PS3 LEIKIR
verð frá 499
PC LEIKIR
verð frá 99
XBOX LEIKIR
verð frá 499
Wii LEIKIR
verð frá 499
DS LEIKIR
verð frá 499
Glói geimvera
99
SÍÐUSTU EINTÖK - LAGERHREINSUN - TAKMARKAÐ MAGN
spilað & skilað
Notaðir leikir á tilboði
2 fyrir 1
Kauptu spilaðan leik
og veldu annað spilaðan frítt með
(ódýrari leikurinn fylgir frítt með)
HEILSUVÖRUR
Ion hitamælir
ÁÐUR 7.999
5.999
Ion blóðþrýstingsmælir
ÁÐUR 8.999
5.999
Ion USB baðvog
ÁÐUR 11.999
8.999
Ion skrefamælir
ÁÐUR 5.999
3.999
BT Skeifunni - BT Glerártorgi - www.BT.is - s. 550-4444

# Krossgáta



**Lárétt**
1. Einhverjar með brennsa og húsdýraáburð í Hörpuhús (11)
10. Málar stíflu fyrir áferð (9)
11. Danskir sjónglerjaglámar leita efnis í grænmetisrétt (11)
13. Mundi er kóngur og tími samanlagt (10)
14. Er Gore jafn fróður og guð? (7)
15. Dyrnar eru yfirbragðið (11)
17. Hvílast og finna hjálp (4)
18. Tæla huggulegan og hárprúðan (11)
21. Partívísindin fjalla um allan heiminn (10)
22. Sýn lasinna og léttrugláðra skýjaglópa? (10)
26. Innborgar í annarri sveit (9)
29. Svona flaug fuglinn sem lenti á veggnum fótalaus (10)
30. Blekking hrein á Báru með agninu (11)
32. Geri ótvíræða kröfu um að verja Bandaríkin (8)
33. Frjó sýnir fyrsta móðurlíf (7)
34. Æðar teikni í upprifjun (9)
35. Standast ekki klæðlausa (6)
36. Minnkaður fyrir myndverk (7)
37. Set deig í óra hugdjarfra (7)
38. Last bók um last (6)
39. Athugull hefur hugboð um dufl (9)
40. Stígur ill sem fór um hyldýpi á hesti (8)

**Lóðrétt**
1. Fiskiáætlun var kjarni Siglufjarðar og fleiri bæja (10)
2. Drífa karl til vinnu við gerð húsa og vega (10)
3. Erfiði aldurs mótast á alvöruárum (8)
4. Stekk vatni á himbrima úr svona íláti (8)
5. Fellir Gunni tár á fjórtánda ári? (8)
6. Fundarfastur eins og ráðherrann (11)
7. Spjall, eiga vísindin við þarma? spyrja þeir sem fást við þtam (20)
8. Leggja rækt við bobba (5)
9. Fjötrið vind, notið hespuna (11)
12. Bók er biblía (7)
16. Segir nærstadda liggja sem lík (6)
19. Borða ekkert, ofurölvi og treysta þeim sem alltaf er í nefnd (13)
20. Senda galdrastaf og bús með símbréfi (7)
23. Fullur af tröllasögum og yfirdrifinn (11)
24. Í sveit stökkvi nafnlaus flóttamaðurinn (11)
25. Færi rangstæða staura úr vestri (6)
27. Redda lóðinu toppfengnum (10)
28. Kennd við vitlausan karl (10)
31. Sé út frístund sem er auð (8)
33. Aflar agnarílát (6)



Lausnarorð síðustu viku var
**GEISLADISKUR**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Illska frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurður Briem, Garðabæ,** og getur hann vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist gómsætur rófuréttur. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. október næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „20. október“.

UPPBOÐ
á ýmsum munum
Vörumiðstöð Samskipa, laugardaginn 20. október kl. 12

Uppboðið verður haldið af Sýslumanninum í Reykjavík í aðstöðu vörumiðstöðvar Samskipa Kjalarvogi 7-15 Reykjavík. Aðkoma að húsnæði Samskipa: Gengið er inn um dyr nr. 33 hjá vöruafgreiðslu inn á svæðið. Bílastæði eru fyrir framan húsið.

Boðnar verða upp ótollafgreiddar og tollafgreiddar vörur. Meðal þess sem boðið verður upp eru húsgögn, uppþvottavélar, prentvél, innréttingar, geisladiskar, fatnaður, skór, leikföng, bílaþvottastöð, verkfæri, innkaupakörfur, bækur og margt fleira.




**Einungis peningar eða debetkort eru tekin gild sem greiðsla, hvorki ávísanir né kreditkort.**

**Greiðsla við hamarshögg.**

SAMSKIP



Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1977

## Þrír meðlimir Lynyrd Skynyrd létust í mannskæðu flugslysi

**Suðurríkjarokkararnir lentu í flugslysi þar sem þrír meðlima létust, þar á meðal aðalsöngvarinn. Sveitin var endurreist áratug síðar og er enn starfandi í dag.**

Þennan dag fyrir réttum 35 árum, hinn 20. október árið 1977, fórst flugvél í skóglendi í Mississippiríki í Bandaríkjunum. Sex létust, þar á meðal þrír meðlimir rokksveitarinnar Lynyrd Skynyrd, sem hafði tekið Bandaríkin með trompi með lögum eins og Free Bird og ofursmellinum sígilda Sweet Home Alabama.

Ronnie Van Zant, Bob Burns, Gary Rossington, Allen Collins og Larry Junstrom, gagnfræðaskólavinir frá Flórída, höfðu stofnað sveitina árið 1964 undir nafninu My Backyard en ekki orðið mikið ágengt á landsvísu. Það breyttist árið 1973, skömmu eftir að þeir tóku upp nafnið Lynyrd Skynyrd, sem er afbökun á nafni gamla leikfimikennarans þeirra Leonards Skinner.

Skynyrd gaf þetta ár út plötu og lagið Free Bird sló í gegn. Ári síðar kom platan Second Helping, þar sem Sweet Home Alabama var að finna. Skynyrd hafði þar tekið afgerandi forystu í svokölluðu Suðurríkjarokki og naut mikilla vinsælda.

Á tónleikaferð árið 1977, þar sem systkinin Cassie og Steve Gaines höfðu skömmu áður gengið til liðs við sveitina, voru þau á leið frá Suður-Karólínu til Louisiana í leiguflugvél. Vélin fór allt í einu að missa flugið þar sem eldsneytisbirgðirnar þraut og loks hrapaði hún til jarðar. Gaines-systkinin og aðalsöngvarinn, Van Zant, létust ásamt aðstoðarrótara, flugmanni og flugstjóra en tuttugu lifðu af.

Orsakir slyssins voru síðar raknar til mistaka hjá áhöfninni. Sagan segir að Aerosmith hafi sumarið áður íhugað að leigja flugvélina en litist illa á áhöfnina.

Skynyrd var endurlífguð árið 1987, þar sem fimm af þeim sem komust lífs af voru meðal meðlima, og er hún enn í dag að spila fyrir aðdáendur sína og gaf meðal annars út sína fjórtándu breiðskífu í ár.

- þj

*Heimild: History.com*

# KRÓNAN

**Nýtt kortatímabil!**

## TRYGGÐU ÞÉR ódýran kalkún fyrir jólin!

20% afsláttur

1299 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

**Holda frosinn kalkúnn**

20% afsláttur

1299 kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg

**Krónu hamborgarhryggur**

775 kr. kg

**Ísl. matvæli, heill kjúklingur**

1239 kr. kg

**Kjúklingur með lime og rósmarín**

649 kr. kg

**Krónu blandaðir kjúklingabitar**

50% afsláttur

1898 kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg

**Ungnauta roastbeef, erlent**

50% afsláttur

1898 kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg

**Ungnauta piparsteik, erlend**

35% afsláttur

2989 kr. kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg

**Ungnauta entrecote, erlent**

30% afsláttur

1028 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

**Grísakótilettur, magnpakkning**

20% afsláttur

1198 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

**Grísagúllas og grísasnitsel**

Ódýrt!

698 kr. kg

**Grísabógur, hringskorinn**

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



40 **SNOOP DOGG,** bandarískur rappari á stórafmæli í dag.

*„Það er of auðvelt fyrir börn að komast í slæman félagsskap og byrja að neyta eiturlyfja. Við verðum að gera það jafn auðvelt fyrir börn að mennta sig og stunda íþróttir.“*

---

✝



Eiginkona mín,

**SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fimmtudaginn 18. október. Jarðarförin auglýst síðar.

**Rögnvaldur Gíslason**

---

✝



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts

**GÍSLÍNU MARGRÉTAR ÓSKARSDÓTTUR**
**Dvergagili 30, Akureyri.**

Tryggvi Valsteinsson og fjölskylda.

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**DAVÍÐ GUÐLAUGSSON**
**fyrrv. skipstjóri,**
**Hagaflöt 9, Akranesi,**

verður jarðsunginn frá Akraneskirkju fimmtudaginn 25. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Guðm. Rúnar Davíðsson** **Margrét Sigurðardóttir**
**Sigurður Grétar Davíðsson** **Hólmfríður D. Guðmundsdóttir**
**Harpa Hrönn Davíðsdóttir** **Búi Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**HALLGRÍMS V. MARINÓSSONAR**
**Hellisgötu 1, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Karitas – heimahjúkrunar og starfsfólki krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir alúð og virðingu í veikindum hans. Einnig þökkum við vinum og vandamönnum sem veitt hafa stuðning og kærleika.

**Arndís K. Sigurbjörnsdóttir**
**Margrét Hallgrímsdóttir**
**Sigurbjörg Hallgrímsdóttir** **Kristján Jónsson**
**Kristín Hallgrímsdóttir** **Birgir Björnsson**
**Katrín Kristín Hallgrímsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÍÐAR Þ. BJARNAR**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 16. september sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 1. hæðar Sóltúns fyrir einstaka umönnun.

**Sigrún I. Sigurðardóttir** **Skarphéðinn Þórisson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Kristján Jóhannsson**
**Dóra Sigurðardóttir** **Birgir Þórarinsson**
**Egill Þór Sigurðsson** **Sigrún Edda Jónsdóttir**
**Anna Laufey Sigurðardóttir** **Birgir Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla


Sverrir Einarsson

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn


Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


---



**GRÆN OG VÆN** Unglingarnir á Vopnafirði hafa málað bæinn grænan í vikunni íklædd grænu. Einnig skreyttu þau með grænum borðum, gáfu grænar blöðrur og fóru í fyrirtæki og stofnanir og heilsuðu upp á gesti og gangandi.

VINAVIKA Á VOPNAFIRÐI: UNGLINGAR SETJA SVIP SINN Á BÆINN

# Kærleiksmaraþon og knús

„Við unglingarnir höfum mjög mikinn metnað fyrir Vinavikunni, erum öll saman að skipuleggja viðburði vikunnar. Stefán Már Gunnlaugsson, presturinn okkar, hefur hjálpað okkur með hugmyndirnar, en við framkvæmum þær svo,“ segir Sverrir Hrafn Friðriksson, nemandi í 10. bekk í Vopnafjarðarskóla. Unglingar í æskulýðsstarfi Vopnafjarðarkirkju hafa sett mikinn svip á bæinn í vikunni. Þeir hafa, nú þriðja árið í röð, staðið fyrir Vinaviku í bænum. Vikan hófst síðastliðinn sunnudag með Vinabíói og á hverjum degi í vikunni hafa unglingar í bænum staðið fyrir skemmtilegum uppákomum. Sverrir Hrafn segir vikuna hafa gengið mjög vel.

„Við höfum gert margt mjög skemmtilegt í vikunni. Á mánudag vöknuðum við eldsnemma, klukkan sjö, og gengum um bæinn og settum fallega orðsendingu á dyrahúna hjá fólki í bænum. Við stóðum fyrir Vinaskrúðgöngu á fimmtudag og fengum marga bæjarbúa til að taka þátt í henni, enda vorum við reyndar búin að vekja mikla athygli á henni með því að fara um bæinn í traktorsvögnum fyrr í vikunni,“ segir Sverrir Hrafn.

Vopnfirsk ungmenni hafa í Vinavikunni einnig bankað upp á hjá íbúum bæjarins og boðist til að aðstoða þá við húsverkin. „Það er mjög vinsælt að fá okkur til þess að þrífa glugga og sópa stéttir.“ Í gær buðu ungmennin svo upp á knús og fóru létt með það. „Við erum ekkert feimin við að vera vinaleg og ekkert að hugsa um hvort við séum kjánaleg. Það eru allir svo ánægðir með okkur og maður verður auðvitað svo miklu vinalegri þegar maður tekur þátt í Vinavikunni.“



**UM BÆINN Í GLEÐI OG SÖNG** Vopnfirskir unglingar á ferð um bæinn á miðvikudag þegar græni liturinn var allsráðandi.

Sverrir Hrafn hefur tekið þátt í Vinavikunni í þau þrjú ár sem hún hefur verið haldin en nemendur í 8., 9., og 10. bekk standa að vikunni. Markmið unglinganna er að safna sér fyrir ferð á landsmót æskulýðsfélaga á Egilsstöðum. „Söfnunin gengur mjög vel, en við erum ekkert að hugsa um hana öllum stundum, heldur erum bara að njóta lífsins í Vinavikunni.“

Á morgun er lokadagur vikunnar og ein aðaluppákoman, Kærleiksmaraþonið. „Þá bjóðum við í kaffi og kökur í safnaðarheimilinu að lokinni messu, og svo er pitsuveisla og flugeldasýning líka,“ segir Sverrir Hrafn að lokum.

**sigridur@frettabladid.is**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN STEFÁNSSON**
**fyrrv. framhaldsskólakennari,**
**Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,**

lést á Landakoti sunnudaginn 14. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 22. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Orgelsjóð Grafarvogskirkju.

**Sefán Bogi Stefánsson** **Kristín Jóhannesdóttir**
**Karólína Sigfríð Stefánsdóttir** **Þórður Björgvinsson**
**Elín Pálsdóttir** **Vigfús Þór Árnason**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**VALGEIRS G. VILHJÁLMSSONAR**
**Árskógum 8, Reykjavík.**

Starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fær sérstakar þakkir fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Anna Dagrún Magnúsdóttir**
**Sigríður Jónsdóttir**
**Kolbrún Gunnlaugsdóttir**
**Erla Rannveig Gunnlaugsdóttir** **Pálmar Guðmundsson**
**Gunnlaugur K. Gunnlaugsson** **Guðríður Ágústsdóttir**
**og fjölskyldur.**

# EKKI ER ALLT SEM SÝNIST

Mögnuð spennusaga úr smiðju
metsöluhöfundarins Árna Þórarinssonar
sem bregst ekki aðdáendum sínum!

Ráðgátur hrannast upp í lífi og starfi Einars blaðamanns. Ekki er allt sem sýnist – og kannski ekkert.




JPV ÚTGÁFA

ÁRNI ÞÓRARINSSON



„Framúrskarandi krimmi með sterkri undiröldu ...“
JAN ARNALD / ARNE DAHL um *Tíma nornarinnar* í *Dagens Nyheter*

„Harkaleg samfélagsgagnrýni í skarpskyggnri og írónískri umfjöllun.“
ANGELIQUE GIORGI / um *Dauða trúðsins* í *La Marseillaise*

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Afhentu 600 hillumetra af skjölum

Skjalasafn Sambands íslenskra samvinnufélaga, SÍS, var afhent Þjóðskjalasafni í gær til varðveislu. Skjalasafn SÍS er mikið að vöxtum og er stærsta einkaskjalasafn sem afhent hefur verið Þjóðskjalasafni til varðveislu. Samtals er skjalasafn SÍS um 600 hillumetrar að stærð, eða rúmlega 8000 skjalaöskjur. Elstu skjölin í skjalasafninu eru frá síðari hluta 19. aldar og þau yngstu frá síðustu aldamótum. Skjalasafn SÍS er afar merkilegt og mikilvægt þegar kemur að rannsóknum á Íslandssögu 20. aldar á sviði viðskipta, atvinnu og stjórnmála. Eftir vinnu við röðun, uppsetningu í hillur og frágang skjalaskrár verður skjalasafn SÍS aðgengilegt almenningi og fræðimönnum snemma árs 2013.

Samband íslenskra samvinnufélaga var stofnað þann 20. febrúar 1902 og varð því 110 ára í febrúar síðastliðnum. Upphaflega hét það Sambandskaupfélag Þingeyinga en fékk endanlegt nafn 1906, Samband íslenskra samvinnufélaga. Frá árunum 1940 til 1980 var Sambandið stærsti atvinnurekandi landsins. Um 1980 voru starfsmenn þess um 1.800. Þegar líða tók á 20. öld birtust ýmis vandamál í rekstri Sambandsins og kaupfélaganna samhliða margþættum breytingum í efnahagslegu umhverfi. Á aðalfundi árið 1990 var samþykkt að Sambandið skyldi gert upp, eignir seldar og skuldir greiddar. Þetta gekk að mestu eftir og var lokið árið 1992. Síðan hefur Sambandið aðeins verið félagslegur vettvangur kaupfélagana til samstarfs og samráðs.



**SKJÖLIN AFHENT** Vinnuvélar þurfti til að flytja skjalasafn SÍS enda safnið mikið vöxtum.

## 2 MILLJÓNIR BLAÐSÍÐNA

- Skjalasafn SÍS er 600 hillumetrar að stærð eða rúmlega 8000 skjalaöskjur.
- Ef skjölum SÍS væri raðað í turn myndu þau vera meira en átta sinnum hærri en Hallgrímskirkja.
- Gera má ráð fyrir að nálægt tvær milljónir blaðsíðna séu í skjalasafninu.
- Skjalasafnið mun berast Þjóðskjalasafni Íslands á 60 vörubrettum.
- Samtals er þyngd skjalasafns SÍS um 20 tonn.

---

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞORGERÐAR JÖRUNDSDÓTTUR.**

**Anna María Hilmarsdóttir**
**Þorsteinn Hilmarsson** **Guðrún Sóley Guðjónsdóttir**
**Þorgerður Jörundsdóttir** **Þorsteinn Jörundsson**
**Þuríður Elfa Jónsdóttir** **Jörundur Jörundsson**
**Jóhanna Símonardóttir** **Steinunn Guðmundardóttir**
**Hilmar Þorsteinsson** **Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---

†



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KATRÍN SIGURVEIG GUÐGEIRSDÓTTIR**
**Kópavogsbraut 1C, lengst til heimilis á Borgarholtsbraut 63, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi 18. október sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 29. október kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Kristbjörn Árnason** **Þóranna Eyjólfsdóttir**
**Svanhildur Árnadóttir** **Þorvarður Gunnar Haraldsson**
**Stefanía María Ólafsdóttir** **Þórður Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**VALDIMAR KRISTINSSON,**
**Kirkjusandi 1, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 17. október. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 29. október kl. 15.00.

**Valborg Stefánsdóttir**
**Kristinn Valdimarsson**
**Stefán Ingi Valdimarsson** **Elínborg Ingunn Ólafsdóttir**
**Þórarinn Stefánsson**

---

†



Kærar þakkir til allra sem sýndu okkur vinarhug og samúð við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**BERGÞÓRS SMÁRA**
**læknis,**
**Hvassaleiti 125, Reykjavík.**

**Anna G. Júlíusdóttir**
**Júlíus Smári** **Bryndís Kristjánsdóttir**
**Erla B. Smári** **Thomas Mathiesen**
**Guðbjörg Gústafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSGERÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
**Vogatungu 103, Kópavogi,**

sem lést að heimili sínu sunnudaginn 14. október, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 24. október kl. 13.00.

**Þórunn Einarsdóttir** **Erling J. Sigurðsson**
**Sigurður Egill Einarsson** **Elva Stefánsdóttir**
**Birgir Einarsson** **Fanney Sigurðardóttir**
**Egill Einarsson** **Berglind Tulinius**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA BJÖRNSDÓTTIR**
**Álfhólsvegi 155, Kópavogi,**

lést á Landspítala Íslands mánudaginn 8. október. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að eigin ósk.

**Guðrún Hanna Óskarsdóttir** **Halldór Mikkaelsson**
**Sverrir Harðarson**
**Hörður Óskarsson**
**Bryndís Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæra

**MARGRÉT TINNA G. PETERSSON**
**Birkilundi 2, Akureyri,**

er látin. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 29. október kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

**Selma Aradóttir** **Jóhann Freyr Jónsson**
**Martin Petersson**
**Saga Marie Petersson**
**Guðmann Ölfjörð Guðmannsson**
**Helga Magnúsdóttir** **Þorleifur Stefánsson**
**Stefán Grétar Þorleifsson**
**Ari B. Hilmarsson**
**Margrét Kristinsdóttir** **Gunnar Sólnes**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR G. JÓNSSON**
**Reynihvammi 1, Kópavogi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar 30. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinssjúk börn. Sérstakar þakkir eru til Landakots, deild L4. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**María Einarsdóttir**
**Hreinn H. Erlendsson**
**Einar Ólafsson** **Anna S. Sigmundsdóttir**
**Viðar Ólafsson** **Rannveig Tómasdóttir**
**Ólafía Jóna Ólafsdóttir** **Þór Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SJAFNAR B. GEIRDAL**

fer fram frá Akraneskirkju 26. október kl. 14.00.

**Bragi Skúlason** **Anna Þuríður Kristbjörnsdóttir**
**Hrafnhildur Skúladóttir** **Ólafur Jón Guðmundsson**
**Hafdís Skúladóttir** **Magnús Árnason**
**Sigríður Birna Bragadóttir** **Sigurjón Þorsteinsson**
**Steinar Bragi Sigurjónsson** **Anna Jóna Sigurjónsdóttir**
**Ámundi Steinar Ámundason** **Grímur Arnar Ámundason**
**Hafdís Anna Bragadóttir** **Björn Eyjólfsson**
**Sara Skúlína Jónsdóttir** **Arnar Már Símonarson**
**Aron Frosti Arnarsson** **Arnar Jón Ólafsson Geirdal**
**Skúli Bragi Magnússon** **Ásdís Elfa Einarsdóttir**
**Árni Þórður Magnússon**

---

†



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýju við andlát og útför

**SIGURBJÖRNS ÁRNASONAR,**
**Goðatúni 34, Garðabæ.**

Einnig kærar þakkir til alls starfsfólks deildar B4 Landspítalanum Fossvogi og starfsfólks og bílstjóra dagvistar á Vífilsstöðum.
Guð blessi ykkur öll.

**Kristjana Kristjánsdóttir**
**Bjarney Sigvaldadóttir** **Gísli Kristinsson**
**Eva Sigurbjörnsdóttir** **Ásbjörn Þorgilsson**
**Árni Sigurbjörnsson** **Andrea Jónheiður Ísólfsdóttir**
**Jón Ingi Sigurbjörnsson** **Harpa Sigríður Höskuldsdóttir**
**Kristján Sigurbjörnsson** **Anna Lísa Gunnarsdóttir**
**Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir** **Hermann Óskar Hermannsson**
**Anna Sigurbjörnsdóttir** **Malcolm Holloway**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

†



Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**SIGURÐAR JÓNSSONAR.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og starfsfólki á deild 11 G Landspítala við Hringbraut.

**Bryndís Bjarnadóttir**
**Kolbrún Lilja Sigurðardóttir** **Carsten Hanghøj**
**Karen Ósk Sigurðardóttir** **Ásmundur Jón Marteinsson**
**afabörn**
**foreldrar og systkini.**

---

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs bróður okkar og mágs,

**SIGURÐAR J. INGÓLFSSONAR**
**Bakkastíg 9, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við Ágústi Einarsyni, skipverjum á Ásbirni RE 50 og HB Granda fyrir ómetanlega aðstoð. Einnig starfsfólki á deild 7 A Landspítalanum í Fossvogi fyrir góða umönnun.

**Ragnheiður H. Ingólfsdóttir** **Gísli Gíslason**
**Margrét Ingólfsdóttir**
**Brynjólfur Ingólfsson** **Edda Baldursdóttir**
**Garðar Ingólfsson** **Kristjana Benediktsdóttir**
**Unnur Ingólfsdóttir** **Björn Svavarsson**
**Sigurbjörn Ingólfsson**
**Eyþór Ingólfsson** **Róshildur Jónsdóttir**
**Hulda Jósefsdóttir**

VILD ER SNILLD

# SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

**VIRKJAÐU** Fardu á stod2.is/vild og skráðu kreditkortið þitt.

**VERSLAÐU** Þú þarft ekkert að gera. Afslátturinn er við kassa.

**SPARAÐU** Þú sparar á hverjum degi. Fjöldi samstarfsaðila.

## FASTUR AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI

Sérkjör á eldsneyti hjá Olís og ÓB.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

olís ÓB

## 15%

afsláttur af bílavörum hjá Olís.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

olís

## 12%

afsláttur hjá Osushi

Gildir aðeins ef keypt er fyrir 2.000 kr. eða meira.

SUSHI

## 10%

afsláttur af þjónustu hjá Max 1.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

MAX1 BÍLAVAKTIN

## 25%

afsláttur á allar leiksýningar *Á sama tíma að ári* í Borgarleikhúsinu í október og í Hofi á Akureyri í nóvember.

Borgarleikhúsið: 568 8000
Menningarhúsið Hof: 450 1000

Borgarleikhúsið HOF MENNINGARHÚS

## 25%

afsláttur af öllu í Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum.

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

## 10%

afsláttur hjá 10-11 ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

Gildir af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, Lottó eða 1x2.

10-11

## 10%

afsláttur hjá Ellingsen af útivistarvörum.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

Ellingsen

## 10%

afsláttur á smurstöðvum Olís.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

olís

## 15%

afsláttur af vörum hjá Max 1.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

MAX1 BÍLAVAKTIN

## 15%

afsláttur af Quiznos á þjónustustöðvum Olís

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

Quiznos

## 15%

afsláttur af Grill 66 á þjónustustöðvum Olís

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

GRILL 66

## 40%

afsláttur hjá Splass af bílaþrifum að utan.

Splass Engin venjuleg bílaþvottastöð!




## MEIRI OG ÖFLUGRI FRÍÐINDI FYRIR ÁSKRIFENDUR

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á MÍNAR SÍÐUR á WWW.STOD2.IS.

Væntanlegir samstarfsaðilar eru A4 og Cintamani.

A4 CINTAMANI



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10 Nýtt kortatímabil
HIMNESKUR-LÍFRÆNN RAUÐRÓFUSAFI
498 KR. 750 ML
ÍSLENSKUR GÓÐOSTUR
ÞRJÁR GERÐIR Á GÓÐU VERÐI
GÓÐOSTUR
TAKMARKAÐ MAGN
1095 KR.KG.
Sinalco
69 KR. 500 ML
BÓNUS GRÓFT KÓKOSMJÖL 500 GR
359 KR.
FETI Í KRYDDOLÍU / FETI MEÐ ÓLÍFUM Í KRYDDOLÍU
298 KR. 250 GR
HIMNESKT LÍFRÆNT FÍNT EÐA GRÓFT SPELTHVEITI 1 KG.
398 KR.
CHIAFRÆ 200 GR
598 KR.
ÓDÝRASTA HVEITIÐ Í BÓNUS ER EUROSHOPPER
WHEAT FLOUR
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR.
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG.
498 KR.
EUROSHOPPER HVEITI 1 KG
98 KR.
GÓU HRAUNBITAR 200 GR
198 KR.
GÓU ÆÐIBITAR 200 GR
198 KR.
Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10 Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10
BÓNUS FRANSKAR
1500 gr.
BÓNUS FRANSKAR: ÚR ÍSLENSKUM KARTÖFLUM
498 KR. 1.5 KG
HIMNESKT
340 GR HIMNESKT HNETUSMJÖR
LÍFRÆNT GRÓFT OG FÍNT
398 KR.
HEIMA MÖNDLUR MEÐ HÝÐI 500 GR
698 KR.
staur
FREYJU STAUR: ÞRÍR Í PAKKA
198 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10 Nýtt kortatí...


SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
1259 KR.KG



KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1879 KR.KG.



NAUTAVEISLU FROSNAR
NAUTARIBEYE SNEIÐAR
2998 KR.KG.



1998 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSK NAUTGRIPA PIPARSTEIK



1295 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT



1998 KR. KG
NAUTAVEISLU NAUTA MÍNÚTUSTEIK ÚR FILE


HOLLENSK PAPRIKA
295 KR.KG.


AVOCADO 750 GR
459 KR.



998 KR.KG.
BÓNUS BAJONSKINKA



698 KR.KG.
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



1389 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI


NÝJAR ÍSLENSKAR RÓFUR Í LAUSU
NÝ UPPTEKNAR
198 KR.KG


NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
169 KR.KG



1879 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR

Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10 Nýtt kortatímabil OPNUM KL.10



1398 KR.PK.
EUROSHOPPER BLEIUR 3 TEG. 1398 KR.PK
BABYWIPES/BLAUTKLÚTAR 72 STK. 175 KR.


RAUÐ MELÓNA
FRÁ BRASILÍU
195 KR.KG.



ISIO4 MATAROLÍA
20% MEIRA MAGN- SAMA VERÐ
545 KR. 1,2 LTR

Neutral


NEUTRAL STURTUSÁPA
1 LÍTRI
598 KR.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**ORIGAMI Á BÓKASAFNINU** Félagið Origami Ísland kennir japönsk pappírsbrot og bókaverðir verða sérstaklega liprir við að finna skemmtilegar bækur á Aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur á morgun klukkan þrjú.

## Konráð og félagar á ferð og flugi

14

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Á leiðinni rákust þau á pappírsblað með tölustöfum og undarlegum táknum. „Hvað skyldi þetta nú vera," sagði Konráð. „Mér sýnist þetta vera stærðfræðiþraut," sagði Lísaloppa. „En þessi þarna þrjú tákn eru ekki tölustafir svo það getur nú varla verið," sagði Konráð. „Það er nú einmitt þrautin," sagði Lísaloppa. „Að finna út fyrir hvaða tölustafi þessi þrjú tákn standa, svo þessi fjögur dæmi gangi upp," bætti hún við.

Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi táknin þrjú standa, svo dæmin gangi upp?

¥ + @ - 1 = 9
3 - * + 8 = 9
* + 4 + @ = 9
¥ - @ + 5 = 9

@ ☐
* ☐
¥ ☐



## HEILABROT

1. Ég er ekki tré, en ber þó blöð. Ég blómstra ekki en ber þó ávöxt. Ég er safalaus þó fóðra ég þig. Ég er líflaus en þó geri ég marga ódauðlega. Hver er ég?

2. Hvað getur svarað öllum spurningum, og það á öllum tungumálun?

3. Hver er sú sem hleypur án þess að færast úr stað, er skilin án þess að geta talað og er áberandi drukkin á hverjum degi?

4. Hver er sú ein há höll?
Hefir hún mikinn grundvöll.
Í henni er stólpi stór.
Í þeim stólpa tólf tröppur
Í hverri tröppu fjögur hreiður.
Í hverju hreiðri sjö fuglar.
Kallast allir sitthvað.
Heita þó allir sama.

1. Bækur. 2. Bergmál. 3. Mjólk. 4. Ár, mánuðir, vikur, dagar.


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir




**STERK Á SVELLINU** Laugardagar eru í uppáhaldi hjá Helgu Lenu Garðarsdóttur því þá getur hún sofið út. En aðra daga vikunnar er hún á skautaæfingum í Skautahöllinni í Laugardalnum þar sem myndin var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# GAMAN AÐ SKAUTA

**Helga Lena Garðarsdóttir hefur æft listdans á skautum í nær fimm ár hjá Skautafélagi Reykjavíkur. Helgu þykir skemmtilegast að stökkva og æfa fyrir keppnir en tvöföld stökk eru erfiðust. Helga Lena á einnig ýmis önnur áhugamál.**

***Hvað ertu gömul?*** Ég er 12 að verða 13 ára.

***Í hvaða skóla ertu?*** Ég er í Réttarholtsskóla.

***Hvenær byrjaðirðu að æfa listdans á skautum?*** Ég byrjaði að æfa þegar ég var 8 ára hjá Skautafélagi Reykjavíkur og hef æft þar síðan.

***Hvernig kom það til að þú fórst að æfa?*** Ég var í fótbolta og mig langaði að æfa eitthvað meira svo að ég ákvað að prófa listskauta. Svo fannst mér líka svo gaman að skauta.

***Eru vinkonur þínar með þér í listdansi?*** Já, besta vinkona mín Þórhalla æfir með mér. Svo hef ég líka eignast margar góðar vinkonur í skautunum.

***Hvað æfirðu oft í viku og hvenær?*** Ég æfi sex sinnum í viku. Á mánudögum, fyrir og eftir skóla á þriðjudögum, á miðvikudögum, fimmtudögum og á sunnudögum.

> Ég var í fótbolta og mig langaði að æfa eitthvað meira svo ég ákvað að prófa listskauta.

***Hvað er skemmtilegast við æfingarnar?*** Mér finnst skemmtilegast að stökkva og æfa fyrir keppnir.

***Hvað er erfiðast?*** Tvöföld stökk eru erfiðust.

***Hefurðu keppt í listdansi?*** Já, ég hef keppt oft. Ég lenti í 2. sæti á Vinamótinu á Akureyri í febrúar og ég lenti líka í 3. sæti á Kristalsmótinu í Egilshöll. Síðan lenti ég í 1. sæti á innanfélagsmóti í Laugardalnum.

***Hvaða önnur áhugamál áttu?*** Ég æfi líka fótbolta og mér finnst gaman að fara á hestanámskeið á sumrin. Síðan finnst mér líka mjög gaman að vera með vinkonum mínum.

***Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór?*** Ég veit það ekki enn þá.

***Áttu þér uppáhaldstónlistarmann?*** Já, ég hlusta á Justin Bieber og marga fleiri.

***Hver er uppáhaldsvikudagurinn þinn og af hverju?*** Uppáhaldsvikudagarnir mínir eru laugardagar því þá get ég sofið út.

## Grímubúningar og grasker á hrekkjavöku



Í októberlok ár hvert er hrekkjavaka eða halloween eins og hún er kölluð á ensku. Íslendingar þekktu hátíðina lengi vel einkum í gegnum bandarískar kvikmyndir en undanfarin ár hefur borið meira á því að krakkar og fullorðnir hér á landi haldi hrekkjavökupartí, klæði sig í grímubúning og bjóði upp á skrautlegar og skrímslalegar veitingar. Hrekkjavaka er 31. október ár hvert, rétt áður en allra sálna messa er sungin 2. nóvember. Í Bandaríkjunum fara krakkar á stjá á hrekkjavöku og biðja um sælgæti klæddir í grímubúning sem helst á að minna á yfirnáttúrulegar verur á borð við drauga, djöfla og nornir. Margir halda veislur í tilefni hrekkjavöku og þá gjarnan helgina áður en hin eiginlega hrekkjavaka er, beri hana upp á vikudag. Hátíðinni fylgir að skreyta hús með graskerjum sem hafa verið hreinsuð að innan og skreytt andliti. Írskir og skoskir innflytjendur í Bandaríkjunum fluttu með sér siðinn en skiptu rófum út fyrir grasker sem uxu villt í Bandaríkjunum og voru bæði stærri og auðveldari í útskurði en rófurnar.

**FRÁBÆR VERÐ**
**Á FLOTTUM MERKJUM**

# VERIÐ VELKOMIN
## og gerið frábær kaup



### Puma Vellum
Innanhússskór
Herra-, dömu- og barnastærðir
Verð frá: **5.990 kr.**



### Puma v6.11
Innanhúss-fótboltaskór
Herrastærðir: 40-47
Verð: **6.990 kr.**



### Puma hlaupaskór
Herra og dömustærðir
Verðbil: **9.990-20.990 kr.**



### Puma S Vulc
Götuskór
Barnastærðir: 21-35
Verð: **6.990 kr.**
(Stærðir: 32-39 með reimum á 7.990 kr.)



### Puma æfingafatnaður
Fyrir herra og dömur



### Puma hettupeysur
Gott úrval
Herra-, dömu- og barnastærðir
Verð frá: **3.990 kr.**



### Puma ungbarnagallar
Nokkrar gerðir
Stærðir: 68-104
Verð frá: **4.990 kr.**



### Puma nærföt
Gott úrval
Herra- og dömustærðir
Verð frá: **990 kr.**






### Puma sokkar
Fyrir börn og fullorðna
Verð frá: **490 kr.**

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** ögn, **6.** úr hófi, **8.** hestaskítur, **9.** gyðja, **11.** tveir eins, **12.** bit, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** iðka, **18.** drulla, **20.** pfn., **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** harmur, **3.** pot, **4.** peningar, **5.** svelg, **7.** þögull, **10.** gogg, **13.** frjó, **15.** máttur, **16.** missir, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** moli, **6.** of, **8.** tað, **9.** rán, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.

**LÓÐRÉTT: 1.** sorg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** magn, **16.** tap, **19.** ró.


OPIÐ HÚS

HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

**GNITAKÓR 3 – 203 KÓPAVOGUR**

**OPIÐ HÚS Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 15:00 OG 16:00**





Einstaklega glæsilegt og vel staðsett 256 fm. einbýlishús á eftirsóttum stað í Kóra-hverfinu í Kópavogi. Um er að ræða eign í grónu hverfi þar sem örstutt er í alla þjónustu. Húsið stendur fyrir neðan götu með víðáttumiklu útsýni. Svalir og sólpallur snúa í suður. Allt skipulag, efnisval og frágangur hússins er fyrsta flokks. Eign í sérflokki á besta stað. **Ingibjörg Þórðardóttir, lögg. fasteignasali verður á staðnum.**

**OPIÐ HÚS Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 15:00 OG 16:00**

**BRÆÐRABORGARSTÍGUR 7 – 101 REYKJAVÍK**

**OPIÐ HÚS LAUGARDAG MILLI KL. 15 OG 16**





Glæsileg og nýlega endurnýjuð 2ja 3ja herbergja, 101 fm íbúð á 2. hæð í reisulegu lyftuhúsi. Stór og björt stofa með suðursvölum, Eldhús opið við stofuna, ljós viðarinnrétting. Baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf, sturtuklefi. Rúmgott svefnherbergi. Ljóst Parket. Auðvelt er að bæta við svefnherbergi. **HÚSIÐ ER ALLT TEKIÐ Í GEGN AÐ UTAN, FRÁBÆR STAÐSETNING.**

**ÍBÚÐIN ER TIL SÝNIS Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 15 OG 16.**

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808






**CARTOON NETWORK** ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Jól í skókassa

**BAKÞANKAR**
**Tinnu Rósar Steinsdóttur**



Rússnesk vinkona mín náði þeim merka árangri á dögunum að gera mig algjörlega kjaftstopp. Ég var stödd á fundi í Þýskalandi með henni, einni þýskri stelpu og enskum strák þegar umræða um jólin spratt upp. Eftir að við hin þrjú höfðum setið um stund og kvartað yfir öllu því sem þyrfti að gera fyrir jólin lét sú rússneska loks í sér heyra. „Ég öfunda ykkur svo af því að fá að halda jól.“

**EKKI** misskilja mig, ég elska jólin vandræðalega mikið, en á þessari stundu þegar við vorum að leggja niður alla vinnuna sem væri yfirvofandi á næstu mánuðum var umhugsunin um jólaundirbúninginn ekki á það bætandi.

**ÞESSI** orð hennar slökktu þó í okkur öllum. Þökk sé mikilli og náinni vinnu síðustu mánuði fannst okkur við vera farin að þekkjast heldur vel. Ég hafði meðal annars gert mikið grín af því hve þessi tiltekna stúlka minnti mig á örlítið yngri útgáfu af sjálfri mér. Þegar við vorum þarna saman komin, að vinna að sama verkefni og með sömu framtíðarsýnina gleymdist alveg að hafa í huga frá hversu ólíkum uppruna við kæmum, sérstaklega þá hún frá okkur hinum.

**EFTIR** að við höfðum náð að melta þetta innlegg hennar í umræðuna vöknuðu upp gríðarmargar spurningar um hennar lifnaðarhætti. Hún svaraði þeim öllum með bros á vör og við fengum að kynnast menningunni úr *pínulitla* 612.000 manna bænum hennar ögn. Það var gaman!

**ÞEGAR** heim var komið sat þetta samtal mikið í mér. Í tengslum við það fór ég að hugsa um verkefnið Jól í skókassa sem er eflaust mörgum kunnugt. Verkefnið er nú að fara af stað í níunda sinn og er lokafrestur til að skila inn kassa 10. nóvember.

**ÉG** hef fengið að kynnast því í gegnum árin hversu gríðarlega mikil vinna liggur að baki verkefni á borð við Jól í skókassa. Ég hef líka fengið að kynnast því hvað margt smátt getur í alvörunni gert eitt stórt og það er einmitt það sem gerir vinnuna þess virði.

**EIN** systir mín fer yfirleitt alla leið og pakkar inn ógrynni af skókössum sem hún svo fyllir af gjöfum og skilar inn. Hópur fólks fer þá í gegnum kassana og flytur þá til Úkraínu þar sem munaðarlaus börn fá þá að gjöf. Mér hefur alltaf þótt þetta afskaplega fallegt verkefni, en eftir að hafa átt þetta samtal við rússnesku vinkonu mína varð tilgangur þess og mikilvægi einhvern veginn svo miklu raunverulegri fyrir mér.

**ÞETTA** árið ætla ég að búa til að minnsta kosti þrjá kassa handa börnunum í Úkraínu. Á meðan ætla ég hlusta á jólalög, syngja með og gleðjast yfir því að FÁ að halda jól.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## UMSAGNIR ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA



EDIT ÓMARSDÓTTIR

Ljósmynda og lífsstílsbloggari á www.edit.is

"Ég hef öðlast meira sjálfstraust í ljósmyndun og lært að hugsa út fyrir rammann. Eftir námið hef ég fengið fjölda verkefna ásamt fjölmiðlaumfjöllun og fengið myndir birtar m.a í Nýju Lífi. Ég mæli hiklaust með ljósmyndanáminu hjá Fashion Academy Reykjavík, persónulegt nám sem skilar miklu af sér, auk þess sem þú byggir upp frábæra möppu til umsóknar fyrir frekara nám í ljósmyndun."



MARGRÉT BJÖRNSDÓTTIR

Sjáfstætt starfandi stílisti

"Í stílistanáminu lærði ég hvernig vinna á faglega í samvinnu við t.d. ljósmyndara, förðunarfræðinga, fyrirsætur og aðra sem koma að hverju verkefni fyrir sig. Að námi loknu hef ég fengið fullt af ótrúlega spennandi, skemmtilegum og krefjandi verkefnum; myndatökur fyrir hönnuði, hljómsveitir, tímarit, auglýsingar, tískusýningar og persónulega stíliseringu. Námið veitti mér heilmikla reynslu og undirbúning fyrir þau verkefni ég hef unnið við að námi loknu."



STEINUNN EDDA STEINGRÍMSDÓTTIR

Förðunarfræðingur, verslunarstjóri Make Up Store og bloggari á M.Blog

"Námið í Fashion Academy Reykjavík er frábær stökkpallur út í tískuheiminn, þar sem að þú lærir allt sem er nauðsynlegt að kunna undir leiðsögn einstaks fagfólks. Skólinn býður upp á krefjandi verkefni, fagmannlegt umhverfi og besta nám sem völ er á. Ég myndi ekki skipta á þessari reynslu fyrir neitt annað!"

**facebook.com/fashionacademyreykjavik** **www.fashionacademy.is** **Ármúla 21, 108 Reykjavík** **Sími 571 51 51**

# menning

menning@frettabladid.is



**HEIMKOMA** Sýningin hópsins KnitKnot, Heimkoma, verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands í dag klukkan þrjú. Hópurinn, sem er sameyki listamanna og dagskrárgerðarmanna frá Danmörku, Svíþjóð, Úrúgvæ og Íslandi, fæst við að fanga horfinn veruleika og prjóna úr honum sögur en á Heimkomu eru sagðar hljóðfrásagnir af eyðibýlum.

Bækur ★★★☆☆

**Það var ekki ég**
Kristof Magnusson




**Mál og menning**

## Hver stal kökunni …?

Kristof Magnusson er óþekkt nafn í íslenskum bókmenntaheimi, enda Það var ekki ég bara hans önnur bók, en hann ætti ekki að verða það mikið lengur. Viðfangsefni hans í Það var ekki ég ætti að höfða sérstaklega til Íslendinga, þótt sögusviðið sé Chicago og nágrenni Hamborgar í Þýskalandi. Undirtitill sögunnar gæti nefnilega sem best verið: Hvernig tæma á banka innan frá, nokkuð sem hinum almenna Íslendingi hefur lengi leikið forvitni á að komast að hvernig er gert.

Aðalpersónur sögunnar eru þrjár, verðbréfamiðlarinn Jasper, heimsþekkti rithöfundurinn Henry og hinn þýski þýðandi bóka hins síðarnefnda, Meike. Þau skiptast á um að segja sögu sína í fyrstu persónu og þótt þau hafi aldrei hist í upphafi sögu fléttast leiðir þeirra og líf saman í gegnum aldeilis ótrúlega snjalla og skemmtilega fléttu sem kemur lesanda hvað eftir annað til að skella upp úr. Undirtónninn er þó grafalvarlegur því öll eru þau í alvarlegum krísum og tilraunir þeirra til að losa sig út úr þeim gera bara illt verra. En þrátt fyrir aumlegar aðstæður þeirra og endalaust klúður vekja þau samlíðan lesandans og hann fylgist spenntur með hvernig þau grafa sig dýpra og dýpra í snjóskafla eigin mistaka. Þau eru líka öll sérlega vel skrifaðar persónur og hvert þeirra hefur sína sérstöku rödd, nokkuð sem oft er ekki raunin í margradda skáldsögum.

Sagan er kannski ekki sérstaklega trúverðug, erfitt að trúa því að einn lágt settur miðlari geti sett allt hagkerfi hins vestræna heims í uppnám og að metsöluhöfundur geti bara horfið af yfirborði jarðar án þess að nokkur láti sig það neinu varða, svo dæmi séu nefnd, en höfundur er svo slyngur sögumaður að lesandinn kaupir plottið frá fyrstu síðu og hrífst með í hringiðunni.

Stíllinn er svo kapítuli út af fyrir sig. Leikandi léttur og ísmeygilegur, vottar hvergi fyrir uppskafningi né áreynslu og textinn rennur eins og rjómi í sérlega lipurlegri þýðingu Bjarna Jónssonar. Hrein unun að lesa svona vel unninn texta.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Ískrandi skemmtileg og listilega stíluð saga með vel skrifuðum persónum og fléttu sem ætti að höfða sérstaklega til Íslendinga.






**ANOOSHAH GOLESORKI** Eilífur þeytingur um allan heim tekur sinn toll af söngvurum, segir barítónsöngvarinn. Flugferðir fara ekki vel með röddina og flakk á milli tímabelta getur gert menn úrvinda. „En á móti kemur að maður fær að sjá heiminn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Efnafræðingurinn syngjandi

**Íransk-bandaríski barítónsöngvarinn Anooshah Golesorki fer með hlutverk Luna greifa í uppfærslu Íslensku óperunnar á Il Trovatore, sem frumsýnd verður í Hörpu í kvöld. Golesorki er efnafræðingur að mennt en eftir viðdvöl á tilraunastofum og í viðskiptalífinu hefur leið hans legið um helstu óperuhús heims.**

Anooshah Golesorki ætlaði að sleppa æfingu þegar fundum okkar bar saman á fimmtudag. Hann var með flensu og röddin ekki upp á sitt besta. En hann er viss um að hann verði búinn að ná sér fyrir frumsýningu Íslensku óperunnar á Il Trovatore eftir Verdi í Hörpu á laugardag, þar sem hann syngur hlutverk Luna greifa. Það kemur sér vel að hann hefur sungið hlutverkið margoft og kann það í þaula.

„Þetta er krefjandi hlutverk,“ segir hann og sötrar á tei til að mýkja hálsinn. „Þetta er líka erfið ópera. Ég hef heyrt það haft eftir bæði Caruso og Toscanini að Il Trovatore sé afar auðveld í uppsetningu, svo framarlega sem maður hafi yfir að ráða fimm bestu söngvurum heims. En mér finnst Halldóri Laxness leikstjóra hafa tekist mjög vel upp í þessari uppfærslu.“

### Heimurinn er sviðið

Golesorki segir að sig hafi lengi langað að koma til Íslands en ekki haft tækifæri til þess fyrr en nú.

„Fyrir nokkrum árum söng ég með Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni og það tókst með okkur góður vinskapur. Hann sagðist mundu ná mér til Íslands fyrr eða síðar og fyrir ekki svo löngu sendi hann mér tölvupóst og sagðist hafa nefnt nafn mitt við Stefán Baldursson óperustjóra, Hann kom okkur tveimur í samband og þannig atvikaðist það að ég tók að mér hlutverk Luna greifa í þessari uppfærslu.“

Golesorki á að baki afar farsælan feril. Hann hefur sungið í helstu tónlistarhúsum heims og fram undan er þéttskipuð dagskrá. Hann segir þetta eilífa flakk hafa kosti og galla.

„Þetta hefur greinileg áhrif á röddina. Stöðugar flugferðir þurrka upp slímhúðina í munni og stöðugur þeytingur á milli tímabelta getur gert mann úrvinda. Allt tekur þetta sinn toll.

Þetta er hins vegar aðeins önnur hliðin á peningnum. Það eru tvær leiðir til að sinna þessari vinnu. Önnur er að komast á fastan samning hjá óperuhúsi og syngja þar. Þessu fylgir ákveðið öryggi en á hinn bóginn sér maður ekki heiminn og möguleikar manns á velgengni eru minni en þegar maður ferðast á milli óperuhúsa heimsins. Fæst óperuhús nú til dags eru með fastráðinn hóp heldur ráða söngvara fyrir hverja sýningu, eins og hér.“

### Var haldið frá tónlist í æsku

Bakgrunnur Golesorki er um margt óvenjulegur fyrir óperusöngvara. Hann er fæddur í Íran en fluttist ungur til Bandaríkjanna þar sem hann ólst upp. Hann stefndi aldrei á að verða söngvari og segir það hafa gerst fyrir hálfgerða tilviljun en stefndi þess í stað á feril í efnafræði.

„Margir, ef ekki flestir, í þessum bransa byrja mjög ungir að syngja, til dæmis í kór. Því var öfugt farið með mig. Foreldrar mínir voru meðal annars tónlistarmenn en héldu mér markvisst frá því í þeirri von að ég fyndi mér „alvöru“ vinnu, sem gæfi vel í aðra hönd. Ég nam ekki tónlist fyrr en ég fór í háskóla. Þar lagði ég stund á tónsmíðar og leiklist af þeirri einföldu ástæðu að mér fannst það gaman. Efnafræðin var það sem ætlaði að leggja fyrir mig; hún var dálítið þurr en ég ætlaði mér svo sannarlega að verða vísindamaður.“

Það var hins vegar á háskólaárunum sem Golesorki uppgötvaði að hann gat sungið.

> Kvöld eitt var ég heimleið með vinkonu minni sem var söngkona. Ég hafði fengið mér neðan í því og byrjaði að syngja úti á götu. Hún stakk upp á að ég færi til söngkennara. Ég stakk upp á að hún færi til geðlæknis.

„Kvöld eitt var ég á heimleið með vinkonu minni sem var söngkona. Ég hafði fengið mér neðan í því og byrjaði að syngja úti á götu. Hún stakk upp á að ég færi til söngkennara. Ég stakk upp á að hún færi til geðlæknis. En hún hélt áfram að þrýsta á mig og það endaði á að ég fór í raddprufur fyrir uppfærslu sem átti að setja upp og ég komst inn. Athugaðu að þetta var tækniskóli, ekki listaskóli, og ég er enn þann dag í dag sannfærður um að ástæðan fyrir því að ég komst áfram var sú að það var leitun að mönnum sem gátu hugsað sér að syngja á sviði, ekki vegna þess að ég hafi verið sérstaklega góður.“

### Varð ómeðvitað söngvari

Þarna fékk Golesorki söngbakteríuna, sem stigmagnaðist næstu árin. Hann fór í söngnám meðfram vinnu og söng í fyrsta sinn sem atvinnusöngvari á sviði árið 1988. Samt stóð ekki til af hans hálfu að verða söngvari.

„Aldeilis ekki, ég ætlaði að gera allt annað. Eftir nokkur ár á tilraunastofunni sneri ég mér að fjármálageiranum. Árið 1991 flutti ég til Evrópu og fór að vinna fyrir svissneskan kaupsýslumann, auk þess að taka að mér eitt og eitt sönghlutverk. Það vatt upp á sig og árið 1993 áttaði ég mig á því að söngurinn var farinn að skipa það stóran sess að ég hafði ekki tíma fyrir hina vinnuna. Ég var orðinn atvinnusöngvari í fullu starfi án þess að gera mér grein fyrir því. Sjálfsagt hef ég alltaf stefnt í þessa átt, meðvitað eða ómeðvitað. En þarna tók ég ákvörðun um að einbeita mér alfarið að söngnum. Og hér er ég í dag.“

bergsteinn@frettabladid.is

### TILKOMUMIKIL FERILSKRÁ

Anooshah Golesorki er fæddur í Íran og bjó þar til átta ára aldurs, en fluttist þá til Suður-Kaliforníu, þar sem hann ólst upp. Hann lauk BA-gráðu í tónsmíðum, auk B.S. og M.S.-gráðu í efnafræði, frá University of San Diego og San Diego State University.

Golesorki hefur sungið í mörgum þekktustu tónlistarhúsum heims, til dæmis Metropolitan-óperunni í New York, San Francisco-óperunni, Carnegie Hall, Þjóðaróperunni í Vínarborg, Teatro Real í Madríd, Deutsche Oper í Berlín, óperunni í Hamborg og Royal Albert Hall í London, svo fátt eitt sé nefnt.

# STÓRSKÁLD
# Á TÍMAMÓTUM






GUÐBERGUR BERGSSON
kortleggur íslenskan
veruleika eins og honum
einum er lagið – fyrir
tæpum fimmtíu árum
og enn í dag!

Lygileg prakkarasaga og
harmræn dæmisaga um
Íslendinga samtímans.




JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

VÍMUVARNAVIKA 2012




**VIKA 43** - VÍMUVARNAVIKAN ER SAMSTARFSVERKEFNI 22 FRJÁLSRA FÉLAGSHREYFINGA Á ÍSLANDI. MEÐ VÍÐTÆKU SAMRÁÐI ÞEIRRA SKAPAST M.A. GRUNNUR AÐ GÓÐUM ÁRANGRI Í FORVARNASTARFI MEÐAL BARNA OG UNGMENNA.

samstarfsráð um forvarnir

Barnahreyfing IOGT | Biskupstofa | Blátt áfram | SAMFÉS
Brautin - bindindisfélag ökumanna | Heimili og skóli | IOGT á Íslandi
FÍÆT – félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa
FRÆ - félag áhugafólks um forvarnir og heilsueflingu
HIV á Íslandi | ÍSÍ | 0%-samtökin | KFUM-K | Skátarnir
Krabbameinsfélag Reykjavíkur | Kvenfélagasamband Íslands
Vernd - fangahjálp | Samstarfsráð um forvarnir SAMFO
Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum | Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB | UMFÍ | VÍMULAUS ÆSKA – Foreldrahús

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 20. október 2012

**Sýningar**



**15.00** Fyrsta samsýning vetrarins í Túrbínusal Öruggs Rýmis, Freyjugötu 19, opnar. Sýningin er aðeins opin þessa einu helgi. 20 listamenn sýna verk sín og **Þórunn Hjartardóttir** verður með límbandsinnsetningu þar sem hún tekst á við verk listamanna í rýminu.

**20.00** Guðmundur Thoroddsen opnar einkasýningu sína, Fornvinir, í sýningarrýminu Kunstschlager að Rauðarárstíg 1.

**Umræður**

**10.30** Páll Vilhjálmsson blaðamaður verður gestur Framsóknarfélags Reykjavíkur á opnu laugardagsspjalli að Hverfisgötu 33. Umræðuefnið verður Er rétt að hætta viðræðum og kjósa um ESB núna? Allir velkomnir.

**14.00** Hola, félag spænskumælandi á Íslandi stendur fyrir opnum umræðum í Heimstorgi, Borgarbókasafni. Umræðan fer fram á spænsku en er opin öllum.

**Leikrit**



**14.00** Ævintýri Múnkhásens verður sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Meðal leikara eru Gunnar Helgason og **Ágústa Eva Erlendsdóttir**.

**Tónlist**

**15.00** Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari heldur eftirmiðdegistónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Yfirskrift þeirra er Tónar og ljós og ásamt honum koma fram þau Ingrid Örk Kjartansdóttir og Vignir Þór Stefánsson. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**20.00** Útgáfutónleikar The Heavy Experience verða haldnir í Aðventistakirkjunni í Reykjavík, Ingólfsstræti 19. Kría Brekkan og Just Another Snake Cult koma einnig fram. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.00** Útgáfutónleikar **Jónasar Sigurðssonar** og Lúðrasveitar Þorlákshafnar verða haldnir í reiðhöll Þorlákshafnar. Tónlistarband eldri borgara, Tónar og Trix koma einnig fram.





**21.00** Söngkonan **Elín Ey** heldur tónleika á Ellefunni. DJ mætir í búrið að þeim loknum. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Rusty Anderson, aðalgítarleikari Bítilsins Sir Paul McCartney síðastliðin ellefu ár, verður með tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 3.000.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Sunnudagur 21. október 2012

**Félagsvist/bridge**

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**Kvikmyndir**

**15.00** Sovéska stórmyndin Anna Karenína frá árinu 1967 verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Myndin er á rússnesku en með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Þjóðminjasafnið sýnir kvikmyndina Björgunarafrekið við Látrabjarg.

**Leikrit**

**17.00** Trúðarnir Skúli og Spæli frá Snæfellsnesi verða með sýningu á Trúðleik í Gaflaraleikhúsinu.

**20.00** Leikfélag Hafnarfjarðar sýnir Sköllóttu söngkonuna í Gaflaraleikhúsinu.

**Tónlist**

**13.15** Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari spila á tónleikaröðinni Klassík í hádeginu í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Útgáfutónleikar Jónasar Sigurðssonar og Lúðrasveitar Þorlákshafnar verða haldnir í reiðhöll Þorlákshafnar. Tónlistarband eldri borgara, Tónar og Trix koma einnig fram.

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**Leiðsögn**

**14.00** Sigurjón Pétursson leiðir fólk um ljósmyndasýningu sína Aðventa á fjöllum í Þjóðminjasafninu.

**14.00** Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur leiðir gesti um sýninguna Ölvuð af Íslandi sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Tjörnina.

**15.00** Hafþór Yngvason safnstjóri Listasafns Reykjavíkur leiðir gesti um sýninguna Hreyfing augnabliksins í Hafnarhúsi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






# Brandarinn endist ekki í heila plötu

Tónlist ★★☆☆☆

**Joddi's Dream**
Lost in Paradise

**Eigin útgáfa**

Það eru starfandi alls konar hljómsveitir. Joddi's Dream er í flokki grínsveita. Hún mun hafa verið stofnuð árið 1993, til að „endurvekja LA-glysrokkið sem átti undir högg að sækja“. Sveitin hefur verið til síðan og heldur sig við upprunalega markmiðið. Eins og sjá má á myndinni á framhlið umslagsins á nýju plötunni hennar. Lost in Paradise, þá leika spandex-buxur og hárkollur stórt hlutverk hjá meðlimum Joddi's Dream.

Þetta er alls ekki alslæm plata. Þeir félagar bregða fyrir sig ýmsum kunnuglegum riffum og töktum úr heimi glys- og þungarokksins og komast ágætlega frá lagasmíðum, söng og hljóðfæraleik. Það eru nokkrir skemmtilegir slagarar á plötunni; ég nefni Ready to Rock, Makin' Bacon, Lost in Paradise og Rockdriver. Textarnir eru í stíl við lögin.

Platan nær samt ekki alveg að halda athygli manns út í gegn. Brandarinn endist ekki alveg í heila plötu og sum laganna eru frekar dapurleg. Í kynningartexta með plötunni er talað um að Joddi's Dream sé hljóðvershljómsveit. Þetta er samt tónlist sem virkar örugglega best á pöbbnum á þriðja glasi.

Á heildina litið er Lost in Paradise alveg þokkaleg grínrokkplata, en ekki meira en það. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Hárkollur, spandex og nokkur ágæt lög.






# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**95 PRÓSENT AF TRÖNUBERJUM** eru notuð í matarframleiðslu en berin þykja oft of römm til að borða ein og sér. Trönuber innihalda mikið af C-vítamíni og steinefnum og þykja sérstaklega góð gegn blóðrubólgu.



**SEGIR FRÁ** Grace Coddington skrifar ævisögu sína. Bókin er væntanleg í nóvember. NORDICPHOTOS/GETTY

## Heill kafli um ketti

**TÍSKA** Grace Coddington, listrænn stjórnandi hjá bandaríska Vogue, hefur ritað sjálfsævisögu sem bókaforlagið Random House gefur út þann 20. nóvember. Í bókinni segir Coddington meðal annars frá árunum sem hún starfaði sem fyrirsæta. Móðir hennar var vön að klippa út myndir sem hún hélt að væru af dóttur sinni en voru í raun af öðrum fyrirsætum. „Þegar ég leiðrétti hana sagði hún aðeins: „Nú jæja. Þetta er falleg mynd þrátt fyrir það,“ og svo setti hún myndina aftur í úrklippubókina.“

Coddington er mikill kattavinur og tileinkaði hún köttum heilan kafla í bókinni, þar á meðal Choupette, kettlingi hönnuðarins Karls Lagerfeld. Talið er að Random House hafi keypt útgáfurétt bókarinnar á litlar 150 milljónir króna.



**EKKI VONT LENGUR** Bassaleikarinn Hólmkell Leó Aðalsteinsson er með 30 millimetra kefli, eða „tunnel“ í eyrunum sem hefur vakið athygli vegna stærðarinnar en hann skartar einnig um tuttugu húðflúrum víðs vegar um líkamann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# EYRNASNEPLARNIR TEYGJANLEGIR

**Bassaleikarinn Hólmkell Leó Aðalsteinsson skartar 30 millimetra kefli í eyrnasneplunum og viðurkennir að móðir sín sé ekki hrifin af uppátækinu.**

**TÍSKA** „Þetta var mjög vont til að byrja með en svo venst þetta. Eyrnasneplarnir er svo teygjanlegir,“ segir Hólmkell Leó Aðalsteinsson, bassaleikari í hljómsveitinni Endless Dark, sem er með 30 millimetra kefli í eyrunum, eða svokölluð „tunnel“.

Hólmkell hefur vakið athygli fyrir stærð gatanna í eyrnasneplunum enda eru þau óvenju stór. Hann kveðst oft hafa verið stoppaður úti á götu og finnur að fólk glápir á sig en kippir sér ekki mikið upp við það.

Hólmkell hóf stækkunarferlið á gatinu árið 2010 með því að fá sér venjulegt gat í eyrað. „Ég byrjaði á því að fá mér gat í eyrað og svo stækkaði ég það jafnt og þétt. Fyrstu 10 millimetrarnir voru sársaukafyllstir.“

Ekki þykir æskilegt að stækka gatið nema um 2 millimetra í einu og verða að líða að minnsta kosti tvær vikur á milli stækkunar. „Maður verður að leyfa bólgunni að hjaðna inn á milli því ef maður gerir það ekki þá kemur bara blóð og vesen. Þetta er þolinmæðisverk,“ segir Hólmkell og kveðst ekkert finna fyrir gatinu núna. „Þetta verður auðveldara því þyngri sem lokkarnir verða en nú er ég hættur að stækka í bili. Það samt kitlar alltaf að gera gatið aðeins stærra.“

> Maður verður að leyfa bólgunni að hjaðna inn á milli því ef maður gerir það ekki kemur bara blóð og vesen. Þetta er þolinmæðisverk.
>
> **HÓLMKELL LEÓ AÐALSTEINSSON** BASSALEIKARI ENDLESS DARK

Bassaleikarinn viðurkennir að fjölskyldan sé ekki alltof hrifin af uppátækinu og þá sérstaklega móðir hans. „Ég var með útstæð eyru sem barn og fór í aðgerð til að laga það á sínum tíma. Mömmu finnst synd að ég skuli vera að eyðileggja á mér eyrun.“

Hólmkell þarf einmitt að fara í lýtaaðgerð til að laga gatið ef hann ákveður að fjarlægja keflið úr eyranu í framtíðinni. „Það fer náttúrulega eftir því hvað maður tekur sér fyrir hendur í framtíðinni en ég held að ég láti nú laga á mér eyrum eftir svona tíu ár eða þegar ég verð pabbi.“

alfrun@frettabladid.is

## Handþvottur nauðsynlegur

**HREINLÆTI** 33% karlmanna og 20% kvenna þvo sér ekki um hendurnar eftir að hafa lokið sér af á salerninu ef marka má könnun sem pappírsfyrirtækið SCA framkvæmdi á landsvísu í Bandaríkjunum. Enn færri karlmenn reyndust þvo sér um hendurnar eftir að hafa hnerrað, hóstað eða meðhöndlað sorp.

Handþvottur er þó afar nauðsynlegur. Það að skella sápu á hendurnar og smeygja þeim undir vatnsbunu í 20 sekúndur minnkar hættu á að dreifa sjúkdómum á við niðurgang og lungnabólgu. Auk þess dregur það úr líkum á sýkingu í húð og augum og áhættu á innvortis ormum eða flensu. Rannsóknir hafa meira að segja leitt í ljós að reglulegur handþvottur hefur haft áhrif á alnæmissjúklinga og hjálpar þeim að halda betri heilsu.



**MIKILVÆGT** Rannsóknir sýna að alltof margir yfirgefa salernið án þess að þvo sér um hendurnar.

### HVERNIG Á AÐ ÞVO HENDUR

1. Settu sápu á hendurnar og stingdu þeim undir vatn. Það má vera hvort heldur sem er, heitt eða kalt.
2. Nuddaðu höndunum saman í 20 sekúndur. Passaðu að nudda alla hluta handarinnar, líka á milli fingranna og handarbakið.
3. Skolaðu hendurnar vel undir vatnsbununni.
4. Þurrkaðu hendurnar með hreinu handklæði eða bréfi.




**PHEED** Samskiptavefurinn hefur laðað að sér margar stjörnur.

## Stjörnur nota Pheed

**TÆKNI** Samskiptavefurinn Pheed hefur laðað að sér margar stjörnur aðeins einni viku eftir að hann fór í loftið. Paris Hilton, Miley Cyrus, Chris Brown og Slash eru á meðal þeirra sem nota vefinn. Þar geta meðlimir rukkað fyrir aðganginn að síðunni sinni, annað hvort með áskrift eða með því að rukka fyrir staka viðburði.

Þeir sem nota Pheed geta sett inn texta, myndir, myndbönd og tónlist inn á síðuna sína og jafnvel beinar útsendingar. „Að láta fólk borga ákveðna upphæð fyrir myndband eða lag er orðið frekar úrelt. Samskiptamiðlar í dag snúast um að selja hluta af lífi fólks,“ sagði einn af stofnendum síðunnar, O.K. Kobo, í samtali við The Telegraph.

# SPORTS DIRECT.COM



SLAZENGER HETTUPEYSA FYRIR BÖRN

1 FYRIR 2.790 KR
2 FYRIR 4.190 KR



SLAZENGER BÓMULLARBUXUR FYRIR BÖRN

1 FYRIR 1.990 KR
2 FYRIR 2.990 KR

SCOOBY DOO ÚLPA



2-6 ÁRA 4.390 KR

SCOOBY DOO ÚLPA



2-6 ÁRA 3.990 KR

MIKKA MÚS ÚLPA



2-6 ÁRA 4.990 KR

DÓRU LANDKÖNNUÐAR ÚLPA



1-5 ÁRA 3.990 KR

ADIDAS UNGBARNA GALLI



3-18 MÁNAÐA

5.590 KR

SLAZENGER HETTUPEYSA

1.590 KR

2-6 ÁRA



DISNEY STELPU GALLI

2-6 ÁRA



3.990 KR

DÓRU LANDKÖNNUÐAR STELPU GALLI

2-6 ÁRA



3.990 KR

LEE COOPER STRIGASKÓR HÁIR

2.390 KR

STÆRÐIR 19-27



LEE COOPER STRIGASKÓR

2.790 KR



DONNAY FALCON SKÓR M/BLIKKLJÓSUM

2.390 KR

STÆRÐIR 19-27



LONSDALE CANONS UNGBARNASKÓR

2.390 KR

STÆRÐIR 16-19



SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI
WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

SPORTSDIRECT.com

Birt með fyrirvara um innsláttar og prentvillur – Á meðan birgðir endast

# AFTURHVARF HJÁ ARNALDI

**Nýjustu bók Arnaldar Indriðasonar, Reykjavíkurnætur, var fagnað á útgáfuhófi í Iðnó í gærkvöldi. Arnaldur segir það skemmtilega tilhugsun að hverfa aftur til fyrstu ára Erlendar.**

Í Reykjavíkurnóttum, sem kemur út 1. nóvember, skrifar Arnaldur á nýjan leik um Erlend en í síðustu bók, Einvíginu, var kollegi hans Marion í aðalhlutverki. „Mér fannst það svolítið skemmtileg tilhugsun eftir Furðustrandir að hverfa aftur til fyrstu ára Erlendar í löggunni og sjá hvað hann var að bralla," segir Arnaldur um nýju bókina. „Það sem svona leiddi mig áfram í því var að ég held að þetta sé öðruvísi nálgun á viðfangsefnið, sem maður sér ekki oft í seríum eins og þessum."

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, steig í pontu í Iðnó og talaði um Arnald og bækur hans. Auglýsingaefni tengt bókinni var einnig kynnt, auk þess sem kynntur var bóksalaleikur sem verður í gangi í nóvember. Keppt verður um bestu uppstillinguna á bókinni og í verðlaun verður út að borða fyrir allt starfsliðið á Steikhúsinu fyrir allt að eitt hundrað þúsund krónur.

Gítarleikarinn Arnar Pétur Stefánsson og harmónikkuleikarinn Margrét Arnardóttir spiluðu í höfinu tónlist frá áttunda áratugnum en bókin gerist á þeim tíma. - fb



**ARNALDUR OG EGILL** Höfundurinn Arnaldur Indriðason ásamt Agli Erni Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Forlagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**BRYNDÍS MEÐ BAKKA** Bryndís Loftsdóttir hjá Eymundsson sá um að nóg væri til af drykkjum í höfinu. Við hlið hennar eru þær Svanborg og Ninja.



**MÆTTU Í ÚTGÁFUHÓF** Kristín María Kristinsdóttir og Birkir Sveinbjörnsson voru á meðal gesta.



**BROSMILDIR** Rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson og Grímur Björnsson brostu í myndavélina.



**Í IÐNÓ** Valgerður Benediktsdóttir og Haukur Olavsson tóku þátt í fögnuðinum.


HARPA

Heimspíanistar í Hörpu

Í Norðurljósum 22. október

Tónleikar sigurvegara Busoni keppninnar





Miðasala á www.harpa.is



Sérstakur gestur er **Víkingur Heiðar Ólafsson.**

Hinn heimsþekkti Alfred Brendel heldur masterklassa 23.–25. október frá 10–13.

Arion banki ICELANDAIR




Bíó ★★★★☆

**Sundið**

Leikstjórn og handrit Jón Karl Helgason. Sýnd í Bíó Paradís.

## Glíman við sundið

Eitt af aðalsmerkjum góðrar heimildarmyndar er vel til fundið viðfangsefni. Eitthvað sem fær mann til að velta fyrir sér hvers vegna engum hafi áður dottið í hug að taka það fyrir. Í þessari annarri heimildarmynd hins margreynda kvikmyndatökumanns Jóns Karls Helgasonar ratast honum einmitt á einkar vel til fundið viðfangsefni. Ekki nóg með það heldur afrekar hann að setja það í víðara og enn áhugaverðara samhengi.

Útgangspunktur myndarinnar er kapphlaup tveggja íslenskra eldhuga, nafnanna Benedikts S. Lafleur og Benedikts Hjartarsonar, sem þeir háðu á árunum 2007 og 2008 um að verða fyrri til að afreka að verða fyrstur Íslendinga til að synda yfir Ermarsundið. Það fór ekki mikið fyrir þessu kapphlaupi á sínum tíma – í það minnsta fór það að mestu fram hjá undirrituðum – og því þeim mun betur til fundið hjá Jóni Karli að ná að festa þessa atburðarás á filmu. Hann matreiðir hana líka á einlægan og grípandi máta og tekst ekki aðeins vel upp við að endurskapa þá miklu spennu sem ríkti á meðan á sundtilraunum stóð heldur varpar hann skýru ljósi á hversu gríðarlegt þrekvirki það er að synda yfir Ermarsundið. Þar býr Jón Karl bersýnilega vel að allri reynslunni en hann hefur komið sérlega víða við, allt í senn við gerð kvikmynda, heimildarmynda, auglýsinga og sjónvarpsþátta.

Inn í kapphlaupið um Ermarsundið tvinnar hann svo áhugaverð og vel viðeigandi brot úr sögu sundsins á Íslandi frá upphafi landnáms til samtímans; sviðsett og leikin innskot sem flest hver eru haganlega gerð. Á stöku stað rjúfa þau reyndar helst til of bratt og tefja meginframvinduna, einkum framan af, en þó aldrei meira en svo að myndin rígheldur frá upphafi til enda.

**Skarphéðinn Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Heiðarleg, grípandi og að mestu vel gerð heimildarmynd um áhugavert og vel til fundið viðfangsefni.



BIRNA CONCEPT
SHOP ER 6 ÁRA
UM HELGINA
OG ÞÉR ER BOÐIÐ.
VIÐ ERUM MEÐ FULLA BÚÐ
AF NÝJUM FLOTTUM
VETRARVÖRUM
FRÁ BIRNU, PRIM I AM,
HELICOPTER OG KLING.
20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM.
KYNNING Á FRANSKA
MERKINU DIM.
HÖNNUÐURINN BIRNA KAREN
VERDUR Á STAÐNUM.
BJÓÐUM UPPÁ LÉTTAR
VEIGAR MILLI
KL. 17:00 OG 20:00
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG
LAUGARDAG 11:00 - 20:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00
BIRNA
BIRNA CONCEPT SHOP
SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 2
101 REYKJAVIK
445-2020

# Kyssast og knúsast á nýjan leik

Svo virðist sem kyntröllið Robert Pattinson hafi náð að grafa stríðsöxina og svikin og sé búinn að taka upp þráðinn með Kristen Stewart á ný. Pattinson flutti út af sameiginlegu heimili þeirra í júlímánuði eftir að upp komst um framhjáhald Stewart með leikstjóranum Rupert Sanders. Nú virðist þó allt vera fallið í ljúfa löð á nýjan leik því myndir náðust af skötuhjúunum brosandi að knúsa og kyssa hvort annað á nýju heimili Stewart í Los Angeles á miðvikudaginn. Einhverjir vilja meina að hér hafi verið um auglýsingabrellu að ræða frá upphafi til enda, en svo vildi til að öll komu þau Pattinson, Stewart og Sanders að stórum myndum um það leyti sem framhjáhaldið komst upp. Í kjölfar framhjáhaldsins ríkti mikil óvissa um kynningarherferð fjórðu Twilight myndarinnar, Breaking Dawn Part 2, þar sem Pattinson og Stewart fara með aðalhlutverkin enn á ný. Sú tilviljun að parið hafi náð sáttum viku áður en herferðin hefst hefur að margra mati gert alla söguna enn grunsamlegri.



**BYRJUÐ AFTUR SAMAN** Robert Pattinson og Kristen Stewart virðast vera byrjuð aftur saman.

# Kvenhetja í Transformers

Aðalpersónan í næstu Transformers-mynd, sem verður númer fjögur í röðinni og leikstýrt af Michael Bay, verður kvenkyns ef marka má sjóðheitar slúðursögur frá Hollywood. Lítið hefur verið um bitastæð hlutverk fyrir leikkonur í myndunum hingað til, en meðal kvenna sem komið hafa fram í aukahlutverkum eru Megan Fox og Rosie Huntington-Whiteley.

Leikarinn Shia LaBeouf hætti við þátttöku í myndinni fyrir nokkrum mánuðum og leitar leikstjórinn nú að leikkonu í aðalhlutverkið. Samkvæmt slúðrinu verður aðalpersónan menntaskólanemi og unnusti hennar verður ökuþór frá Texas.



**FRAMHALD** Shia LaBeouf og Rosie Huntington-Whiteley í þriðja Transformers-kaflanum frá síðasta ári.

Bay hefur látið hafa eftir sér að þessi fjórða Transformers-mynd verði sú síðasta af hans hálfu, en frumsýning er áætluð næsta vor.


# FJÖLSKYLDULÍF OG SAMSKIPTI

Fjölskyldur eru margbreytilegar og ímyndin um „hefðbundna“ kjarnafjölskyldu á sannarlega ekki alltaf við.

Bæði fullorðnum og börnum líður stundum eins og þau séu á jaðri fjölskyldunnar, þau efast um hlutverk sitt í henni og hvort þau tilheyri henni í raun.

Í bókinni fjallar Valgerður Halldórsdóttir um algengar aðstæður í stjúpfjölskyldum, rekur reynslusögur og bendir á leiðir til að takast á við vandamál á uppbyggilegan hátt.

VAKA-HELGAFELL








Einkar fróðleg og þörf bók um fjölskyldulíf og mannleg samskipti.

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*




**FLOTT** Pink er búin að ná sér á strik eftir barnsburð.

# Pink í form

**Söngkonan Pink situr fyrir á forsíðu nóvemberblaðs tímaritsins Shape á nærfötunum einum saman. Skvísan er í þrusuflottu formi en hún og eiginmaður hennar Carey Hart eignuðust sitt fyrsta barn, dótturina Willow, í júní 2011. Hún segist hafa þyngst um rúm 25 kíló á meðgöngunni, enda hafi hún látið flest eftir sér á meðan á henni stóð. Strangar æfingar undir stjórn Biggest Loser-þjálfaranna Jillian Michaels og Jeannette Jenkins að undanförnu hafa því greinilega verið að skila sínu.**



**MUCK** Harðkjarnasveitin kemur meðal annars fram á tónleikum í Danmörku, Þýskalandi og Póllandi.

# Muck til Evrópu

Hljómsveitin Muck er lögð af stað í tæplega tveggja vikna tónleikaferðalag um Evrópu. Sveitin sendi frá sér plötuna Slaves fyrr á árinu og er ferðalagið liður í að fylgja útgáfunni eftir.

Með Muck á ferðalaginu verða dönsku hljómsveitirnar Hexis og Whorls, en fyrrnefnda sveitin spilaði með Muck og Logn á Gamla Gauknum fyrir nokkrum vikum.

Sveitirnar koma meðal annars fram í Danmörku, Þýskalandi og Póllandi. Þá kemur Muck einnig fram á Iceland Airwaves-hátíðinni sem hefst í lok þessa mánaðar.

# Gaga selur drykkjarvatn

Lady Gaga ætlar að setja á markað nýtt drykkjarvatn. Það fylgir í kjölfar hennar fyrsta ilmvatns, The Fame, sem er nýkomið í verslanir. Samkvæmt fregn í New York Daily News hefur mikil leynd hvílt yfir vatninu en fyrirhuguð er rándýr auglýsingaherferð til að kynna það fyrir almenningi.

Söngkonan fetar þar með í fótspor rapparans 50 Cent því ekki er langt síðan hann fjárfesti í fyrirtækinu Vitaminwater og græddi svo á tá og fingri þegar Coca Cola keypti það.



**BÝR TIL VATN** Lady Gaga ætlar að setja nýtt drykkjarvatn á markað.

# Sænskir töfrar

Sænski töframaðurinn Tom Stone verður aðalgesturinn á árlegri töfrasýningu Hins íslenska töframannagildis sem verður haldin í Salnum í dag.

Stone hefur ferðast víða um heim undanfarin ár og sýnt töfrabrögð við góðar undirtektir. Einnig stíga á svið fimm félagar úr HÍT, þeir Ingó Geirdal, Kristinn Gauti, Gunnar Kr., Einar einstaki og Jón Víðis. Kynnir er Lalli töframaður.

Um miðbik sýningarinnar verður gert hlé og þá verða sýnd töfrabrögð um allt hús. Sýningin hefst klukkan 16 og fást miðar á Midi.is og víðar. Húsið verður opnað kl. 15.30 og þá strax verða töframenn víða í húsinu og sýna töfrabrögð í nálægð, þar sem gestirnir fá að taka þátt í töfrabrögðunum og aðstoða.



**SÆNSKUR TÖFRAMAÐUR** Tom Stone sýnir töfrabrögð í dag.



**KATY PERRY** Söngkonan er þessa dagana að hitta söngvarann John Mayer.

# Eftir að hitta stóru ástina

Bróðir Katy Perry segir að hún hafi ekki enn hitt hinn eina rétta. Söngkonan skildi við gamanleikarann Russell Brand fyrr á þessu ári og hefur verið að hitta tónlistarmanninn John Mayer að undanförnu.

Yngri bróðir hennar, David Hudson, er samt ekki sannfærður um að hún hafi fundið stóru ástina í lífinu. „Hún á skilið að vera með sönnum heiðursmanni og ég held að hún hafi ekki enn fundið hann,“ sagði hann í viðtali við tímaritið Life & Style. Perry byrjaði að hitta Mayer í júní og síðan þá hafa þau hætt einu sinni saman.



**GERARD BUTLER** Leikarinn þurfti að fara í meðferð vegna fíknar í verkjalyf.

# Butler fór í meðferð

Gerard Butler fór fyrr á þessu ári í þriggja vikna meðferð vegna fíknar í verkjalyf. Fíknin hófst eftir að hann var lagður inn á sjúkrahús þegar hann lenti í brimbrettaslysi við tökur á myndinni Chasing Mavericks.

Atvikið átti sér stað í febrúar þegar stórar og miklar öldurnar hrifsuðu Butler með sér. „Þetta var nógu alvarlegt til að ég þurfti að dvelja á sjúkrahúsi yfir nóttina. Þetta var ansi erfiður tími,“ sagði leikarinn við Access Hollywood. „En þetta var magnað. Ég veit að það hljómar skringilega en þetta var algjörlega magnað og rosaleg lífsreynsla.“






FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SÉRSAUMAÐUR** Margrét Erla Maack kemur fram í þessum rauða Britney-galla á fullorðinssirkussýningu kvöldsins en hann er sérsaumaður af einni helstu blæðisaumakonu landsins.

# Syngur Britney Spears í rauðum galla úr gervileðri

**Margrét Erla Maack sjónvarpskona er meðlimur Sirkus Íslands og mun leika á als oddi í heilgalla líkt og Britney gerði ódauðlegan í sirkussýningunni Skinnsemi #6 í Iðnó í kvöld.**

„Ég hringdi í allar kynlífsbúðir á landinu og kannaði hvort þær ættu Britney-gallann en fékk þau svör að efni hans væri of dýrt til að eiga það á lager,“ segir Margrét Erla Maack sjónvarpskona úr Kastljósi og meðlimur Sirkus Íslands.

Hún hefur látið sérsauma á sig rauðan heilgalla úr gervileðri líkt og Britney Spears klæddist í myndbandinu við lagið Oops, I Did It Again. Búningurinn er fyrir fullorðinssirkussýninguna Skinnsemi #6 sem fram fer í kvöld kl. tíu í Iðnó.

„Okkur fannst fyndið að taka myndbandið og dansa það,“ segir Margrét og á við fyrrnefnt myndband sem verður sett á svið í kvöld. „Þar syng ég með röddinni hennar. Ég hef verið að vinna í henni og er núna að drepast í hálsinum,“ segir hún.

En hver saumaði þennan kynþokkafulla galla á þig? „Stelpa sem ég þekki sem er ein færasta blæðisaumakona landsins en hún er ein af mjög fáum sem kann að vinna með þessi efni,“ segir Margrét.

Sýning kvöldsins er sjötta fullorðinssirkussýning hópsins sem áður hafði getið sér gott orð fyrir fjölskyldusirkus.

Hún segir þau fá frelsi til að gera ögn dónalegri hluti í fullorðinssirkusnum. „Hann er fullorðins með fullorðins húmor. Við sýnum atriði sem okkur hefur alltaf langað að gera en hafa aldrei passað. Þetta fer þó ekki yfir velsæmismörk. Þá kemur enginn,“ segir hún og hlær. „En það er af nógu að taka. Ég er líka í Bollywood-eldatriði og síðan höfum við verið að semja kan-kan dansa.“

En mun rauði heilgallinn rata á skjái landsmanna í Kastljósinu? „Nei, I wish. Ætli hann fái ekki að bíða fram að hrekkjavökunni.“

hallfridur@frettabladid.is






















Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND

# 1990 KR

## OG ÞÚ LEIKUR ÞÉR Í 60 MÍN Í YFIR 100 LEIKTÆKJUM

## Í Skemmtigarðinum Smáralind í tilefni krakkadaga um helgina









Skemmtigarðurinn býður upp á skemmtun þar sem foreldrar og börn leika sér og keppa saman í yfir 100 skemmtilegum tækjum. Í tívolítækjunum safnið þið punktum sem gefa vinninga.

HÆGT ER AÐ FARA SAMTALS TVISVAR Í EITTHVAÐ AF EFTIRTÖLDUM TÆKJUM:

**SLEGGJAN, 7D, LAZERTAG, FALLTURNINN, KLESSUBÍLAR, KEILA OG SVO ÓTAKMARKAÐ Í ÖLL HIN TÆKIN NEMA TÆKI SEM GEFA VINNINGA**

# sport

sport@frettabladid.is



**RÚNAR MÁR SIGURJÓNSSON,** landsliðsmaður, leikmaður Vals og leikmaður ársins í Pepsi-deildinni hjá Fréttablaðinu, mun á næstunni æfa með danska úrvalsdeildarliðinu SönderjyskE en þetta kom fyrst fram á Fótbolti.net. Hann gerði nýjan þriggja ára samning við Val í fyrradag en stefnir engu að síður að því að komast að hjá erlendu félagsliði. Hallgrímur Jónasson og Eyjólfur Héðinsson eru báðir á mála hjá SönderjyskE.

# Þurfum að spila vel í 90 mínútur

**Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, er ánægður með sitt fyrsta ár í starfi hjá KSÍ. Hann segir að landsliðið standi vel í baráttunni um að komast í úrslitakeppni HM 2014 og að framtíð þess sé afar björt.**

**FÓTBOLTI** Rétt rúmt ár er síðan Lars Lagerbäck var kynntur til sögunnar sem nýr þjálfari íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Þó svo að biðin eftir fyrsta sigrinum hafi verið löng hefur margt jákvætt einkennt landsliðið sem fékk til að mynda sex stig úr fyrstu þremur leikjum sínum í undankeppni HM 2014. Er það besta byrjun Íslands í undankeppni stórmóts frá upphafi.

Væntingar voru því miklar þegar sterkt lið Sviss kom í heimsókn. Ísland tapaði, 2-0, og vonbrigðin mikil eftir því – ekki síst hjá landsliðsþjálfaranum sjálfum.

„Mér finnst alltaf betra að sætta mig við tap þegar andstæðingurinn var án nokkurs vafa betri aðilinn í leiknum," segir Lars en Fréttablaðið ræddi við hann yfir kaffibolla á Hótel Hilton í vikunni. Þar býr Lagerbäck þegar hann dvelur hér á landi. Bækistöðvarnar eru heima í Stokkhólmi.

„Það tekur mig fjóra, fimm eða sex daga til viðbótar að ná þessu úr mér. Svo byrjar þetta aftur upp á nýtt og við hefjum undirbúning fyrir vináttuleikinn við Andorra," segir hann en Ísland mætir smáríkinu úr Pýreneafjöllunum um miðjan næsta mánuð.



**Á HEIMAVELLI** Lars Lagerbäck, fyrir miðju, stýrir hér landsliðsæfingu á Laugardalsvellinum. Hann gjóir augum til aðstoðarþjálfarans Heimis Hallgrímssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## „Kolbeinn minnir mig á Henrik Larsson"

Lars Lagerbäck minnist reglulega á fjarveru Kolbeins Sigþórssonar og að íslenska landsliðið sakni hans krafta. Kolbeinn er nú frá vegna axlarmeiðsla en Lagerbäck sagði á blaðamannafundi á dögunum að Kolbeinn hefði burði til að verða einn besti framherji Evrópu.

„Kolbeinn er sterkur strákur. Hann er kannski ekki sá sneggsti en hann er með mikinn styrk. En helsta ástæðan fyrir því að ég tel að hann geti náð langt er gott viðhorf og hversu klókur hann er í hreyfingum. Ég get borið hann saman við Henrik Larsson því hans helsti kostur var hvernig hann hreyfði sig og staðsetti. Kolbeinn hefur sýnt hversu klókur hann er fyrir framan markið og þegar menn skora jafn mikið og hann hefur gert í fáum leikjum þá hafa þeir eitthvað sérstakt," segir Lagerbäck.

### Mörg stig innan seilingar

Lagerbäck segir að þó svo að árangurinn hafi verið góður hingað til hafi liðið verið svo nálægt því að gera enn betur.

„Það hefur margt jákvætt gerst og við Heimir [Hallgrímsson aðstoðarþjálfari] ræddum það þegar við fórum yfir leikinn. Við töpuðum með einu marki í vináttuleikjum gegn Svíþjóð og Frakklandi. Við höfum líka spilað við Noreg og Sviss sem eru meðal 25 sterkustu liða heims. Við unnum Noreg og vorum næstum því betri aðilinn gegn Sviss," segir hann.

„Það er mikilvægt að koma þeim skilaboðum til leikmanna að við erum að færast nær markmiðum okkar. Þessir ungu leikmenn bæta sig með hverjum mánuði sem líður. Ef allir halda heilsu og við hættum að safna gulum spjöldum tel ég góðan möguleika á því að safna mörgum stigum á næsta ári."

### Leikmenn þurfa að spila meira

Ísland á ungt og efnilegt landslið og er framtíðin björt. Lagerbäck segir að næsta skref sé að þetta unga lið sýni meiri stöðugleika.

„Næsta skref hjá okkur er að spila vel í 90 mínútur. Þetta hefur verið of kaflaskipt hjá okkur hingað til," segir hann og bendir á að vandamálið gæti stafað af því að of margir leikmenn í íslenska landsliðinu eru í aukahlutverkum í sínum félagsliðum.

„Í okkar liði eru leikmenn sem eru ekki að spila í hverri viku með sínum félagsliðum. Það vill oft valda því að við erum að gera of mikið af smávægilegum mistökum sem geta reynst dýrkeypt. Af því þurfum við að læra. Leikmenn þurfa að finna hvatninguna til að standa sig vel með sínum félagsliðum og gefa allt í hverja einustu æfingu. Þeir þurfa margir hverjir að spila fleiri góða og stóra leiki en þeir gera nú."

### Ferðalögin erfið

Lagerbäck er ánægður í starfi sínu hjá KSÍ og segir að fátt hafi komið sér á óvart.

„Almennt séð hefur þetta fyrsta ár gengið vel. Leikmenn hafa hagað sér mjög faglega og lagt mjög mikið á sig. Viðhorf leikmanna er sérstaklega gott og helst að það hafi komið mér þægilega á óvart. Þeir hafa virkilega mikinn metnað til að standa sig vel."

> Viðhorf leikmanna er sérstaklega gott og helst að það hafi komið mér þægilega á óvart.
>
> LARS LAGERBÄCK LANDSLIÐSÞJÁLFARI

Hann segir samstarf sitt við aðra starfsmenn KSÍ ganga vel og að umhverfið sé gott. Lagerbäck starfaði lengi hjá sænska knattspyrnusambandinu og svo því nígeríska, áður en hann kom til starfa hér á landi.

„Ég vissi fyrir fram að fjárhagur KSÍ væri ekki jafn mikill og í hinum löndunum. Til að mynda eru ferðalögin erfið vegna þess að við höfum ekki efni á því að taka leiguflug beint á áfangastað. Ferðalögin eru því löng með tilheyrandi bið á flugvöllum. En ég vissi líka fyrir fram að það yrði raunin."

### Ég vona að Heimir taki við landsliðinu

Hann hefur áður greint frá því að hann hafi tekið að sér landsliðsþjálfarastarfið vegna þess að Ísland eigi ungt og spennandi landslið. Margir hafa bent á að það sé raunhæft fyrir íslenska landsliðið að stefna á úrslitakeppni EM 2016 enda munu 24 lið taka þátt í henni, ekki sextán eins og hefur verið hingað til.

„Ég vona að við komumst í úrslitakeppni HM í Brasilíu," segir hann, sposkur á svip, spurður hvort það heilli ekki að halda áfram þjálfun liðsins að lokinni núverandi undankeppni. „Sviss er með gott lið en við erum mjög vel staddir í baráttunni um annað sætið."

Samningur Lagerbäck rennur út í lok núverandi undankeppni og vill hann lítið gefa út um framhaldið. „Ég vona bara að þessi maður taki við – hvenær sem það verður," segir hann um leið og Heimir Hallgrímsson heilsar upp á okkur. „Ég held að hann muni taka við, þú mátt endilega skrifa það."

Hann neitar því þó ekki að það væri spennandi tilhugsun að fá að þjálfa þetta lið næstu árin. „Þess vegna sagði ég já á sínum tíma. Liðið er mjög athyglisvert og ef allir þessir ungu leikmenn halda áfram að spila og bæta sig verður mjög svo athyglisvert að fá að þjálfa þetta lið eftir 2-3 ár. Við eigum líka fleiri góða unga leikmenn sem eru að koma upp – eins og Aron Jóhannsson í AGF og leikmenn úr U-17 liðinu sem keppti á EM í vor. Ég ætla að fylgjast með liðinu næstu árin."

eirikur@frettabladid.is



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** Fékk 4,5 milljónir á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Norska úrvalsdeildin:

# Veigar Páll fékk mest borgað

**FÓTBOLTI** Íslenskir knattspyrnumenn sem hafa atvinnu af sínu fagi í Noregi eru margir hverjir á forstjóralaunum. Norskir fjölmiðlar birtu yfirlit yfir laun leikmanna í efstu deild í gær.

Veigar Páll Gunnarsson, sem í dag leikur með Stabæk, er með hæstu tekjurnar af íslensku leikmönnunum en hann var með um 4,5 milljónir kr. í laun á mánuði. Árstekjur Veigars voru um 54 milljónir króna en hann greiddi 24,6 milljónir króna í skatt.

Engar upplýsingar liggja fyrir um árslaun hjá Birni Bergmanni Sigurðarsyni sem var á mála hjá Lilleström. Björn er leikmaður Wolves á Englandi. Steinþór Þorsteinsson hjá Sandnes Ulf og Andrés Már Jóhannesson hjá Haugesund eru ekki á þessum lista þar sem um er að ræða tekjur frá árinu 2011. - seth

**Tekjur íslenskra leikmanna í efstu deild í Noregi 2011:**

**Birkir Már Sævarsson, leikmaður Brann:**
Mánaðarlaun 2,8 milljónir kr.
Árstekjur 33,2 milljónir kr., skattur 14,4 milljónir

**Indriði Sigurðsson, Viking:**
Mánaðarlaun 3 milljónir kr.
Árstekjur 35,9 milljónir kr., skattur 16,5 milljónir

**Veigar Páll Gunnarsson, Stabæk:**
Mánaðarlaun 4,5 milljónir kr.
Árstekjur 54 milljónir kr., skattur 24,6 milljónir

**Bjarni Ólafur Eiríksson, Stabæk:**
Mánaðarlaun 1,3 milljónir kr.
Árstekjur 15,5 milljónir kr., skattur 6,2 milljónir

**Kristján Örn Sigurðsson, Hönefoss:**
Mánaðarlaun 1,5 milljónir kr.
Árstekjur 17,6 milljónir kr., skattur 7,4 milljónir

**Pálmi Rafn Pálmason, Lilleström:**
Mánaðarlaun 2,3 milljónir kr.
Árstekjur 27,5 milljónir kr., skattur 11,8 milljónir

**Stefán Logi Magnússon, Lilleström:**
Mánaðarlaun 1,5 milljónir kr.
Árstekjur 17,9 milljónir kr., skattur 7,2 milljónir.






Kvennalið Fram leikur tvo leiki gegn norska liðinu Tertnes Bergen um helgina í Evrópukeppninni:

# Mömmurnar elda ofan í stelpurnar fyrir leik

**HANDBOLTI** Fram-stelpur eru brattar fyrir leikina gegn Tertnes í Evrópukeppni félagsliða um helgina en þeir fara fram í dag og á morgun klukkan 16.00. Báðir leikir fara fram í Safamýrinni.

„Þetta er mjög gott lið sem við erum að mæta og við vitum að við þurfum að spila vel til að eiga möguleika. Við höfum séð myndbönd af leik þeirra og ég tel okkar eiga möguleika í þessum leikjum. Ef við fáum góðan stuðning frá okkar fólki þá held ég að við eigum enn meiri möguleika. Stefnan er að komast áfram," sagði stórskytta Fram-liðsins, Stella Sigurðardóttir.

Fram og Valur hafa verið í sérflokki í íslenskum kvennahandbolta undanfarin ár og því ekki mikið um erfiða leiki hjá þeim. „Þar sem við fáum ekki oft erfiða leiki er þeim mun skemmtilegra að spila í Evrópukeppninni. Okkar lið er komið með fína Evrópureynslu og þetta eru skemmtilegustu leikirnir fyrir okkur."

Stella segir að það sé öðruvísi bragur yfir öllu í Evrópuleikjum og liðið þjappi sér betur saman.

„Við gerum margt saman. Förum út að borða saman og svo munu mömmurnar elda ofan í okkur fyrir leik uppi í Fram-heimili. Það er ekki verra að fá mömmumat fyrir leiki," sagði Stella létt en stelpurnar hafa safnað peningum fyrir þátttökunni í keppninni með því að selja gulrætur, flatkökur og annað hefðbundið. - hbg



**ÆTLA ÁFRAM** Stella er brött fyrir leikina um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FORD **KA** Trend Plus **frá 1.780.000 kr.**

Komdu og kynntu þér nýjan Ford Ka í dag. Veldu ódýrasta nýja bílinn. Veldu sparneytinn Ford Ka og hafðu rekstrarkostnaðinn lágan. Fær frítt í stæði í 90 mínútur í senn í Reykjavík. Frábær í endursölu. Nútímaþægindi og lipur í innanbæjarakstri. Vel búinn og með frábæra aksturseiginleika. Fáðu Ford Ka á aðeins 1.780.000 kr. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **KA** TREND PLUS

FRÁ

**9.866 kr./mán.***

* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.200.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,88%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16



Valgeir Einarsson Mäntylä
sjúkraþjálfari B.Sc.

GÓÐAR FRÉTTIR ÚR KÓPAVOGI

Við bjóðum Valgeir Einarsson Mäntylä velkominn í raðir sjúkraþjálfara hjá Sjúkraþjálfun Kópavogs – elstu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfunarstofu landsins.

Við önnumst bæði sértæka og alhliða sjúkraþjálfun og stillum okkur upp við hlið viðskipavinanna með einkunnarorðin "stendur með þér" að leiðarljósi. Eðli sjúkraþjálfunar er að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft. Í þeim efnum erum við dyggir stuðningsmenn.

SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS
- stendur með þér -

Hamraborg 12 · 200 Kópavogi
Sími 554 5488 – 564 1766 · sjk@sjk.is · www.sjk.is


Íslenska kvennalandsliðið spilar umspilsleik gegn Úkraínu ytra í dag:

# Þetta lið stefnir alltaf á sigur

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið á mjög erfiðan leik fyrir höndum í dag er það sækir Úkraínu heim í umspili fyrir EM í Svíþjóð en það mót fer fram á næsta ári. Þetta er fyrri leikur liðanna. Síðari leikurinn fer fram á Laugardalsvelli næstkomandi fimmtudag. Sigurvegarinn í umspilinu fær farseðil á mótið og því að miklu að keppa.

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir að sitt lið sé klárt í slaginn. Það væsi ekki um liðið í sólinni í Úkraínu þar sem liðið býr á góðu hóteli við ströndina.

„Hér hefur allt verið til fyrirmyndar. Hótelið gott, maturinn fínn sem og æfingavellirnir. Þess utan erum við ekki að glíma við nein meiðsli í hópnum og vonandi kemur ekkert óvænt upp á," sagði Sigurður Ragnar við Fréttablaðið í gær en liðið var þá á leið á æfingu á sjálfum keppnisvellinum.

„Við rennum aðeins blint í sjóinn gagnvart þessu liði enda ekki mætt þeim lengi. Við vitum þó að þetta er mjög sterkt lið og verkefnið erfitt. Liðið verður að vera fljótt að læra í þessum leik hvernig sé best að spila. Við gætum því gert ýmsar breytingar í leikskipulagi meðan á leik stendur eftir því hvernig gengur hjá okkur," sagði Sigurður Ragnar en hann segir sitt lið vera búið að skoða leik andstæðinganna í þaula.

Úkraínska liðinu gekk illa á heimavelli í undankeppninni en var aftur á móti að vinna útileikina sína. Það gæti því verið lag fyrir íslenska liðið í þessum leik.

„Við leggjum þennan leik upp þannig að þetta sé bara úrslitaleikur og hugsum ekkert um seinni leikinn. Það eru allar aðstæður hér til þess að spila góðan fótbolta en við vitum ekkert hvaða aðstæður bíða okkar síðan á Íslandi," sagði Sigurður þannig að það verður kýlt á það í leiknum.

„Þetta lið stefnir alltaf á sigur. Það hefur ekkert breyst. Við ætlum að mæta grimmar og selja okkur mjög dýrt. Það er spáð ágætu veðri og vonandi er keppnisvöllurinn góður." **- hbg**



**SAMSTAÐA** Allir leikmenn íslenska liðsins eru heilir heilsu og klárir í slaginn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





SPORT 2 HD

TOTTENHAM - CHELSEA
Í BEINNI Á LAUGARDAG KL. 11.30

ÓMISSANDI LEIKIR FRAMUNDAN Í ENSKA BOLTANUM

Everton - Liverpool 28. október
Liverpool - Newcastle 4. nóvember
Arsenal - Tottenham 17. nóvember
Chelsea - Man. Utd. 28. október
Man. City - Tottenham 11. nóvember
Chelsea - Man. City 25. nóvember
Man. Utd. - Arsenal 3. nóvember
Chelsea - Liverpool 11. nóvember
Tottenham - Liverpool 28. nóvember

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




**NÝTT TEYMI Á BEKKNUM** Guðmundur og Óskar Bjarni unnu vel saman og náðu einstökum árangri. Nú taka nýir menn við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óskar á leið út

**Óskar Bjarni Óskarsson getur væntanlega ekki haldið áfram sem aðstoðarþjálfari landsliðsins. Gunnar Magnússon kemur þá í hans stað.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson og Óskar Bjarni Óskarsson náðu frábærum árangri saman með handboltalandsliðið. Guðmundur hætti eftir Ólympíuleikana í London en Óskar Bjarni hafði fullan hug á því að halda áfram ef hann gæti.

Óskar Bjarni er aftur á móti nýtekinn við danska liðinu Viborg og það er því meira en að segja það fyrir hann að stökkva frá liðinu í landsliðsverkefni. Sérstaklega þar sem illa hefur gengið hjá liði hans í upphafi vetrar.

Viborg situr í næstneðsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar og hefur aðeins unnið leik af fyrstu sjö í vetur. Það er því verk að vinna hjá Óskari í Danmörku.

„Ég verð að viðurkenna að mig langar til þess að vera í kringum þetta. Mig langar að vera með Aroni og strákunum og reyna að púsla þessu öllu saman hjá mér. Það eru forréttindi að starfa með landsliðinu og því erfitt að hætta. Þetta er það skemmtilegt og gefandi," sagði Óskar Bjarni við Fréttablaðið í lok ágúst er hann var að vinna í því að fá að halda áfram með landsliðið.

Fari svo, eins og allt bendir til, að Óskar geti ekki verið þjálfaranum Aroni Kristjánssyni innan handar mun reyndur kappi taka hans stöðu.

Það er Gunnar Magnússon sem var í þjálfarateymi Guðmundar Guðmundssonar. Gunnar hefur verið í landsliðsþjálfarateyminu frá því árið 2003 fyrir utan þann tíma sem Viggó Sigurðsson var með liðið.

Gunnar þekkir því umhverfið og strákana í liðinu vel.

„Mér líst bara vel á þetta ef af verður að ég verði aðstoðarþjálfari. Ég hef verið í sífellt stærra hlutverki með Guðmundi og Óskari. Ég er því til í þetta ef til þess kemur," sagði Gunnar sem hefur verið að þjálfa í Noregi síðustu ár. Hans lið er nú á toppnum í norsku B-deildinni en liðið hefur verið á mikilli uppleið undir stjórn Gunnars.

henry@frettabladid.is



TVEIR GÓÐIR Gylfi Þór Sigurðsson í baráttu við Wayne Rooney. NORDICPHOTOS/GETTY

Tvö heitustu lið ensku úrvalsdeildarinnar mætast á White Hart Lane í hádeginu:

# Fær Gylfi aftur tækifæri í dag?

**FÓTBOLTI** Tottenham tekur á móti toppliði Chelsea á White Hart Lane í hádeginu í stórleik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni en bæði lið hafa verið á miklu skriði að undanförnu. Tottenham hefur unnið fjóra síðustu deildarleiki sína og Chelsea er með fjögurra stiga forskot á toppnum eftir að hafa náð í 19 af 21 mögulegu stigi í fyrstu sjö umferðunum.

Gylfi Þór Sigurðsson hefur ekki verið í byrjunarliðinu hjá Tottenham í undanförnum tveimur deildarleikjum á móti Manchester United og Aston Villa en Andre Villas-Boas veðjaði frekar á að stilla Clint Dempsey upp í holunni á bak við fremsta mann í þessum tveimur leikjum. Dempsey átti þátt í marki í báðum leikjum.

Gylfi var síðast í byrjunarliðinu í deildinni á móti Queens Park Rangers en var þó tekinn út af í hálfleik í stöðunni 0-1 fyrir QPR. Tottenham vann leikinn 2-1 og Gylfi hefur síðan aðeins fengið samtals rúman hálftíma í undanförnum tveimur leikjum. Gylfi hefur komið inn á fyrir Dempsey í báðum leikjum og valið virðist nú standa á milli þeirra.

Villas-Boas, stjóri Tottenham, er þarna að mæta félaginu sem rak hann fyrir aðeins níu mánuðum og eykur það aðeins á dramatíkina í kringum leikinn til viðbótar við að vera Lundúnaslagur og leikur milli tveggja liða á miklu skriði.

Þetta er annars viðburðaríkur laugardagur því öll „stóru“ liðin eru að spila í dag enda Evrópuleikir fram undan í næstu viku.

- óój

## Enski boltinn um helgina

| | |
|---|---|
| **Laugardagur** | |
| Tottenham-Chelsea | 11.45 S2 Sport2 |
| Fulham-Aston Villa | 14.00 |
| Liverpool-Reading | 14.00 S2 Sport2 |
| Man Utd- Stoke | 14.00 S2 Sport3 |
| Swansea-Wigan | 14.00 S2 Sport6 |
| West Brom-Man City | 14.00 S2 Sport4 |
| West Ham-Southampt. | 14.00 S2 Sport5 |
| Norwich-Arsenal | 16.30 S2 Sport2 |
| **Sunnudagur** | |
| Sunderland-Newcastle | 12.30 S2 Sport2 |
| QPR-Everton | 15.00 S2 Sport2 |

**Leikir Barcelona og Real Madrid** verða einnig í beinni í dag. Real mætir Celta klukkan 16.00 og Deportivo La Coruna tekur á móti Barca klukkan 20.



MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON Hefur aðeins skorað sex körfur í fyrstu þremur leikjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skelfileg byrjun Keflvíkinga:

# Hvað er að hjá Magga Gunn?

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar hafa aldrei byrjað verr í úrvalsdeild karla en liðið er enn án stiga eftir þrjá fyrstu leikina í Domino's-deildinni eftir naumt tap á móti KR í fyrrakvöld. Keflavíkurliðið hefur reyndar tapað fjórum í röð því liðið lá einnig í fyrsta leik sínum í Lengjubikarnum.

Ein af skýringunum á þessu er örugglega „fjarvera“ stórskyttunnar Magnúsar Þórs Gunnarssonar. Hann hefur aðeins skorað 18 stig á 93 mínútum í fyrstu þremur deildarleikjunum og hefur jafnframt klikkað á 25 af 28 þriggja stiga skotum sínum, sem þýðir 11 prósenta nýting.

Magnús var sérstaklega slakur á móti KR þar sem hann klikkaði á öllum 7 skotum sínum og var hvorki með stig né stoðsendingu á 31 mínútu. Ef einhver kann á takkana á Magga þá er það þjálfarinn Sigurður Ingimundarson og nú er að sjá hvort gamli Maggi Gunn kemur í leitirnar fyrir næsta leik sem er á móti KFÍ á Ísafirði.

- óój

## Verstu byrjanir Keflavíkur í úrvalsdeild karla

**(Fæstir sigrar í fyrstu 3 leikjunum)**

| | |
|---|---|
| 0 sigrar - 3 töp | 2012-13 |
| 1 sigur - 2 töp | 1983-84 |
| 1 sigur - 2 töp | 1986-87 |
| 1 sigur - 2 töp | 1997-98 |
| 1 sigur - 2 töp | 2006-07 |
| 1 sigur - 2 töp | 2010-11 |




## > John Goodman

„Ég er ekki jafn slæmur og Al Pacino. Hann veit sjaldnast hvaða mánuður er þegar hann er að vinna.“

***Stórleikararnir eiga það greinilega til að missa tímaskynið þegar þeir eru í verkefnum. Goodman fer með eitt aðalhlutverkanna í þýsku myndinni Pope Joan sem gerist á nítjándu öldinni og er sýnd á RÚV í kvöld klukkan 22.25.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 20.25
### Pressa

Þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn. Alda dóttir hennar er horfin og spjótin berast að kærastanum sem erfitt reynist að hafa upp á. Hann er í gengi sem hefur verið undir smásjá lögreglunnar um nokkra hríð. Eftir árás fyrir utan málaskóla í Breiðholti þar sem tugir innflytjenda stunda íslenskunám er lögreglan nú að leita að meðlimum samtaka sem segjast ætla í stríð gegn nýbúum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **07.25** Leynifélagið **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Girni, grúsk og gloríur **11.00** Guðsþjónusta í Brautarholtskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Heimkoma, rondó fyrir raddir og hús **14.00** Víðsjá **15.00** Orð um bækur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu: Við Djúpið 2012 **17.25** Milli línanna **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Fræðimaður úr Breiðdal **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Íslendingasögur **20.30** Okkar á milli **21.10** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónleikur **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.10 Með okkar augum** (3:6) (e)
**10.40 Ævintýri Merlíns** (e)
**11.25 Dans dans dans** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Djöflaeyjan** (4:30) (e)
**14.25 Pina** (e)
**16.05 Handan tindanna** (Beyond the Summits) (e)
**17.00 Dýraspítalinn** (6:10) (e)
**17.30 Skellibær**
**17.40 Teitur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Basl er búskapur (6:10)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Hrafnhildur** Heimildarmynd þar sem fylgst er með Hrafnhildi leiðrétta kyn sitt. Eftir 26 ára þögn tilkynnti hún fjölskyldu sinni og vinum að hún væri ekki strákur, heldur stelpa. Rætt er við nánustu aðstandendur hennar sem og geð- og lýtalækna. Rýnt er í kynleiðréttingarferlið, fordóma samfélagsins, væntingar Hrafnhildar til lífsins og breytta þjóðfélagslega stöðu hennar.
**21.30 Ljósmóðirin** (3:6) (Call the Midwife)
**22.25 Sunnudagsbíó - Kvenpáfinn** (Pope Joan)
**00.45 Silfur Egils** (e)
**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**10.25 Adam**
**12.05 Ævintýraferðin**
**13.25 Mamma Mia!**
**15.15 Adam**
**16.55 Ævintýraferðin**
**18.15 Mamma Mia!**
**20.10 Bjarnfreðarson**
**22.00 Stig Larsson þríleikurinn**
**00.10 Lonely Hearts**
**01.55 Bjarnfreðarson**
**03.45 Stig Larsson þríleikurinn**

## 2 STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Spaugstofan** (5:22)
**12.30 Nágrannar**
**14.00 Nágrannar**
**14.20 Dallas** (2:10)
**15.05 Drop Dead Diva** (5:13)
**15.50 Týnda kynslóðin** (7:24)
**16.15 Spurningabomban** (6:21)
**17.10 Beint frá býli** (7:7)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Um land allt** Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.
**19.25 Frasier** (5:24)
**19.50 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið. Þátturinn hefur hlotið flest verðlaun sjónvarpsþátta í sögu Edduverðlaunanna.
**20.25 Pressa** (2:6)
**21.15 Homeland** (3:12) Önnur þáttaröð þessarra mögnuðu spennuþátta þar sem við fylgdumst við með Carrie Mathieson, starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar, sem fékk upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandaríska stríðsfangann Brody á sitt band. Ekki var þó allt sem sýndist í fyrstu, á meðan Brody virðist leika tveimur skjöldum, ágerast andleg veikindi Carrie, sem virðist þó sannfærð um að lausn sé í sjónmáli.
**22.10 Mad Men** (11:13) Fimmta þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York. Samkeppnin er hörð og óvægin, stíllinn settur ofar öllu og yfirborðsmennskan alger. Dagdrykkja var hluti af vinnunni og reykingar nauðsynlegur fylgifiskur sannrar karlmennsku.
**23.00 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.
**23.50 The Daily Show: Global Edition** (33:41)
**00.15 Fairly Legal** (7:13)
**01.00 The Newsroom** (2:10)
**01.55 Boardwalk Empire** (5:12) (6:12)
**03.40 Nikita** (16:22)
**04.20 3000 Miles to Graceland**

## 2 SPORT *besta sætið*

**11.00 Liverpool - Udinese**
**12.45 Spánn: Real Madrid - Celta**
**14.30 Spánn: Deportivo - Barcelona**
**16.15 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**16.45 Icelandic Fitness and Health Expó** Skemmtilegur þáttur um Icelandic Fitness and Health Expó.
**17.15 Schüco Open 2012** Útsending frá mótinu þar sem mörgum bestu kylfingum heims er boðið til leiks. .
**19.45 Meistaradeild Evrópu: Nordsjælland - Chelsea**
**21.25 Into the Wind** Mynd um stutta ævi Terry Fox, sem greindist með krabbamein 18 ára og missti í kjölfarið hægri fót við hné. Hann gafst ekki upp og þremur árum síðar hljóp hann þvert yfir Kanada. Hann dó aðeins 22 ára.
**22.20 Panathinaikos - Tottenham**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.45 Norwich - Arsenal**
**10.30 Man. Utd. - Stoke**
**12.15 Sunderland - Newcastle** BEINT
**14.45 QPR - Everton** BEINT
**17.00 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**18.15 Liverpool - Reading**
**20.00 Sunnudagsmessan**
**21.15 Sunderland - Newcastle**
**23.00 Sunnudagsmessan**
**00.15 QPR - Everton**
**02.00 Sunnudagsmessan**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Sorry I've Got No Head**
**08.55 iCarly** (20:45) (21:45)
**09.40 Ofurhetjusérsveitin**
**10.20 Dóra könnuður**
**11.05 Áfram Diego, áfram!**
**11.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.15 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Game Tíví**
**18.35 American Dad** (9:19)
**19.00 Friends** (5:24)
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (8:22)
**19.45 The Cleveland Show** (9:21) Skemmtilegir teiknimyndarþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**20.10 Suburgatory** (10:22) Gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.35 Privileged** (7:18) Þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru gjörspilltar.
**21.20 Game Tíví**
**21.45 American Dad** (9:19)
**22.05 The Cleveland Show** (9:21)
**22.30 Suburgatory** (10:22)
**22.50 Privileged** (9:18)
**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.20 Doctors** (48:175)
**19.00 Ellen** (22:170)
**19.45 Viltu vinna milljón?**
**20.20 Cold Case** (2:23)
**21.05 The Sopranos** (10:13)
**22.00 Viltu vinna milljón?**
**22.35 Cold Case** (2:23)
**23.20 The Sopranos** (10:13)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**11.00** Sunnudagur með Geir Haarde **12.00** Hrafnaþing **13.00** Sunnudagur með Geir Haarde **14.00** Hrafnaþing **15.00** Sunnudagur með Geir Haarde **16.00** Hrafnaþing **17.00** Sunnudagur með Geir Haarde **18.00** Sigmundur Davíð **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Vínsmakkarinn **20.00** Hrafnaþing **21.00** Sunnudagur með Geir Haarde **22.00** Hrafnaþing **23.00** Sunnudagur með Geir Haarde **00.00** Heilsuþáttur Jóhönnu

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.25 Rachael Ray** (e)
**13.55 America's Next Top Model** (e)
**14.45 The Bachelorette** (9:12) (e)
**16.15 James Bond: The Spy Who Loved Me**
**18.20 House** (5:23) (e)
**19.10 A Gifted Man** (8:16) (e)
**20.00 30 Rock** (9:22) (e)
**20.25 Top Gear** (3:7) Besti bílaþáttur veraldar snýr aftur. Í þættinum endurskapa félagarnir atriði úr þekktum breskum lögregluþáttum auk þess sem fastir liðir eru á sínum stað.
**21.15 Law & Order: Special Victims Unit** (10:24) Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York borg. Við rannsókn á kynferðisglæp kemur upp nafnið Vivian Arliss og Benson vill fátt meira en að fá að rannsaka það nánar, þar sem hún er enn ekki búin að gefa upp á bátinn að móðir Calvins finnist.
**22.00 The Borgias** (10:10) Einstaklega vandaðir þættir úr smiðju Neils Jordan um valdamestu fjölskyldu ítölsku endurreisnarinnar, Borgia ættina. Savonarola er fundinn sekur með viðeigandi refsingu. Dómurinn á eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir Borgia fjölskylduna.
**22.50 Crash & Burn** (13:13) Spennandi þættir sem fjalla um rannsóknarmanninn Luke sem eltir upp tryggingasvindlara.
**23.35 Óupplýst** (7:7) (e) Spennandi þættir um óupplýst íslensk mál sem byggð eru á sögum Íslendinga af óútskýrðum atburðum sem hafa átt sér stað.
**00.05 In Plain Sight** (4:13) (e)
**00.55 Obsessive Compulsive Hoarder** (e)
**01.45 Blue Bloods** (5:22) (e)
**02.30 The Borgias** (10:10) (e)
**03.20 Crash & Burn** (13:13) (e)
**04.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The McGladrey Classic 2012 (3:4) **10.00** Golfing World **10.45** The McGladrey Classic 2012 (3:4) **13.45** Golfing World **14.35** The McGladrey Classic 2012 (3:4) **17.35** Inside the PGA Tour (41:45) **18.00** The McGladrey Classic 2012 (4:4) **21.00** The McGladrey Classic 2012 (4:4) **00.00** ESPN America

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





BÍLAKAFFI
RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG
NISSAN
SUBARU
Nýr & glæsilegur ISUZU D-MAX
BMW
RENAULT
NÝR SPARNEYTINN SUBARU
SUBARU XV
Verð 5.890.000 kr.
Eyðir aðeins 6,6 l / 100 km í blönduðum akstri.
ÖFLUGUR OG FLOTTUR
Nýr & glæsilegur
ISUZU D-MAX
Verð 6.890.000 kr.
KYNNIÐ YKKUR REKSTRARLEIGU TIL FYRIRTÆKJA
VANDAÐUR FYRIRTÆKJABÍLL
Kangoo II Express 1,5 dísil
Verð 2.462.151 kr. án vsk.
Eyðir aðeins 4,9 l / 100 km í blönduðum akstri.
TÖKUM GAMLA UPP Í
Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um kosti og kjör.
VINSÆLASTI JEPPLINGURINN
Eyðir aðeins 4,6 l / 100 km í blönduðum akstri.
NISSAN QASHQAI
Verð 4.990.000 kr.
dCi
Kaffi og reynsluakstur í dag frá 12 - 16
Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar, við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.
B|L
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070
BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

## > Stöð 2 Sport 2 kl. 11.30
## Tottenham - Chelsea

***Bein útsending frá leik Tottenham og Chelsea á White Hart Lane. Þetta er fyrsti nágrannaslagur Gylfa Sigurðssonar með Tottenham en liðið er með 14 stig í 5. sæti deildarinnar. Chelsea trónir á toppnum með 19 stig og hefur enn ekki tapað leik í deildinni.***




# dagskrá

## Í KVÖLD



### Creation
Afar áhugaverð mynd frá árinu 2009 um merkismanninn Charles Darwin. Darwin skrifaði eitt merkasta rit mannkynssögunnar, Uppruna tegundanna, og segir myndin frá þeirri vinnu hans.

**Leikstjóri:** Jon Amiel. **Aðalhlutverk:** Ian Kelly, Jennifer Connelly og Paul Bettany.

Rotten Tomatoes 45% IMDb 7,9 Skjáreinn 00.20



### EM í hópfimleikum
Evrópumótið í hópfimleikum hefur staðið yfir síðan á fimmtudag og því lýkur í dag. Mótið er nú haldið í níunda skiptið og er að þessu sinni í Árósum, Danmörku. Sýnt er frá því á RÚV.

**Þátttaka Íslands:** Fimleikasamband Íslands sendi fjögur lið til þátttöku á mótinu.

RÚV 7.00



### Get him to the Greek
Rokkstjarnan Aldous Snow lifir frekar villtu lífi. Aaron er sendur til Englands til að sækja hann og koma honum í Greek-leikhúsið í Los Angeles í tæka tíð fyrir tónleika. Það gengur þó ekki snurðulaust fyrir sig.

**Leikstjóri:** Nicholas Stoller. **Aðalhlutverk:** Jonah Hill, Russel Brand.

Rotten Tomatoes 73% IMDb 6,5 Stöð 2 20.30



### He's just not that into you
Stjörnum prýdd gamanmynd sem kennir konum þá lexíu að sé karlmaður nógu hrifinn af þeim svífst hann einskis til að komast yfir þær. Sagðar eru margar styttri sögur sem tvinnast saman á ýmsan hátt.

**Leikstjórar:** James Scampoli, Jake Sprague. **Aðalhlutverk:** Justin Long, Ginnifer Goodwin, Scarlett Johansson

Rotten Tomatoes 41% IMDb 6,3 BÍÓ 13.20

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Útvarpsperlur: Af hjartans lyst **08.00** Morgunfréttir **08.05** Norðurslóð **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Matur er fyrir öllu **15.30** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Albúmið **17.35** Íslendingasögur **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Laugardagskvöld með Svavari Gests **20.00** Loki er minn Guð: Um skáldskap Guðbergs Bergssonar **21.00** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

➤ **07.00 EM í hópfimleikum**
**07.50 Morgunstundin okkar**
**08.15 EM í hópfimleikum**
**09.20 Á tali við Hemma Gunn** (Guðrún Gunnarsdóttir) (e)
**10.30 EM í hópfimleikum**
**11.30 Landinn** (e)
**12.00 EM í hópfimleikum**
**13.30 Íslandsmótið í handbolta** BEINT frá leik karlaliða Fram og ÍR.
**15.30 Evrópukeppnin í handbolta** BEINT frá leik kvennaliða Fram og Tertnes.
**17.30 Ástin grípur unglinginn** (54:61)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (11:13) (The Adventures of Merlin III)
**20.30 Dans dans dans** Fylgst er með danspruflunum fyrir keppnina.
**21.30 Hraðfréttir**
**21.40 Barnamamma** (Baby Mama) Framakona kemst að því að hún er ófrjó og ræður konu til að ganga með barnið fyrir sig. Meðal leikenda eru Tina Fey, Amy Poehler, Greg Kinnear og Steve Martin.
**23.20 Andstreymi úr öllum áttum** (Man About Town) Atriði ekki við hæfi barna.
**01.00 Borowski og fjórði maðurinn** (Tatort: Borowski und der 4. Mann) Þýsk sakamálamynd. Atriði ekki við hæfi barna.
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**10.35 Pink Panther II**
**12.05 Kalli á þakinu**
➤ **13.20 He's Just Not That Into You**
**15.30 Pink Panther II**
**17.05 Kalli á þakinu**
**18.20 He's Just Not That Into You**
**20.30 To Be Fat Like Me**
**22.00 The Transporter**
**23.30 Smokin' Aces**
**01.00 To Be Fat Like Me**
**02.30 The Transporter**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 Modern Family** (19:24)
**14.05 Anger Management** (4:10)
**14.30 2 Broke Girls** (24:24)
**14.55 Sjálfstætt fólk**
**15.35 Neyðarlínan**
**16.10 ET Weekend**
**17.00 Íslenski listinn**
**17.25 Game Tíví**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.56 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**19.13 Lottó**
**19.20 Veður**
**19.30 Beint frá býli** (7:7) Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens þar sem valinkunnir tónlistarmenn koma í heimsókn og taka lagið. Ólíkir sveitabæir víðsvegar um landið eru heimsóttir í hverjum þætti og þar er tónleikum slegið upp.
**20.00 Spaugstofan** (5:22) Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara yfir atburði liðinnar viku í spaugilegu ljósi.
➤ **20.30 Get Him to the Greek**
**22.20 The Gambler, The Girl and the Gunslinger** Þrælflottur og spennandi vestri með Dean Cain og James Tupper.
**23.55 Death Becomes Her** Klassísk gamanmynd með Meryl Streep, Bruce Willis og Goldie Hawn í hlutverkum fólks sem gengur misvel að viðhalda æsku sinni.
**01.35 You Again** Gamanmynd með Kristinu Bell, Sigourney Weaver og Jamie Lee Curtis í aðalhlutverkum. Marni er farsæll almannatengill sem heldur á heimaslóðir til að vera viðstödd brúðkaup eldri bróður síns og uppgötvar að hann ætlar að kvænast höfuðandstæðingi hennar úr menntaskóla. Tengdamæðurnar eru líka fornir fjendur og það verður ekki til þess að draga úr vandræðalegum uppákomum í myndinni.
**03.20 Lions for Lambs** Frábær, dramatísk mynd með Meryl Streep, Robert Redford og Tom Cruise í aðalhlutverkum.
**04.50 Spaugstofan** (5:22)
**05.15 ET Weekend**
**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.50 Guru of Go** Mögnuð heimildamynd um körfuboltaþjálfarann Paul Westhead.
**11.45 Rory McIlroy á heimaslóðum**
**12.10 Meistaradeild Evrópu: Cluj - Man. Utd.**
**13.55 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo**
**15.20 La Liga Report**
**15.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Celta** BEINT
**18.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**18.30 Einvígið á Nesinu**
**19.20 La Liga Report**
**19.50 Spænski boltinn: Deportivo - Barcelona** BEINT
**22.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Celta**
**23.45 Box: Hopkins - Dawson**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.05 Premier League Review Show 2012/13**
**11.00 Premier League Preview Show 2012/13**
**11.30 Tottenham - Chelsea** BEINT
**13.45 Liverpool - Reading** BEINT
**16.15 Norwich - Arsenal** BEINT
**18.30 Man. Utd. - Stoke**
**20.15 WBA - Man. City**
**22.00 West Ham - Southampton**
**23.45 Swansea - Wigan**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Sorry I've Got No Head**
**08.55 iCarly** (18:45) (19:45)
**09.40 Ofurhetjusérsveitin**
**10.20 Dóra könnuður**
**11.05 Áfram Diego, áfram!**
**11.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.15 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn** Brynjar Már kynnir tuttugu vinsælustu lög vikunnar ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda.
**17.50 Step It up and Dance** (6:10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dansarar keppa. Dansararnir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjörnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnir þáttanna.
**18.35 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**19.00 Friends** (4:24)
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (7:22) Bart fær skyndilega áhuga á skólanum eða réttara sagt, einkalífi kennara síns og skólastjóra.
**19.45 Hart of Dixie** (6:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
**20.30 Gossip Girl** (2:22) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum og safaríkar söguflétturnar verða afar dramatískar.
**21.15 Step It up and Dance** (6:10)
**22.00 Hart of Dixie** (6:22)
**22.40 Gossip Girl** (2:22)
**23.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** (47:175)
**19.00 Ellen** (21:170)
**19.40 Tekinn**
**20.10 Næturvaktin**
**20.40 Réttur** (2:6)
**21.30 NCIS** (2:24)
**22.15 Tekinn**
**22.40 Næturvaktin**
**23.10 Réttur** (2:6)
**00.00 NCIS** (2:24)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.45 Rachael Ray** (e)
**13.00 Obsessive Compulsive Hoarder** (e) Ótrúleg mynd um Richard Wallace sem glímir við söfnunaráráttu á háu stigi.
**13.50 Kitchen Nightmares** (1:17) (e)
**14.40 GCB** (7:10) (e)
**15.30 Rules of Engagement** (14:15) (e)
**15.55 My Mom Is Obsessed** (1:6) (e)
**16.45 The Voice** (6:15) (e)
**19.00 Minute To Win It** (e)
**19.45 The Bachelorette** (9:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.
**21.15 A Gifted Man** (8:16) Athyglisverður þáttur um líf skurðlæknis sem umbreytist þegar konan hans fyrverandi deyr langt fyrir aldur fram og andi hennar leitar á hann.
**22.00 Ringer** (8:22) Bandarísk þáttaröð um unga konu sem flýr örlögin og þykist vera tvíburasystir sín til þess að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna.
**22.45 History of the World, Part I**
➤ **00.20 Creation** Bönnuð börnum.
**02.10 Secret Diary of a Call Girl** (1:8) (e)
**02.40 Excused** (e)
**03.30 Ringer** (8:22) (e)
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** The McGladrey Classic 2012 (2:4) **10.20** Inside the PGA Tour (41:45) **10.45** The McGladrey Classic 2012 (2:4) **13.45** Ollie´s Ryder Cup (1:1) **14.10** The McGladrey Classic 2012 (2:4) **17.10** Golfing World **18:00** The McGladrey Classic 2012 (3:4) **21.00** The McGladrey Classic 2012 (3:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**17.00** Randver **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Sigmundur Davíð **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Vínsmakkarinn **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…




… og passar með öllu

www.ms.is


4 LÍTRAR
GLJÁSTIG 10
ALLIR LITIR
Vnr. 86620040-3737
KÓPAL INNIMÁLNING
5.990kr.
KÓPAL glitra
7 LÍTRAR
GLJÁSTIG 10
LJÓSIR LITIR
Vnr. 89071170
INNIMÁLNING
5.990kr.
Sadolin
5 LÍTRAR
GLJÁSTIG 2
Vnr. 89000150
LOFTAMÁLNING
3.990kr.
Sadolin
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ – ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
Nordsjö
500 ML.
Vnr. 83614821
NORDSJÖ medium spartl. 0,5 l.
890kr.
Vnr. 58812004
Japansfjaðrir, sett úr stáli.
290kr.
Vnr. 82206025
Málningarlímband, 25 mm.
450kr.
Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla og bakki, 25 cm.
990kr.
Sadolin
1 LÍTER
Vnr. 89839910
SADOLIN hreinsir, til hreinsunar á flötum undir málningu.
955kr.
1 LÍTER
Vnr. 80628776
Málningaruppleysir TX 10, 1 l.
2.560kr.
1 LÍTER
Vnr. 80626750
Clean Spirit penslahreinsir.
590kr.
1 LÍTER
Vnr. 41111123
RODALON 1 l, 5% lausn.
Eyðir bakteríum og sveppum, sótthreinsun án klórs.
1.699kr.
Rodalon
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
MIKIÐ ÚRVAL AF ALLS KONAR HREINSIEFNUM OG HREINLÆTISVÖRUM
Vnr. 40056590
LEIFHEIT PICOSPRAY moppa, 26 cm.
4.990kr.
Vnr. 68290411
LUX hreingerningarsvampur.
259kr.
Vnr. 41320024
Microklútur, 6 stk, 35x35 mm.
699kr.
Vnr. 41302360
Gólfhreinsir á flest gólf, sérstaklega plastparket.
599kr.
Vnr. 41310452
Gler- og yfirborðs-hreinsir, hreinsar spegla, rúður, glerjaðar flísar, ryðfrítt stál, málaða fleti o.fl. án þess að skilja eftir tauma, 750 ml.
659kr.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

## PERSÓNAN



*Andri Haraldsson*

**Starf:** Nemandi við Háteigsskóla.
**Aldur:** 15 ára.
**Foreldrar:** Haraldur Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður og Sóley Benna Stefánsdóttir, grafískur hönnuður.
**Búseta:** 101.
**Stjörnumerki:** Naut.

Andri og hópurinn Félagsfíklarnir skipulögðu góðgerðaball til styrktar Kvennaathvarfinu í vikunni.

# Leikur í sjö þáttum á Havaí

„Ég fæ hlutverk í sjö þáttum af tólf,“ segir leikarinn Darri Ingólfsson sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Last Resort sem framleiddir eru fyrir ABC-sjónvarpsstöðina. Ákveðið var að framleiða tólf þátta þáttaröð eftir að svonefndur „pilot“-þáttur sló í gegn.

Darri fer með hlutverk Robert Mitchell sem á í ástarsambandi við Kylie Sinclair sem leikin er af Autumn Reeser. Reeser hefur áður leikið í Entourage og The O.C. Darri segir hlutverk sitt lítið en að hann komi eitthvað meira við sögu í síðustu tveimur þáttum þáttaraðarinnar. „Við tókum upp þátt þrjú og fimm í ágúst og svo fer ég aftur til Havaí í lok mánaðarins til að taka upp síðustu fjóra þættina. Það tekur að jafnaði viku að skjóta hvern þátt en ég flýg heim til Los Angeles þess á milli þar sem umboðsmennirnir mínir vilja að ég geti mætt í áheyrnarprufur.“

Gagnrýnendur hafa gefið þáttunum góða dóma en Darri segir viðtökur almennings ráða því hvort fleiri þáttaraðir verði framleiddar.

Tökur á þáttunum fara fram á Havaí á sama stað og lögregluþættirnir Hawaii Five-0 voru teknir upp. Að sögn Darra er lífið á tökustað ágætt enda er margt hægt að finna sér til dundurs á Havaí. „Fólkið sem ég vinn með er allt yndislegt og við búum á mjög fínu hóteli í Waikiki. Ég hef eignast marga góða vini í gegnum vinnuna og hér er ýmislegt hægt að gera til að slappa af eftir vinnu.“

Inntur eftir því hvað taki við næst segir Darri það óráðið að svo stöddu.

„Ég er kominn með nýjan umboðsmann sem þykir mjög góður og það er mjög spennandi að sjá hvað gerist næst.“ **- sm**



**FLEIRI ÞÆTTIR** Darri Ingólfsson fékk áframhaldandi hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Last Resort.






**SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR:** GAMAN AÐ EIGA BLÓÐUGT HRINGABOX

# Trúlofuðust á sviði umkringd blóði og útlimum

„Þetta var svo ekta við. Að trúlofast á sviði í Berlín umkringd blóði og gervilimum,“ segir leikkonan Svandís Dóra Einarsdóttir sem fékk afar óvenjulegt bónorð frá unnusta sínum, leikskáldinu Sigtryggi Magnasyni, þann 5. október. Hann fór niður á skeljarnar að lokinni íslensku danssýningunni We Saw Monsters í leikhúsinu Berliner Festspiele.

„Við fórum þessa helgi til Berlínar til að ná sýningunni,“ segir hún en vinir þeirra stóðu að henni. Parið náði þó einungis endanum og uppklappi vegna misskilnings en þau töldu leikhúsið vera í Vestur-Berlín þegar það var í raun í austurhluta borgarinnar.

Þau fengu engu að síður að upplifa eigin sýningu en dansararnir Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Sigríður Soffía Níelsdóttir, sem voru þaktar blóði, drógu þau upp á sviðið og þar upphófst mikill spuni. „Sigga bað okkur um að bíða inni í sal þar til áhorfendur væru farnir. Við byrjuðum svo að flippa, spinna og taka myndir í sviðsmyndinni,“ segir Svandís.

Hún vissi þó ekki hvað biði sín, ólíkt dönsurunum sem höfðu æft hreyfingar í tilefni bónorðsins og réttu Sigtryggi blóðugt box með tveimur hringum. Henni var að vonum brugðið en taldi sér trú um að boxið og hringarnir hefðu verið hluti af sýningunni.

„Ég var bara í mínum eigin heimi að pósa, fíflast og leika mér við útlimina,“ segir hún en Sigtryggur þurfti að biðja hennar fjórum eða fimm sinnum áður en hún áttaði sig á að ekki væri um spuna að ræða. „Ég uppgötvaði þetta ekki fyrr en við sátum ein í Paradís,“ segir hún og á við altari sem myndaði sviðsmyndina. „Þá var hann kominn niður á hnén og sagði skjálfandi: „Í alvörunni Svandís. Ég er ekki að grínast.“ Og þá fór ég að grenja,“ segir hún og hlær.



**VILTU GIFTAST MÉR?**

Dansararnir Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Sigríður Soffía Níelsdóttir stilla sér upp alblóðugar með hinu nýtrúlofaða pari sitjandi í hinni svokölluðu Paradís.

> Ég var bara í mínum eigin heimi að pósa, fíflast og leika mér við útlimina.
>
> **SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR**

Allir aðstandendur sýningarinnar vissu af bónorðinu og biðu baksviðs til að fagna hinu nýtrúlofaða pari. „Og ég vissi ekki neitt,“ segir hún og hlær aftur. Hún bætir við að það sé gaman að eiga blóðugt hringabox til minningar.

Ekki hafa allir áhorfendur verið farnir þegar bónorðið var borið upp því það rataði í þýska fjölmiðla samhliða umfjöllun um sýninguna.

**hallfridur@frettabladid.is**

# Opna vef um lífið í Reykjavík

„Við ætlum að sýna upprennandi ljósmyndara bæði frá Íslandi og hvaðanæva úr heiminum,“ segir ljósmyndarinn Aníta Eldjárn. Hún opnar vefsíðuna Reykjavíknights.com í dag ásamt æskuvinkonu sinni, förðunarfræðingnum og stílistanum Ragnheiði Guðmundsdóttur.

Á heimasíðunni verða birtar myndir af viðburðum, götutísku, borgarlífinu og viðtöl við áhugavert og skapandi fólk. „Síðan er á ensku svo þetta er einnig hugsað fyrir útlendinga,“ segir Aníta.

Fyrsti ljósmyndarinn til að sýna verk sín er hinn norski David Nikolaisen. „Hann er mjög hæfileikaríkur. Þetta er strákatískuþáttur sem er svolítið öðruvísi og kynlausari en Íslendingar þekkja,“ segir Aníta. Hún bætir við að sami stíllinn sé mikið ráðandi í íslenskri ljósmyndun og að þetta sé vettvangur til að kynna nýja stíla.

Fyrsta viðtalið verður við fyrirsætuna Kolfinnu Kristófersdóttur sem hefur náð gífurlega langt í tískuheiminum að undanförnu. „Við forvitnuðumst um þennan bransa, hvað henni finnst um hann og hennar líf,“ segir Ragnheiður.

Vinkonurnar eiga að baki langt samstarf og munu birta myndaþætti á vefsíðunni sem þær vinna. „Við höfum verið í svona dúllerii að mála hvor aðra og taka myndir síðan við vorum litlar,“ segir Ragnheiður.

Opnun Reykjavík Nights verður fagnað á Dolly í kvöld og hefst gleðin klukkan níu. „Ég verð að taka myndir sem enda að lokum á síðunni,“ segir Aníta sem hefur verið dugleg við að mynda bæjarlífið að undanförnu.

**- hþt**



**REYKJAVÍK NIGHTS** Aníta Eldjárn og Ragnheiður Guðmundsdóttir opna vefsíðuna reykjaviknights.com.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Erum flutt að Ármúla 8!

## Verið velkomin




Full búð af nýjum og glæsilegum vörum.

**HEIMA HÚSIÐ**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jónína Ben orðin amma

Athafnakonan **Jónína Benediktsdóttir** er orðin amma. Dóttur hennar og tengdasyni, Jóhönnu Klöru Stefánsdóttur og Stefáni Bjarnasyni, fæddist sonur á miðvikudag. Á Facebook birtir Jónína myndir af sér skælbrosandi með ömmustrákinn í fanginu og segist vera útgrátin af gleði. Eiginmaður hennar, Gunnar Þorsteinsson, lengi kenndur við Krossinn, fagnar frísku og stæltu barnabarni og biður að vonum Guð að blessa drenginn. Þetta er fyrsta ömmubarn Jónínu, sem rekur sem þekkt er heilsulindir undir merkjum Detox og hyggur á framboð fyrir hönd Framsóknarflokksins næsta vor.



### Nýtt lag Gretu

Nú styttist óðum í útgáfu nýrrar plötu Eurovision-farans okkar **Gretu Salóme Stefánsdóttur.** Hún mun frumflytja annað lagið af plötunni, In the silence, á Rás 2 í dag klukkan 15.30. Þegar hefur hún leyft alþjóð að heyra lagið Everywhere around me sem hefur hlotið góðar viðtökur. Útgáfudagsetning plötunnar kemur í ljós í næstu viku. **- bþh, trs**



### Mest lesið vísir

1. Svona skal farga sparperum
2. Líkur á blóðregni í Danmörku í dag og á morgun
3. Leikkonan sem lék Emmanuelle er látin
4. Þrjú gráhærð mótorhjólagengi upprætt í New York
5. Skoða mismunun í dönskum háskóla







